571 Fjármagnskostnaður	4 700	
	<hr/>	
5,8 Gjöld samtals	4 700	
43–46,7 Seldar vörur og þjónusta	14 900	
	<hr/>	
4,7 Tekjur samtals	14 900	
Mismunur		10 200
<i>Fjármunahreyfingar út:</i>		
26 Afborgun lána	10 200	
<i>Fjármunahreyfingar inn:</i>		
39 Ráðstöfun eigin fjár	10 200	
24–238 Fóðuriðjan Ólafsdal		
51 Laun	500	
571 Fjármagnskostnaður	5 600	
	<hr/>	
5,8 Gjöld samtals	6 100	
43–46,7 Seldar vörur og þjónusta	18 800	
	<hr/>	
4,7 Tekjur samtals	18 800	
Mismunur		12 700
<i>Fjármunahreyfingar út:</i>		
26 Afborgun lána	12 700	
<i>Fjármunahreyfingar inn:</i>		
39 Ráðstöfun eigin fjár	12 700	

		Pús. kr.	Pús. kr.
24–246	Laxeldisstöðin Kollafirði		
51	Laun	5 870	
52–57	Önnur rekstrargjöld	2 770	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	1 730	
571	Fjármagnskostnaður	360	
593	Afskriftir	3 820	
		<hr/>	
5,8	Gjöld samtals	14 550	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	7 960	
48	Fjármunatekjur	50	
4910	Framlög ríkissjóðs	3 540	
		<hr/>	
4,7	Tekjur samtals	11 550	
	Mismunur		–3 000
	<i>Fjármunahreyfingar út:</i>		
26	Afborgun lána	820	
	<i>Fjármunahreyfingar inn:</i>		
19	Afskriftir	3 820	
39	Ráðstöfun eigin fjár	–3 000	
24–272	Einangrunarstöð holdanauta Hrísey		
51	Laun	3 000	
52–57	Önnur rekstrargjöld	2 270	
51–57	Viðhald	370	
		<hr/>	
5,8	Gjöld samtals	5 640	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	4 490	
4910	Framlög ríkissjóðs	1 150	
		<hr/>	
4,7	Tekjur samtals	5 640	

25 Sjávarútvegsráðuneyti

		Pús. kr.	Pús. kr.
25–211	Fiskimálasjóður		
51	Laun	1 740	
52–57	Önnur rekstrargjöld	550	
571	Fjármagnskostnaður	12 900	
		<hr/>	
5,8	Gjöld samtals	15 190	
48	Fjármunatekjur	14 700	
		<hr/>	
4,7	Tekjur samtals	14 700	
	Mismunur		–490
<i>Fjármunahreyfingar inn:</i>			
16	Innheimtar afborganir	490	
39	Ráðstöfun eigin fjár	–490	
25–222	Síldarverksmiðjur ríkisins		
51	Laun	197 780	
52–57	Önnur rekstrargjöld	504 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	616 500	
571	Fjármagnskostnaður	40 270	
51–57	Viðhald	73 980	
593	Afskriftir	98 640	
		<hr/>	
5,8	Gjöld samtals	1 531 170	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	1 523 650	
48	Fjármunatekjur	2 190	
49	Aðrar tekjur	12 600	
		<hr/>	
4,7	Tekjur samtals	1 538 440	
	Mismunur		7 270
<i>Fjármunahreyfingar út:</i>			
18	Fjárfestingar	24 700	
26	Afborgun lána	57 880	
32	Annað	24 000	
<i>Fjármunahreyfingar inn:</i>			
16	Innheimtar afborganir	670	
19	Afskriftir	98 640	
39	Ráðstöfun eigin fjár	7 270	

		Þús. kr.	Þús. kr.
25–272	Rannsóknastofnanir sjávarútvegsins, bygging		
51	Laun	850	
52–57	Önnur rekstrargjöld	3 540	
51–57	Viðhald	3 700	
		<hr/>	
5,8	Gjöld samtals	8 090	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	12 900	
4910	Framlög ríkissjóðs	25 800	
		<hr/>	
4,7	Tekjur samtals	38 700	
	Mismunur		30 610
	<i>Fjármunahreyfingar út:</i>		
18	Fjárfestingar	30 610	
	<i>Fjármunahreyfingar inn:</i>		
39	Ráðstöfun eigin fjár	30 610	

26 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

		Pús. kr.	Pús. kr.
26–101	Lögbirtingablað		
51	Laun	2 590	
52–57	Önnur rekstrargjöld	18 270	
		<hr/>	
5,8	Gjöld samtals	20 860	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	20 860	
		<hr/>	
4,7	Tekjur samtals	20 860	
26–371	Kirkjubýggingasjóður		
59	Yfirfærslur	80	
		<hr/>	
5,8	Gjöld samtals	80	
48	Fjármunatekjur	790	
4910	Framlög ríkissjóðs	4 430	
		<hr/>	
4,7	Tekjur samtals	5 220	
	Mismunur		5 140
	<i>Fjármunahreyfingar út:</i>		
16	Veitt lán	5 650	
	<i>Fjármunahreyfingar inn:</i>		
16	Innheimtar afborganir	510	
39	Ráðstöfun eigin fjár	5 140	
26–372	Kirkjugarðasjóður		
52–57	Önnur rekstrargjöld	760	
59	Yfirfærslur	800	
		<hr/>	
5,8	Gjöld samtals	1 560	
48	Fjármunatekjur	1 640	
49	Aðrar tekjur	5 670	
		<hr/>	
4,7	Tekjur samtals	7 310	
	Mismunur		5 750
	<i>Fjármunahreyfingar út:</i>		
16	Veitt lán	500	
32	Annað	6 200	

		Pús. kr.	Pús. kr.
<i>Fjármunahreyfingar inn:</i>			
16	Innheimtar afborganir	950	
39	Ráðstöfun eigin fjár	5 750	
26–373 Kristnisjóður			
571	Fjármagnskostnaður	500	
59	Yfirfærslur	12 210	
		<hr/>	
5,8	Gjöld samtals	12 710	
4910	Framlög ríkissjóðs	14 290	
		<hr/>	
4,7	Tekjur samtals	14 290	
	Mismunur		1 580
<i>Fjármunahreyfingar út:</i>			
26	Afborgun lána	1 580	
<i>Fjármunahreyfingar inn:</i>			
39	Ráðstöfun eigin fjár	1 580	

27 Félagsmálaráðuneyti

		Pús. kr.	Pús. kr.
27–271	Byggingarsjóður ríkisins		
51	Laun	61 800	
52–57	Önnur rekstrargjöld	98 200	
571	Fjármagnskostnaður	923 500	
		<hr/>	
5,8	Gjöld samtals	1 083 500	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	16 000	
48	Fjármunatekjur	1 118 700	
4910	Framlög ríkissjóðs	1 150 000	
49	Aðrar tekjur	40 000	
		<hr/>	
4,7	Tekjur samtals	2 324 700	
	Mismunur		1 241 200
	<i>Fjármunahreyfingar út:</i>		
16	Veitt lán	5 853 000	
18	Fjárfestingar	15 000	
26	Afborgun lána	976 500	
	<i>Fjármunahreyfingar inn:</i>		
16	Innheimtar afborganir	681 300	
26	Tekin lán	4 800 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	1 241 200	
32	Annað	122 000	
27–272	Byggingarsjóður verkamanna		
52–57	Önnur rekstrargjöld	48 000	
571	Fjármagnskostnaður	144 900	
		<hr/>	
5,8	Gjöld samtals	192 900	
48	Fjármunatekjur	142 000	
4910	Framlög ríkissjóðs	600 000	
49	Aðrar tekjur	606 000	
		<hr/>	
4,7	Tekjur samtals	1 348 000	
	Mismunur		1 155 100
	<i>Fjármunahreyfingar út:</i>		
16	Veitt lán	2 338 000	
26	Afborgun lána	255 100	

		Þús. kr.	Þús. kr.
<i>Fjármunahreyfingar inn:</i>			
16	Innheimtar afborganir	78 000	
26	Tekin lán	1 360 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	1 155 100	
27-972 Bjargráðasjóður Íslands			
51	Laun	4 500	
52-57	Önnur rekstrargjöld	2 770	
59	Yfirfærslur	60 000	
		<hr/>	
5,8	Gjöld samtals	67 270	
48	Fjármunatekjur	16 400	
49	Aðrar tekjur	50 870	
		<hr/>	
4,7	Tekjur samtals	67 270	

28 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

	Pús. kr.	Pús. kr.
28-273 Atvinnuleysistryggingasjóður		
52-57 Önnur rekstrargjöld	21 000	
59 Yfirfærslur	738 500	
	<hr/>	
5,8 Gjöld samtals	759 500	
48 Fjármunatekjur	157 500	
4910 Framlög ríkissjóðs	500 000	
49 Aðrar tekjur	200 000	
	<hr/>	
4,7 Tekjur samtals	857 500	
Mismunur		98 000
<i>Fjármunahreyfingar út:</i>		
16 Veitt lán	30 000	
32 Annað	88 000	
<i>Fjármunahreyfingar inn:</i>		
16 Innheimtar afborganir	20 000	
39 Ráðstöfun eigin fjár	98 000	
28-311 Ríkisspítalar, þvottahús		
51 Laun	58 620	
52-57 Önnur rekstrargjöld	49 640	
52,53,8 Hráefni og vörur til endursölu	56 030	
	<hr/>	
5,8 Gjöld samtals	164 290	
43-46,7 Seldar vörur og þjónusta	176 090	
	<hr/>	
4,7 Tekjur samtals	176 090	
Mismunur		11 800
<i>Fjármunahreyfingar út:</i>		
18 Fjárfestingar	11 800	
<i>Fjármunahreyfingar inn:</i>		
39 Ráðstöfun eigin fjár	11 800	

		Pús. kr.	Pús. kr.
28–378	Læknishéraðasjóður		
59	Yfirfærslur	4 000	
		<hr/>	
5,8	Gjöld samtals	4 000	
4910	Framlög ríkissjóðs	4 000	
		<hr/>	
4,7	Tekjur samtals	4 000	
28–471	Gæsluvistarsjóður		
4910	Framlög ríkissjóðs	6 900	
		<hr/>	
4,7	Tekjur samtals	6 900	
	Mismunur		6 900
<i>Fjármunahreyfingar út:</i>			
18	Fjárfestingar	6 900	
<i>Fjármunahreyfingar inn:</i>			
39	Ráðstöfun eigin fjár	6 900	

29 Fjármálaráðuneyti

		Pús. kr.	Pús. kr.
29–101	Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins		
51	Laun	166 040	
52–57	Önnur rekstrargjöld	249 510	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	1 239 420	
571	Fjármagnskostnaður	690	
51–57	Viðhald	29 350	
593	Afskriftir	29 350	
		<hr/>	
5,8	Gjöld samtals	1 714 360	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	5 785 800	
48	Fjármunatekjur	3 930	
49	Aðrar tekjur	2 620	
		<hr/>	
4,7	Tekjur samtals	5 792 350	
	Mismunur		4 077 990
	<i>Fjármunahreyfingar út:</i>		
18	Fjárfestingar	30 800	
26	Afborgun lána	1 540	
32	Annað, greitt í ríkissjóð	4 075 000	
	<i>Fjármunahreyfingar inn:</i>		
19	Afskriftir	29 350	
39	Ráðstöfun eigin fjár	4 077 990	
29–102	Lyfjaverslun ríkisins		
51	Laun	65 700	
52–57	Önnur rekstrargjöld	41 530	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	268 960	
571	Fjármagnskostnaður	27 950	
593	Afskriftir	5 950	
		<hr/>	
5,8	Gjöld samtals	410 090	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	396 700	
48	Fjármunatekjur	33 050	
		<hr/>	
4,7	Tekjur samtals	429 750	
	Mismunur		19 660

		Pús. kr.	Pús. kr.
<i>Fjármunahreyfingar út:</i>			
18	Fjárfestingar	7 400	
26	Afborgun lána	3 210	
32	Annað, greitt í ríkissjóð	15 000	
<i>Fjármunahreyfingar inn:</i>			
19	Afskriftir	5 950	
39	Ráðstöfun eigin fjár	19 660	
29–103 Innkaupastofnun ríkisins			
51	Laun	29 350	
52–57	Önnur rekstrargjöld	13 310	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	912 420	
51–57	Viðhald	880	
593	Afskriftir	620	
		<hr/>	
5,8	Gjöld samtals	956 580	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	948 570	
48	Fjármunatekjur	820	
49	Aðrar tekjur	7 070	
		<hr/>	
4,7	Tekjur samtals	956 460	
	Mismunur		–120
<i>Fjármunahreyfingar út:</i>			
32	Annað	500	
<i>Fjármunahreyfingar inn:</i>			
19	Afskriftir	620	
39	Ráðstöfun eigin fjár	–120	
29–931 Arnarhvoll			
51	Laun	11 240	
52–57	Önnur rekstrargjöld	9 260	
51–57	Viðhald	4 190	
593	Afskriftir	1 380	
		<hr/>	
5,8	Gjöld samtals	26 070	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	26 070	
		<hr/>	
4,7	Tekjur samtals	26 070	
<i>Fjármunahreyfingar út:</i>			
18	Fjárfestingar	1 380	
<i>Fjármunahreyfingar inn:</i>			
19	Afskriftir	1 380	

		Pús. kr.	Pús. kr.
29-932 Borgartún 7			
51	Laun	7 090	
52-57	Önnur rekstrargjöld	5 540	
51-57	Viðhald	7 270	
		<hr/>	
5,8	Gjöld samtals	19 900	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	19 350	
48	Fjármunatekjur	550	
		<hr/>	
4,7	Tekjur samtals	19 900	
29-933 Borgartún 6, fundasalir			
51	Laun	9 700	
52-57	Önnur rekstrargjöld	8 040	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	12 130	
		<hr/>	
5,8	Gjöld samtals	29 870	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	29 870	
		<hr/>	
4,7	Tekjur samtals	29 870	
29-934 Tollstöðvarhús			
51	Laun	10 540	
52-57	Önnur rekstrargjöld	9 860	
51-57	Viðhald	8 990	
		<hr/>	
5,8	Gjöld samtals	29 390	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	29 390	
		<hr/>	
4,7	Tekjur samtals	29 390	
29-971 Ríkisábyrgðasjóður			
51	Laun	6 000	
52-57	Önnur rekstrargjöld	3 910	
		<hr/>	
5,8	Gjöld samtals	9 910	
48	Fjármunatekjur	38 260	
4910	Framlög ríkissjóðs	200 000	
		<hr/>	
4,7	Tekjur samtals	238 260	
	Mismunur		228 350
<i>Fjármunahreyfingar út:</i>			
16	Veitt lán	138 000	
32	Annað	198 300	

		Þús. kr.	Þús. kr.
<i>Fjármunahreyfingar inn:</i>			
16	Innheimtar afborganir	107 950	
39	Ráðstöfun eigin fjár	228 350	
29-981	Fasteignir ríkissjóðs		
51	Laun	6 960	
52-57	Önnur rekstrargjöld	14 700	
51-57	Viðhald	22 060	
		<hr/>	
5,8	Gjöld samtals	43 720	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	43 720	
		<hr/>	
4,7	Tekjur samtals	43 720	

30 Samgönguráðuneyti

		Pús. kr.	Pús. kr.
30–101	Póst- og símamálastofnunin		
51	Laun	2 164 670	
52–57	Önnur rekstrargjöld	1 554 220	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	241 670	
571	Fjármagnskostnaður	89 720	
51–57	Viðhald	71 510	
593	Afskriftir	678 150	
		<hr/>	
5,8	Gjöld samtals	4 799 940	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	4 501 000	
48	Fjármunatekjur	33 880	
4910	Framlög ríkissjóðs	112 700	
49	Aðrar tekjur	123 480	
		<hr/>	
4,7	Tekjur samtals	4 771 060	
	Mismunur		–28 880
	<i>Fjármunahreyfingar út:</i>		
18	Fjárfestingar	520 000	
26	Afborgun lána	129 270	
	<i>Fjármunahreyfingar inn:</i>		
19	Afskriftir	678 150	
39	Ráðstöfun eigin fjár	–28 880	
30–211	Vegagerð ríkisins, áhaldahús		
51	Laun	136 060	
52–57	Önnur rekstrargjöld	126 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	413 060	
571	Fjármagnskostnaður	150	
51–57	Viðhald	104 810	
593	Afskriftir	36 990	
		<hr/>	
5,8	Gjöld samtals	817 070	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	805 600	
		<hr/>	
4,7	Tekjur samtals	805 600	
	Mismunur		–11 470

		Þús. kr.	Þús. kr.
<i>Fjármunahreyfingar út:</i>			
18	Fjárfestingar	25 000	
26	Afborgun lána	520	
<i>Fjármunahreyfingar inn:</i>			
19	Afskriftir	36 990	
39	Ráðstöfun eigin fjár	-11 470	
30–321	Skipaútgerð ríkisins		
51	Laun	164 500	
52–57	Önnur rekstrargjöld	126 600	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	26 000	
571	Fjármagnskostnaður	31 200	
51–57	Viðhald	24 800	
593	Afskriftir	45 700	
5,8	Gjöld samtals	418 800	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	291 100	
48	Fjármunatekjur	4 600	
4910	Framlög ríkissjóðs	155 000	
4,7	Tekjur samtals	450 700	
	Mismunur		31 900
<i>Fjármunahreyfingar út:</i>			
18	Fjárfestingar	8 900	
26	Afborgun lána	68 700	
<i>Fjármunahreyfingar inn:</i>			
19	Afskriftir	45 700	
39	Ráðstöfun eigin fjár	31 900	
30–331	Vitamálastjórn, áhaldahús og Seljavegur 32		
51	Laun	15 370	
52–57	Önnur rekstrargjöld	7 560	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	2 470	
571	Fjármagnskostnaður	1 000	
5,8	Gjöld samtals	26 400	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	26 400	
4,7	Tekjur samtals	26 400	

		Pús. kr.	Pús. kr.
30–332 Hafnabótasjóður			
52–57 Önnur rekstrargjöld	1 510	
571 Fjármagnskostnaður	5 120	
59 Yfirfærslur	15 000	
		<hr/>	
5,8 Gjöld samtals	21 630	
48 Fjármunatekjur	9 560	
4910 Framlög ríkissjóðs	20 000	
		<hr/>	
4,7 Tekjur samtals	29 560	
Mismunur		7 930
<i>Fjármunahreyfingar út:</i>			
16 Veitt lán	18 210	
26 Afborgun lána	7 560	
<i>Fjármunahreyfingar inn:</i>			
16 Innheimtar afborganir	17 840	
39 Ráðstöfun eigin fjár	7 930	
30–333 Landshöfn Þorlákshöfn			
51 Laun	7 090	
52–57 Önnur rekstrargjöld	4 540	
571 Fjármagnskostnaður	110	
51–57 Viðhald	6 900	
		<hr/>	
5,8 Gjöld samtals	18 640	
43–46,7 Seldar vörur og þjónusta	17 930	
48 Fjármunatekjur	660	
4910 Framlög ríkissjóðs	400	
		<hr/>	
4,7 Tekjur samtals	18 990	
Mismunur		350
<i>Fjármunahreyfingar út:</i>			
26 Afborgun lána	350	
<i>Fjármunahreyfingar inn:</i>			
39 Ráðstöfun eigin fjár	350	
30–334 Landshöfn Keflavík-Njarðvík			
51 Laun	11 050	
52–57 Önnur rekstrargjöld	1 390	
51–57 Viðhald	6 780	
		<hr/>	
5,8 Gjöld samtals	19 220	
43–46,7 Seldar vörur og þjónusta	19 220	
		<hr/>	
4,7 Tekjur samtals	19 220	

		Pús. kr.	Pús. kr.
30–335	Landshöfn Rífi		
51	Laun	2 390	
52–57	Önnur rekstrargjöld	1 260	
		<hr/>	
5,8	Gjöld samtals	3 650	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	3 650	
		<hr/>	
4,7	Tekjur samtals	3 650	
30–673	Ferðaskrifstofa ríkisins		
51	Laun	33 610	
52–57	Önnur rekstrargjöld	21 570	
571	Fjármagnskostnaður	2 280	
51–57	Viðhald	1 250	
		<hr/>	
5,8	Gjöld samtals	58 710	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	56 290	
48	Fjármunatekjur	2 420	
		<hr/>	
4,7	Tekjur samtals	58 710	

31 Iðnaðarráðuneyti

	Pús. kr.	Pús. kr.
31–231 Sementsverksmiðja ríkisins		
51 Laun	211 080	
52–57 Önnur rekstrargjöld	94 500	
52,53,8 Hráefni og vörur til endursölu	61 030	
571 Fjármagnskostnaður	33 370	
51–57 Viðhald	61 650	
593 Afskriftir	70 280	
	<hr/>	
5,8 Gjöld samtals	531 910	
43–46,7 Seldar vörur og þjónusta	528 660	
49 Aðrar tekjur	760	
	<hr/>	
4,7 Tekjur samtals	529 420	
Mismunur		–2 490
<i>Fjármunahreyfingar út:</i>		
18 Fjárfestingar	25 000	
26 Afborgun lána	42 790	
<i>Fjármunahreyfingar inn:</i>		
19 Afskriftir	70 280	
39 Ráðstöfun eigin fjár	–2 490	
31–233 Ríkisprentsmiðjan Gutenberg		
51 Laun	78 160	
52–57 Önnur rekstrargjöld	13 860	
52,53,8 Hráefni og vörur til endursölu	31 440	
571 Fjármagnskostnaður	5 030	
51–57 Viðhald	3 080	
593 Afskriftir	12 330	
	<hr/>	
5,8 Gjöld samtals	143 900	
43–46,7 Seldar vörur og þjónusta	147 630	
48 Fjármunatekjur	1 200	
	<hr/>	
4,7 Tekjur samtals	148 830	
Mismunur		4 930

		Þús. kr.	Þús. kr.
<i>Fjármunahreyfingar út:</i>			
18	Fjárfestingar	9 200	
26	Afborgun lána	4 600	
32	Annað	3 460	
<i>Fjármunahreyfingar inn:</i>			
19	Afskriftir	12 330	
39	Ráðstöfun eigin fjár	4 930	
31–321	Rafmagnsveitur ríkisins		
51	Laun	372 000	
52–57	Önnur rekstrargjöld	279 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	1 096 000	
571	Fjármagnskostnaður	70 000	
593	Afskriftir	380 000	
5,8	Gjöld samtals	2 197 000	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	1 742 000	
48	Fjármunatekjur	50 000	
49	Aðrar tekjur	60 000	
4,7	Tekjur samtals	1 852 000	
	Mismunur		–345 000
<i>Fjármunahreyfingar út:</i>			
18	Fjárfestingar	150 000	
26	Afborgun lána	27 000	
<i>Fjármunahreyfingar inn:</i>			
19	Afskriftir	380 000	
26	Tekin lán	125 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	–345 000	
39	Annað, heimtaugagjöld	17 000	
31–371	Orkusjóður		
52–57	Önnur rekstrargjöld	1 090	
571	Fjármagnskostnaður	58 050	
59	Yfirfærslur, sveitarafvæðing	25 000	
5,8	Gjöld samtals	84 140	
48	Fjármunatekjur	19 030	
4910	Framlög ríkissjóðs	207 390	
4,7	Tekjur samtals	226 420	
	Mismunur		142 280

		Pús. kr.	Pús. kr.
<i>Fjármunahreyfingar út:</i>			
16	Veitt lán, jarðhitaleit	11 500	
26	Afborgun lána	130 070	
32	Annað, styrking dreifikerfa í sveitum	40 000	
 <i>Fjármunahreyfingar inn:</i>			
16	Innheimtar afborganir	39 290	
39	Ráðstöfun eigin fjár	142 280	

6. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt:

- 1.1 Að breyta fjárhæðum tekju- og gjaldamegin ef lög verða staðfest frá Alþingi 1988 sem hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð. Allar fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gildi aðeins fyrir fjárhagstímabilið.
- 1.2 Að ákveða að Landssíminn innheimti ekki stofngjöld síma árið 1988 hjá allt að 50 blindum mönnum, eftir tilnefningu Blindravinafélagsins í Reykjavík. Menn þessir séu fyrirvinnur heimilis eða vinni einir á vinnustað.
- 1.3 Að ákveða að Landssíminn innheimti ekki stofngjöld og afnotagjöld síma árið 1988 hjá allt að 50 fötluðum mönnum, eftir tilnefningu Sjálfsbjargar, landssambands fatlaðra.

Fjármálaráðherra er heimilt:

- 2.1 Að stofna til tímabundins yfirdráttar á viðskiptareikningi ríkissjóðs í Seðlabankanum á árinu 1988 vegna árstíðabundinna sveiflna í fjármálum ríkisins og semja ef með þarf um greiðslu yfirdráttarskuldar og um lánskjör.

Eftirgjöf annarra gjalda en aðflutningsgjalda og sölugjalds

- 3.1 Að endurgreiða upphæð jafnháa skemmtanaskatti af fé sem aflað er með samkomum og rennur til eflingar slysavörnum hér við land og til byggingar dvalar- og hjúkrunarheimila aldraðra.
- 3.2 Að fella niður eða endurgreiða stimpilgjöld af skuldabréfum sem skipasmíðastöðvar eða útgerðaraðilar gefa út til viðskiptabanka vegna endurlána bankanna á erlendum lánnum sem tekin eru með samþykki Fiskveiðasjóðs til nýsmíði fiskiskipa, endurbóta hvers konar, þar með talin tækjakaup og vélaskipti.
- 3.3 Að fella niður stimpilgjöld af veðskuldabréfum sem út kunna að vera gefin vegna skipakaupa, enda veiti Fiskveiðasjóður ekki lán vegna kaupanna. Hámarksfjárhæð þeirra skuldabréfa, sem heimilt er að fella niður stimpilgjöld af, skal miðast við sama hlutfall af verði skips og Fiskveiðasjóður lánar út á við kaup á skipum er falla undir almennar útlánareglur hans.

Ráðstöfun eigna

- 4.1 Að selja fasteignina Skútuvog 7, Reykjavík, ásamt tilheyrandi lóðarréttindum.
- 4.2 Að selja húseignina Kópavogsbraut 9, Kópavogi.
- 4.3 Að selja húseignina Hrísholt 8, Selfossi.
- 4.4 Að selja fasteignina Suðurgötu 8, Hafnarfirði.
- 4.5 Að selja eignarhluta ríkisins í fasteigninni Laugarásvegi 1, Reykjavík.
- 4.6 Að selja húseignina Hvanneyrarbraut 27, Siglufirði.
- 4.7 Að selja húseignina Strandgötu 35, Eskifirði.
- 4.8 Að selja Andakílsárvirkjun u.þ.b. 2 km langa 66 kV línu milli Vatnshamra og Andakílsárvirkjunar, sem nú er í eigu Rafmagnsveitna ríkisins, og hluta af byggðalínustöðinni á Vatnshömrum í Borgarfjarðarsýslu.
- 4.9 Að selja húseign Ríkisútvarpsins að Norðurgötu 2b á Akureyri.
- 4.10 Að selja geymsluhúsnæði Rafmagnsveitna ríkisins að Lyngási á Egilsstöðum.
- 4.11 Að selja 1. hæð húseignar Póst- og símamálastofnunarinnar í Hafnarhvoli við Tryggvagötu.

- 4.12 Að selja eignarlóð Rafmagnsveitna ríkisins sem liggur að Gránufélagsgötu og Grímseyjargötu á hafnarsvæði Akureyrar.
- 4.13 Að selja skrifstofuhúsnæði sýslumanns og bæjarfógeta á Húsavík.
- 4.14 Að selja fasteignina að Hafnargötu 11, Seyðisfirði.
- 4.15 Að selja hluta af jörðinni Sölvholti í Hraungerðishreppi.
- 4.16 Að selja húseignina Laugarbrekku 22, Húsavík.
- 4.17 Að selja jörðina Rauðamýri í Nauteyrarhreppi.
- 4.18 Að selja bóknámsdeildarhús Iðnskólans í Hafnarfirði við Reykjavíkurveg.
- 4.19 Að selja útihús (fjós og hlöðu með áföstum viðbyggingum) á Laugarvatni. Undanþegin sölunni skulu tilheyrandi lóðarleiguréttindi, 5500 m² skv. skipulagi.
- 4.20 Að selja húseignina Norðurbrún 9 í Seyluhreppi.
- 4.21 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í húseigninni Ásbyrgi í Bessastaðahreppi.
- 4.22 Að selja húseignina Aðalgötu 25, Sauðárkróki.
- 4.23 Að selja gamalt áhaldahús Vegagerðar ríkisins á Ísafirði.
- 4.24 Að selja húseignina Árholt 5 og Hafnarstræti 6, Ísafirði, og verja andvirðinu til kaupa á húsnæði fyrir fræðsluskrifstofu Vestfjarða.
- 4.25 Að selja húseignina Þönglabakka 6, Reykjavík.
- 4.26 Að selja húseign Sildarverksmiðja ríkisins að Suðurgötu 61, Siglufirði.
- 4.27 Að selja grænfóðurverksmiðjurnar Flatey í A-Skaftafellssýslu, Fóðuriðjuna í Dalasýslu og Fóður og fræ í Rangárvallasýslu.
- 4.28 Að selja húseignir til nota fyrir varamenn sendiherra þar sem henta þykir og verja andvirðinu til kaupa á minni og ódýrari húseignum.
- 4.29 Að selja vitaskipið Árvakur.

Fasteignakaup, lántökuheimildir o.fl.

- 5.1 Að kaupa hluta 5. hæðar hússins að Laugavegi 105, sem er í eigu Bjargráðasjóðs, og taka til þess nauðsynleg lán.
- 5.2 Að kaupa húsnæði fyrir Skattstofu Norðurlands eystra og taka til þess nauðsynleg lán.
- 5.3 Að kaupa jörðina Kvíabryggju í Eyrarsveit og þær fasteignir sem Reykjavíkurborg á þar og taka nauðsynleg lán í því sambandi.
- 5.4 Að kaupa fasteignina Lyngás 7–9, Garðabæ, til skólahalds.
- 5.5 Að kaupa húsnæði til nota sem lögreglustöð á Egilsstöðum og taka til þess nauðsynleg lán.
- 5.6 Að kaupa húsnæði fyrir Fræðsluskrifstofu Vesturlandsumdæmis, umdæmisskrifstofu Fasteignamats ríkisins og fleiri aðila í Borgarnesi og taka til þess nauðsynleg lán.
- 5.7 Að kaupa jörðina Gunnólfsvík I og II í Skeggjastaðahreppi í Norður-Múlasýslu og taka til þess nauðsynleg lán.
- 5.8 Að kaupa hluta húseignar að Álfheimum 72, Reykjavík, (98 m² geymsluhúsnæði) og taka til þess nauðsynleg lán.
- 5.9 Að kaupa húsnæði fyrir heilsugæslustöðvar á Flateyri og Borgarfirði eystra og taka til þess nauðsynleg lán.
- 5.10 Að kaupa húsnæði til nota fyrir lögreglustöð á Raufarhöfn og taka til þess nauðsynleg lán.
- 5.11 Að kaupa eða taka á leigu húsnæði fyrir lögreglustöð í Grindavík og taka til þess nauðsynleg lán.
- 5.12 Að kaupa skrifstofuhúsnæði fyrir sendiráð Íslands í Washington að höfðu samráði við fjárveitinganefnd og verja til þess andvirði íbúðarhúss og eldra skrifstofuhúsnæðis í eigu sendiráðsins.

- 5.13 Að kaupa Hótel Valhöll á Þingvöllum og taka til þess nauðsynleg lán.
 - 5.14 Að kaupa húsnæði til nota fyrir Unglingaheimili ríkisins og taka til þess nauðsynleg lán.
 - 5.15 Að kaupa húsnæði, eða semja um aðild að byggingu stjórnsýsluhúss á Akranesi, til nota sem lögreglustöð og/eða skrifstofuhúsnæði fyrir bæjarfógetaembættið á Akranesi og taka til þess nauðsynleg lán.
 - 5.16 Að kaupa húseignina Hvammshlíð 6, Akureyri, og taka til þess nauðsynleg lán.
 - 5.17 Að kaupa húseignina Engihlíð 9, Reykjavík, og taka til þess nauðsynleg lán.
 - 5.18 Að kaupa húseignina Stigahlíð 52, Reykjavík, og taka til þess nauðsynleg lán.
 - 5.19 Að kaupa húseignina Digranesveg 5, Kópavogi og taka til þess nauðsynleg lán.
 - 5.20 Að kaupa hluta fasteignarinnar við Dugguvog 12, Reykjavík og taka til þess nauðsynleg lán.
 - 5.21 Að kaupa hluta fasteignarinnar við Eiðistorg 15, Seltjarnarnesi, og taka til þess nauðsynleg lán.
-
- 6.1 Að kaupa skrifstofuhúsnæði fyrir Stjórnarráð Íslands og taka til þess nauðsynleg lán.
 - 6.2 Að kaupa húseignir í nágrenni Menntaskólans í Reykjavík og taka til þess nauðsynleg lán.
 - 6.3 Að kaupa húsnæði fyrir ríkisstofnanir og taka til þess nauðsynleg lán ef fullreynt þykir að ekki fáið fyrir þær leiguhúsnæði á viðunandi leigukjörum að mati fjárlaga- og hagsýslustofnunar.

Ýmsar heimildir

- 7.1 Að heimila Heyrnar- og talmeinafstöð Íslands að taka lán hjá Atvinnuleysistryggingasjóði vegna kaupa á búnaði og tækjum til hávaðamælinga á vinnustöðum í samræmi við reglugerð nr. 478/1985.
- 7.2 Að ábyrgjast lán að fjárhæð allt að 18.000 þús.kr. eða veita veðheimildir að sama marki í fasteignum ríkissjóðs á Bernhöftstorfu í Reykjavík til minjaverndar í því skyni að ljúka byggingarframkvæmdum á Bernhöftstorfu.
- 7.3 Að ábyrgjast lán með einfaldri ábyrgð sem Akureyrarkaupstaður kann að taka vegna kaupa á röntgentækjum í Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri. Ríkissjóður mun endurgreiða lánið, án vaxta, í fjárlögum 1989–1991.
- 7.4 Að semja við sóknarnefnd Barðssóknar í Skagafirði um uppgjör vegna afhendingar kirkjunnar að Barði.
- 7.5 Að kaupa dagblöð fyrir stofnanir ríkisins allt að 250 eintökum af hverju blaði umfram það sem veitt er til blaðanna í 4. gr. frumvarpsins.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1 Inngangur

Meginmarkmið fjárlagafrumvarpsins er að ná jöfnuði í ríkisbúskapnum þegar á næsta ári. Til þess að þetta megi takast hefur ríkisstjórnin ákveðið að grípa nú þegar til sérstakra aðhaldsaðgerða í ríkisfjármálum og peningamálum. Með þeim er hamlað gegn mikilli þenslu að undanfögnu. Í fjárlagafrumvarpinu eru boðaðar frekari ráðstafanir til þess að efla innlenda sparnað, draga úr verðbólgu og minnka viðskiptahalla. Þannig er lagður grundvöllur að jafnvægi í þjóðarbúskapnum.

Hallalaus fjárlög endurspeglast í minni lánsfjárbörf. Jafnframt er aukin áhersla lögð á innlenda fjármögnun eins og sést af því, að ríkissjóður tekur engin ný erlend lán á næsta ári. Erlendar skuldir ríkisins lækka því verulega, eða úr 18% af landsframleiðslu árið 1986 í 13% í árslok 1988. Þessi stefnumörkun kemur glöggst fram í lánsfjáráætlun fyrir árið 1988. En hún birtist ekki aðeins í auknu aðhaldi hjá ríkissjóði heldur lækkar heildarlánsfjáröflun allra opinberra aðila verulega á árinu 1988, eða um 3,6 milljarða. Jafnframt hefur verið gripið til almennra ráðstafana til að draga úr erlendri lántöku einkaaðila með sérstöku lántökugjaldi og innlendri fjármögnunarkvöð.

Endurskoðun á tekjuöflunarkerfi ríkissjóðs er annað veigamikið atriði hinnar nýju stefnu í ríkisfjármálum. Tilgangurinn er að gera skattkerfið einfaldara, skilvirkara og um leið réttlátara. Helstu þættir þessarar endurskoðunar eru: Veruleg fækkun söluskattsundanfága sem aðdragandi að upptöku virðisaukaskatts. Endurskoðun á tekju- og eignarskattsálagningu atvinnurekstrar sem miðar að fækkun frádráttarheimilda en lækkun jaðarskatts. Endurskoðun á reglum um skattmeðferð fjármögnunarleiguvíðskipta. Fyrsti áfangi í átt til samræmingar launaskatts komi til framkvæmda á næsta ári. Lækkun og samræming tolltaxta og niðurfelling ýmissa smærri gjalda, sem að hefur verið stefnt í mörg ár, kemur til framkvæmda um næstu áramót. Ríkisfyrirtækjum verður gert að skila arði í ríkissjóð. Lagt verður sérstakt gjald á verktakafyrirtæki í varnarliðsframkvæmdum. Staðgreiðsla beinna skatta einstaklinga verður tekin upp frá næstu áramótum. Fyrsta skref í átt til aukins fjárhagslegs sjálfstæðis sveitarfélaga verður stigið um næstu áramót með tilflutningi verkefna frá ríki til sveitarfélaga.

Á gjaldahlið fjárlagafrumvarpsins má einnig merkja stefnubreytingu. Fyrstu skrefin eru stigin til að draga úr sjálfvirkni ríkisútgjalda. Í starfsáætlun ríkisstjórnarinnar eru boðuð stærri skref í þá átt og er þess vænst að ráðherrar flytji frumvörp til laga um það efni á næstunni hver á sínu sviði. Tilraunir eru gerðar til að auka sjálfstæði og rekstrarábyrgð ríkisstofnana og fjárhagslega ábyrgð stjórnenda. Hert er á kröfum um auknar sértekjur opinberra þjónustustofnana. Á vettvangi fjármálaráðuneytis og einstakra ráðuneyta er unnið að undirbúningi að sölu einstakra ríkisfyrirtækja og hlutabréfa í eigu ríkissjóðs. Heimildir fjármálaráðherra skv. 6. gr. til eftirgjafar aðflutningsgjalda og söluskatts eru flestar felldar niður. Að því er stefnt að slíkar heimildir, teljist þær á annað borð nauðsynlegar, verði felldar inn í lög um tolla og söluskatt, eftir því sem við á.

Skattafrankvæmd. Í undirbúningi eru ýmsar aðgerðir til að bæta frankvæmd skattalaga og eftirlit. Veigamikil forsenda þess er að skattakerfið verði einfaldara og undanþágum verði fækkað eins og kostur er. Jafnframt verður bókhaldseftirlit eftl, bæði á vegum skattyfirvalda og innheimtuaðilua. Stefnt er að því að eftirlitsstarfsemi ríkisskattstjóra og skattrannsóknarstjóra verði aukin. Þessu verður fylgt eftir með hertum viðurlögum við skattalagabrotum.

Ríkisábyrgð aflétt. Í starfsáætlun ríkisstjórnarinnar er því markmiði lýst að ríkisafskipti og ríkisrekstur á atvinnufyrirtækjum verði sem minnst. Þessari stefnu er til skila haldið í fjárlagafrumvarpinu og í frumvarpi til lánsfjárlaga, þótt í smáu sé. Til dæmis verði ríkisábyrgðum af lántökum fjárfestingarlánasjóða aflétt til að ýta undir sjálfstætt áhættumat og auknar arðsemiskröfur. Stefnt er að því að breyta starfsháttum og stjórn fjárfestingarlánasjóða. Horfið verði frá skiptingu þeirra, eftir hefðbundnum atvinnugreinum, þannig að nýjar greinar standi jafn vel að vígi og gamlar hvað varðar aðgang að lánsfé. Þegar hefur verið skipaður starfshópur til að undirbúa þessar tillögur. Enn fremur hefur verið skipaður starfshópur til að endurskoða lög og reglur um erlent fjármagn í íslensku atvinnulífi. Að því er stefnt að erlent áhættufé geti komið í staðinn fyrir erlent lánsfé við fjármögnun atvinnufyrirtækja hér á landi.

Styrkir til atvinnuvega. Í samræmi við starfsáætlun ríkisstjórnarinnar er það almenn stefna að draga úr tilfærslum fjármagns til atvinnuvega og fyrirtækja. Þessa sér víða stað í frumvarpinu. Bein framlög til atvinnuvega lækka. Endurgreiðsla á uppsöfnuðum söluskatti í sjávarútvegi er t.d. helmingi lægri fjárhæð en á yfirstandandi ári. Fjármagnstilfærslur og framlög til ýmiss konar starfsemi í tengslum við landbúnað og iðnað eru lækkuð. Niðurgreiðslur og útflutningsbætur vegna landbúnaðarafurða lækka að raungildi.

Framlög samkvæmt jarðræktarlögum lækka verulega og styrkir skv. búfjárræktarlögum eru afnumdir. Til samræmis við hinn almenna samdrátt landbúnaðarframléiðslu er lagt til að ráðunautum á vegum Búnaðarfélags Íslands og búnaðarsambanda í héraði, sem launaðir hafa verið af ríkissjóði, fækki um fjórðung. Framlög ríkisins til Áburðarverksmiðju eru felld niður. Loks eru framlög til fjárfestingarlánasjóða afnumin.

Félags- og velferðarmál. Á sama tíma og dregið er úr millifærslum, styrkjum og rekstrargjöldum til stofnana í þjónustu atvinnuveganna er lögð aukin áhersla á fjárhagslegan stuðning við margvísleg félags- og velferðarmál. Ráðstöfunarfé byggingarlánasjóðanna vex verulega, bæði af ríkisframlögum og með fjáröflun hjá lífeyrissjóðum. Ríkisframlag til Byggingarsjóðs verkamanna og lánveitingar til félagslegra íbúðabygginga, þar með talið kaupleiguíbúða, tvöfaldast. Sama á við um ráðstöfunarfé Byggingarsjóðs ríkisins til almennra húsbygginga og íbúðarkaupa. Í félagsmálaráðuneyti er nú unnið að undirbúningi breyttra útlánareglna til þess að draga úr sjálfvirkni útlána með lánsloforðum til langs tíma, þannig að lánsféð nýttist betur þeim sem mesta hafa þörfina. Þá er gert ráð fyrir 150 millj. kr. í ár og aftur á næsta ári til að koma til móts við þá sem lent hafa í greiðsluerfiðleikum vegna húsnæðisöflunar á liðnum árum.

Til menntamála er varið auknu fé á ýmsum sviðum. Þannig er nú í fyrsta sinn ætlað fé til háskólakennslu á Akureyri. Háskóli Íslands er styrktur með fjölgun á starfslíði og auknu fé til rannsókna. Á grunnskólastiginu eru framlög til stuðningskennslu og sérkennslu aukin. Framlag til Lánasjóðs íslenskra námsmanna hækkar úr 928 m.kr. í 1.478 m.kr. eða um 60%. Þannig er reynt að gæta samræmis milli fjárframlaga til sjóðsins og lántöku hans, en honum hefur árum saman verið ætlað að taka lán, erlend eða innlend, langt umfram greiðslugetu.

Aukin áhersla er lögð á málefni fatlaðra með því að auka framlög til reksturs heimila og dvalarstaða fyrir fatlaða og til framkvæmda.

Bættar samgöngur á landi og í lofti eru þýðingarmikið atriði í byggðarmálum. Því er nú lagt til að auknu fé verði varið til vegamála og flugvallagerðar. Framkvæmdamáttur framlaga til þessara tveggja málaflokka eykst um 18–19%.

Umbætur í skattamálum kalla á aukna fjármuni og mannafla. Að hluta er það nauðsynlegt vegna staðgreiðslu skatta, sem hefst um n.k. áramót, og vegna undirbúnings virðisaukaskatts, sem koma á til framkvæmda 1989. Einnig ber brýna nauðsyn til þess að efla eftirlit og skilvirkni í skattakerfinu eins og áður segir.

Ríkisstjórnin vill leggja sitt af mörkum til að styrkja forvarnarstarf á sviði áfengis- og fíkniefnamála. Framlög eru aukin í þessu skyni og er nú stefnt að samstilltu átaki allra ráðuneyta í fyrirbyggjandi starfi á þessum vettvangi.

Sala ríkisfyrirtækja. Í stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnarinnar kemur fram að unnið verði að því að bjóða ríkisfyrirtæki og hlutafé ríkisins í fyrirtækjum, sem stunda atvinnurekstur, almenningi til kaups, eftir því sem henta þykir. Í samræmi við þetta fer nú fram á vettvangi einstakra ráðuneyta athugun á því hvort og þá með hvaða hætti staðið skuli að sölu á fyrirtækjum í ríkiseigu. Ljóst er að margháttaðra gagna verður að afla í hverju tilviki um rekstur og stöðu ýmissa þeirra fyrirtækja sem hér um ræðir áður en af sölu getur orðið. Ekki ber að líta á sölu ríkisfyrirtækja og hlutabréfa í ríkiseign sem tæki til tekjuöflunar fyrst og fremst, heldur sem þátt í endurmati á hlutverki ríkisins í nútíma velferðarríki.

Efnahagsvandinn. Á þenslutímum er það tvímælalaust hlutverk opinberrar fjármála-stjórnar að hamla gegn umframeftirspurn og þeirri verðbólgu og viðskiptahalla sem af hlýst. Þetta ber að gera með því að reka ríkissjóð án halla og halda fram aðhaldssamri peningamálastefnu. Með frumvörpum til fjárlaga og lánsfjárlaga og almennum efnahagsaðgerðum þeim til styrktar, rækir ríkisstjórnin skyldur sínar í þessum efnum.

Mikill hagvöxtur er ekki einhlítur mælikvarði á velgengni í efnahagsmálum. Hagvaxtar-skeiðið sem hófst 1984 hefur allt fram á þetta ár mátt rekja til mikillar framleiðsluaukningar í sjávarútvegi. Þetta leiddi til aukins útflutnings og bættrar stöðu þjóðarþúsins gagnvart útlöndum. Hagvöxtinn á yfirstandandi ári má hins vegar í mun ríkari mæli rekja til þenslu í verslunar- og þjónustugreinum. Þessi munur endurspeglast með skýrum hætti í umskiptum til hins verra á viðskiptajöfnuði.

Til þess að koma í veg fyrir að hagvaxtarskeiðið snerist upp í ofpenslu, verðbólgu og viðskiptahalla hefði þurft að grípa til strangra aðhaldsaðgerða í ríkisfjármálum og peningamálum þegar í upphafi árs 1987. Sú staðreynd að ekki var gripið til aðgerða fyrr en með tilkomu nýrrar ríkisstjórnar eftir mitt árið veldur því að vandinn sem við er að fást er verri viðureignar og kallar á stórtækari aðgerðir en ella hefði verið nauðsynlegt.

Efnahagsvandinn sem við blasir nú er í meginatriðum tvíþættur. Annars vegar gætir meiri eftirspurnar í efnahagslífinu en góðu hófi gegnir. Það birtist meðal annars í manneklu og launaskriði í einstökum atvinnugreinum og vaxandi verðbólgu. Á hinn bóginn eru horfur á miklu hægari hagvexti og stórauðnum halla á utanríkisviðskiptum á næsta ári, verði ekki spynt við fótum.

Fyrstu aðgerðir. Í upphafi ferils síns greip ríkisstjórnin til margháttaðra aðgerða til þess að draga úr verðbólgu og viðskiptahalla og koma á betra samræmi milli þjóðarútgjalda og þjóðartekna. Þessar aðgerðir voru einkum fólgnar í eftirfarandi: Undanþágum frá söluskatti var fækkað og tekinn upp sérstakur söluskattur með lægra hlutfalli (10%) af ýmsum matvælum og nokkrum greinum þjónustu. Lagt var á sérstakt bifreiðagjald sem innheimtist að hálfu leyti á þessu ári.

Lagður var viðbótarskattur á innflutt kjarnfóður. Ríkisábyrgðargjald var hækkað og lagt á nýtt lántökugjald á erlend lán. Áætlað er að þessar aðgerðir skili ríkissjóði rúmum

milljarði króna á þessu ári en 3,5 milljörðum á næsta ári. Þessar aðgerðir voru því stórt skref í þá átt að jafna hallann á ríkissjóði.

Jafnframt var gripið til tekjujafnandi aðgerða með hækkun lágmarks framfærslulífeyris einstaklinga og hækkun barnabótaauka, sem áætlað er að kosti ríkissjóð um 190 m.kr.

Þessum aðgerðum í ríkisfjármálum var fylgt eftir með frekari ráðstöfunum á sviði peninga- og lánamála. Vextir af spariskírteinum ríkissjóðs voru hækkaðir. Fyrirhuguð endurgreiðsla söluskatts til sjávarútvegs var lögð inn á bundna reikninga. Til þess að draga úr erlendum lántökum, sem hafa átt drjúgan þátt í þenslunni að undanfögnu, setti viðskiptaráðuneytið reglur sem kveða á um aukna hlutdeild innlends lánsfjár í kaupum erlendis frá.

Þótt þessar ráðstafanir hafi styrkt stöðu ríkissjóðs verulega hafa þær ekki dugað til þess að halda nægilega aftur af þjóðarútgjöldum og beina tekjum fólks og fyrirtækja að auknum sparnaði.

Nýjar viðnámsaðgerðir. Ríkisstjórnin hefur því ákveðið að bregðast strax við þessum vanda með sérstökum aðgerðum í ríkisfjármálum og peningamálum. Markmið þessara ráðstafana er tvíþætt. Í fyrsta lagi að hamla nú þegar gegn þeirri eftirspurn í efnahagslífinu sem farið hefur vaxandi að undanfögnu. Í öðru lagi að treysta enn frekar jafnvægi í þjóðarþúskapnum á næsta ári með hallalausum fjárlögum og aðgerðum til að efla innlendan sparnað. Þannig verður með samræmdum hætti dregið úr útlánaþenslu og innstreymi erlends lánsfjár og þar með lagður grundvöllur að hjöðnun verðbólgu og minni viðskipta-halla.

Aðgerðir í ríkisfjármálum. Áætlanir á þessu hausti bentu til þess að halli ríkissjóðs yrði um 2,6 milljarðar króna árið 1987. Ljóst er að svo mikill halli eykur á þenslu og kyndir undir verðbólgu. Þess vegna hefur ríkisstjórnin ákveðið að grípa til eftirfarandi aðgerða í ríkisfjármálum:

- Innflutningsgjald af fólksbifreiðum hækkar þegar í stað til þess að draga úr innflutningi. Í kjölfar þessa gæti bílverð hækkað um 5–15% eftir stærð, minnst á smærri bílum en mest á hinum stærri og dýrari.
- Fækkun undanþága frá söluskatti verður flýtt. Frá 1. nóvember falla niður söluskatts-undanþágur á matvælum. Þar með mun öll matvara bera 10% söluskatt.
- Verð á áfengi og tóbaki hækkar nú þegar um 8% að meðaltali.

Aðgerðir í peningamálum. Til þess að fylgja þessum aðhaldsaðgerðum eftir og efla innlendan sparnað verður gripið til eftirfarandi ráðstafana í peninga- og lánsfjármálum:

- Haldið verður óbreyttum kjörum á tveggja ára spariskírteinum, sem selst hafa vel að undanfögnu. Önnur spariskírteini verða boðin með betri kjörum en verið hefur.
- Vextir af ríkisvixlum verða endurskoðaðir reglulega. Jafnframt verða boðnir ríkisvixlar til lengri tíma.
- Sölukerfi ríkisvixla og spariskírteina verður endurbætt.
- Bönkum og sparisjóðum verður heimilað að bjóða gengisbundna innlánsreikninga.
- Einstaklingum og fyrirtækjum verður heimilað að eignast erlend verðbréf.

- Við endurskoðun laga um tekju- og eignaskatt og ákvæða um skattlagningu eignatekna verður við það miðað að skattlagning verði samræmd og jafnframt tryggt að tekjur af hlutfjáreign almennings sæti ekki lakari meðferð en aðrar tekjur af eignum.
- Til þess að hvetja þá sem hyggja á erlendar lántökur til að fresta áformum sínum, og draga á þann hátt úr innstreymi erlends lánsfjár á næstunni, verður gjald á erlendar lántökur fellt niður við lok næsta árs.
- Ríkisstjórnin mun afnema ríkisábyrgð á skuldbindingum atvinnuvegasjóða.

Fylgst verður nákvæmlega með því næstu vikur hvort þörf sé frekari aðgerða frá næstu mánaðamótum til þess að tryggja nægilegt aðhald í útlánum banka út þetta ár. Áætlanir benda til þess að lausafjárstaða bankakerfisins muni batna verulega í upphafi næsta árs og verða gerðar ráðstafanir fyrir þann tíma til þess að tryggja hóflega þróun í útlánastarfsemi bankanna á því ári.

Ráðstafanir þessar eyða þeirri óvissu er gætt hefur í efnahagsmálum að undanfögnu. Jafnframt skapa þær forsendur fyrir auknu jafnvægi á lánamarkaði, en það er frumskilyrði þess að vextir geti farið lækkandi. Með því að eyða hallanum á ríkisbúskapnum er stigið stórt skref í þessa átt. Grunnur er lagður að stöðugleika í efnahagslífinu og áframhaldandi sókn til bættra lífskjara.

Kjarapróun. Meira en 2/3 hluta ríkisútgjalda tengjast launum, lífeyris- og sjúkratryggingum, almennum rekstri, sem mjög er launatengdur og vaxandi vaxtabyrði af skuldum. Breytingar á launum opinberra starfsmanna og á almennum vinnumarkaði eru því ákvarðandi þáttur um þróun ríkisútgjalda.

Í desember á s.l. ári var gengið frá rammakjarasamningi á almennum vinnumarkaði. Þessir samningar stefndu að svipuðum kaupmætti launa og á árinu 1987 og á árinu 1986, en í þeim fólst einnig mjög veruleg hækkun lægstu launa. Auk þess var samið um tilteknar verðlagsviðmiðanir og gerð fastlaunasamninga við ýmsar starfsstéttir.

Af þeim upplýsingum sem nú liggja fyrir má ráða, að launahækkanir á árinu hafa orðið langt umfram það sem miðað var við í árslok 1986. Nú er áætlað að atvinnutekjur á mann hækki um 36–37% frá meðaltali fyrra árs. Þetta má bera saman við áætlanir um 20–22% hækkun í kjölfar samninganna í desember. Þá var reiknað með um 7% aukningu kaupmáttar atvinnutekna að jafnaði. Nú eru horfur á að raunhækkun atvinnutekna verði 16–17% frá fyrra ári. Þetta er meira en dæmi eru um áratugum saman.

Framvinda launa- og verðlagsmála á árinu 1987 hefur raskað verulega áætlunum um afkomu ríkissjóðs á árinu og orðið ríkisbúskapnum og efnahagskerfinu í heild mikil áraun. Í fjárlögum ársins var gert ráð fyrir að tekjuhalli ríkissjóðs á árinu 1987 yrði um 2,8 milljarðar kr. Framan af árinu stefndi í mun meiri halla eða um 3,4 milljarða kr. En með þeim aðgerðum, sem ríkisstjórnin beitti sér fyrir á miðju sumri, tókst að draga talsvert úr hallanum. Með efnahagsaðgerðum ríkisstjórnarinnar nú við þingbyrjun hefur staða ríkissjóðs styrkst enn. Nú er reiknað með því að hallinn verði 2,1 milljarðar kr. Í hlutfalli viðlandsframleiðslu er reiknað með því að halli á ríkissjóði 1987 verði um 1,0%.

Verðlag og laun. Fjárlagafrumvarpið 1988 byggir á sömu forsendum og þjóðhagsáætlun að því er varðar breytingar launa og tekna og er sett fram á áætluðu meðalverðlagi 1988. Niðurstöðutölur frumvarpsins gera ráð fyrir því að tekjur og gjöld ríkissjóðs á árinu 1988 verði um 59 1/2 milljarður króna. Þar með er ráð fyrir því gert að ríkissjóður verði rekinn án halla á næsta ári. Jöfnuður í ríkisbúskapnum er stærsta Grettistakið sem ríkisstjórnin hefur lyft í varnargarða gegn vaxandi þenslu, verðbólgu og viðskiptahalla.

Heildarútgjöld ríkissjóðs, að frádregnum vaxtagreiðslum, svara til um 23,0 % af vergri landsframleiðslu. Er það svipað hlutfall og meðaltal síðustu 10 ára.

Forsendur frumvarpsins að því er varðar launabreytingar á árinu 1988 eru í meginatriðum þær, að reiknað er með því að launahækkunarverði svipaðar og kveðið er á um í gildandi kjarasamningum við opinbera starfsmenn. Að teknu tilliti til launaskriðs, en nokkurrar styttingar vinnutíma, felst í þessu áætlun um 17% hækkun tekna frá þessu ári.

Verðlagsforsendur eru reistar á spá um að verðlagshækkun á mælikvarða vísitölu verði um 17–18% milli ára. Þetta felur í sér spá um að kaupmáttur ráðstafanatekna heimila verði svipaður á næsta ári og þessu.

Verkaskipting ríkis og sveitarfélaga. Eitt merkasta nýmæli þessa fjárlagafrumvarps felst í áformum um framkvæmd á tillögum um breytta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, er komi til framkvæmda á næstu tveimur árum. Um langt skeið hefur skipting verkefna milli ríkis og sveitarfélaga verið til umfjöllunar, án þess að af framkvæmdum hafi orðið. Umræðan hefur annars vegar snúist um verkefnaskiptinguna og hins vegar um skiptingu kostnaðar af sameiginlegum verkefnum og fjármögnun þeirra.

Með þessu frumvarpi er stigið fyrra skrefið af tveimur áformuðum í heildarendurskoðun þessara mála. Þessar tillögur eru í höfuðatriðum í samræmi við tillögur nefndar sem fjallaði um samstarf ríkis og sveitarfélaga og skilaði álit í aprílmánuði s.l. Miðað var við að tónlistarskólar (frá upphafi skólaárs 1988/89), dagvistarheimili, byggðasöfn, málefni fatlaðra, vatnsveitur, landshafnir og heimaþjónusta aldraðra færast að fullu yfir á verkswið sveitarfélaga.

Sveitarfélögum verða tryggðir tekjustofnar til þess að takast á við aukin verkefni. Mun ríkisstjórnin leita eftir sem nánaust samstarfi við sveitarstjórnir og samtök þeirra um þessar skipulagsbreytingar. Seinni áfanga breyttrar verkaskiptingar verða undirbúnir með það fyrir augum að þeir komi til framkvæmda á árinu 1989.

Í tengslum við þessar breytingar er í undirbúningi að breyta lögum um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Það er nauðsynlegt þegar af þeirri ástæðu að í undirbúningi eru róttækar breytingar á tolltaxtalögum og lögum um söluskatt, en Jöfnunarsjóður hefur hingað til haft lögbundnar tekjur af þessum tekjustofnum.

Með þessum ráðstöfunum hefur ríkisstjórnin gert það sem í hennar valdi stendur til að eyða þeirri óvissu sem að nú ríkir í efnahagsmálum. Það verður þó ekki gert með yfirlýsingum ríkisstjórnar einum saman. Ákvarðanir á vettvangi vinnumarkaðar sem og í fyrirtækjum og á heimilum koma til með að valda miklu um árangurinn. Ekki síst ræðst niðurstaðan þó af þeim ytri skilyrðum, sem þjóðarbúinu verða sett á næstunni.

Fjárlagafrumvarp það sem hér liggur fyrir markar að mörgu leyti tímamót. Þar vegur þyngst, að með því er stefnt að hallalausum fjárlögum þegar á næsta ári. Með því að grípa jöfnum höndum til niðurskurðar ríkisútgjalda og aukinnar tekjuöflunar tókst að eyða fyrirsjáanlegum halla á ríkissjóði, sem að óbreyttu stefndi í 4 milljarða króna á næsta ári. Enn fremur er í frumvarpinu kveðið á um róttæka endurskipulagningu sem snertir flesta þætti ríkisfjármálanna.

Með hallalausum fjárlögum er stigið mikilvægt skref í átt til aukins jafnvægis í þjóðarbúskapnum. Þetta markmið næst þó ekki með aðgerðum í ríkisfjármálum og peningamálum einum saman, því að ákvarðanir á vettvangi vinnumarkaðarins, á heimilum og í fyrirtækjum skipta ekki síður máli. Þá veltur mikið á þróun ytri skilyrða. Samræming allra þessara þátta skiptir sköpum fyrir afkomu þjóðarbúsins og lífsskjör hvers og eins í þessu þjóðfélagi.

2 Fjárlagafrumvarp 1988 — Yfirlit

Athugasemdir með þessu frumvarpi eru með svipuðu sniði og í frumvarpi fyrir árið 1987. Á undanförunum árum hefur öll framsetning ríkisfjármála breyst í átt til aukinnar samræmingar við gerð þjóðhagsreikninga og ríkisreiknings. Jafnframt hafa skýringar á einstökum þáttum frumvarpsins aukist. Greinargerð frumvarpsins er í sjö aðalköflum. Á eftir inngangi er í 2. kafla sett fram yfirlit um helstu atriði og niðurstöður frumvarpsins. Í 3. og 4. kafla er fjallað um tekju- og gjaldahliðar frumvarpsins í nánari atriðum. Í 5. kafla er fjallað sérstaklega um fjárhag B-hluta fyrirtækja og sjóða en í 6. kafla um heildarskuldbindingar ríkissjóðs, lánaform og veittar ábyrgðir. Fjárfestingar- og lánsfjármál opinberra aðila og annarra eru rædd í 7. kafla. Í fylgiskjöllum er annars vegar yfirlit yfir kostnað og stöðu framkvæmda á vegum Framkvæmdadeildar Innkaupastofnunar ríkisins, hins vegar yfir viðbótarfjárheimildir 1987 frá ársbyrjun til septemberloka. Aftast eru töfluyfirlit af ýmsu tagi.

2.1 Verðlagsforsendur frumvarpsins

Fjárlagafrumvarpið er í öllum grundvallaratriðum byggt á sömu forsendum og þjóðhagsáætlun fyrir árið 1988. Þetta á bæði við um verðlags- og launaforsendur og almennar horfur um þróun helstu þjóðhagsstærða á næsta ári, þ.e. þjóðarútgjöld, útflutningstekjur, viðskiptajöfnuð o.fl., eins og þær eru metnar með hliðsjón af efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar.

Allar fjárhæðir í frumvarpinu eru settar fram á verðlagi ársins 1988. Mörg undanfarin ár hafa kjarasamningar verið lausir um áramót og niðurstöður þeirra — og þar með áhrif þeirra á verðlagsþróun og aðrar mikilvægar hagstærðir — hafa ekki verið þekktar. Aðstæður nú eru að ýmsu leyti frábrugðnar því sem áður hefur verið þar sem þegar hefur verið samið við um það bil þriðjung launþega í landinu til loka næsta árs, þ.e. opinbera starfsmenn. Launaforsendur eru því traustari en oft áður. Í fjárlagafrumvarpi og þjóðhagsáætlun er gert ráð fyrir að kjarasamningar annarra launþega, sem flestir eru lausir um eða jafnvel fyrir áramótin, verði á svipuðum nótum og samningar við opinbera starfsmenn. Samkvæmt þessu næmi almenn launahækkun rúmlega 7% á næsta ári, þ.e. 3% í janúar, 2% í febrúar og 2% í júlí. Þrátt fyrir þetta er ljóst að meðalhækkun launa einstaklinga milli árunna 1987 og 1988 verður mun meiri, eða 16—17%, þar sem hækkunir hafa verið miklar á síðari helmingi þessa árs. Hér hefur verið reiknað með því að vinnutími styttest á næsta ári og aðrar launabreytingar en samkvæmt almennum samningum verði minni en á þessu ári.

Launabreytingar á almennum markaði liggja ekki eins ljósar fyrir, en talið er að heildarhækkun launa frá upphafi til loka ársins 1987 verði ekki undir 32%, en það er svipað eða jafnvel ívið hærra en hjá opinberum starfsmönnum. Innlent verðlag hefur hækkað mun minna en laun. Við gerð kjarasamninganna um sl. áramót var gengið út frá því að verðlag innanlands hækkaði um 8—9% frá upphafi til loka ársins og um 11—12% milli árunna 1986 og 1987. Nú eru horfur á að verðlag í lok ársins verði um 25% hærra en það var í upphafi ársins mælt á vísitölu framfærslukostnaðar. Í þessum tölum hefur verið tekið tillit til áhrifa sérstakra aðgerða í ríkisfjármálum í október/nóvember 1987 en þau valda 2% hækkun framfærsluvísitölunnar fyrst í stað. Á þessum forsendum er áætlað að verðlag — á mælikvarða framfærsluvísitölu — verði 17—18% hærra að meðaltali á næsta ári en spáð er fyrir þetta ár. Hækkunin frá upphafi til loka næsta árs yrði þó mun minni, eða rétt innan við 10%. Miðað er við að vísitala byggingarkostnaðar breytist heldur minna en framfærsluvísitala. Mismunandi breytingar hafa orðið á helstu viðskiptamyntum á árinu 1987 og hefur bandaríkjadalur lækkað en aðrar myntir hækkað. Er í frumvarpinu miðað við óbreytt gengi að jafnaði frá því sem er í septemberlok 1987.

2.2 Afkomuhorfur ríkissjóðs 1987 og 1988, samanburður

Við myndun ríkisstjórnar í júlí s.l. voru ákveðnar ýmsar ráðstafanir í efnahags- og ríkisfjármálum. Aðgerðir þessar höfðu bæði áhrif á tekjur og útgjöld ríkissjóðs. Undanþágum frá söluskatti var fækkað og tekinn var upp sérstakur söluskattur á ýmsar vörur og þjónustu. Þá var undanþágum frá söluskatti fækkað sem skref í átt til endurbóta á söluskattskerfinu. Lagt var á sérstakt bifreiðagjald og ákveðið var að innheimta viðbótar-skatt af innfluttu kjarnfóðri. Þá er að nefna að gjald fyrir ríkisábyrgðir á lán var hækkað og að auki var lagt á sérstakt lántökugjald á erlend lán. Tilgangur þess síðarnefnda var að draga úr erlendum lántökum auk tekjuöflunar fyrir ríkissjóð. Tekjuauki ríkissjóðs, tengdur þessum skattbreytingum, er talinn um 1040 m.kr. á árinu 1987.

Samhliða breytingu á tekjuhlíð fjárlaga voru ákveðnar aðgerðir til kjarajöfnunar sem einkum var ætlað að milda áhrif aðgerðanna á hag hinna lægstlaunuðu. Þannig var ákveðið að hækka elli- og örorkulífeyri, tekjutryggingu og heimilisuppbót. Viðbótarútgjöld ríkissjóðs af þessum sökum voru metin um 90 m.kr. á árinu. Af sama toga var hækkun á barnabótaauka. Kostnaðarauki ríkissjóðs þeirri hækkun var metinn alls um 100 m.kr. Efnahagsaðgerðirnar bættu þannig afkomu ríkissjóðs um 850 m.kr. á árinu 1987.

Frá ársbyrjun hafa að auki orðið breytingar á fjárhagsáætlun ríkissjóðs. Að lokum leiða boðaðar ráðstafanir í ríkisfjármálum nú í upphafi þings til um 300 m.kr. tekjuauka í ríkissjóð á þessu ári, af söluskatti, bifreiðagjöldum og hækkun á söluvöru ÁTVR. Að hluta má rekja breytingu útgjalda til ákvarðana fyrri ríkisstjórnar, svo sem sérstaka hækkun almannatryggingabóta í maí sl., útgjöld vegna ályktunar Alþingis um framkvæmdir við Egilsstaðaflugvöll og auknar niðurgreiðslur á vöruverði. Veigamesta skýringin á fráviki tekna og gjalda ríkissjóðs í ár samanborið við gildandi fjárlög er þó launa- og verðlagshækkun umfram forsendur fjárlaga. Í 3. kafla greinagerðar frumvarpsins um tekjuhlíð þess og í 4. kafla um gjaldahlíð er fjallað nánar um einstaka liði. Hér er lögð áhersla á heildarniðurstöður.

Eftirfarandi yfirlit sýnir áætlunartölur fjárlagafrumvarpsins 1988 samanborið við fjárlög 1987 (afgreidd á Alþingi í des. 1986) og endurskoðaða áætlun um afkomu ríkissjóðs frá í september, sem er hluti af undirbúningi og gerð fjárlaganna fyrir árið 1988.

	Fjárlög	Endurskoðuð	Frumvarp	Breyting %	
	1987 m.kr.	áætlun 1987 m.kr.	1988 m.kr.	(3/1)	(3/2)
	(1)	(2)	(3)		
1. Tekjur	43.029	47.790	59.563	38,4	24,6
2. Gjöld	45.872	49.900	59.536	29,8	19,3
3. Tekjur umfram gjöld	-2.843	-2.110	27		
4. Lánahreyfingar, útstreymi					
Afborganir, nettó	1.430	1.430	2.095		
Veitt lán	1.420	1.680	1.635		
Hluta- og stofnfjárframlög	80	844	80		
Viðskiptareikningar, nettó	300	723	400		
5. Lánsfjárbörf A-hluta ríkissjóðs, brúttó	6.073	6.787	4.183		
6. Lántökur	6.150	6.800	4.200		
Innlend lán	4.450	4.880	4.200		
Erlend lán	1.700	1.920	-		
7. Greiðsluafkoma	77	13	17		

Allar horfur eru taldar á því að ríkisútgjöld 1987 verði 49.900 m.kr. en það er um 8,8% hærri niðurstaða en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Jafnframt er talið að tekjur ríkissjóðs geti numið 47.790 m.kr. en það er 11,0% hærri fjárhæð en í fjárlögum. Tekjuafkoma A-hluta ríkissjóðs verður samkvæmt yfirlitinu ívið betri en að var stefnt í fjárlögum 1987.

Samanborið við fjárlagatölur hækka tekjur alls um 4.761 m.kr. Beinir skattar lækka um 325 m.kr. en óbeinir skattar hækka um 4.985 m.kr. Lækkun beinna skatta skýrist í meginatriðum af því að álagning tekjuskatts einstaklinga á tekjur ársins 1986 reyndist ívið lægri heldur en talið var í fjárlögum. Þannig er nú talið að tekjuskattur gefi alls 5.005 m.kr í tekjur í stað 5.355 m.kr eins og áætlað var. Hækkun tekna ríkissjóðs skýrist því af verulega meiri tekjum af óbeinum sköttum, einkum aðflutningsgjöldum og söluskatti, að ógleymdum þeim sköttum sem lagðir voru á í júlí 1987 sem hluti af efnahagsráðstöfunum ríkisstjórnarinnar.

Hærri niðurstaða á gjaldahlið 1987 á sér ýmsar skýringar. Alls hækka útgjöld frá fjárlögum um 4.028 m.kr. Þyngst í þessari hækkun vega hærri launagreiðslur vegna áhrifa kjarasamninga eða alls um 1.550–1.600 m.kr. umfram þær 1.100 m.kr. sem áætlað var fyrir. Bætur lífeyristrygginga og útgjöld vegna sjúkratrygginga hækka einnig vegna launa- og verðlagsbreytinga auk sérstakrar hækkunar lífeyrisbóta sem áður er getið. Alls hækka því útgjöld trygginganna um 1.060 m.kr. umfram fjárlagaáætlun. Af öðrum veigamiklum þáttum til skýringar á áætlaðri hækkun útgjalda má nefna niðurgreiðslur á vöruverði, 360 m.kr., og útflutningsuppbætur, 130 m.kr. Þá er að telja uppbætur á lífeyri, þ.e. greiðsla ríkissjóðs vegna verðbótaþáttar á eftirlaun opinberra starfsmanna, 123 m.kr., og framkvæmdir við Egilsstaðaflugvöll, 60 m.kr. Loks eru ýmsar aðrar greiðslur taldar geta numið um 745 m.kr.

Búist er við nokkurri breytingu á lánahreyfingum ríkissjóðs frá því sem áætlað var í fjárlögum. Þannig aukast lánveitingar ríkissjóðs um 260 m.kr., þar af eru 40 m.kr. til Rafmagnsveitna ríkisins og 220 m.kr. endurlán á erlendu lánsfé til atvinnufyrirtækja. Þá er að nefna 764 m.kr. fjárþörf vegna hlutfjárframlags ríkissjóðs í Útvegsbanka Íslands hf. auk þess sem reiknað er með 423 m.kr. ústreymi á viðskiptareikningum umfram það sem talið var í fjárlögum. Viðbótarústreymi á lánareikningum er því alls 1.447 m.kr. umfram það sem í fjárlögum var talið. Heildarlánsfjárþörf ríkissjóðs verður 6.787 m.kr. í stað 6.073 m.kr. sem stefnt var að í fjárlögum.

Innlend fjáröflun var talin geta orðið 4.450 m.kr. í fjárlögum 1987, þar af var sala spariskírteina metin 1.500 m.kr, lántökur hjá bankakerfi 1.650 m.kr. og sala verðbréfa til lífeyrissjóða var áformuð fyrir 1.300 m.kr. Áætlað var að innlausn eldri spariskírteina næmi 1.000 m.kr. Þannig að nettó-fjáröflun til ríkissjóðs yrði 500 m.kr. Þrátt fyrir harða samkeppni á innlendum lánamörkuðum hefur sala spariskírteina til septemberloka alls numið um 800 m.kr og innlausn eldri bréfa um 700 m.kr. Á síðasta ársfjórðungi er reiknað með að heldur dragi úr innlausn eldri skírteina og að sala nýrra bréfa glæðist. Því er enn talið að markmið lánsfjáröflunar með sölu spariskírteina muni nást. Um kaup bankakerfisins á verðbréfum ríkissjóðs er það að segja að gengið hefur verið frá samningi við bankana um kaup á verðbréfum í samræmi við áætlun. Þá var samið sérstaklega við Seðlabanka Íslands um 864 m.kr. lánsfjárútborgun, þar af eru 764 m.kr. vegna Útvegsbankans, 40 m.kr. vegna fjárhagsvanda RARIK og 60 m.kr. vegna framkvæmda við Egilsstaðaflugvöll. Óvissa ríkir um aðra innlenda fjáröflun. Á síðari hluta árs hefur verið mikil sala í ríkissjóðsvíxlum til bankakerfisins. Reiknað er með að sú sala vegi upp óvissu í innlendra lánsfjáröflun og er því ekki talin þörf á auknu erlendu lánsfé til handa ríkissjóði umfram þær 1.920 m.kr. sem áformaðar eru.

Tekjur ársins 1988 eru alls taldar verða 59.563 m.kr. en það er hækkun um 24,6% frá því sem talið er að þær verði í ár. Einkum er það tvennt auk verðlagsbreytinga sem skýrir hækkun teknanna. Í fyrsta lagi koma skattahækkanirnar frá því í júlí 1987 til fullra áhrifa á árinu 1988. Tekjuhækkun af þessum sökum er alls talin nema um 3.500 m.kr. Í öðru lagi eru uppi áform um skattabreytingar frá næstkomandi áramótum. Þannig mun staðgreiðsla tekjuskatts taka gildi, breytingar verða gerðar á söluskattsstofni, launaskattur lagður á ýmsa

aðila sem undan hafa verið þegnir o.fl., sbr. kafla 2.3 hér á eftir. Alls er áætluð tekjuhækkun af þessu um 2.000 m.kr.

Gjöld ríkissjóðs 1988 eru alls talin verða 59.536 m.kr. en það er hækkun um 9.636 m.kr. eða 19,3% frá endurskoðaðri áætlun í ár. Hækkun gjalda er því heldur minni en hækkun tekna.

Gjaldahlið fjárlaga má skoða frá ýmsum sjónarhornum. Í athugasemdunum hér að neðan, sbr. 4. kafla, er gerð grein fyrir einstökum útgjaldaliðum og breytingum. Hér er ætlunin að gera stutta grein fyrir hagrænni skiptingu ríkisútgjaldanna.

Ríkisútgjöldum má skipta í nokkra meginflokka með tilliti til hvernig þeim er ráðstafað. Nokkrum hluta gjaldanna er ráðstafað til almennrar starfsemi ríkisins, þ.e. til greiðslu launa ríkisstarfsmanna, kaupa á rekstrarvörum og skyldra þátta. Þá fer stór hluti útgjalda ríkisins sem tilfærsla fjármagns, annað hvort til einstaklinga eða atvinnuvega. Hér má nefna lífeyrisbætur til einstaklinga og endurgreiðslur á uppsöfnuðum söluskatti í sjávarútvegi eða útflutningsuppbætur í landbúnaði. Allhár fjárhæðir eru ætlaðar til fjárfestingar í fjárlögum hverju sinni. Hér er eins og áður um tvískiptingu að ræða. Á annan bóginn er fjárfesting ríkisins í skólum, vegum og sjúkrahúsum, svo að nokkuð sé nefnt, og á hinn bóginn fjármagnar ríkið að hluta fjárfestingu sem aðrir aðilar í samfélaginu standa að svo sem húsbýggjendur og sveitarfélög. Í eftirfarandi yfirliti er sýnd hlutfallsleg skipting útgjalda A-hluta ríkissjóðs með ofangreindum hætti og raunaukning milli ára.

	Hlutfallsleg samsetning		Raunbreyting %
	Frumvarp 1987, endursk. %	Frumvarp 1988 %	
1. Kaup ríkisins á vörum og þjónustu. þ.e. samneysla ¹⁾ . . .	44,3	44,2	+2,4
2. Neyslutilfærslur til einstaklinga	28,6	29,1	+2,7
3. Styrkir til atvinnuvega	8,1	6,5	-19,4
4. Fjárfesting ríkisins	5,5	6,1	+17,6
5. Fjármagnstilfærslur	6,1	6,0	+1,8
6. Vextir	7,3	8,1	+18,5
Samtals	100,0	100,0	

¹⁾ Viðhald innifalið (1.208 m.kr. 1987, 1.485 m.kr. 1988).

Útgjöld til samneyslu hækka milli ára um 2,4%. Langþyngsti liður þessa gjaldaflokks eru laun opinberra starfsmanna. Af heildarsamneyslu sem er 29.319 m.kr. í frumvarpinu 1988 eru 20.229 m.kr. vegna launa og 9.090 m.kr. vegna annars kostnaðar.

Neyslutilfærslur til einstaklinga eru að stórum hluta almannatryggingabætur en alls nema þær 14.461 m.k. Útgjöld til tryggingamála hafa hækkað svipað og launaliður frumvarpsins. Raunhækkun þessara tilfærslna virðist tæplega 3%. Styrkir til atvinnuvega dragast aftur á móti saman um 19% en þeir nema alls um 3.900 m.kr. í frumvarpinu. Í þessu sambandi skiptir mestu lækkun á endurgreiðslu söluskatts í sjávarútvegi um 350 m.kr. og niðurfelling á framlagi til Áburðarverksmiðu ríkisins en það nam 120 m.kr. í fjárlögum 1987.

Um fjárfestingu og fjármagnstilfærslur er það að segja að í heild aukast þessi útgjöld um 9,3% að raunvirði frá endurskoðaðri áætlun ársins 1987. Einkum eru það aukin útgjöld til vega- og flugmála sem skýra raunhækkun á fjárfestir gu. Í fjármagnstilfærslunum eru það aftur á móti framlög til byggingarsjóðanna sem skýra hækkunina. Vaxtaútgjöld ríkissjóðs ein og sér aukast að tiltölu úr 7,3% heildarútgjalda 1987 í 8,1% 1988.

Vaxtagjöld og afborganir af lánunum ríkissjóðs er sífellt fyrirferðarmeiri þáttur í fjármálum ríkisins. Nú er áætlað að vextir og afborganir nemi alls 7.060 m.kr á árinu 1987

eða um 14,8% af heildartekjum ríkissjóðs. Í frumvarpinu er sambærileg fjárhæð 9.435 m.kr. og hlutfallið 15,8%. Vextir á innlendum sem og erlendum mörkuðum skipta því mjög miklu fyrir útgjöld og afkomu ríkissjóðs. Í frumvarpinu fyrir 1988 lætur nærri að meðalvextir á heildarskuld ríkissjóðs nemi um 8–9%. Einnar prósentu lækkun á breytilegum vöxtum erlendis er talin hafa í för með sér um 100 m.kr. lækkun ríkisútgjalda.

Þá er að geta um tilflutning verkefna milli ríkis og sveitarfélaga. Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því að fyrsta skrefið í heildarendurskoðun verkaskiptingar þessara aðila verði stigið á árinu 1988. Þannig er nú gengið út frá að eftirfarandi verkefni flytjist til sveitarfélaganna: Tónlistarfræðsla (í upphafi skólaárs 1988/89), bygging dagvistarheimila, íþróttamál önnur en þau er tengjast rekstri grunnskóla og styrkir til rekstrar byggða- og minjasafna. Í þessum áfanga færast útgjöld vegna málefna fatlaðra alfarið til ríkisins en sveitarfélögin taka að sér heimaþjónustu við aldraða. Þá er miðað við að sveitarfélögin eignist landshafnir og taki við rekstri þeirra. Frumvarp um breytingu á lögum um þetta efni mun brátt lagt fyrir Alþingi. Alls er talið að frá ríkissjóði færist um 200 m.kr. útgjöld til sveitarfélaganna.

Til þess að mæta auknum útgjöldum sveitarsjóða er ákveðið að endurskoða tekjuöflun til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga svo og hlutverk hans. Lögbundnar tekjur Jöfnunarsjóðs eru 5% af aðflutningsgjöldum og 8% af 20 prósentu söluskatti. Samkvæmt því ættu tekjur sjóðsins að vera um 1.655 m.kr. Um nokkurt árabíl hafa tekjur sjóðsins verið skertar. Væri sama skerðing í gildi 1988 og er 1987 næmu tekjur hans um 1.135 m.kr. samanborið við 984 m.kr. samkvæmt endurskoðaðri áætlun fyrir árið 1987. Í þessu frumvarpi er við það miðað að til sjóðsins renni alls 1.485 m.kr. á árinu 1988. Er það um 350 m.kr. hærrí upphæð en tekjur sjóðsins yrðu væru þær skertar á sama hátt og í ár. Sú fjárhæð skiptist þannig að 250 m.kr. er bein hækkun á tekjum sjóðsins og samsvarar það um helmingi af skerðingunni en 100 m.kr. verða greiddar í sérstaka deild sjóðsins og varið til jöfnunar milli sveitarfélaga vegna flutnings verkefna frá ríkinu. Þar sem tilfærsla verkefna mun kosta sveitarfélögin um 200 m.kr. þarf að auka tekjur þeirra til viðbótar um 100 m.kr. Verður það gert í tengslum við þær breytingar sem nú er unnið að á tekjuöflunarkerfi ríkis og sveitarfélaga og ákvörðun um álagningarhlutfall sveitarfélaganna í staðgreiðslukerfi skatta, ef svigrúm verður fyrir hendi. Þar sem tollalög og lög um söluskatt eru nú til gagnerrar endurskoðunar kemur fjáröflun til Jöfnunarsjóðsins einnig til skoðunar. Þá er ljóst að yfirfara þarf áætlun um tekjur sveitarfélaga í tengslum við upptöku staðgreiðslukerfis skatta. Nú liggur ekki fyrir hvert álagningarhlutfall sveitarfélaganna þarf að vera til þess að þeim sé tryggð viðunandi fjárhagsafkoma á árinu 1988. Inn í þá skoðun er eðlilegt að komi mat á áhrifum af tilflutningi verkefna. Stjórnvöld hafa nú ákveðið að á grundvelli þeirrar vinnu sem ráðuneyti og Samband íslenskra sveitarfélaga stóðu að á árunum 1986–87 skipi félagsmálaráðherra nefnd sem í verða fulltrúar sambands sveitarfélaga og hlutaðeigandi ráðuneyta. Nefndinni er ætlað að undirbúa framkvæmd á næsta skrefi í flutningi verkefna milli ríkis og sveitarfélaga og fjalla um eignatilfærslur sem því tengist. Breytt tilhögun á stjórnun og fjármögnun á sviði menntamála og heilbrigðismála er mun flóknara verkefni en sú breyting sem nú er ákveðin.

Á undanförunum árum hefur í 6. grein fjárlaga verið leitað heimildar fyrir ríkisstjórn og fjármálaráðherra til að stofna til útgjalda, fella niður tekjur eða taka ýmis innlend lán. Nú hafa fjölmargir liðir verið felldir niður sem heimiluðu fjármálaráðherra niðurfellingu aðflutningsgjalda og sölugjalds. Réttara er talið að heimildir sé að finna í viðkomandi sérlögum, þ.e. til niðurfellingar aðflutningsgjalda verði að finna í tollalögum og undanþáguheimildir verði með sama hætti í lögum um söluskatt og virðisaukaskatt. Þar sem um mjög sérgreindar og tímabundnar ráðstafanir kann að vera að ræða er lagt til að fremur verði veitt fé í fjárlögum heldur en undanþágur frá skattalögum. Af þessum sökum falla mjög margir tölulídir 6. greinar nú niður.

Ríkisumsvif má mæla með ýmsum hætti. Algengt er að sýna tekjur, gjöld og lánsfjárför ríkisins sem hlutfall af landsframleiðslu. Í eftirfarandi yfirliti eru þessar

lykilstærðir ríkisfjármálanna sýndar sem hlutfall af vergri landsframleiðslu samkvæmt greiðslugrunni 1986, fjárlögum 1987, endurskoðaðri áætlun í ár og fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1988.

Ríkisjóður A-hluti, hlutföll af vergri landsframleiðslu

	Útkoma 1986	Fjárlög 1987	Endurskoðun 1987	Frumvarp 1988
Tekjur	24,0	24,4	23,2	24,8
Gjöld	25,2	26,0	24,2	24,8
Tekjuhalli	1,2	1,6	1,0	–
Lánsfjárbörf, brúttó	5,1	3,4	3,3	1,7
Lánsfjárbörf, nettó	1,6	1,5	1,6	–0,2

2.3 Helstu áhersluatriði á tekjuhlíð

Tekjuhlíð fjárlagafrumvarpsins ber glögg merki þeirra tveggja meginmarkmiða ríkisfjármálastefnunnar að nauðsynlegt sé að koma í veg fyrir hallarekstur ríkissjóðs og að tekjuöflunarkerfi ríkissjóðs þurfi að endurskoða frá grunni. Þannig er með frumvarpinu stefnt að því að afla ríkissjóði 2.000 m.kr. tekna á næsta ári umfram það sem felst í gildandi lögum. En jafnframt er með frumvarpinu stigið annað skrefið í áttina að uppstokkun tekjuöflunarkerfisins. Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu breytingum á tekjuhlíð frumvarpsins, en þær verða nánar kynntar í sérstökum frumvörpum sem lögð verða fram á Alþingi í haust.

- Síðastliðið vor samþykkt Alþingi lög um staðgreiðslu tekjuskatts einstaklinga á næsta ári. Með því verða óhjákvæmilega nokkrar breytingar á framsetningu einstakra liða fjárlagafrumvarpsins. Samkvæmt staðgreiðslukerfinu er hvorki gert ráð fyrir að sjúkratryggingagjald verði innheimt sérstaklega né gjald í framkvæmdasjóð aldraðra. Unnið er að undirbúningi staðgreiðslunnar af sérstakri nefnd fulltrúa allra þingflokka og aðila vinnumarkaðarins, sem fjármálaráðherra skipaði í sumar. Gert er ráð fyrir því að niðurstöður þessa starfs verði kynntar nú í upphafi þings.
- Annað atriði sem varðar álagningu tekjuskatts einstaklinga á næsta ári snýr að áformum ríkisstjórnarinnar um verulega fækkun undanþága frá söluskatti um næstu áramót (sjá neðar). Samhliða þessu er gert ráð fyrir hækkun barnabóta og persónuafsláttar, en endanleg útfærsla á þessum hugmyndum liggur enn ekki fyrir. Af þessum sökum verður að taka tölum frumvarpsins um innheimtan tekjuskatt einstaklinga með fyrirvara. Hins vegar er að því stefnt að heildarskattbyrði beinna skatta einstaklinga á næsta ári verði svipuð og á þessu ári.
- Lög um tekju- og eignarskatt á atvinnurekstur verða endurskoðuð og stefnt að einföldun í skattálagningu, meðal annars til þess að undirbúa upptöku staðgreiðslukerfis. Fyrsta skref í þessa átt verður stigið nú fyrir áramót með endurskoðun á afskriftareglum, ýmsum frádráttarheimildum, sjóðsframlögum o.fl., auk þess sem skattmeðferð kaup- og fjármögnunarleiguvíðskipta verður tekin til sérstakrar athugunar. Gert er ráð fyrir að þessi endurskoðun skili nálægt 150 m.kr. í viðbótartekjur á næsta ári.
- Fyrsti áfangi í átt til samræmingar launaskatts kemur til framkvæmda á næsta ári með því að 1% skattur verður lagður á allar atvinnugreinar, sem nú eru undanþegnar greiðslu,

nema búrekstur. Launaskattur á aðrar greinar verður óbreyttur frá því sem nú er, þ.e. 3,5% af greiddum launum. Áætlað er að þessi ráðstöfun geti skilað um 400 m.kr. í tekjur á næsta ári.

- Undanþágum frá söluskatti verður fækkað verulega frá því sem nú er. Í nóvember verður strax stigið fyrsta skref í þessa átt með því að lagður verður 10% söluskattur á þau matvæli sem enn eru undanþegin söluskatti. Um áramót verður næsta skref stigið með frekari fækkun undanþága. Auk þess verður skatthlutfallið lækkað og miðað við eina álagningarprósentu. Í þessu sambandi þarf að nefna tvennt. Annars vegar er gert ráð fyrir að innheimta söluskatts á næsta ári skili um 600 m.kr. tekjuauka í ríkissjóð umfram það sem felst í núgildandi kerfi. Þetta er nauðsynlegt til þess að styrkja fjárhagsstöðu ríkissjóðs. Hins vegar er ljóst að endanlegt skatthlutfall þarf að ákveða þannig að heildartekjurnar hrökkvi til þess að draga úr áhrifum verðhækkunar á matvælum á hag tekjulágra og barnmargra fjölskyldna, með hækkun barnabóta, persónuafsláttar o.fl. Að svo stöddu er ekki unnt að meta hversu háar fjárhæðir hér er um að tefla, en að því verki er nú unnið í fjármálaráðuneytinu og verður það nánar útfært í sérstöku frumvarpi. Þess vegna ber að taka heildarfjárhæðum söluskatts eins og þær eru sýndar í frumvarpinu með fyrirvara.
- Með þessum breytingum á söluskatti væri stigið annað skref í áttina að virðisaukaskatti en frumvarp um þá breytingu verður lagt fram á þessu þingi miðað við gildistöku 1. janúar 1989.
- Sú tollasamræming og niðurfelling ýmissa smærri gjalda, sem verið hefur á döfinni um nokkurra ára skeið, kemur til framkvæmda um næstu áramót. Þessi ráðstöfun felur meðal annars í sér lækkun hæstu tolla og niðurfellingu tolla af ýmsum aðföngum til atvinnurekstrar, auk þess sem meira samræmis verði gætt í álagningu aðflutningsgjalda. Jafnframt verða a.m.k. eftirtalin gjöld felld niður: Sérstakt vörugjald, vörugjald á sælgæti o.fl., tollafgreiðslugjald og byggingariðnaðarsjóðsgjald. Til þess að mæta tekjutapi ríkissjóðs vegna þessara skattbreytinga verður lagt á nýtt vörugjald. Jafnframt er við það miðað, að þessi ráðstöfun skili 100 m.kr. í tekjuauka á næsta ári til þess að bæta stöðu ríkissjóðs.
- Innflutningsgjald af fólksbifreiðum var hækkað verulega frá 10. október s.l. Reiknað er með að þessi ráðstöfun leiði til um 7% hækkunar á söluverði bíla að meðaltali. Hækkunin er mest á stærri bílum, allt að 15%, en minnst á smærri gerðum, eða 5—7%. Áætlað er að þessi ráðstöfun skili um 300 m.kr. tekjum á árinu 1988.
- Ríkisfyrirtækjum verður gert að skila arði í ríkissjóð á næsta ári sem miðist við ákveðinn hundraðshluta af hreinni eign fyrirtækjanna. Gert er ráð fyrir að arðgreiðslan verði ekki undir 100 m.kr.
- Verktakafyrirtækjum í varnarliðsframkvæmdum verður gert að greiða sérstakt gjald í ríkissjóð sem áætlað er að skili a.m.k. 50 m.kr. í tekjur.

2.4 Helstu stefnuatriði á gjaldahlið

Á gjaldahlið frumvarpsins verða nokkrar áherslubreytingar borið saman við fjárlög undanfarinna ára. Í samræmi við starfsáætlun ríkisstjórnarinnar er það almenn stefna að draga úr tilflutningi á fjármagni til atvinnuveganna. Þessi stefna kemur fram í frumvarpinu á ýmsum stöðum. Aftur á móti er áhersla lögð á að fjárframlög til hinna félagslegu þátta samrýmist því starfi sem uppi er haldið og að er stefnt að efla.

- Til húsnæðismála eru bæði ríkisframlög og fjáröflun hjá lífeyrissjóðum aukin. Þannig verður bæði komið til móts við svonefnda hópa sem eiga í greiðsluferfiðleikum, framlag til félagslegrar íbúðarbygginga er aukið svo og útlán til almennra húsbygginga og húsa-kaupa.
- Í menntakerfinu er nú veitt auknu fé á ýmsum sviðum. Þannig er í fyrsta sinn ætlað fé til að stunda háskólakennslu á Akureyri, Háskóli Íslands er styrktur með fjölgun í starfslíði og auknu fé er varið til rannsókna. Á grunnskólastiginu eru framlög til stuðningskennslu og sérkennslu aukin.
- Framlög til atvinnuveganna eru nú lægri en oft áður. Þannig verður helmingi lægri fjárhæð varið til endurgreiðslu á uppsöfnuðum söluskatti í sjávarútvegi en á yfirstandandi ári. Þetta er gert í ljósi góðrar afkomu fiskvinnslu og útgerðar. Þá eru framlög til ýmiss konar starfsemi á sviði landbúnaðar skert og sama á við iðnaðinn.
- Framlag til Lánasjóðs íslenskra námsmanna er stóraukið enda þarf að vera samræmi í fjárframlögum til sjóðs og þess sem honum er ætlað að taka að láni. Um árabíl hefur sjóðnum verið ætlað að taka innlend eða erlend lán langt umfram greiðslugetu.
- Til skattalaga- og tollalagaframkvæmdar er ætlað aukið fé og mannaflí. Að hluta er þetta nauðsynlegt vegna staðgreiðslu skatta sem hefst um n.k. áramót og vegna undirbúnings virðisaukaskatts sem kemur til framkvæmda 1989. en einnig ber brýna nauðsyn til þess að efla eftirlit og skilvirkni í skattkerfinu.
- Ríkisstjórnin vill styrkja forvarnarstarf á sviði áfengis- og fíkniefnamála. Fjárframlög eru nokkuð aukin í þessu skyni og er nú stefnt að samstilltu átaki allra ráðuneyta í fyrirbyggjandi starfi á þessu sviði.

Í frumvarpinu kemur fram stefnubreyting á starfsháttum og samskiptum ríkisins við sveitarfélög og atvinnulíf.

- Um langt skeið hefur skipting verkefna milli ríkis- og sveitarfélaga verið til umfjöllunar án þess að af róttækum breytingum hafi orðið. Umræðan hefur annars vegar snúist um verkefnaskiptinguna og hins vegar um skiptingu kostnaðar af sameiginlegum verkum og fjármögnun þeirra. Með þessu frumvarpi er stigið fyrsta skrefið í heildarendurskoðun þessara mála.
- Til áhersluatriða telst einnig sú breyting sem verður á starfsháttum Veidimálastofnunar, Rannsóknarstofnunar fiskiðnaðarins og Iðntæknistofnunar. Þessar stofnanir eru nú hreinar ríkisstofnanir. Hafinn er undirbúningur að því að breyta eignar- og rekstrarformi þeirra. Með þessari breytingu er ekki verðið að draga úr framlögum ríkissjóðs til hlutaðeigandi starfsemi. Markmiðið er miklu fremur að hvetja stofnanir til sjálfsábyrgðar og framsækni.
- Eftirlitsstofnanir á borð við Vinnueftirlit og Brunamálastofnun ríkisins hafa verið kostaðar af hagsmunaaðilum, þ.e.a.s. aðilum vinnumarkaðarins og tryggingafélögum. Nú er ætlunin að ganga lengra á þeirri braut. Til dæmis eru uppi áförm um breytingu á rekstri Bifreiðaeftirlits ríkisins sem hníga í svipaða átt. Þá er skipaskoðunargjöldum nú ætlað að standa undir stærri hlut í rekstri Siglingamálastofnunar en áður.

2.5 Lánahreyfingar

Í 1. gr. frumvarpsins koma fram lánahreyfingar ríkissjóðs. Sýnd er innlend og erlend lánsfjáröflun svo og afborganir lána, framög ríkisins til hlutafélaga og hreyfingar á skammtímakröfum.

Afborganir, nettó. Heildarafborganir af teknum lánnum ríkissjóðs nema 4.635 m.kr. Þar af er talið að innlausn eldri spariskírteina ríkissjóðs nemi 2.130 m.kr. Mat á þessum þætti er jafnan háð mikilli óvissu en í ljósi reynslu síðustu ára og þeirra kjara sem útistandandi bréf bera er innlausn spariskírteina áætluð. Afborganir af erlendum lánnum nema alls 850 m.kr. og eru um 18,3% af heildarafborgunum ríkissjóðs. Afborganir af lánnum til Seðlabankans nema alls 640 m.kr. Innheimtar afborganir nema alls 2.540 m.kr. þar af eru 1.390 m.kr. af gengisbundnum lánnum og 1.150 m.kr. af lánnum sem tengd eru innlendu verðlagi.

Veitt lán. Til veittra lána á árinu 1988 teljast þau lán sem ríkissjóður hefur beina milligöngu um að afla fyrir B-hluta fyrirtæki og sjóði. Lán þessi eru 820 m.kr. til flugstöðvar í Keflavík vegna framkvæmda á árinu 1987, 690 m.kr. vegna Lánasjóðs íslenskra námsmanna og 125 m.kr. til framkvæmda Rafmagnsveitna ríkisins. Að auki munu veittar ríkisábyrgðir til nokkurra aðila sem skýrt er nánar frá í 6. kafla að frumvarpi til lánsfjárlaga 1988.

Hluta- og stofnfjárframlög. Hluta- og stofnfjárframlög ríkissjóðs eru áætluð 80 m.kr. á árinu 1988. Hér er um að ræða eftirtalin framlög:

1. Stofnfjárframlag til Alþjóðaframfarastofnunarinnar, IDA, nemur 47,3 m.kr. Um er að ræða fyrsta framlag af þrem í svokölluðum IDA-8 viðbótarframlögum. Heildarframlagið er 141,8 m.kr. og skiptist jafnt á hvert ár 1988–1990.
2. Áformað er 3 m.kr. stofnfjárframlag til Norræna fjárfestingarbankans.
3. Hluthafar Steinullarverksmiðjunnar hf. ákváðu aukningu á hlutafé fyrirtækisins á árinu 1987. Í samræmi við innköllun þess fjár mun ríkissjóður þurfa að reiða 11 m.kr. af hendi á árinu 1988.
4. Að síðustu er áætlað fyrir hlutafjárframlögum ríkisins í ýmsum fyrirtækjum sem það á eða kann að eignast aðild að á árinu 1988, alls 18,7 m.kr.

Viðskiptareikningar, nettó. Á undanförunum árum hefur ávallt verið útstreymi umfram innstreymi á þessum reikningum hjá ríkissjóði. Þessir reikningar taka til ýmissa skuldaviðurkenninga til skamms tíma vegna aðflutningsgjalda, innheimtukrafa o.fl. Hér af leiðir tímabundið fjárútstreymi sem þarf að fjármagna. Áætlað nettó-útstreymi af þessum reikningum nemur alls 400 m.kr. á árinu 1988.

Í heild nema lántökur A-hluta ríkissjóðs 4.200 m.kr. þar af verða 1.635 m.kr. endurlánaðar til fyrirtækja og sjóða í B-hluta fjárlaga. Í greinargerð um B-hluta er skýrt frá ráðstöfun fjárlaga. Taka ber fram að lánsfjármögnun byggingarsjóðanna telst ekki til lánsfjármála A-hluta ríkissjóðs. Litið er á þessa sjóði sem lánastofnanir enda fara lántökur þeirra hjá lífeyrissjóðunum ekki um ríkissjóð heldur taka þeir lán til starfsemi sinnar beint og endurlána til einstaklinga og fyrirtækja. Að öðru leyti vísast í 6. og 7. kafla til skýringar á lánsfjáröflun og ráðstöfun.

2.6 Lagabreytingar

Með sama hætti og í frumvarpi fyrir árið 1987 er hér sett fram sérstök greinargerð um þær lagabreytingar, sem nauðsynlegar eru, til þess að tekju- og gjaldahlið frumvarpsins standist. Í frumvarpi til lánsfjárlaga er sótt um nauðsynlegar breytingar á lögum til skerðingar og heimildir til innlendirar lántöku ríkissjóðs og annarra opinberra aðila. Auk þess er þar leitað heimilda til ábyrgðaveitinga og skuldbreytinga á lánum ríkissjóðs og fleiri aðila.

Lagabreytingar vegna tekjuhliðar fjárlagafrumvarpsins

Staðfesting á bráðabirgðalögum nr. 68/1987, um ráðstafanir í fjármálum.

Lög um breyting á lögum nr. 10/1960, um söluskatt. Á því er byggt í frumvarpinu að undanþágum frá söluskatti verði fækkað og skatthlutfalli breytt.

Lög um nýja tollskrá. Miðað er við setningu laga um nýja tollskrá frá áramótum 1988.

Lög um vörugjald. Áformað er að nýtt vörugjald verði lagt á í kjölfar niðurfellingar á sérstöku vörugjaldi og á vörugjaldi á sælgæti, gosdrykki o.fl.

Lög um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekju- og eignarskatt. Í frumvarpinu er byggt á því að endurskoðuð verði tekjuskattlagning fyrirtækja.

Lög um breyting á lögum nr. 14/1965, um launaskatt. Í frumvarpinu er byggt á því að 1% launaskattur verði lagður á þær atvinnugreinar, aðrar en búrekstur, sem hafa verið undanþegnar launaskatti.

Lög um álagningu og innheimtu ýmissa tímabundinna skatta og gjalda á árinu 1988. Áformað er að sérstakur skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði verði framlengdur á árinu 1988.

Lög um breyting á lögum nr. 46/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Lög um sérstakt gjald af verktökum vegna vinnu á varnarsvæðum verði sett.

Skipulagslög. Í IX. kafla laga nr. 19/1964, Skipulagslaga, er kveðið á um kostnað við framkvæmd skipulagsmála. Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir að framlag ríkissjóðs falli niður og tekjur af skipulagsgjaldi renni óskiptar til Skipulagsstjóra ríkisins.

Lagabreytingar vegna gjaldahliðar fjárlagafrumvarpsins

Stofnlánadeild landbúnaðarins. Þrátt fyrir ákvæði 1. og 5. tölul. laga nr. 45/1971, sbr. 1. gr. laga nr. 41/1982, skal framlag ríkissjóðs til stofnlánadeildarinnar eigi nema hærri fjárhæð en 34,6 m.kr. Þetta framlag er til Lífeyrissjóðs bænda en skv. 19. gr. laga nr. 50/1984, sbr. 2. gr. laga nr. 20/1985, skal Stofnlánadeild landbúnaðarins standa undir 37,5% lífeyrisgreiðslna til ársloka 1989.

Bjargráðasjóður. Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 51/1972, um Bjargráðasjóð, sbr. lög nr. 57/1980, skal framlag ríkissjóðs til sjóðsins falla niður.

Framkvæmdasjóður fatlaðra. Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. tl. 35. gr. laga nr. 41/1983, um málefni fatlaðra, skal framlag ríkissjóðs að viðbættum tekjum af erfðafjárskatti eigi fara fram úr 180 m.kr. á árinu 1988.

Veðdeild Búnaðarbanka Íslands. Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 34/1979, um Veðdeild Búnaðarbanka Íslands, er ekki gert ráð fyrir framlagi ríkissjóðs til deildarinnar á árinu 1988.

Hafnabótasjóður. Um Hafnabótasjóð gilda lög nr. 69/1984. Þrátt fyrir ákvæði þessara laga skal framlag ríkissjóðs til sjóðsins ekki nema hærri fjárhæð en 20 m.kr. á árinu 1988.

Iðnlánasjóður. Þrátt fyrir ákvæði 3. tl. c-liðar 3. gr. laga nr. 55/1984, sbr. lög nr. 52/1986, skal framlag ríkissjóðs á árinu 1988 falla niður.

Ferðamálaráð. Þrátt fyrir ákvæði 8. og 26. gr. laga nr. 79/1985, um skipulag ferðamála, verður framlag ríkissjóðs ekki herra en 28 m.kr. á árinu 1988.

Kvikmyndasjóður. Þrátt fyrir ákvæði 1. tl. 5. gr. laga nr. 94/1984, um kvikmyndamál, skal framlag ríkissjóðs til Kvikmyndasjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 40 m.kr. á árinu 1988.

Menningarsjóður. Þrátt fyrir 3. gr. laga nr. 50/1957, um Menningarsjóð, skal framlag ríkissjóðs til sjóðsins eigi fara fram úr 9.090 þús.kr. á árinu 1988.

Forfalla- og afleysingaþjónusta í sveitum. Þrátt fyrir ákvæði 2. og 3. gr. laga nr. 32/1979, um framlög ríkissjóðs til greiðslu kostnaðar af forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum, skulu framlögin falla niður. Gert er ráð fyrir að útgjöld greiðist af Stofnlánadeild landbúnaðarins eins og á undanförunum árum.

Atvinnuleysistryggingasjóður. Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 64/1981, sbr. lög nr. 10/1985 og lög nr. 55/1986, skal heildarframlag ríkissjóðs skv. 4. gr. fjárlagafrumvarpsins ekki nema nærri fjárhæð en 500 m.kr. á árinu 1988.

Ríkisútvarpið. Þrátt fyrir ákvæði 22. og 23. gr. laga nr. 68/1985, útvarpslaga, skulu tekjur á árinu 1988 vegna aðflutningsgjalda af innfluttum hljóðvarps- og sjónvarpstækjum og hlutum til þeirra renna í ríkissjóð.

Félagsheimilaskattur. Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. laga nr. 58/1970, um skemmtanaskatt, skal framlag ríkissjóðs falla niður.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, söluskattur. Þrátt fyrir ákvæði 9. gr. laga nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, skulu greiðslur úr ríkissjóði til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á árinu 1988 eigi nema hærri fjárhæð en 1.485 m.kr.

Veðistjóri. Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 52/1957, um bætur fyrir eyðingu refa og minka, skal framlag ríkissjóðs fellt niður.

Yfirdýralæknir. Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 69/1982 um fjölda dýralækna miðast framlag í fjárlagafrumvarpi við 29 stöður eins og í fjárlögum 1987.

Jarðræktarlög, framlög. Þrátt fyrir ákvæði 10. gr. laga nr. 56/1987, jarðræktarlaga skal framlag ríkissjóðs til jarðabóta ekki vera herra en 100 m.kr. á árinu 1988. Enn fremur er áætluð 25% lækkun á framlagi til að kosta störf ráðunauta.

Búfjárrækt. Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 31/1973 um framlög til búfjárræktar skal framlag ríkissjóðs vegna búfjárræktarstyrkja á árinu 1988 falla niður.

Heilsugæslustöðvar. Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir því að lög nr. 59/1983 komi ekki að fullu til framkvæmda á árinu 1988 í Reykjavíkurlæknishéraði.

Vegagerð ríkisins. Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 6/1977, vegalaga, skal framlag ríkissjóðs ekki nema hærrí fjárhæð en 2.850.015 þús. kr. á árinu 1988.

Vegna tilflutnings verkefna til sveitarfélaga þarf að endurskoða eftirfarandi lög: Lög nr. 75/1985, um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, lög nr. 112/1976, um dagvistarheimili, lög nr. 107/1970, um Félagsheimilásjóð, lög nr. 49/1956, um Íþróttasjóð, lög nr. 52/1969, um Þjóðminjasafn Íslands (vegna ákvæða þeirra um byggðasöfn), lög nr. 93/1947, um aðstoð til vatnsveitna, lög nr. 91/1982, um málefni aldraðra, lög nr. 23/1955, 38/1951 og 61/1966 um landshafnir og lög nr. 41/1983, um málefni fatlaðra.

3 Tekjuhlíð

Áætlun um tekjur ríkissjóðs á árinu 1988 er sem endranær gerð í Þjóðhagsstofnun. Áætlunin er byggð á forsendum þjóðhagsáætlunar um breytingar veltu, verðlags, kauplags og gengis á næsta ári og endurskoðun á innheimtu tekna hjá ríkissjóði á þessu ári. Heildartekjur ríkissjóðs eru á þeim forsendum áætlaðar 59,6 milljarðar króna á árinu 1988, samanborið við um 47,8 milljarða króna í endurskoðaðri áætlun fyrir þetta ár. Nemur hækkunin tæplega 25% milli ára, með eða án vaxtatekna af langtímalánum.

	1982	1983	1984	1985	1986	Endurskoðuð áætlun 1987	Frumvarp 1988
Innheimtar tekjur ríkissjóðs, m.kr.1)	9.577	15.144	20.771	27.110	36.490	46.365	57.863
Hækkun frá fyrra ári, %	59,7	58,1	37,2	30,5	34,6	27,1	24,8

1) Heildartekjur ríkissjóðs án vaxtatekna af langtímalánum.

Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu tekjustofnum ríkissjóðs á þessu ári og þeim breytingum, sem á þeim verða, svo og horfum fyrir árið 1988.

Eignarskattar. Álagður eignarskattur einstaklinga á árinu 1987 nam rúmlega 683 m.kr. samkvæmt upplýsingum ríkisskattstjóra, sem er tæplega 25% hækkun frá árinu á undan. Þar af nam álagður eignarskattsauki tæplega 62 m.kr. Þetta er heldur minni hækkun en gert hafði verið ráð fyrir í fjárlögum ársins. Heildarálagning eignarskatts á félög hækkaði hins vegar heldur meira, eða um 33%, og varð 554 m.kr. á þessu ári. Þar af nam álagður eignarskattsauki 115 m.kr. Álagning eignarskattsauka var ákveðin með lögum nr. 48/1985, um sérstaka fjáröflun vegna húsnæðismála á árunum 1985 og 1986, en með lögum nr. 49/1986, um þjóðaráttak til byggingar þjóðarþóklöðu, var gjaldtaka eignarskattsaukans framlengd óbreytt til ársins 1989. Gert er ráð fyrir að innheimtur eignarskattur einstaklinga að meðtöldum eignarskattsauka og eftirstöðvum fyrri ára nemi 626 m.kr. á þessu ári miðað við lítið eitt betri innheimtu í ár en í fyrra. Innheimta á eignarskatti félaga er hins vegar talin verða 445 m.kr. samkvæmt endurskoðaðri áætlun 1987.

Áætlun um álagningu eignarskatta fyrir árið 1988 er gerð á grundvelli þess að skattbyrði milli áranna 1987 og 1988 aukist ekki. Í því felst að skattvísitala og aðrir þættir, sem álagninguna varða, verði ákveðnir í samræmi við það, meðal annars með hliðsjón af hækkun fasteignamats á sama tíma. Á þessum forsendum er áætlað að álagning eignarskatts hækki um 17–18% á næsta ári. Að meðtalinni innheimtu eftirstöðva er áætlað að innheimtan hækki heldur meira, eða um 19–20% hjá einstaklingum en 21–22% hjá félögum miðað við svipað innheimtuhlutfall og á þessu ári. Samkvæmt því er reiknað með að heildarinnheimta eignarskattstekna verði 1.287 m.kr. á árinu 1988, þar af nemi eignarskattsaukinn 177 m.kr.

Gert er ráð fyrir að innheimta sérstaks skatts af skrifstofu- og verslunarhúsnæði verði 165 m.kr. á árinu 1987, eða óbreytt frá fjárlögum. Áætlunin fyrir árið 1988 byggir á sömu forsendum og eignarskattsáætlunin og er reiknað með að innheimtan verði 190 m.kr. árið 1988 að meðtöldum eftirstöðvum fyrri ára.

Samkvæmt endurskoðaðri áætlun fyrir árið 1987 verður innheimta erfðafjárskatts um 60 m.kr, eða óbreytt frá fjárlögum. Á árinu 1988 er talið að tekjur ríkissjóðs af erfðafjárskatti geti orðið 70 m.kr., en um þennan tekjustofn ríkir alltaf mikil óvissa.

Tekjuskattar. Í fjárlögum ársins 1987 var gert ráð fyrir að innheimtar tekjur ríkissjóðs af tekjuskatti einstaklinga, nettó, næmu 3.650 m.kr. Sú áætlun var miðuð við þá meginforsendu að skattbyrði einstaklinga af tekjuskatti, nettó, yrði svipuð á þessu ári og á árinu 1986, auk þess sem stjórnvöld ákváðu að lækka tekjuskattinn sérstaklega um 300 m.kr. Í þessu fólst að tekjur ríkissjóðs af álögðum tekjuskatti einstaklinga, nettó, myndu hækka um 13% á milli áranna 1986 og 1987. Talið var að innheimtan ykist heldur meira, eða um 19% á sama tíma.

Tölur um frumálagningu ársins lágu fyrir um miðjan júlí. Samkvæmt upplýsingum ríkisskattstjóra nam álagður tekjuskattur einstaklinga, brúttó, 6.564 m.kr., eða var 11% hærri en árið 1986. Hins vegar hækkuðu barnabætur og persónuafsláttur mun meira, eða um rúmlega 27%, sem leiddi til þess að álagður tekjuskattur einstaklinga, nettó, hækkaði aðeins um 1,5% að meðaltali frá árinu 1986. Jafnframt var ákveðið með bráðabirgðalögum nr. 68/1987 að verja 100 m.kr. til greiðslu sérstaks barnabótaauka í tengslum við upptöku 10% söluskatts á matvæli. Að þessu meðtöldu er álagður tekjuskattur einstaklinga, nettó, því sem næst sá sami í ár og í fyrra í krónum talið. Reiknað er með að innheimtar tekjur ríkissjóðs af tekjuskatti, nettó, verði 3.300 m.kr. á árinu 1987, að meðtalinni innheimtu eftirstöðva, eða 350 m.kr. undir áætlun fjárlaga. Er þá gert ráð fyrir heldur betri innheimtu í ár en í fyrra, meðal annars vegna léttari skattbyrði á síðari hluta ársins.

Skýringar á lækkun tekna af tekjuskatti einstaklinga frá því sem ráð var fyrir gert í fjárlagafrumvarpi eru einkum tvær. Annars vegar urðu tekjubreytingar á síðasta ári heldur minni en spáð var, eða nálægt 33% í stað 35%. Hins vegar gætti talsverðrar óvissu í áætluninni vegna þeirra skattkerfisbreytinga sem gerðar voru í tengslum við sérstaka lækkuð á tekjuskatti.

Á þessu ári er reiknað með að um 355 m.kr. innheimtist í tekjum af sjúkratryggingagjaldi, sem er heldur minna en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Hins vegar bendir allt til þess að innheimtar tekjur af gjaldi í Framkvæmdasjóð aldraðra verði heldur meiri en áætlað hafði verið, eða um 150 m.kr. Þau lög sem sett hafa verið um þessa tvo tekjustofna verða felld úr gildi um næstu áramót í tengslum við breytingar á lögum um tekju- og eignarskatt og upptöku staðgreiðslukerfis beinna skatta.

Eins og fram hefur komið og lýst hefur verið hér að framan verður tekin upp staðgreiðsla á tekjusköttum einstaklinga um næstu áramót. Samhliða þeirri kerfisbreytingu verða felld úr gildi lög um ýmsa smærri tekjustofna, en í stað þess tekið upp eitt skatthlutfall sem samkvæmt lögnum verður 281/2% fyrir tekjuskatt einstaklinga. Á grundvelli þessara nýju

laga er gert ráð fyrir að innheimtar tekjur ríkissjóðs af tekjuskatti einstaklinga, nettó, verði 4.950 m.kr. á árinu 1988. Enn ríkir þó óvissa um nánari útfærslu á einstökum þáttum laganna. Þessu tengt eru síðan fyrirhugaðar breytingar á söluskattslögunum um næstu áramót, þar sem reiknað er með að til komi hækkun barnabóta, persónuafsláttar o.fl. í því skyni að draga úr áhrifum verðhækkunar á matvælum. Af þeim sökum er því rétt að taka þessari fjárhæð með nokkrum fyrirvara.

Enn fremur er rétt að benda á að hér er miðað við að innheimta tekjuskatts hjá einstaklingum verði svipuð á næsta ári og í ár. Á hinn bóginn er ekki ósennilegt að hún batni fremur en hitt, þar sem reikna má með að staðgreiðslukerfið verði skilvirkara en það kerfi sem nú er í gildi.

Álagður tekjuskattur félaga hækkaði svipað milli árana 1986 og 1987 og ráð hafði verið fyrir gert í fjárlögum, eða um tæp 27%. Sem endranær ríkir óvissa um endanlegan tekjuskatt félaga fyrir þetta ár, en reynsla undangenginna ára sýnir að fyrstu álagningartölur lækka oft töluvert við kærumeðferð og endurúrskurði. Með þeim fyrirvara er áætlað að innheimtur tekjuskattur félaga verði um 1200 m.kr. á þessu ári.

Með tilliti til þróunar verðlags og launa á þessu ári og miðað við óbreytt kerfi var talið að innheimta á tekjuskatti félaga yrði 1.600 m.kr. á árinu 1988. Nú liggur hins vegar fyrir að lög um tekju- og eignarskatt á atvinnurekstur verða endurskoðuð. Fyrsta skrefið í þessa átt verður stigið um næstu áramót með endurskoðun á afskriftareglum, ýmsum frádráttarheimildum, sjóðsframlögum o.fl. Gert er ráð fyrir að sú endurskoðun skili ríkissjóði 150 m.kr. á næsta ári. Samkvæmt því gætu því tekjur ríkissjóðs af þessum stofni numið um 1.750 m.kr. á árinu 1988.

Gjöld af innflutningi. Í fjárlögum ársins 1987 var áætlað að tekjur ríkissjóðs af almennum tollum yrðu 3.035 m.kr. Var sú áætlun reist á ákveðnum forsendum um þróun verðlags og gengis, ásamt því að gert var ráð fyrir lítils háttar aukningu í innflutningi. Fyrstu átta mánuði ársins hefur almennur vöruinnflutningur aukist mun meira en búist var við miðað við sama tíma í fyrra. Á þetta ekki hvað síst við um bifreiðainnflutning, en á tímabilinu janúar–júli voru fluttir inn um 15.000 fólksbílar, samanborið við um 10.000 bíla í sömu mánuðum í fyrra. Áhrifa þessarar þróunar virðist hins vegar ekki gæta í jafnríkum mæli í innheimtu tolltekna á sömu mánuðum. Ástæða þess er meðal annars sú að áhrifa af mikilli lækkun bensínverðs á heimsmarkaði gætir enn á þessu ári sem kemur fram í lægri tolltekjum hjá ríkissjóði. Jafnframt voru tollar á ýmiss konar hátollavörum, svo sem skíðum, myndavélum, úrum o.fl., lækkaðir á síðastliðnu vori. Með hliðsjón af innheimtu tolltekna fyrstu átta mánuði ársins og þeirri forsendu að reiknað er með að heldur dragi úr innflutningi á síðustu mánuðum ársins er gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs af þessum tekjustofni verði um 3.275 m.kr. á þessu ári. Nú eru hins vegar fyrirhugaðar verulegar breytingar í skipan tollamála á næstunni. Í þingbyrjun mun verða lagt fram frumvarp um nýja tollskrá, en með því frumvarpi er stefnt að verulegri samræmingu í álagningu tolla, jafnframt því sem tekið hefur verið upp nýtt tollskrárnúmerakerfi. Hámarkstollar verða lækkaðir en einnig er fyrirhugað að fella niður eða sameina ýmsa smærri tekjustofna, svo sem sérstakt vörugjald (24% og 30%), vörugjald á sælgæti, gosdrykki o.fl. (7% og 17%), tollafgreiðslugjald og byggingariðnaðarsjóðsgjald. Til þess að mæta tekjutapi ríkissjóðs vegna þessara skattbreytinga er áformað að leggja á nýtt vörugjald. Á næsta ári er áætlað að innheimtar verði 3.550 m.kr. í tolltekjum sem er um 8,5% hækkun milli ára. Þá hefur ekki verið tekið tillit til þess að tekjur af tolli munu væntanlega lækka talsvert við fyrirhugaðar breytingar. Hins vegar er enn ýmislegt á huldu um umfang þessara breytinga og ber að skoða tölurnar með það í huga.

Reiknað er með að innflutningur bifreiða verði minni á árinu 1988 en í ár, en á móti er talið að annar almennur innflutningur aukist lítillega. Þessu til viðbótar er gert ráð fyrir að

bensínverð verði um 10% hærra að meðaltali á næsta ári en á þessu ári, jafnframt því að almennt innflutningsverð hækki um 4% að jafnaði miðað við að gengið haldist óbreytt. Rétt er að benda á að nú er stefnt að því að breyta lögum um tekjustofna sveitarfélaga, sem m.a. feli í sér niðurfellingu á hlutdeild Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í tolltekjum.

Við gerð fjárlaga í desember síðastliðnum var áætlað að tekjur af innflutningsgjaldi fólksbifreiða yrðu 245 m.kr. á þeim forsendum að fluttar yrðu inn kringum 10.000 fólksbifreiðar á þessu ári. Nú stefnir hins vegar í það að sá innflutningur verði tvöfalt meiri, auk þess sem fluttir hafa verið inn þyngri og kraftmeiri bílar í ríkari mæli en áður. Loks hefur verið ákveðin veruleg hækkun gjaldsins í október. Nú er talið að tekjur ríkissjóðs af þessum stofni verði um 640 m.kr. á árinu 1987. Óvarlegt væri að gera ráð fyrir að innflutningur bíla á næsta ári verði jafnmikill og á þessu ári, ekki síst með tilliti til hækkunar innflutningsgjalds. Að svo stöddu er miðað við að fluttir verði inn 13.000 fólksbílar, eða þriðjungur færri en í ár. Áætlað er að tekjur af innflutningsgjaldi fólksbifreiða geti orðið 680 m.kr. á árinu 1988.

Í fjárlögum ársins 1987 var gert ráð fyrir að tekjur af bensíngjaldi yrðu 1450 m.kr. Var sú áætlun reist á þeirri forsendu að gjaldið héldist óbreytt frá því sem það var ákveðið í byrjun þessa árs, eða 10,49 krónur á hvern seldan lítra af bensíni, auk lítils háttar aukningar í sölu. Áætlun um óbreytt gjald hefur gengið eftir en aftur á móti hefur bensínsalan aukist verulega umfram fyrri spár. Lætur nærri að hún aukist um 10–11% milli árána 1986 og 1987. Samkvæmt endurskoðaðri áætlun er því talið að tekjur af bensíngjaldi verði 1.590 m.kr. á þessu ári. Nú hefur verið ákveðið að hækka bensíngjald um 20% á næstunni. Verði ekki um frekari hækkunir að ræða á næsta ári og aukist salan um 4–5% gætu tekjur af bensíngjaldi orðið um 2.000 m.kr. á árinu 1988.

Áætlað er að heildartekjur ríkissjóðs af aðflutningsgjöldum verði 6.094 m.kr. á þessu ári, sem er 151/2% hækkun frá fjárlögum. Að stærstum hluta má rekja þá hækkun til meiri veltubreytinga en áður var spáð. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1988 er áætlað að innflutningstekjur ríkissjóðs nemi um 6.791 m.kr., eða verði 11,5% hærra en á þessu ári. Reiknað er með um 4% hækkun á verði erlends gjaldeyris eins og áður sagði og lítils háttar veltubreytingum, auk þess sem nokkur tekjuauki hlýst af nýjum fóðurskatti. Enn fremur hefur sú ákvörðun að fella niður hlut Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í tolltekjum hér áhrif til hækkunar. Á móti kemur að felld verða úr gildi lög um tollafgreiðslugjald og byggingariðnaðarsjóðsgjald eins og áður var nefnt.

Skattar af framleiðslu og innflutningi. Skattar af framleiðslu og innflutningi eru taldir verða 2.509 m.kr. á þessu ári, eða 200 m.kr. meiri en fjárlög ársins gerðu ráð fyrir. Hér er um að ræða álgjald, vörugjald og sérstakt tímabundið vörugjald. Þessa hækkun má meðal annars rekja til veltubreytinga umfram fyrri spár. Tvö hin síðarnefndu verða felld niður í tengslum við breytingar á tollskrá. Í stað þeirra verður tekið upp nýtt vörugjald. Áformað er að þetta nýja vörugjald mæti því tekjutapi sem af toll- og öðrum skattbreytingum hlýst, jafnframt því að afla ríkissjóði viðbótartekna er nema 100 m.kr. Til að það náist þarf vörugjaldið að skila 3.050 m.kr. í ríkissjóð á næsta ári. Þessi fjárhæð gæti hins vegar hækkað nokkuð þegar fyrir liggur endanleg útfærsla á áðurnefndum tollskrárbreytingum. Miðað við þessar forsendur næmu heildartekjur af framleiðslusköttum 3.042 m.kr. á árinu 1988 samanborið við 2.509 m.kr. í ár.

Söluskattur. Heildartekjur af söluskatti voru áætlaðar 18.250 m.kr. í fjárlögum þessa árs, þar af var hlutur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 820 m.kr. Nú er hins vegar talið að söluskattstekjurnar verði 20.620 m.kr. á þessu ári, eða um 13% meiri en áður var gert ráð fyrir. Meginskýringar þessarar hækkunar eru tvær. Í fyrsta lagi hefur velta í landinu aukist talsvert meira en reiknað hafði verið með í kjölfar stóraukins kaupmáttar. Þessi auknu umsvif koma ekki hvað síst fram í sölu nýrra fólksbifreiða. Í öðru lagi voru gerðar

umfangsmiklar breytingar á söluskattskerfinu síðastliðið sumar sem fólu í sér breikkun á söluskattsstofninum. Þetta var liður í aðgerðum stjórnvalda til að draga úr ríkissjóðshalla auk þess að vera fyrsta skrefið í átt að virðisaukaskatti. Lauslega áætlað eiga þær breytingar að skila ríkissjóði um 600–650 m.kr. tekjuauka á þessu ári og rúmlega 2.000 m.kr. á því næsta á verðlagi ársins 1987. Jafnframt verður lagður 10% söluskattur á öll matvæli frá 1. nóvember n.k. til ársloka.

Um næstu áramót er ákveðið að undanþágum frá söluskatti verði fækkað verulega frá því sem nú er auk þess sem skatthlutfallið verði lækkað og miðað við eina álagningarprós-entu. Í þessu sambandi þarf að nefna tvennt. Annars vegar er gert ráð fyrir að innheimta söluskatts á næsta ári skili 500 m.kr. tekjuauka í ríkissjóð umfram það sem felst í núgildandi kerfi. Þetta er talið nauðsynlegt til þess að styrkja stöðu ríkissjóðs. Hins vegar verður aflað viðbótartekna til þess að draga úr áhrifum verðhækkunar á matvælum, einkum þó búvörum, á hag tekjulágra og barnmargra fjölskyldna, með hækkun barnabóta, persónuafsláttar o.fl. Að svo stöddu er ekki unnt að meta hversu háar fjárhæðir hér er um að ræða. Að því verki er nú unnið í fjármálaráðuneytinu og verður það nánar útfært í sérstöku frumvarpi. Af þessum sökum ber að taka heildarfjárhæðum söluskatts og tekjuskatts á einstaklinga með fyrirvara.

Með þessum breytingum á söluskatti væri stigið annað skref í áttina að virðisaukaskatti, en frumvarp um þá breytingu verður lagt fram á yfirstandandi þingi miðað við gildistöku 1. janúar 1989.

Nú er reiknað með að velta aukist almennt um 1–2% á næsta ári og almennt verðlag um 14–16%. Á þeim forsendum og að teknu tilliti til fyrirhugaðra breytinga á skattstofninum er áætlað að innheimta söluskattstekna verði 26.340 m.kr. á árinu 1988. Hluti Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í þeim tekjum er áætlaður 1.485 m.kr. og er þá miðað við að til sjóðsins renni eingöngu hluti af söluskattstekjum en að sá hluti sem reiknaður hefur verið af aðflutningsgjöldum falli niður.

Skattar af launagreiðslum. Samkvæmt endurskoðaðri áætlun fyrir þetta ár gætu innheimtar tekjur ríkissjóðs af launatengdum gjöldum orðið 3.543 m.kr. sem er 7–8% hækkun frá fjárlögum. Þessa hækkun má að mestu rekja til aukinna tekna af launaskatti í ljósi mun meiri launabreytinga á þessu ári en áætlað var. Nú hefur verið ákveðið að leggja 1% launaskatt á þær atvinnugreinar sem nú eru undanþegnar skattskyldu, þó ekki á búrekstur. Launaskattur á aðrar greinar helst óbreyttur frá því sem nú er, eða 31/2%. Talið er að þessi breyting geti skilað ríkissjóði 400 m.kr. tekjuauka á næsta ári. Miðað við þá forsendu og áætlanir um almennar launabreytingar í ár og á næsta ári er gert ráð fyrir að skattar af launagreiðslum nemi 4.623 m.kr. á árinu 1988.

Rekstrarhagnaður ÁTVR. Í fjárlögum ársins 1987 var áætlað að rekstrarhagnaður ÁTVR yrði 2.650 m.kr. á þessu ári. Byggði sú áætlun á hugmyndum um almennar verð- og veltubreytingar. Um mitt ár hækkaði hins vegar verð á áfengi og tóbaki verulega umfram það sem ráð hafði verið fyrir gert, auk þess sem nokkurrar umframaukningar gætir í veltu. Með hliðsjón af hækkun á verði áfengis og tóbaks í október er talið að ÁTVR muni skila í ríkissjóð 3.200 m.kr. af hagnaði sínum á þessu ári. Á næsta ári er gert ráð fyrir að þessi tekjustofn verði 4.075 m.kr. á áætluðu meðalverðlagi 1988.

Skattar af bifreiðum. Á þessu ári eru tekjur af bifreiðasköttum taldar verða 1.190 m.kr., eða mun meiri en reiknað var með í fjárlögum. Þessa aukningu má að hluta rekja til mikils bifreiðainnflutnings, en einnig þess að með bráðabirgðalögum nr. 68/1987, um ráðstafanir í

fjármálum, var lagður á sérstakur bifreiðaskattur. Áætlaðar tekjur af þeim skatti fyrir þetta ár eru 235 m.kr. Í fjárlagafrumvarpi 1988 er áætlað að innheimta bifreiðaskatta verði 1700 m.kr. Tekjur af sérstökum bifreiðaskatti eru taldar verða um 650 m.kr. en á móti kemur að skoðunargjaldið verður fellt niður. Innheimtar tekjur af þungaskatti, eða ígildi þess skatts, eru áætlaðar 900 m.kr. á næsta ári til samræmis við fyrirhugaða hækkun bensíngjalds.

Aðrir óbeinir skattar. Óbeinir skattar, aðrir en þeir sem þegar hafa verið taldir upp, eru nú áætlaðir 2.318 m.kr. á þessu ári samanborið við 1.944 m.kr. á fjárlögum. Veldur hér einkum talsverð aukning í tekjum af stimpilgjaldi og af sölu á erlendum gjaldeyri, jafnframt því að teknir hafa verið upp nýir skattar af erlendum lántökum. Á næsta ári er gert ráð fyrir að tekjur af öðrum óbeinum sköttum verði um 2.750 m.kr. Munar þar mestu um auknar tekjur af áhættugjaldi ríkisábyrgða, lántökugjaldi erlendra lána og sérstöku verktakagjaldi af varnarliðsframkvæmdum. Á móti kemur að í samræmi við breyttar uppgjörsaðferðir er flugvallaskattur ekki lengur færður sem tekjur A-hluta ríkissjóðs heldur sem sértekjur Flugmálastjórnar. Svipuðu máli gegnir um skipulagsgjaldið. Miðað er við að gjaldskrá ýmissa þjónustugjalda hækki í samræmi við almennt verðlag, eða í kringum 16%. Hins vegar hefur verið ákveðið að hækka skipaskoðunargjaldið sérstaklega með tilliti til vaxandi umsvifa Siglingamálastofnunar. Enn fremur er rétt að fram komi að þrátt fyrir að Orlofsheimilasjóður hafi verið lagður niður verður áfram innheimtur skattur af skemmtunum. Ákveðið hefur verið að hluti af innheimtu þessa tekjustofns renni til forvarnarstarfsemi í áfengis- og fíkniefnamálum.

Vextir. Í endurskoðaðri áætlun 1987 eru vaxtatekjur taldar verða 2.325 m.kr., eða svipaðar og í fjárlögum. Í áætlun fyrir árið 1988 er gert ráð fyrir að vaxtatekjur ríkissjóðs nemi um 2.800 m.kr. á áætlðu meðalverði ársins 1988 miðað við óbreytt vaxtastig.

Arðgreiðslur. Áætlað er að tekjur af arðgreiðslum nemi tæpum 370 m. kr. á þessu ári. Þar vega þyngst arðgreiðslur af starfsemi Fríhafnar og hluti af hagnaði Seðlabanka. Í áætlun fyrir næsta ár er gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs af arðgreiðslum verði 375 m.kr. Talið er að Seðlabanki muni aðeins skila um 25 m.kr. af hagnaði sínum í ríkissjóð, samanborið við um 150 m.kr. í ár, en á móti verður ríkisfyrirtækjum gert að skila arði í ríkissjóð. Gert er ráð fyrir að sú fjárhæð verði ekki undir 100 m.kr. á árinu 1988.

Ýmsar tekjur. Ýmsar tekjur, þ.e. sektir og óvissar tekjur, eru áætlaðar um 60 m.kr. á þessu ári. Í fjárlagaáætlun næsta árs er gert ráð fyrir að þessir tekjustofnar skili heldur meiri tekjum en í ár, eða um 65 m.kr.

Í meðfylgjandi yfirliti er sýnd áætlun um innheimtar tekjur ríkissjóðs á árinu 1988 samkvæmt þessu frumvarpi og samanburður við fjárlög ársins 1987 og endurskoðaða áætlun í september.

Tekjuáætlun ríkissjóðs 1987-1988
Innheimtar tekjur

	September 1987		Frumvarp 1988 m.kr.	Hlutfallsleg breyting frá september áætlun 1987 til frumvarps 1988		Hlutfallsleg skipting tekna				
	Fjárlög 1987 m.kr.	September 1987 áætlun m.kr.		%	%	Fjárlög 1987		September 1987		Frumvarp 1988 %
						1987	áætlun	1987	áætlun	
Eignarskattar	1.271	1.296	1.547	19,4	3,0	2,7	2,6			
Tekjuskattar	5.355	5.005	6.700	33,9	12,4	10,5	11,2			
Gjöld af innflutningi	5.264	6.174	7.031	13,9	12,2	12,9	11,8			
Skattar af framleiðslu og innflutningi	2.308	2.509	3.042	21,2	5,4	5,3	5,1			
Sölugjald, nettó	17.430	19.800	24.855	25,5	40,5	41,4	41,7			
Rekstrarhagnaður ÁTVR	2.650	3.200	4.075	27,4	6,2	6,7	6,8			
Skattar af launagreiðslum	3.290	3.543	4.623	30,5	7,6	7,4	7,8			
Skattar af bifreiðum	863	1.190	1.700	42,9	2,0	2,5	2,9			
Aðrir óbeimr skattar	1.944	2.318	2.750	18,6	4,5	4,8	4,6			
Aðregiðslur og aðrar tekjur	2.654	2.755	3.240	17,6	6,2	5,8	5,4			
Heildartekjur ríkissjóðs	43.029	47.790	59.563	24,6	100,0	100,0	100,0			
p.a beimr skattar	6.626	6.301	8.247	30,9	15,4	13,2	13,8			
p.a. óbeimr skattar	33.749	38.734	48.076	24,1	78,4	81,0	80,7			
p.a. aðrar tekjur	2.654	2.755	3.240	17,6	6,2	5,8	5,5			

4 Gjaldahlið

Greinagerð um gjaldahlið frumvarpsins er með svipuðu sniði og var í fjárlagafrumvapi fyrir árið 1987. Fyrst er gerður samanburður við fjárlög 1987 og afkomuhorfur það ár. Síðan er fjallað um fjárveitingar til einstakra ráðuneyta, stofnana og verkefna í A-hluta ríkissjóðs. Á eftir fylgir greinagerð um B-hluta fyrirtæki og sjóði.

4.1 Samanburður á frumvarpi 1988 og útgjaldahorfum 1987

Gjöld ríkissjóðs í frumvarpi til fjárlaga 1988 nema alls 59.536 m.kr. Þetta er 9.636 m.kr. hærri fjárhæð en talin er að verði lokaniðurstaða á árinu 1987 eða um 19,3%. Útgjöld ríkissjóðs 1987 og 1988 skiptast í aðalatriðum sem hér segir í milljónum króna:

	Fjárlög 1987	Endurskoðun 1987	Frumvarp 1988	Hækkun %
1. Almennur rekstur	18.741	20.921	24.848	18,7
Laun	14.825	16.742	20.229	20,8
Önnur gjöld	5.810	6.060	7.605	25,5
– Sértekjur	–1.894	–1.881	–2.986	58,7
2. Neyslu- og rekstrartilfærslur	16.800	18.354	21.186	15,4
Lífeyrstryggingar	6.360	7.140	8.669	21,4
Sjúkratryggingar	4.235	4.515	5.079	12,5
Niðurgreiðslur á vöruverði	1.090	1.480	1.587	7,3
Lánasjóður íslenskra námsmanna	928	928	1.478	59,3
Endurgreiddur söluskattur í sjávarútvegi	700	700	350	–50,0
Útflutningsbætur ¹⁾	800	930	915	–1,6
Niðurgreiðslur á rafhitun	230	230	200	–13,0
Póst- og símamálastofnunin	110	110	113	2,7
Áburðarverksmiðjan	120	120	0	–100,0
Rannsóknastofnanir ²⁾	–	–	161	.
Annað	2.227	2.201	2.634	19,8
3. Vaxtagreiðslur	3.620	3.650	4.800	31,5
4. Viðhald	1.134	1.208	1.485	22,8
5. Fjárfesting	5.577	5.767	7.217	25,1
Stofnkostnaður	2.553	2.740	3.658	33,5
Fjármagnstiltækslur	3.024	3.027	3.559	17,5
Samtals	45.872	49.900	59.536	19,3

1) Útflutningsbætur = uppbætur til útflutnings + framleiðnisjóður

2) Þ.e. Iðntæknistofnun, Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins og Veiðimálastofnun.

Útgjaldabreyting milli ára á sér bæði skýringar almenns eðlis og einnig vegna sérstakra ákvarðana. Hér skulu hinar helstu tilgreindar.

Laun. Launaliður frumvarpsins fyrir árið 1988 hækkar alls um 3.487 m.kr. frá því sem talið er að verði á árinu 1987 og um 5.404 m.kr. frá samþykktum fjárlögum. Fyrst liggur fyrir að gera stutta grein fyrir hækkun launaliðar frá fjárlögum og til þess sem talið er verða lokaniðurstaða ársins. Hækkun nemur alls 1.917 m.kr. Þessi hækkun skýrist nær eingöngu af launahækkun opinberra starfsmanna á árinu. Í fjárlögum 1987 voru teknar frá 1.100 m.kr. til

Þess að mæta launahækkunum á árinu 1987 og var þá miðað við forsendur í samræmi við almenna kjarasamninga á vinnumarkaði. Í reynd er nú talið að til þess að mæta launahækkunum á árinu vegna almennra samninga og sérkjarasamninga þurfi alls um 2.700 m.kr. en það eru um 1.600 m.kr. umfram fjárlagaáætlun. Af þessari fjárhæð nemur hækkun launa 1. október umfram samningsbundna hækkun þeirra um 270 m.kr. Auk þeirra 1.600 m.kr. sem skýra langstærsta hluta hækkunar á launaliðnum í ár má nefna að reiknað er með að verja þurfi 123 m.kr. til greiðslu verðbóta á eftirlaun opinbera starfsmanna, 9 m.kr. má rekja til sérstakrar launagreiðslu vegna starfsmannabreytinga hjá ríkismati sjávarafurða, 17 m.kr. vegna leiðréttingar á launalið sjúkrahússins á Akureyri, 5 m.kr. til skuldbindinga vegna bókkunar í kjarasamningum um orlof kennara og 163 m.kr. er talið að koma kunní fram á ýmsum liðum launagjalda ríkisins á árinu.

Launagjöld ríkissjóðs 1988 má annars vegar bera saman við líklegar niðurstöður 1987 og hins vegar við áætlun fjárlaga fyrir árið 1987. Launaliður einstakra stofnanna í fjárlögum er miðaður við launastig í upphafi árs 1987. Eins og áður er komið fram var áætlað fyrir launabreytingum innan ársins á sameiginlegum fjárlagalið. Í forsendum þessa frumvarps og þjóðhagsáætlun er almennt við það miðað að meðal launabreyting milli ára 1987 og 1988 sé um 16–17%. Launaliður frumvarpsins hækkar aftur á móti um 20,3% sem kallar á sérstakar skýringar. Til lækkunar á launalið skiptir helst máli að launaútgjöld Iðntæknistofnunar, Veiðimálastofnunar og Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins hafa verið felld niður enda er framlag til stofnananna nú talið til tilfærslna. Launaliður lækkar af þessum sökum um sem nemur 140 m.kr. á verðlagi frumvarpsins. Þá er að nefna að launaliðir nokkurra stofnana sem heyra undir landbúnaðarráðuneytið hafa verið lækkaðir, þ.e. vegna ráðunautþjónustu og tilraunastöðva um samtals 28 m.kr.

Launagjöld hækka af ýmsum ástæðum. Af sérgreindum hækkunum launa má nefna um 25 m.kr. hjá Háskóla Íslands, 12 m.kr. vegna háskólakennslu á Akureyri, 40–45 m.kr. í framhaldsskólum vegna fjölgunar nemenda, 75 m.kr. á grunnskólastigi vegna sérkennslu í skólum, fjölgunar bekkjardeilda og sérstakra ákvæða í kjarasamningum kennara. Aukin kennsla fatlaðra eykur útgjöld um 12–15 m.kr. Launaliður málefna fatlaðra hækkar um 50–55 m.kr. vegna nýrra stofnana og eflingar þeirra sem fyrir eru. Launagjöld sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva eru talin aukast um 75 m.kr. Uppbætur á líffeyri hækka m.a. vegna yfirtöku ríkissjóðs á skuldbindingum gagnvart starfsmönnum Útvegsbankans, alls talið um 150 m.kr. Vegna breytinga á skattakerfinu hækka launagjöld fjármálaráðuneytisins um 35–40 m.kr. Áætlað er fyrir launum við nýtt fangelsi í Kópavogi um 11 m.kr og vegna viðskiptaskrifstofu utanríkisráðuneytisins um 9 m.kr. Samtals hafa nú verið taldar tæpar 500 m.kr. Að öðru leyti hækkar launaliður frumvarpsins vegna ýmissa ótilgreindra atriða eins og aukinni yfirvinnu, sérverkefna o.fl.

Launaliður einstakra stofnana í fjárlögum 1987 eru miðaður við launastig eins og það var í árbyrjun 1987. Þar af leiðir að við samanburð á launum einstakra stofnana frá fjárlögum til frumvarpstalna 1988 þarf að hafa í huga launahækkun frá upphafi árs 1987 til meðallauna á árinu 1988. Launaþróun hefur orðið með nokkuð öðrum hætti en ætlað var á árinu 1987. Samið var við nær öll aðildarfélög BSRB og BHMR á tímabilinu mars til júní í ár. Alls eru samningsaðilar ríkisins á bilinu 35 til 40 og m.a. af þeirri ástæðu er ógerlegt að gera grein fyrir einstökum samningum. Í forsendum fjárlaga fyrir árið 1987 var gengið út frá að laun hækkðu um 7% frá því sem þau væru við upphaf ársins 1987 til þess sem þau yrðu að meðaltali það ár. Nú er sýnt að laun opinberra starfsmanna hækka að jafnaði um 19% frá upphafi ársins til meðaltals þess. Á þessum nótum hækka laun ríkisstarfsmanna um 10,8% umfram forsendur fjárlaga 1987. Samningar opinberra starfsmanna eru svo til allir til tveggja ára með gildistíma til ársloka 1988. Samkvæmt samningum hækka laun í áföngum á árinu 1988. Launahækkunin frá árbyrjun 1987 til meðaltals er alls metin 39–40% og skiptist hún þannig:

	Hlutfallshækkun
1987	
1. mars	2,00
1. júní	2,85
1. október	7,23
Sérkjarasamningar og launatilfærslur	16,5
Samtals á árinu 1987	31,4
1988	
1. janúar	3,0
1. febrúar	2,0
1. júlí	2,0
Samtals á árinu 1988	7,2
Heildarhækkun frá ársbyrjun 1987 til meðaltals 1988	39,0

Önnur gjöld. Rekstrarfé er áætlað á sama hátt og laun á meðalverðlagi 1988. Heildarliðurinn nemur alls 7.605 m.kr. og hækkar um 25,5% milli ára. Stærstu liðir til skýringar á hækkun annarra gjalda eru tengdir aukningu á starfsemi stofnana.

Sértekjur. Eigin tekjur stofnana hafa markvisst farið hækkandi á síðari árum. Tekjur eru nú alls áætlaðar 2.986 m.kr. og hækka um 56% frá því sem talið er að verði í ár. Veigamestu tekjuliðirnir eru tekjur sjúkrahúsa 1.000 m.kr., rannsóknarstofnana 200 m.kr., flugmálastjórnar af flugvallaskatti o.fl. 277 m.kr, Háskóla Íslands 235 m.kr. og annað 1.274 m.kr.

Rekstrar- og neyslutilfærslur. Alls teljast til þessa liðar 21.186 m.kr. eða um 35% útgjalda ríkissjóðs. Liðurinn hækkar um rúm 15% frá áætlun fyrir árið 1987. Eins og yfirlitið ber með sér eru liðir bæði til hækkunar og lækkunar. Um einstaka liði er ekki talin ástæða að fjalla sérstaklega, þess í stað er vísað í almennar athugasemir hér að neðan.

Vaxtagjöld. Vaxtaútgjöld eru samkvæmt þessu frumvarpi 4.800 m.kr. en það jafngildir 8% heildargjalda frumvarpsins. Til samanburðar er áætlað að vaxtagjöld verði um 7% gjalda 1987. Vextir af skuldum eru hér áætlaðir samkvæmt áætlun gengi og verðlagi á árinu 1988. Í 6. kafla er gerð grein fyrir skuldum ríkissjóðs auk þess sem vaxtaútgjöld og afborganir ríkissjóðs eru hvort tveggja sundurliðað og skýrt.

Viðhald. Um þennan lið þarf ekki að fjölyrða. Um 80% útgjaldanna eru vegna vegaviðhalds og hækkar framlagið um 22,8% frá áætlaðri útkomu 1987. Til viðhalds húseigna og annarra eigna ríkisins eru áætlaðar 282 m.kr. og hækkar það framlag um 10% frá fjárlögum.

Fjárfesting. Þessi gjaldaliður skiptist í stofnkostnað og fjármagnstilfærslur. Framlög til stofnkostnaðar hækka um 25,1% frá áætlaðri niðurstöðu 1987 og nema alls 3.658 m.kr. Hluta fjárhæðarinnar er varið til kaupa á tækjum og ýmiss konar stofnbúnaði en meiri hlutinn telst til framkvæmda. Í töflu 7 í töfluviðauka er sýnd skipting stofnkostnaðar og fjármagnstilfærslna. Að framlögum til húsnæðismála og vegamála frátöldum nema framkvæmdaframlög 1988 alls 1.573 m.kr og er það um 3,1% hærri fjárhæð en í fjárlögum 1987.

4.2 Ráðuneyti, málefnaflokkar og einstakar stofnanir

Í þessum hluta athugasemdanna er gerð grein fyrir helstu breytingum í gjaldahlið frumvarpsins frá fjárlögum ársins 1987. Fyrst er fjallað sérstaklega um breytingar á einstökum útgjaldamálaflokkum ráðuneyta, sbr. 2. gr. frumvarpsins, og mörkuðum tekjustofnum innan hvers ráðuneytis. Síðan er nánar vikið að helstu breytingum á einstökum gjaldaliðum sem orðið hafa frá fjárlögum 1987.

00 Æðsta stjórn ríkisins

Heildarútgjöld vegna æðstu stjórnar ríkisins breytast milli ára sem hér segir:

	Fjárlög 1987 þús. kr.	Frumvarp 1988 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Æðsta stjórn ríkisins	353.148	482.631	129.483	37
Samtals	353.148	482.631	129.483	37

Engar markaðar tekjur renna til æðstu stjórnar ríkisins. Helstu breytingar á fjárveitingum til einstakra stofnana og viðfangsefna eru sem hér segir:

101 Embætti forseta Íslands

Fjárveiting til embættis forseta Íslands hækkar úr 22.783 þús.kr. í fjárlögum 1987 í 44.571 þús.kr. eða um 96%. Launagjöld hækka úr 8.172 þús.kr. í 14.141 þús.kr. eða um 73%. Sem áður er miðað við 8,2 stöðugildi þar af 8 á föstum launum og 0,2 vegna tímabundinna verkefna. Önnur gjöld hækka úr 11.043 þús.kr. í 16.160 þús.kr. eða um 46%. Til viðfangsefnisins *opinberar heimsóknir* eru ætlaðar 8.083 þús.kr. í stað 4.266 þús.kr. í fjárlögum 1987. Til *viðhalds* húseigna eru veittar 7.400 þús.kr. Á árinu 1987 hefur verið unnið að umfangsmiklum endurbótum á Bessastöðum og til þess varið aukafjárveitingu að fjárhæð 1.018 þús.kr. Af fjárveitingu ársins 1988 eru 3.000 þús.kr. skuld vegna framkvæmda á árinu 1987. Til *bifreiðakaupa* eru veittar 1.600 þús.kr. og er áformuð endurnýjun eins af bifreiðum embættisins. Til stofnkostnaðar eru veittar 5.500 þús.kr. sem verður varið til ýmissa útiverkefna svo sem lýsingu á heimreið o.fl.

201 Alþingi

Fjárveiting til Alþingis hækkar úr 246.122 þús.kr. í fjárlögum 1987 í 313.498 þús.kr. eða um 27%. Launagjöld hækka úr 117.782 þús.kr. í 192.088 þús.kr. eða um 63%. Önnur gjöld nema alls 102.270 þús.kr. Launagjöld undir viðfangsefninu *þingfarar-kaup alþingismanna* hækka úr 71.676 þús.kr. í 120.597 þús.kr. Áætlað er fyrir launum 63 þingmanna og 5 varaþingmanna og er það fjölgun um 3 þingmenn og 2 varaþingmenn frá fjárlögum 1987. Launagjöld undir viðfangsefninu *skrifstofu- og alþingiskostnaður* eru 70.983 þús.kr. Framlag til viðhalds á *fasteignum* er 3.700 þús.kr. en unnið hefur verið að margvíslegum endurbótum á húsi Alþingis. Til viðfangsefnisins *ýmis stofnkostnaður* eru veittar 5.500 þús.kr. til að ljúka við uppsetningu á öryggiskerfi. Til frekari skýringar eru fjárveitingar til hinna ýmsu viðfangsefna sýndar í eftirfarandi töflu:

	Fjárlög 1987 þús. kr.	Frumvarp 1988 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Þingfararkaup alþingismanna	71.676	120.597	48.921	68
Starfskostnaður	29.106	35.560	6.454	22
Skrifstofu- og alþingiskostnaður	65.569	94.733	29.164	44
Yfirskoðunarmenn	691	850	159	23
Útgáfukostnaður Alþingistíðinda	13.311	15.930	2.619	20
Sérfræðileg aðstoð fyrir þingflokka	8.450	9.390	940	11
Rekstrarkostnaður fasteigna	6.679	8.000	1.321	20
Hús Jóns Sigurðssonar	2.325	2.878	553	24
Þingmannasamtök NATO	1.184	1.360	176	15
Þingmannanefndir Evrópuráðsins	1.854	2.260	406	22
Norðurlandaráð	7.081	9.500	2.419	34
Þingmannafundur Fríverslunarsamtaka Evrópu	1.172	1.400	228	19
Alþjóðaðalþingmannasamtökin	1.524	1.840	316	21
Viðhald fasteigna	5.500	3.700	-1.800	-33
Ýmis stofnkostnaður	18.000	5.500	-12.500	-69
Hönnunarkostnaður vegna nýbyggingar Alþingis ..	12.000	-	-12.000	.
Samtals	246.122	313.498	67.376	27

202 Ríkisendurskoðun

Fjárveiting til Ríkisendurskoðunar hækkar úr 44.793 þús.kr. í 59.788 þús.kr. eða um 33%. Áformað er að 5 stöðugildi frá Ríkisendurskoðun flytjist til embættis ríkistollstjóra. Í fjárlagafrumvarpinu er því gert ráð fyrir 33 stöðugildum á föstum launum í stað 38 eins og verið hefur. Aðrir þættir í fjárhagsáætlun Ríkisendurskoðunar gefa ekki tilefni til sérstakrar umfjöllunar.

301 Ríkisstjórn

Framlag ríkissjóðs nemur 43.938 þús.kr. en var 25.742 þús.kr. í fjárlögum 1987 og hækkar því um 71%. Launagjöld hækka um 92% og verða 39.248 þús.kr. Áætlað er fyrir launum 11 ráðherra og 11 aðstoðarmanna ráðherra en ráðherrarnir voru 10 og aðstoðarmennirnir 9 í fjárlögum 1987. Önnur gjöld nema alls 4.690 þús.kr. eru það útgjöld vegna nefnda eða hliðstæðra verkefna sem ríkisstjórn stofnar til.

01 Forsætisráðuneyti

Útgjöld málefnaflokka forsætisráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir:

	Fjárlög 1987 þús. kr.	Frumvarp 1988 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Yfirstjórn	50.640	45.449	-5.191	-10
Annað	112.132	169.762	57.638	51
Samtals	162.772	215.211	52.439	32

Engir markaðir tekjustofnar renna til þessa ráðuneytis. Verður nú gerð grein fyrir veigamestu breytingum á fjárveitingum til stofnana og viðfangsefna.

101 Aðalskrifstofa

Framlag til aðalskrifstofu lækkar úr 50.640 þús.kr. í 45.449 þús.kr. Lækkunin skýrist af því að fjárveiting til viðfangsefnisins *skrifstofa ráðherra nefndar Norðurlandaráðs* færist nú undir fjárlagalið utanríkisráðuneytisins en hún var 17.772 þús.kr. í fjárlögum 1987. Framlag til viðfangsefnisins *yfirstjórn* nemur alls 30.460 þús.kr. og hækkar um 48%. Á launalið viðfangsefnisins er miðað við óbreyttan starfsmannafjölda, þ.e. átta á föstum launum. Til viðfangsefnisins *Öryggismálanefnd* hækkar framlag um 26% og nemur alls 3.230 þús.kr. Miðað er við óbreyttan fjölda starfsmanna en önnur gjöld hækka úr 1.245 þús.kr. í 1.490 þús.kr. og er það vegna útgáfukostnaðar. Til viðhalds eigna eru alls ætlaðar 3.100 þús.kr., 1.900 þús.kr. til Stjórnarráðshúss í Lækjargötu og 1.200 þús.kr. til nauðsynlegra lagfæringa á ráðherrabústað við Tjarnargötu. Önnur viðfangsefni gefa ekki tilefni til umsagnar.

102 Þjóðhagsstofnun

Ríkisstjórnin og Seðlabanki Íslands skipta kostnaði af starfi Þjóðhagsstofnunar. Seðlabankinn greiðir allan húsnæðiskostnað og ýmsa aðra þjónustu og 40% af öðrum rekstrarkostnaði. Framlag Seðlabankans er fært sem sértekjur stofnunarinnar. Framlag ríkissjóðs til Þjóðhagsstofnunar hækkar um 53%, úr 18.979 þús.kr. í fjárlögum 1987 í 29.128 þús.kr. Launagjöld hækka úr 23.486 þús.kr. í 39.577 þús.kr. eða um 69%. Þessi hækkun umfram launaforsendur stafar einkum af almennri hækkun launa starfsmanna. Gengið er út frá 22 stöðugildum hjá stofnuninni. Önnur rekstrargjöld hækka úr 7.062 þús.kr. í 8.970 þús.kr. eða um 27%. Sértekjur hækka um 59% og nema alls 19.419 þús.kr.

171 Byggðastofnun, framlag

Samkvæmt lögum nr. 64/1985 hefur Byggðastofnun til ráðstöfunar eigið fé, framlög í fjárlögum og lánsfé eftir því sem ákveðið er í lánsfjárlögum. Á árinu 1988 er framlag ríkissjóðs 125.000 þús.kr., lánsfé 600.000 þús.kr. og áætlað eigið fé um 250.000 þús.kr.

901 Húsameistari ríkisins

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að starfsemi embættis húsameistara ríkisins sé eingöngu kostuð af sértekjum. Þetta er í samræmi við þá stefnu ríkisstjórnarinnar að þjónustustofnanir standi í auknum mæli undir eigin rekstri. Á það ber jafnframt að líta að ýmsum stórverkefnum sem embættið hefur haft umsjón með er nú að mestu lokið. Því fellur ein tímabundin staða niður í áætlun launa á árinu 1988. Sértekjur embættisins hækka um 32% frá fjárlögum 1987 og verða 31.440 þús.kr.

902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum og Þingvallanefnd

Framlag til þjóðgarðsins hækkar úr 13.026 þús.kr. í fjárlögum 1987 í 15.751 þús.kr. eða um 21%. Launagjöld hækka um 36% og rekstrargjöld um 24%. Til viðhalds girðinga, tjaldstæða og ýmissa mannvirkja verður varið 1.200 þús.kr. Til viðfangsefnisins *aðalskipulag* verður varið 1.900 þús.kr. til skipulagningar á þjóðgarðinum og umhverfi hans. Vonast er til þess að með þessari fjárveitingu megi ljúka þessu verkefni. Til *lífríkisrannsókna í Þingvallavatni* eru veittar 2.100 þús.kr. Fénu verður varið til að standa undir kostnaði vísindamanna við öflun og úrvinnslu gagna. Þessar rannsóknir hafa nú staðið yfir í 12 ár. Landsvirkjun greiðir til þessara rannsókna jafnháa fjárhæð. Þannig verða alls 4.200 þús.kr. handbærar til þessara rannsókna. Til *bifreiðakaupa* eru veittar 1.000 þús.kr. til kaupa á bifreið til ýmiss konar efnisflutninga og útréttinga.

02 Menntamálaráðuneyti

Útgjöld málefnaflokka menntamálaráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir:

	Fjárlög 1987 þús. kr.	Frumvarp 1988 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Yfirstjórn	79.585	128.350	48.765	61
Fræðslumál	6.378.815	9.275.861	2.897.046	45
Söfn, listir og önnur menningarstarfsemi	658.759	700.316	41.557	6
Samtals	7.117.159	10.104.527	2.987.368	42

Markaðir tekjustofnar ráðuneytisins eru eftirfarandi: Einkaleyfisgjald af hagnaði Happprættis Háskóla Íslands er 43.000 þús.kr. og hækkar um 20.500 þús.kr. frá fjárlögum 1987. Skemmtanaskattur, sem m.a. rennur til Sinfóníuhljómsveitar Íslands og forvarna í áfengis og fíkniefnamálum, verður 53.000 þús.kr. og hækkar um 10.000 þús.kr. Miðagjald, sem rennur til Menningarssjóðs, hækkar um 2.500 þús.kr. og verður 9.000 þús.kr. Verður nú fjallað um helstu fjárlagaliði ráðuneytisins til skýringar á hækkun einstakra málaflokka.

101 Aðalskrifstofa

Framlag til rekstrar aðalskrifstofu menntamálaráðuneytisins verður 118.450 þús.kr. og hækkar um 38.865 þús.kr. eða 49% frá fjárlögum 1987. Launaliður hækkar um 57% sem orsakast m.a. af fjölgun heimilaðra stöðugilda um eitt, úr 44 í 45. Launagjöld hækka af þessum sökum um 960 þús.kr. Þá hækka önnur rekstrargjöld frá fjárlögum umfram verðlagshækkunir en hafa þarf í huga að afgreiða hefur þurft aukafjárveitingar til skrifstofunnar á fjárlagaárinu samtals að upphæð 5.600 þús.kr. Auk rekstrarframlagsins eru 9.900 þús.kr. veittar til tölvukaupa. Á árinu 1987 voru gerðir samningar um kaup á hug- og vélbúnaði fyrir ráðuneytið og fleiri aðila á þess vegum. Þannig mun til dæmis námsefnisgerð unnin að nokkru marki á umrædda vél auk þess sem fræðslustjórar munu vinna nemenda- og námsyfirlit á hinu sameiginlega tölvukerfi. Um þessar mundir er verið að huga að húsnæði fyrir menntamálaráðuneytið, til kaups eða leigu, en það býr við ófullkomnar aðstæður.

201 Háskóli Íslands

Fjárveiting til Háskóla Íslands hækkar úr 625.348 þús.kr. í fjárlögum fyrir árið 1987 í 906.397 þús.kr. eða um 45%. Launagjöld hækka um 54% og verða 728.617 þús.kr. Önnur gjöld vegna rekstrar hækka úr 175.010 þús.kr. í 240.430 þús.kr. eða um 37%. Fjárveiting til viðhalds fasteignum, tækjakaupa og byggingarframkvæmda nemur 172.000 þús.kr. en er 100.000 þús.kr. í fjárlögum fyrir árið 1987. Sértekjur stofnunarinnar hækka um 81% og verða 234.650 þús.kr., þar af nema átlaðar tekjur af Happprætti Háskóla Íslands 172.000 þús.kr. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir fjölgun starfsmanna Háskólans um 11,5 sem eykur útgjöld um 10.400 þús.kr. Megináhersla er lögð á að efla stjórnarsýslu skólans en fram til þessa hafa flestar fastráðningar verið vegna kennslu. Á móti fjölgun kennara er dregið úr stundakennslu. Auknu fé er nú veitt til rannsóknasjóðs skólans eða alls um 25.460 þús.kr. Í tengslum við 75 ára afmæli skólans voru gefin fyrirheit um aukið fjármagn til rannsókna. Í frumvarpinu eru því nú áætlaðar 5.000 þús.kr. í þessu skyni. Auk þessa er varið 20.460 þús.kr. til rannsóknasjóðsins og er sú fjárhæð ætluð til þess að styrkja rannsóknir fastra kennara og stundakennara. Með þessu móti er stefnt að því að kennarar geti stundað hóflega

kennslu og unnið að öflugum rannsóknum. Til Háskólabókasafns er veitt auknu fé til kaupa á bókum og tímaritum, alls 3.600 þús.kr. Að auki er bókasafnið eflt með fjölgun starfsmanna eins og kemur fram hér að neðan. Í meðfylgjandi yfirliti kemur fram skipting 11,5 nýrra stöðugilda á deildir Háskólans:

Yfirstjórn:	Sérlegur aðstoðarmaður rektors, innkaupastjóri (2)
Sameiginleg útgjöld:	Tímabundin lektorsstaða, ætluð lagadeild (1)
Rekstur fasteigna:	Ræstingastjóri (1)
Læknadeild:	Fulltrúi á deildarskrifstofu (1)
Tannlæknadeild:	Röntgentæknir (0,5)
Heimspékideild:	Lektor í íslensku fyrir erlenda stúdenta (1)
Verkfræðideild:	Forstöðumaður hálf staða (stækkun), kerfis- og rafeindafræðingur (1,5)
Háskólabókasafn:	Bókavörður, tölvunarfræðingur (2)
Raunvísindadeild:	Prófessor í tölvunarfræði og sérfræðingur hálf staða (1,5)

Auk ofanfreindrar starfsmannafjölgunar er áætlað fyrir launum til starfsmanna í 4,5 nýjar stöður sem ákveðnar hafa verið eftir afgreiðslu fjárlaga fyrir 1987. Þetta eru ein og hálf staða í *Háskólabókasafni*, staða forstöðumanns *Stofnunar Sigurðar Nordal*, lektorsstaða í alþjóðastjórnsmálum við *félagsvísindadeild* og rannsóknarstaða í fornleifafræði sem færir á *yfirstjórn*. Tvær þær síðasttöldu hafa ekki verið staðfestar af ráðninganefnd. Útgjöld vegna þessara 4,5 stöðugilda eru talin 4.500 þús.kr. Samtals hefur stöðum því fjölgað um 16 frá fjárlögum og verða 341 alls við skólann. Stundakennsla við skólann jafngildir ríflega helmingi allrar kennslu. Alls er áætlað fyrir 187.518 stundum en að auki kemur yfirvinna fastra kennara. Samkvæmt kjarasamningum minnkar kennsluskylda með hækkandi aldri og starfsaldri. Yfirvinna eykst nokkuð af þessum sökum og er útgjaldaaukningin 1988 áætluð 4.500 þúsund. Þá er þess að geta að framlag í Sáttmálasjóð hækkar um 1.500 þús.kr. og verður alls 6.900 þús.kr. Hækkunin skýrist af ákvæðum í kjarasamningum um greiðslu ferðakostnaðar vegna rannsóknarferða. Önnur rekstrargjöld hækka alls um 65.000 þús.kr. eða um 37%. Þá ber að hafa í huga að nemendum hefur árlega farið fjölgandi allt til haustsins 1987. Af þessu leiðir aukin almenn útgjöld auk þess sem stærra húsnæði kallar á hærri rekstrargjöld. Um einstök viðfangsefni er eftirfarandi að segja. Til fjarkennslu er áætlaðar 6.335 þús. kr. Hluti af fénu er ætlaður til kennslu á háskólastigi, en rétt þykir að nota stjórnunaraðstöðu sem fyrir er í Háskólanum til að hafa umsjón með verkefninu. *Stofnun Sigurðar Nordal* er nú sérstakt viðfangsefni Háskólans og færir af heimspékideild þar sem hún er nú í fjárlögum. *Háskólakennsla á Akureyri* er nú sérstök stofnun og er því ekki lengur viðfangsefni undir Háskóla Íslands.

Byggingarframkvæmdir, viðhald fasteigna og tækjakaup.

Áætlað er að ráðstöfunarfé Háskóla Íslands til framkvæmda, viðhalds og tækjakaupa nemi alls 172.000 þús.kr. á árinu 1988. Það jafngildir áætluðum tekjum af Happraðtti Háskóla Íslands. Í eftirfarandi yfirliti kemur fram fjármögnun og ráðstöfun fjár samkvæmt fjárlögum 1987 og frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1988:

	Fjárlög 1987 þús.kr.	Frumvarp 1988 þús.kr.
Fjármögnun:	100.000	172.000
Framlag H.H.Í.	90.000	172.000
Fjárveiting úr ríkissjóði	10.000	-
Ráðstöfun:	100.000	172.000
Almennt viðhald	25.000	30.000
Tækjakaup		25.000
Húsgögn og búnaður		7.000
Bygging 7 á landspítalalóð	75.000	50.000
Raunvísindastofnun – tæknigarður		10 000
Skemmur – VR III		20 000
Háskólabíó		10 000
Annað		20 000

Nú er unnið að nokkrum byggingum á vegum Háskólans. Þannig er nú unnið samkvæmt verksamningi við hús læknadeildar sunnan Hringbrautar og við stækkun Háskólabíós. Áfram verður haldið framkvæmdum við hús raunvísindadeildar vestan Suðurgötu og lagt verður fé til endurbyggingar húss Raunvísindastofnunar Háskólans.

202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum

Heildarfjárveiting til Tilraunastöðvar Háskólans að Keldum hækkar úr 23.559 þús.kr. í fjárlögum fyrir árið 1987 í 40.755 þús.kr. eða um 73%. Launagjöld hækka um 40% og verða 34.145 þús.kr. en engar breytingar á starfsmannahaldi eru fyrirhugaðar. Önnur gjöld vegna rekstrar hækka um 7% og verða 25.670 þús.kr. Sértekjur eru óbreyttar að nafnverði milli ára og verða 28.060 þús.kr. Lækkun sértekna miðað við fast verðlag stafar af minnkandi sölu bóluafnis. Veittar eru 3.700 þús.kr. til tækjakaupa. Til viðhalds húseigna tilraunastöðvarinnar eru ætlaðar 4.900 þús.kr. samanborið við 2.000 þús.kr. á árinu 1987 en mörg viðhaldsverkefni bíða úrlausnar. Nefnd á vegum menntamálaráðuneytisins fjallar nú um stöðu og þróunarmöguleika stöðvarinnar.

203 Raunvísindastofnun Háskólans

Framlag ríkissjóðs til stofnunarinnar nemur 94.630 þús.kr. og hækkar um 53% frá fjárlögum fyrir árið 1987. Föst stöðugildi eru 41,16 og hefur eitt stöðugildi sérfræðings í þéttfræðisfræðum við edlisfræðistofu bæst við frá fjárlögum 1987. Launagjöld hækka um 44% frá fjárlögum 1987, önnur gjöld vegna rekstrar um 40% og sértekjur um 36%. Hækkun annarra gjalda skýrist að hluta af því að nú er gert ráð fyrir 1.300 þús.kr. til greiðslu á ferðakostnaði vegna rannsóknaleyfa. Er þetta í samræmi við ákvæði í kjarasamningi og færast á yfirstjórn. Gert er ráð fyrir 13.600 þús.kr. framlagi til kaupa á einni hæð í nýju húsi sem fyrirhugað er að reisa í námunda við hús stofnunarinnar. Hér er um fyrra framlag af tveimur að ræða. Með þessu móti er fallið frá áformum um að reisa nýja hæð á núverandi hús Raunvísindastofnunar að Dunhaga 3. Á árunum 1987–88 er áætlað að fram fari endurbætur á núverandi húsi enda hefur það legið undir skemmdum. Endurbæturnar verða greiddar af framlagi ríkissjóðs á árinu 1987 og fyrir framlag frá Háskóla Íslands. Til tækjakaupa eru veittar 4.900 þús.kr.

205 Stofnun Árna Magnússonar

Að þessu sinni er ætlað að verja 27.152 þús.kr. til rekstrar stofnunarinnar. Þetta er 40% hærrí fjárhæð en í fjárlögum 1987. Hækkun umfram verðlagshækkunar skýrist einkum af því að útgáfukostnaður hækkar töluvert. Til viðbótar rekstrarframlaginu eru 900 þús.kr. veittar til kaupa á símkerfi og tölvubúnaði.

207 Íslensk málstöð

Nú eru ætlaðar 5.556 þús.kr. til málstöðvarinnar sem er 26% hækkun frá fjárlögum 1987. Um er að ræða óbreytta starfsemi með þremur heimiludum stöðugildum. Launagjöld vegna sérgreinds verkefnis í fjárlögum 1987 eru þó felld niður.

210 Háskóli á Akureyri

Nýlega hófst kennsla á háskólastigi á Akureyri. Er áætlað hér fyrir kostnaði við starfsemina undir sérstökum fjárlagalið. Gert er ráð fyrir launagreiðslum til fimm starfsmanna við skólann og stundakennslu sem nemur um 8.400 tímum. Samtals eru því launagjöld 12.191 þús.kr. Önnur rekstrargjöld eru áætluð 5.520 þús.kr. og til kaupa á tækjum og búnaði er veittar 7.400 þús.kr. Sértekjur af innritunargjöldum eru áætlaðar 162 þús.kr. Samtals nemur því fjárveiting til skólans 24.851 þús.kr.

231 Náttúrufræðistofnun

Framlag til rekstrar stofnunarinnar er 18.753 þús.kr. en var 12.195 þús.kr. í fjárlögum 1987. Þetta er 54% hækkun sem er ívið meira en verðlagsforsendur segja til um. Orsakast það aðallega af hækkun annarra rekstrargjalda en launa. Launagjöld taka eins og áður mið af 11 heimiludum stöðum og 1,75 stöðugildum verkefnaráðanna. Að auki er gert ráð fyrir greiðslu vegna gæslu í sýningarsölum en á móti er ætlast til að sértekjur aukist. Til viðbótar rekstrarframlagi fær stofnunin 3.200 þús.kr. til innréttinga og frágangs í sýningarsölum og stigagangi og 1.900 þús.kr. framlag til kaupa á sérsmíðuðum geymsluskápum.

232 Rannsóknaráð ríkisins

Ný lög, nr. 48/1987, um Vísindaráð og Vísindasjóð, Rannsóknaráð ríkisins og Rannsóknasjóð, tóku gildi á fyrri hluta þessa árs. Með lögunum er komið á samræmingu vísindarannsókna, áætlana, fjármögnunar og eftirlits með grunnrannsóknnum og hagnýtum rannsóknnum. Með þessu er hlutverk Rannsóknaráðs afmarkað við hagnýtar rannsóknir og þróunarverkefni. Verkefni Rannsóknaráðs og Vísindaráðs eru samræmd í samstarfsnefnd ráðanna. Með hinum nýju lögum breytist starfsemi Rannsóknaráðs þó lítið og eru fjárlagatillögur fyrir 1988 í meginráttum óbreyttar frá fjárlögum 1987. Fjárveiting til ráðsins hækkar úr 13.456 þús.kr. í fjárlögum 1987 í 16.995 þús.kr. Launagjöld hækka um 27% og verða 8.425 þús.kr. Önnur gjöld vegna rekstrar lækka úr 9.139 þús.kr. í fjárlögum 1987 í 7.870 þús.kr. Sértekjur lækka í 520 þús.kr. úr 2.423 þús.kr. í fjárlögum 1987. Lækkun gjalda og sértekna er eingöngu vegna samdráttar á viðfangsefninu *upplýsingamál*. Upplýsingaöflun og samband rannsóknastofnana við erlendar stofnanir hafa smám saman verið að breytast þannig að ástæða er til endurskoðunar á þessum þætti í rekstri Rannsóknaráðs. Sú hefur verið venjan að fjalla um framlög til rannsóknastofnana í heild undir þessum fjárlagalið. Til þess er enn ríkara tilefni nú en oft áður þar sem ríkisstjórnin hefur ákveðið að gera tilraun með breytt rekstrarfyrirkomulag á þremur stofnunum sem hver þjónar sinni atvinnugrein. Á næstu vikum mun starfshópur vinna að tillögugerð um hvernig

sjálfstæði og aukin aðild atvinnuvega að rekstri þessara stofnana verður best háttáð. Í þessu frumvarpi er sú breyting sett fram að nú telst framlag ríkissjóðs til Iðntækni- stofnunar, Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og Veiðimálastofnunar tilfærsla fjármuna til atvinnuvega en ekki laun og rekstrargjöld A-hluta ríkissjóðs. Fjárveitingar til rannsóknastofnana, sem fjallað er um í langtímaáætlun Rannsóknaráðs, að viðbættum fjárveitingum til Raunvísindastofnunar Háskólans og Tilraunastöðvar Háskólans að Keldum, hækka alls um 29%. Í meðfylgjandi yfirliti kemur fram fjárveiting til einstakra stofnana í fjárlögum 1987 og fjárlagafrumvarpi 1988 og breyting milli ára:

	Fjárlög 1987 þús. kr.	Frumvarp 1988 þús. kr.	Breyting	
			þús. kr.	%
Tilraunastöð Háskólans að Keldum	23.559	40.755	17.196	73
Raunvísindastofnun Háskólans	61.765	94.630	32.865	53
Rannsóknastofnun landbúnaðarins	74.921	83.078	8.157	11
Veiðimálastofnunin	22.571	36.390	13.819	61
Hafrannsóknastofnunin	197.142	268.731	71.589	36
Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	36.144	61.080	24.936	69
Iðntæknistofnun Íslands	53.873	64.160	10.287	19
Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	28.214	39.186	10.972	39
Orkustofnun	158.544	159.278	734	0
Samtals	656.733	847.288	190.555	29

Margs konar breytingar í áherslum skýra það að framlög hækka ekki umfram 29 af hundraði. Orkustofnun og Rannsóknastofnun landbúnaðarins skera sig áberandi úr, í rekstri þessara stofnana er gert ráð fyrir breytingum. Þá ber einnig að hafa í huga að í nokkrum tilvikum eru framlög til stofnkostnaðar frábrugðin því sem er í fjárlögum 1987 og veldur frávikum í hlutföllunum. Um fjármál einstakra stofnana er fjallað í köflum um tilheyrandi ráðuneyti.

233 Rannsóknasjóður

Styrkjum úr sjóðnum hefur verið úthlutað til ýmiss konar verkefna, einkum á sviði líf- og lífefnatækni, hátækni og til rannsókna í fiskeldi. Fjárveiting til sjóðsins verður 70.000 þús.kr. en er í fjárlögum 1987 60.000 þús.kr. Auk framlags úr ríkissjóði er ráðstöfunarfé sjóðsins samkvæmt lögum 10% af hreinum tekjum Framkvæmdasjóðs og eigin tekjur sjóðsins. Fjárveitinganefnd verður gerð grein fyrir skiptingu styrkja á árunum 1986 og 1987.

276 Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna

Tekjur sjóðsins nema 20% af hagnaði Happraættis Háskóla Íslands. Nú er talið að tekjur sjóðsins nemi allt að 43.000 þús.kr. samanborið við 22.500 þús.kr. í fjárlögum 1987. Ráðstöfunarfé sjóðsins rennur til uppbyggingar á aðstöðu rannsóknastofnana atvinnuveganna.

301–307, 309 Menntaskólar

Heildarframlag til þessara skóla nemur 522.950 þús. kr. Framlag til rekstrar nemur samtals 467.350 þús.kr. og hækkar frá gildandi fjárlögum um 48%. Gert er ráð fyrir um 4070 nemendum í þessum skólum en áætlun fyrir árið 1987 var byggð á 3800 nemendum. Fjölgunin er aðallega í skólum utan höfuðborgarsvæðisins, þ.e.

menntaskólunum á Ísafirði og Egilsstöðum, ásamt því að nýr menntaskóli, Kvinnaskólinn í Reykjavík, bætist við með áætlun um 300 nemendur. Þá er og til að taka að töluverð kostnaðaraukning verður hjá skólanum á Ísafirði við að þangað flyst iðnskólahald þar í bæ. Í eftirfarandi yfirliti kemur fram skipting milli gjaldategunda og breyting frá fjárlögum líðandi árs:

	Fjárlög 1987 þús. kr.	Frumvarp 1988 þús. kr.	Breyting	
			þús. kr.	%
Laun	281.888	413.480	131.592	47
Önnur gjöld	41.737	66.440	24.703	59
Stofnkostnaður	24.000	55.600	31.600	132
Samtals	347.625	535.520	187.895	54
Sértekjur	-8.109	-12.570	-4.461	55
Mismunur	339.516	522.950	183.434	54

Ef launagjöld *Kvinnaskólans í Reykjavík* eru tekin út úr heildartölum er launahækkun skólanna í samræmi við launabreytingar kennara á þessu tímabili. Önnur gjöld hækka nokkuð umfram almennar verðlagshækkanir og ber þar að hafa í huga viðbótina á Ísafirði vegna iðnfræðslu og tilkomu *Kvinnaskólans*. Önnur gjöld hækka mismikið milli skóla, allt frá 31% til 62%. Ekki er áætlað fyrir meiri háttar viðhaldi hjá einstökum skólum en undir fjárlagalið 02-319 er óskipt fjárhæð til viðhalds, 6.200 þús.kr. Til stofnkostnaðar eru eftirfarandi framlög vegna endurbóta á húseignum: Til Menntaskólans í Reykjavík 3.700 þús.kr., til Menntaskólans á Akureyri 3.700 þús.kr., til Menntaskólans á Laugarvatni 3.700 þús.kr., til Menntaskólans við Hamrahlíð 2.500 þús.kr. og til Menntaskólans við Sund 1.900 þús.kr. Til framkvæmda við nýbyggingu Menntaskólans á Ísafirði eru ætlaðar 6.200 þús.kr. Til áframhaldandi innréttingar kennsluhúsnæðis og lóðarfrágangs. Þá eru veittar 33.900 þús.kr. til byggingar kennsluhúsnæðis við Menntaskólann á Egilsstöðum.

308, 351-362 Fjölbrautaskólar

Í greinargerð með frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1987 var þess sérstaklega getið að Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum, Verkmenntaskólinn á Akureyri, Menntaskólinn í Kópavogi, fjölbraut, og Verkmenntaskóli Austurlands, sem áður hét Framhaldsskólinn í Neskaupstað, væru fjölbrautaskólar ásamt öðrum skólum sem það nafn bera. Í hóp þessara tólf skóla hafa nú bæst tveir nýir, *Framhaldsskóli í A-Skaftafellssýslu* og *Framhaldsskólinn á Húsavík*. Heildarframlag til þessara skóla nemur 806.643 þús.kr. að stofnkostnaðarframlögum meðtöldum. Til rekstrar eru áætlaðar 699.243 þús.kr. en samsvarandi upphæð í fjárlögum líðandi árs er 464.311 þús.kr. Hækkun er því um 51%. Í eftirfarandi yfirliti kemur fram sundurliðun milli gjaldategunda og samanburður við fjárlög í ár:

	Fjárlög 1987 þús. kr.	Frumvarp 1988 þús. kr.	Breyting	
			þús. kr.	%
Laun	420.021	634.353	214.332	51
Önnur gjöld	44.290	64.890	20.600	47
Stofnkostnaður	71.100	107.400	36.300	51
Samtals	535.411	806.643	271.232	51

Samkvæmt áætlun menntamálaráðuneytisins er talið að nemendum í fjölbrautaskólum muni fjölga um 540 frá áætlun fyrir 1987. Alls er talið að 6.660 nemendur muni stunda nám í þessum skólum næsta skólaár. Reyndar bætast við tveir nýir skólar sem áætlað er að hafi 100 nemendur. Í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti er áætluð fjölgun um 150 nemendur eða 13% ásamt því að stöðugt fjölgar í öldungadeild. Í Fjölbrautaskólanum á Suðurnesjum er áætluð fjölgun nemenda um 80 eða 15%. Í Fjölbrautaskólanum á Selfossi er ætlað að nemendum fjölgi um 60 eða 14%. Talið er að nemendum muni fjölga í Verkmenntaskóla Austurlands úr 135 í 180 eða um 33%. Í Verkmenntaskólanum á Akureyri er gert ráð fyrir 50 nemenda fjölgun sem jafngildir 6% aukningu. Loks er að geta þess að í Fjölbrautaskólanum í Garðabæ er talið að nemendum muni fjölga um 80 eða úr 320 í 400, þ.e. aukning um 25%. Til stofnkostnaðar eru eftirfarandi framlög: Til Menntaskólans í Kópavogi, fjölbraut, 2.500 þús.kr. vegna endurbóta, til Fjölbrautaskólans í Breiðholti 12.300 þús.kr. til byggingar íþróttahúss og til Fjölbrautaskóla Suðurnesja eru ætlaðar 7.400 þús.kr. vegna viðbyggingar við kennsluhúsnæði skólans, samkvæmt gerðum samningi við sveitarfélög á Suðurnesjum. Framlag til framkvæmda við Fjölbrautaskólann á Akranesi er 2.500 þús. kr. og er til kaupa kennslutækja og búnaðar. Til Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum er lagt til að veittar verði 900 þús.kr. vegna heimavistarhúss og 2.500 þús.kr. til byggingar verknámshúss. Til Fjölbrautaskólans á Sauðárkróki eru veittar 20.000 þús.kr. til að halda áfram byggingu heimavistar sem nú er því sem næst fullgerð að utan og til Fjölbrautaskólans á Selfossi eru ætlaðar 24.500 þús.kr. vegna byggingarframkvæmda, sbr. gerðan samning frá 13. apríl 1987. Verkmenntaskóla Austurlands eru ætlaðar 11.900 þús.kr. til byggingar heimavistar samkvæmt gerðum samningi frá 19. júní 1987 og til Verkmenntaskólans á Akureyri er framlag 17.200 þús.kr. vegna byggingarframkvæmda. Loks er 3.700 þús.kr. framlag til Fjölbrautaskólans í Garðabæ vegna innréttinga og 2.000 þús.kr. til Framhaldsskóla í A-Skaftafellssýslu vegna endurbóta ýmiss konar.

319 Framhaldsskólar, almennt

Heildarfjárveiting nemur samtals 69.198 þús.kr. að meðtöldu 6.200 þús. kr. framlagi til viðhalds framhaldsskóla og 9.900 þús. kr. framlagi til búnaðar- og tölvukaupa. Að þessu frátöldu nemur framlag 53.098 þús.kr. og hækkar um 21% frá fjárlögum 1987. Útgjaldategundir hækka mismikið og er það fyrst og fremst vegna tilfærslna milli þeirra. Í eftirfarandi yfirliti er sýnt framlag til einstakra verkefna samkvæmt frumvarpinu og samanburður við fjárlög 1987.

	Fjárlög 1987 þús. kr.	Frumvarp 1988 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Sameiginleg þjónusta	750	960	210	28
Laun prófdómara	4.480	5.730	1.250	28
Orlof kennara	10.450	18.118	7.668	73
Forfallakennsla	5.970	7.640	1.670	28
Sérkennsla	4.480	5.730	1.250	28
Almenn þróunarverkefni	2.980	5.730	2.750	92
Námsefnisgerð	1.490	2.040	550	37
Réttindanám skipstjórnarmanna	3.580	2.860	-720	-20
Endurmenntun framhaldsskólakennara	-	3.410	3.410	.
Óviss nemendafjöldi	2.980	-	-2.980	.
Vegna sameiginlegrar þjónustu	761	880	119	16
Uppgjör við fjölbrautaskóla	5.970	-	-5.970	.
Samtals	43.891	53.098	9.207	21

321 Kennaraháskóli Íslands

Til Kennaraháskóla Íslands er 153.541 þús.kr. heildarframlag. Sú breyting er í frumvarpinu að áætlað er fyrir starfsemi Hússtjórnarkennaraskóla Íslands sem sérstöku viðfangsefni undir fjárlagaliðnum *Kennaraháskóli Íslands*. Í Hússtjórnarkennaraskóla Íslands er fyrst og fremst kennsla í valgreinum fyrir Kennaraháskóla Íslands og þykir því eðlilegt að áætla fyrir henni undir þessum fjárlagalið. Framlag til kennslu þessarar er 2.015 þús.kr. Til rekstrar Kennaraháskóla, að frátöldu hússtjórnarnámi, eru 144.126 þús.kr. sem er hækkun um 43% frá fjárlögum 1987. Breytingar eru helstar þær að áætlað er fyrir réttindanámi grunnskólakennara í fyrsta sinn, alls 3.500 þús.kr. Framlag hækkar einnig vegna nýrrar prófessorsstöðu í íslensku og stöðu rekstrarstjóra. Samtals hækkar framlag til rekstrar um tæplega 5.850 þús.kr. vegna þessara breytinga. Að öðru leyti er áætlun miðuð við óbreytta starfsemi skólans en hækkun annarra gjalda er vegna þess að rekstur stærra húsnæðis hefur orðið dýrari en áður var ráð fyrir gert og einnig hefur kostnaður við rannsóknarlov sem samið var um seint á árinu 1984 orðið meiri en áætlað hefur verið fyrir. Til endurbóta og tækjakaupa áætlast alls 7.400 þús.kr. Þar af eru 3.000 þús.kr. til skólahússins við Stakkahlíð, 750 þús.kr. til endurbyggingar gamla skólahússins við Laufásveg, 1.800 þús.kr. til lóðarframkvæmda og 1.850 þús.kr. til tækja- og kennslubúnaðar.

331 Íþróttakennaraskóli Íslands

Framlag til rekstrar nemur samtals 16.968 þús.kr. og hækkar um 75% frá gildandi fjárlögum. Þetta er allmikil hækkun sem skýrist af því að nú verða nýnemar teknir í skólann. Það hefur í för með sér að kennsla eykst um fjórdung. Jafnframt eykst annar rekstrarkostnaður vegna aukins húsnæðis en skólinn mun fá afnot af húsnæði Hússtjórnarskólans á Laugarvatni. Einnig hefur nýtt íþróttahús verið tekið í notkun við skólann sem mun valda auknum rekstrarkostnaði. Bætt er við lausráðnum starfsmanni við umsjón og umhirdu hússins enda aukist sértekjur fyrir afnot ýmissa aðila af húsinu. Auk rekstrarframlagsins verður framlag til stofnkostnaðar 9.800 þús.kr. og skiptist þannig að til greiðslu áfallins óuppgerðs byggingarkostnaðar renna 4.900 þús.kr. og sama fjárhæð fer til kaupa á tækjabúnaði fyrir húsið.

336 Hússtjórnarkennaraskóli Íslands

Framlag til hússtjórnarkennslu á árinu 1987 nam 1.799 þús.kr. og var fært á sérstakan fjárlagalið *Hússtjórnarkennaraskóli Íslands*. Sú fræðsla sem hér um ræðir er hluti af starfsemi *Kennaraháskóla Íslands* og því er fjárveitingu samkvæmt frumvarpinu sérstaks viðfangsefnis undir fjárlagaliðnum 02-321, *Kennaraháskóli Íslands*.

422 Námsgagnastofnun

Framlag til stofnunarinnar er 147.796 þús.kr. sem er hækkun um 48.723 þús.kr. eða 49% frá gildandi fjárlögum. Fjárveitingin jafngildir 3.890 kr. á hvern nemanda í skyldunámi en þeir verða um 38 þúsund á árinu 1988. Áætlun launa byggist á 43,8 stöðugildum, þar af eru 24,55 heimilaðar stöður en 19,25 vegna sérstakra verkefna og hefur þeim verið fjölgað um 3,65 frá gildandi fjárlögum. Þá er námsefnisgerð aukin úr 66 mánaðarverkum í 330. Að teknu tilliti til starfsmannahalds og yfirvinnu starfsmanna hækkar launaliður um 166% frá gildandi fjárlögum. Önnur rekstrargjöld en laun eru áætluð til samræmis við raunverulegt umfang starfseminnar á síðustu árum og hækka þau um 36%. Sértekjur hækka um 123% enda er tekið mið af rekstri síðustu ár, aukin áhersla er lögð á öflun sértekna og gert ráð fyrir að *Skólavörubúð* standi að öllu leyti undir rekstri. Til að leggja áherslu á þetta er hún gerð að sérstöku viðfangsefni. Til eignakaupa eru ætlaðar 2.100 þús.kr. og er þar einkum um að ræða ýmiss konar fjölföldunarbúnað fyrir kennsluefni.

- 423 Námsstjórn og þróunarverkefni**
 Framlag til rekstrar *skólaþróunardeildar* verður 22.315 þús.kr. og hækkar því um 49% frá fjárlögum 1987. Þetta er meiri hækkun en verðlagsforsendur segja til um og kemur það til vegna nýs verkefnis, *fíknivarna í skólum*. Áætlað er fyrir launum eins lausráðins starfsmanns og annar rekstrarkostnaður aukinn samfara því. Hækkun útgjalda vegna þessa er 2.600 þús.kr. Launagjöld eru miðuð við níu heimilaðar stöður og tvö stöðugildi verkefnaráðinnna. Auk rekstrarframlagsins eru veittar 4.600 þús.kr. til kaupa á tölvubúnaði og er það hluti af samningi sem getið er um í greinargerð vegna aðalskrifstofu menntamálaráðuneytisins.
- 501 Tækniskóli Íslands**
 Til rekstrar skólans eru nú ætlaðar 94.822 þús.kr. sem er 56% hækkun miðað við gildandi fjárlög. Ástæður hækkunar umfram verðlagsforsendur eru aukin aðsókn og stækkun húsrýmis skólans en á yfirstandandi ári var samþykkt aukning á leiguhúsnæði um 1.400 fermetra. Þá er því við að bæta að skólanum er ætlað að sjá um og kosta námskeið fyrir rafverktakanám. Auk ofangreinds rekstrarframlags eru skólanum ætlaðar 3.700 þús.kr. til tækjakaupa.
- 506 Vélaskóli Íslands**
 Heildarfjárveiting nemur 42.462 þús.kr. Framlag til rekstrar er 38.762 þús.kr. og hækkar í samræmi við almennar launa- og verðlagshækkanir enda gert ráð fyrir óbreyttri starfsemi skólans. Framlag til stofnkostnaðar er 3.700 þús.kr. og er til afborgunar og greiðslu vaxta af láni sem tekið var vegna kaupa á vélhermi sem ákveðin voru af Alþingi á árinu 1985.
- 507 Stýrimannaskólinn í Reykjavík**
 Framlag það sem skólinn fær nú til kennslu og rekstrar er 17.643 þús.kr. og hækkar um 45% miðað við fjárlög 1987. Þetta er meiri hækkun en verðlagsforsendur segja til um og verður til á launalið vegna kennslu. Ástæður þessa er fjölgun nemenda og þar með deilda skólans ásamt því að eflid verða námskeið er varða öryggismál svo sem brunavarnir, slysavarnir og slyshjálp. Þá eru og veittar 1.900 þús.kr. til tækjakaupa.
- 514 Iðnskólinn í Reykjavík** Rekstrarframlag til skólans verður 168.332 en er 104.520 þús.kr. í fjárlögum 1987. Hækkun er 61% og skýrist af áætlaðri fjölgun nemenda úr 1.150 í 1.400 eða um 22%. Hækkun umfram verðlagsforsendur er öll á launalið vegna kennslu. Hlutfallslega fylgjast að hækkun launa og nemendafjölgun. Þá er og fjölgun nemenda í öldungadeild og meistaraskóla. Á móti kemur að með vaxandi endurmenntun aukast sértekjur. Til viðhalds fær skólinn 3.700 þús.kr. og til tækjakaupa ýmiss konar eru veittar 4.900 þús.kr.
- 515 Iðnnám, almennt**
 Sú breyting er gerð að tveir liðir í fjárlögum 1987 *02–515 Iðnskólar utan Reykjavíkur* og *02–516 Iðnskólar, almennt* eru sameinaðir hér undir nýju nafni, *iðnnám, almennt*. Rekstrarframlag til þeirra viðfangsefna sem tilheyra þessum fjárlagalið verður 38.752 þús.kr. en er 32.383 þús.kr. í gildandi fjárlögum. Þetta er lækkun á milli ára og meginorsök hennar er að iðnkennsla á Ísafirði hefur verið færð af þessum fjárlagalið og við henni tekur Menntaskólinn á Ísafirði. Að öðru leyti er um sömu verkefni að ræða hér og í fjárlögum líðandi árs og því engar breytingar. Þó er gert ráð fyrir hækkun á framlagi til *sveinsprófa* og það því sem næst tvöfaldað.

- 517 Hótel- og veitingaskóli Íslands**
 Framlag til rekstrar skólans verður 17.289 þús.kr. og hækkar um 76% miðað við gildandi fjárlög. Um er að ræða töluverða hækkun umfram forsendur og vegur þar þungst að leigusamningar skólans vegna húsnæðis á Suðurlandsbraut voru endurnýjaðir á árinu. Hvort tveggja var að leigugjöld hækkuðu verulega og húsnæðið var aukið um helming. Útgjaldaaukning af þessum sökum er talin nema um 4.200 þús.kr. Ofanrituðu framlagi til viðbótar fær skólinn 3.000 þús.kr. til innréttinga á því viðbótarhúsnæði sem tekið hefur verið á leigu.
- 518 Fiskvinnsluskólinn**
 Rekstrarframlag til skólans er 13.755 þús.kr. og hækkar um 39% frá fjárlögum 1987. Þetta er lítils háttar hækkun umfram verðlagsforsendur. Skýringin er að skólinn flytur í nýtt verknámshús nú á haustmánuðum sem hefur í för með sér aukin útgjöld. Til viðbótar rekstrarframlagi eru skólanum ætlaðar 34.700 þús.kr. til greiðslu vegna framkvæmda við nýbygginguna. Ólokið er uppgjöri við verktaka vegna framkvæmdanna auk þess sem nokkurt fé er ætlað fyrir nauðsynlegasta tækjabúnað í verknámshúsið.
- 553 Hússtjórnarskólar**
 Hússtjórnarskólar sem rekstrarframlag er áætlað til eru þrír, þ.e. í Reykjavík, á Ísafirði og að Hallormsstað. Auk þeirra er áætlað fyrir biðlaunum tveggja skólastjóra í níu mánuði. Þá er og gert ráð fyrir lítils háttar umsýslukostnaði við þá skóla þar sem rekstri hefur verið hætt. Rekstrarframlag fyrir árið 1988 er nú áætlað 15.528 þús.kr. og hækkar um 49% miðað við gildandi fjárlög. Til viðhalds eru veittar 6.200 þús.kr. sem menntamálaráðuneytið skiptir milli skólanna fimm.
- 561 Myndlista- og handíðaskóli Íslands**
 Framlag til rekstrar skólans nú er 30.433 þús.kr. og er það 68% hækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs. Þessi hækkun er verulega umfram verðlagsforsendur frumvarpsins. Hækkunin á rætur að rekja til þess að allir húsaleigusamningar skólans hafa verið endurnýjaðir og húsnæðið aukið um 500 fermetra. Hækkun útgjalda af þessum sökum nemur um 7.500 þús.kr. Ekki er um neina breytingu á rekstri að ræða.
- 562 Leiklistarskóli Íslands**
 Framlag til rekstrar skólans er nú áformað 18.301 þús.kr. sem er 91% hækkun frá gildandi fjárlögum. Þetta er mikil hækkun og ekki síst þar sem gengið er út frá sama fjölda kennara og nemenda. Kennslulaun hækka lítils háttar umfram verðlagsforsendur. Nemendaleikhúsi er ekki haldið eins lengi opnu og verið hefur. Einnig verður veruleg hækkun á öðrum kostnaði en kennslu. Þar er helst til að taka að kostnaður allur varðandi húsnæði hefur aukist við að skólinn flutti í Landssmiðjuhúsið eða sem svarar um 2.000 þús.kr.
- 563 Tónlistarfræðsla**
 Heildarframlag nemur 122.799 þús.kr. og er það eingöngu rekstrarframlag. Samkvæmt ákvörðun ríkistjórnarinnar er nú lagt til að ýmis verkefni færast frá ríkinu yfir til sveitarfélaga. Á þetta m.a. við um tónlistarfræðslu. Framlag miðast við það að ríkið greiði laun (50%) við kennslu út skólaárið 1987–1988 en síðan falli þátttaka þess niður.

581 Verslunarskóli Íslands Rekstrarframlag til skólans er 107.567 þús.kr. og er það 60% hækkun frá gildandi fjárlögum. Ríkissjóður greiðir laun kennara og framlag til rekstrar samkvæmt samningi dagsettum 30. janúar 1985. Þá er nú í fyrsta sinn veitt sérstakt framlag til tölvuskóla Verslunarskólans og nemur það 1.520 þús.kr.

601–610 Héraðsskólar

Hér verður fjallað um öll framlög til héraðsskóla. Samtals nema þau 130.682 þús.kr. en að stofnkostnaðar- og viðhaldsframlögum frátöldum eru samtals 108.482 þús.kr. ætlaðar til rekstrar. Breytingar þær sem áformaðar eru á héraðsskólunum eru í fyrsta lagi að eftir árs hvíld er ákveðið að skólinn á Núpi í Dýrafirði taki til starfa á ný haustið 1987. Í öðru lagi er fjárveitingin miðuð við að skólarnir á Reykjanesi við Ísafjarðardjúp og að Laugarvatni muni hætta starfsemi haustið 1988. Fjárframlög til þessara þriggja skóla taka mið af ofangreindu. Að öðru leyti er ekki um breytingar á starfsemi héraðsskóla að ræða. Breytingar á framlögum til þeirra nú, miðað við fjárlög 1987, eru samstíga verðlagsbreytingum. Heildarframlög til rekstrar eru sýnd í eftirfarandi töflu ásamt samanburði við fjárlagatölur 1987:

	Fjárlög 1987 þús. kr.	Frumvarp 1988 þús. kr.	Breyting		
			þús. kr.	%	
Laun	62.195	82.212	20.017	32	
Önnur gjöld	25.174	30.020	4.846	19	
Viðhald	3.500	4.300	800	23	
Stofnkostnaður	14.400	17.900	3.500	24	
	Samtals	105.269	134.432	29.163	28
	Sértekjur	-3.283	-3.750	-467	14
	Mismunur	101.986	130.682	28.696	28

Til viðhalds skólanna eru áætlaðar 4.300 þús.kr. og til stofnkostnaðar eru 17.900 þús.kr. Af því eru 12.400 þús.kr. til Héraðsskólans í Reykholti vegna áframhaldandi byggingarframkvæmda við mötuneytishús, 2.500 þús.kr. til Reykjaskóla vegna viðgerða á heimavist og íþróttahúsi. Til Eiðaskóla eru ætlaðar 1.200 þús.kr. til utanhússviðgerða og til Skógaskóla eru veittar 1.800 þús.kr. til viðgerða á þökum og múr.

700–720 Grunnskólar, rekstur

Hér verður fjallað um rekstur grunnskólastigsins í einu lagi. Heildarkostnaður er áætlaður 3.199.737 þús.kr. sem er hækkun um 48% frá gildandi fjárlögum. Kostnaður á nemanda er áætlaður 77.072 kr. til jafnaðar. Launagjöld eru 2.921.437 þús.kr. sem er hækkun um 51% frá fjárlögum. Launagjöldin skiptast í aðalatriðum þannig:

	Pús.kr.	Pús.kr.
Fræðsluskrifstofur		15.972
Sálfræði- og ráðgjafarþjónusta		17.320
Almennur kennslukostnaður		2.338.929
almennir grunnskólar	2.316.458	
einkaskólar	19.832	
umferðarfræðsla	1.191	
safnakennsla	1.448	
Kennsla á sjúkrahúsum		2.506
Skólalúðrasveitir		2.947
Stuðnings- og sérkennsla		298.514
stuðningskennsla	104.337	
sérkennsla	194.177	
Forfallakennsla		70.599
Mötuneyti, gæsla og umsjón		115.014
Orlof kennara		24.707
Leiðbeinendur		3.998
Skóli Unglingaheimilis ríkisins		4.665
Fornám og framhaldsdeildir		21.148
Stjórnskipaðir prófdómarar		5.118
Samtals		2.921.437

Auk launahækkana í kjölfar kjarasamninga, sem m.a. fólu í sér styttingu á kennsluskyldu stórs hóps kennara, eru helstu skýringar þessar: Útgjöld við almenna bekkjarkennslu hækka um nálægt 25.000 þús.kr. vegna fjölgunar nemenda í fræðslu-umdæmum Reykjavíkur og Reykjaness. Gert er ráð fyrir að grunnskólanemendur verði samtals 41.237. Útgjöld vegna sérkennslu aukast um 46.500 þús.kr. og þar af eru 10.000 þús.kr. vegna starfsleiknináms kennara. Gert er ráð fyrir að vikulegar kennslustundir vegna stuðnings- og sérkennslu verði 8791 sem jafngildir vinnu 326 kennara. Kennslan eykst mismikið eftir umdæmunum, þó mest í Reykjanessumdæmi. Miðað er við að 0,22 vikustundir komi á hvern nemanda á landinu til jafnaðar vegna stuðnings- og sérkennslu, nema í Reykjanessumdæmi þar sem miðað er við 0,19 vikustundir. Launakostnaður vegna framhaldsdeilda minnkar um 21.000 þús.kr. þar sem Kvinnaskólinn hefur verið gerður að menntaskóla sem fær sérstaka fjárveitingu. Kostnaður vegna orlofs kennara hækkar um 4.000 þús.kr. vegna álagsgreiðslna í kjölfar kjarasamninga. Fjöldi starfsmanna við ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu er óbreyttur frá gildandi fjárlögum, samtals 32,92. Skiptast þeir þannig að í Reykjavík-umdæmi eru 16,25, í Reykjanessumdæmi 3,67, Vesturlandsumdæmi 3,5, í Vestfjarða-umdæmi 1,5, í Norðurlandsumdæmi vestra 1,5, í Norðurlandsumdæmi eystra 4, í Austurlandsumdæmi 1,5 og í Suðurlandsumdæmi 1. Að auki er víðast áætlað fyrir nokkurri yfirvinnu. Kostnaður þessi skiptist jafnt milli ríkis og sveitarfélaga. Fjöldi leiðbeinenda fyrir kennara er 4,7. Er það óbreytt frá gildandi fjárlögum og skiptist jafnt á fræðslu-umdæmi utan Reykjavíkur. Önnur rekstrargjöld nema alls 231.360 þús.kr. sem er hækkun um 19% frá gildandi fjárlögum. Gjöldin skiptast þannig:

	Þús.kr.
Fræðsluskrifstofa Reykjavíkurmæmis	3.479
Sálfræði- og ráðgjafarþjónusta	5.767
Akstur, húsaleiga og tryggingar	212.010
Umferðarfræðsla	710
Safnakennsla	90
Sérkennsludeildir	2.834
Skóli Unglingaheimilis ríkisins	380
Stjórnskipaðir prófdómarar	2.690
Óskiptur kostnaður	3.400
Tölvu- og eignakaup	5.500
Samtals	231.360

Eignakaup eru 5.500 þús.kr. vegna tölvuvæðingar á stjórnkerfum grunnskólans. Tilfærslur eru alls 41.440 þús.kr. sem er hækkun um 28% frá gildandi fjárlögum. Liðurinn skiptist þannig:

	Þús.kr.
Fræðsluskrifstofur	9.510
Óskiptur kostnaður	170
Sundskylda í skólum	25.000
Höfundagreiðslur	6.410
Skíðakennsla	350
Samtals	41.440

730 Bygging grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra

Framlag nemur samtals 200.000 þús.kr. og lækkar frá gildandi fjárlögum um 9.205 þús.kr. Á síðustu árum hafa verið gerðir nokkrir stofnkostnaðarsamningar af hálfu hlutaðeigandi sveitarfélaga annars vegar og menntamálaráðuneytisins hins vegar. Skuldbindingar samkvæmt samningunum eru sem hér segir:

	Þús.kr.
Vesturlandsumdæmi:	
Grunnskóli Akraness	13.820
Íþróttahús í Stykkishólmi	5.430
Vestfjarðumdæmi:	
Íþróttahús á Ísafirði	11.210
Norðurland eystra:	
Grunnskóli Akureyrar	13.880
Reykjanesumdæmi:	
Grunnskóli Bessastaðahrepps	4.310
Grunnskóli Kópavogi	8.650
Samtals	57.300

750 Skólar fyrir þroskaheft börn

Liðurinn hækkar um 74.609 þús.kr. eða 53% frá fjárlögum 1987 og verður 231.171 þús.kr. Launaliðurinn er í fjárlögum 1987 105.754 þús.kr og verður 162.251 þús.kr. Hækkar hann því um 56.497 þús.kr. eða 53%. Eina nýja starfsemin, sem gert er ráð fyrir undir þessum fjárlagalið, er talkennsla undir viðfangsefninu *dagvist forskólabarna* og er áætlað að muni nema 2.231 þús.kr. Hér er þó ekki um nýja starfsemi að ræða þar eð kostnaður vegna hennar hefur verið greiddur af Tryggingastofnun ríkisins. Sú launahækkun sem eftir stendur, 54.266 þús.kr. (51%), skýrist af 10.000 þús.kr. vegna sérkjarasamnings við samtök kennara og 5.500 þús.kr. vegna fjölgunar nemenda um 45 og að enn einu sinni virðast nákvæmari greindarmælingar leiða til þess að hlutfallslega fleiri nemendur búi við meiri fötlun en áður var talið. Að frádregnum þessum liðum hækka laun um 38.766 þús.kr. eða 37%. Þær stöður, sem tilgreindar eru í yfirlitinu hér á eftir, eru reiknaðar stöður án tillits til samþykktra heimilda. Allt eru þetta kennarastöður nema 10,0 stöðugildi Öskjuhlíðarskóla. Engin kennarastaða er á fjölskyldu- og skóladagheimilunum en á þeim báðum eru 5,83 stöðugildi. Önnur gjöld hækka um 26% og eignakaup er nýr liður. Tilfærslur hækka um 11.568 þús. kr. eða 39% og verða 40.900 þús.kr. Mestur hluti þeirra er undir viðfangsefninu *dagvistun forskólabarna* og nemur 28.780 þús.kr. Laun og önnur gjöld eru 1.061 þús.kr. og hækka um 9.680 þús.kr. eða 51%. Skipting reiknaðra stöðugilda og kostnaðar eftir viðfangsefnum er sem hér segir:

	Reiknuð stöðugildi	Gjöld samtals þús.kr.	Sér- tekjur þús.kr.	Fjár- veiting þús.kr.
Öskjuhlíðarskóli	53,67	59.401	350	59.051
Fjölskylduheimilið Reynilundi	3,0	4.486		4.486
Skóladagheimilið Lindarflöt 41	2,83	3.730		3.730
Þjálfunarskólar ríkisins	89,69	99.092		99.092
Þjálfunarskóli Kópavogshæli	24,04	24.869		15.805
- Sólheimum	2,0	2.477		1.580
- Hringins	10,0	10.805		7.110
- Bjarkarási	9,3	10.686		6.346
- Safamýri	29,47	32.867		21.792
- Tjaldanesi	2,31	2.115		1.369
- Akureyri	12,57	15.273		10.150
Dagvistun forskólabarna	1,0	32.072		32.072
Dagvist	1,0	29.841		29.841
Talkennsla		2.231		2.231
Sameiginleg þjónusta		27.490	1.460	26.030
Fargjöld		682		506
Tannlækningar		526	153	244
Akstur skólabarna		14.282		10.320
Dvalarkostnaður, vistanir		7.337	1.307	5.095
Sumardvöl		4.663		3.385
Almennt	5,1	6.710		2.094
Forfallakennsla		2.353		2.353
Orlof	1,5	1.246		1.246
Starfsleikninám	3,6	2.991	2.991	
Bliss-nefnd		120		120
Samtals	155,29	232.981	1.810	231.171

799 Heyrnleysingjaskólinn

Gengið er út frá því að starfsemi skólans verði með sama sniði og ákveðið var með fjárlögum 1987. Framlag til skólans er eingöngu til rekstrar og kennslu og nemur 42.030 þús.kr. Er það í samræmi við almennar launa- og verðlagshækkningar.

803 Dagvistarheimili, stofnkostnaður

Í fjárlögum 1987 voru veittar til byggingar dagvistarheimila 43.195 þús.kr. Samkvæmt þessu frumvarpi er gert ráð fyrir að greiðsluskylda ríkissjóðs falli niður frá og með áramótum 1987–1988. Framvegis verða dagvistarmál verkefni sveitarfélaga.

871 Unglingaheimili ríkisins

Framlag til heimilisins nemur 10.800 þús.kr. og hækkar í samræmi við almennar verðlagsbreytingar. Áformað er að breyta því húsnæði sem heimilið hefur verið í að Kópavogsbraut 17 í alhliða fangelsi. Þess í stað mun verða leitað eftir hentugu húsnæði fyrir ungingaheimilið og starfsemi þess.

872 Lánasjóður íslenskra námsmanna

Framlag er 1.478.000 þús.kr. og hækkar úr 928.000 þús.kr. í fjárlögum 1987. Fjallað er um Lánasjóð íslenskra námsmanna í sérstakri greinargerð um B-hluta fyrirtæki og sjóði.

881 Náms- og fræðimenn, framlög

Framlag nemur samtals 10.650 þús.kr. en var 7.652 þús.kr. í fjárlögum 1987. Viðfangsefni eru þau sömu og í fjárlögum 1987. Í eftirfarandi yfirliti er sýndur samanburður á framlögum í frumvarpi og framlögum í fjárlögum 1987:

	Fjárlög 1987 þús. kr.	Frumvarp 1988 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Styrkur til erlendra námsmanna í íslenskum skólum .	2.077	3.450	1.373	66
Menningarstofnun Bandaríkjanna	125	230	105	84
Styrkur til útgáfustarfa	1.400	1.610	210	15
Safngripaviðgerðir, námsvistargjöld	623	1.330	707	113
Félagsstofnun stúdenta	3.427	4.030	603	18
Stúdentagarðar, viðhald	7.000	-	-7.000	.
Stúdentagarðar, hönnun	200	-	-200	.
Samtals	14.852	10.650	-4.202	-28

Framlag til styrktar erlendum námsmönnum er miðað við fimmtán erlenda námsmenn hér á landi á árinu 1988. Viðfangsefnið *safngripaviðgerðir* hækkar um 113% vegna þess að skólagjöld þeirra tveggja námsmanna sem stunda forvarnarnám hafa hækkað mjög mikið. Hér veldur því ekki fjölgun námsmanna. Framlag til viðhalds stúdentagarða er hér fellt niður enda hefur Alþingi árlega fjallað sérstaklega um málefni Félagsstofnunar stúdenta.

885 Fullorðinsfræðsla

Heildarframlag nemur 1.610 þús.kr. en er 1.434 þús.kr. í fjárlögum 1987. Framlög til einstakra viðfangsefna hækka á bilinu 10–15% eins og lesa má af eftirfarandi yfirliti:

	Fjárlög 1987 þús. kr.	Frumvarp 1988 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Bréfaskólinn	642	720	78	12
Námsflokkar	175	200	25	14
Félagsmálanámskeið	150	170	20	13
Heimilisiðnaðarskólinn	292	320	28	10
Námskeið fyrir ófaglærða bókaverði	175	200	25	14
Samtals	1.434	1.610	176	12

901 Landsbókasafn Íslands

Rekstrarframlag til safnsins verður 26.359 þús.kr. sem er 49% hækkun frá gildandi fjárlögum. Gengið er út frá því að starfsemi safnsins verði óbreytt á árinu 1988 frá því sem ákveðið er í fjárlögum 1987. Því er tekið mið af 22,16 heimiludum stöðum og 1,5 stöðugildi verkefnaráðinna starfsmanna. Önnur gjöld en laun hækka því umfram verðlagsforsendur vegna útgáfuverkefna sem dregist hafa úr hömlu. Er þar um að ræða ýmiss konar skrár tilheyrandi starfsemi safnsins. Til viðbótar rekstrarframlaginu er 3.700 þús.kr. veittar til bókakaupa, 400 þús.kr. til tækjakaupa og 100 þús.kr. til kaupa á filmulesvél.

902 Þjóðminjasafn Íslands

Ekki er reiknað með afgerandi breytingu á rekstri safnsins frá því sem er samkvæmt gildandi fjárlögum. Þó fjölgaði heimiludum stöðum við safnið á árinu 1987 um eina, þ.e. úr 11,5 í 12,5. Í staðinn féll niður staða verkefnaráðs sérfræðings. Þessu til viðbótar er nú gert ráð fyrir framlagi á öðrum dagvinnulaunum sem svarar til tveggja ársverka, 1.400 þús.kr. Hér er um að ræða vinnu við sérstakt tímabundið verkefni í þjóðhátadeild safnsins við tölvuskráningu heimilda um atvinnu- og þjóðhætti. Að teknu tilliti til ofanritaðs verður rekstrarframlag 27.370 þús.kr. og hækkar um 45% frá fjárlögum 1987. Þá eru 11.700 þús.kr. ætlaðar til viðhaldsverkefna og tækjakaupa og skiptist fjárhæðin þannig að 2.700 þús.kr. fara til viðhalds gömlum húsum í vörslu safnsins, 8.400 þús.kr. til viðhalds og endurbóta á Þjóðminjasafnshúsinu, 200 þús.kr. fara til tækjakaupa og 300 þús.kr. til kaupa á viðvörunarkerfi í safnhúsið. Loks er þess að geta að í lok árs 1987 eða byrjun árs 1988 mun Listasafn Íslands flytja úr Þjóðminjasafnshúsinu við Suðurgötu. Óhjákvæmilegt mun þá að fram fari ýmsar lagfæringar og endurbætur á húsinu.

907 Listasafn Íslands

Nú hillir undir þau tímamót að flutt verði í nýtt safnhús við Fríkirkjuveg. Í því tilefni hefur starfsmannahald safnsins verið endurskoðað þar sem tekið er mið af stækkun þess og auknum möguleika til sýningahalds. Miðað við fjárlög yfirstandandi árs hækkar rekstrarframlag um 52% og verður 19.632 þús.kr. Launagjöld nema alls 12.602 þús.kr. og hækka í heild um 63%. Í áætluninni er við það miðað að fastráðnir starfsmenn safnsins séu 10,3 talsins. Auk forsöðumanns er hér um að ræða sérfræðing, deildarstjóra og 1,6 stöðu fulltrúa ásamt húsverði, bókaverði og fimm gæslu- og afgreiðslumönnum sem skipta á milli sín fjórum ársverkum. Þá er og áætlað fyrir tveim ársverkum lausráðinna starfsmanna til ýmissa verka. Önnur gjöld en laun nema alls 8.090 þús.kr. og hækka um 36% frá gildandi fjárlögum. Hækkun stafar aðallega af breyttu verðlagi en einnig auknum umsvifum og rekstri safnsins. Þá eru veittar 7.400

þús.kr. til listaverkakaupa og sýningahalds í opinberum stofnunum. Til framkvæmda við Friðkirkjuveg 7 eru ætlaðar 24.700 þús.kr. Um 15.000 þús.kr. af fjárhæðinni munu renna til að greiða fyrir verk sem unnin eru á árinu 1987 en greiðast ekki fyrir en 1988. Auk þess er ólokið ýmsum öðrum verkum í nýbyggingunni og eru 9.700 þús.kr. ætlaðar til þessara verka.

931 Náttúruverndarráð

Framlag til rekstrar Náttúruverndarráðs nemur 16.061 þús.kr. og hækkar úr 11.956 þús.kr. eða um 34%. Launagjöld hækka um 35% og önnur gjöld vegna rekstrar hækka um 14%. Rekstrarviðfangsefni eru átta og gengið er út frá því að starfsemin verði í meginráttum óbreytt frá því sem er í ár. Til viðhalds og stofnkostnaðar eru ætlaðar 3.500 þús.kr. og skiptist fjárhæðin á eftirfarandi máta: Til viðhaldsverkefna í Þjóðgarðinum í Skaftafelli fara 700 þús.kr. og til viðhalds íbúðarhúsinu að Ási við Ásbyrgi 400 þús.kr. Til framkvæmda við rannsóknastöðina að Skútustöðum er varið 1.500 þús.kr. og til framkvæmda í Þjóðgarðinum í Jökulsárgljúfrum eru ætlaðar 900 þús.kr.

973, 974 Þjóðleikhús og Sinfóníuhljómsveit Íslands

Umfjöllun um þessar tvær stofnanir er í sérstakri greinargerð um B-hluta fyrirtæki og sjóði. Vísast því til greinargerða um þau undir fjárlagaliðunum 22-973 og 22-974. Framlag til Þjóðleikhússins verður alls 148.700 þús.kr. og til Sinfóníuhljómsveitar Íslands eru ætlaðar 55.800 þús.kr. Sambærilegar tölur í fjárlögum 1987 voru 102.900 þús.kr. og 36.870 þús.kr. Framlag til Þjóðleikhússins hækkar þannig um 45% og til Sinfóníuhljómsveitar um 51%.

975 Vísindasjóður

Nokkur breyting er á þessum fjárlagalið vegna nýrra laga um Vísindaráð og Vísindasjóð (lög nr. 48/1987). Liðnum er nú skipt í tvö viðfangsefni *1.01 Vísindaráð* og *1.06 Vísindasjóður*. Vísindasjóður hefur tekjur af Arðsjóði Seðlabanka Íslands auk framlags á fjárlögum. Nú eru veittar 10.000 þús.kr. í sjóðinn og verður áætlað ráðstöfunarfé 60.000 þús.kr. að tekjum af Arðsjóði meðtöldum. Hlutverk Vísindaráðs er skilgreint með lögum. Nú er í fyrsta sinni áætlað fyrir launum framkvæmdastjóra í hálfri stöðu og einni stöðu ritara. Þá er áætlað fyrir skrifstofukostnaði og þóknun ráðsins. Á árinu 1987 voru veittar 1.300 þús.kr. til viðhalds á húseign sjóðsins að Bárugötu 3. Til áframhaldandi lagfæringa eru veittar 1.175 þús.kr. Samtals nemur fjárveiting til rekstrar sjóðsins 5.180 þús.kr. en er 2.000 þús.kr. á fjárlögum 1987.

976 Menningarsjóður

Tekjur Menningarsjóðs eru samkvæmt lögum gjald af aðgöngumiðum af kvikmyndasýningum og dansleikjum og árlegt framlag úr ríkissjóði. Áætlaðar markaðar tekjur nema 9.090 þús.kr. og er gjaldfærsla í samræmi við það.

977 Þjóðarbókhlaða

Samkvæmt lögum nr. 49/1986, um þjóðaráttak til byggingar þjóðarbókhlaðu, skal á árunum 1987-89 lagður á sérstakur eignarskattur er renni óskiptur til byggingar þjóðarbókhlaðu. Áætlað er að innheimta af álagningu ársins 1988 nemi 177.000 þús.kr. Þrátt fyrir áætlaðar tekjur þá er ákveðið að verja eigi hærri fjárhæð en 50.000 þús.kr. til framkvæmda á árinu 1988 og eru framlög úr ríkissjóði miðuð við það. Það sem umfram innheimtist liggur í ríkissjóði í árslok 1988 til ráðstöfunar síðar.

981 Kvikmyndasjóður

Samkvæmt lögum nr. 94/1983 eru tekjur sjóðsins söluskattur af seldum miðum kvikmyndahúsa. Framlag til sjóðsins nemur 40.000 þús.kr. og lækkar úr 55.000 þús.kr. í fjárlögum 1987. Innifalið í ofangreindu framlagi ársins 1987 voru 8.000 þús.kr. sem ætlaðar voru til kaupa á húsnæði fyrir Kvikmyndasjóð og Kvikmyndasafn. Ekki kom til greiðslu allrar fjárhæðarinnar á árinu 1987 og því skal taka afborgun af skuldabréfi vegna kaupanna af framlagi til sjóðsins 1988 með sama hætti og 1987.

982 Listir, framlög

Heildarframlag nemur 138.010 þús.kr. og hækkar frá fjárlögum líðandi árs um 58%. Framlagið skiptist á eftirfarandi hátt:

	Fjárlög 1987 þús. kr.	Frumvarp 1988 þús. kr.	Breyting	
			þús. kr.	%
Listamannalaun	-	6.700	6.700	.
Launasjóður rithöfunda	-	15.000	15.000	.
Starfslaun listamanna	23.340	10.000	-13.340	-57
Höfundagreiðslur skv. 21. gr. höfundalaga	222	300	78	35
Rithöfundasjóður Íslands	4.851	5.300	449	9
Þýðingarsjóður	2.918	3.510	592	20
Leikfélag Reykjavíkur	6.500	10.000	3.500	54
Leikfélag Akureyrar	6.000	9.200	3.200	53
Leiklistarstarfsemi	6.000	10.000	4.000	67
Bandalag íslenskra leikfélaga	780	1.000	220	28
Önnur leiklistarstarfsemi	2.000	3.000	1.000	50
Leiklistarráð	150	2.000	1.850	1.233
Alþýðuleikhús	2.050	2.100	50	2
Kynning á íslenskri list erlendis	3.234	6.000	2.766	86
Íslenska óperan	4.700	9.200	4.500	96
Íslenski dansflokkurinn	930	1.500	570	61
Íslensk tónverkamiðstöð	-	1.200	1.200	.
Sinfóníuhljómsveit æskunnar	-	1.600	1.600	.
Tónlistarstarfsemi, styrkir	2.800	5.000	2.200	79
Listasöfn, styrkir	1.832	2.500	668	36
Myndlistaskólinn í Reykjavík	1.600	3.500	1.900	119
Myndlistarskólinn á Akureyri	2.500	3.500	1.000	40
Samband íslenskra myndlistarmanna	720	1.000	280	39
Listasafn Sigurjóns Ólafssonar	1.200	1.700	500	42
Heiðurslaun listamanna skv. ákvörðun Alþingis	5.280	6.900	1.620	31
Bandalag íslenskra listamanna	58	100	42	72
Listkynning, styrkir	198	400	202	102
Lista- og menningarmál, ýmis	4.000	10.000	6.000	150
Menningarkynning í Japan	-	2.100	2.100	.
Leikfélög, skuldagreiðslur	3.500	3.500	-	.
Ferðaleikhúsið	175	300	125	71
Samtals	87.538	138.110	50.572	58

Helstu breytingar eru þær að viðfangsefninu *starfslaun listamanna* í fjárlögum 1987 er nú skipt í þrennt að nýju: *Listamannalaun*, *launasjóður listamanna* og *starfslaun listamanna*. Þá verða til þrjú ný viðfangsefni: *Íslensk tónverkamiðstöð*, *Sinfóníuhljómsveit æskunnar* og *menningarkynning í Japan*. Þess ber að geta að á árinu 1987 hafa verið gerðir samningar um úrlausn á fjárhagserfiðleikum *Íslensku óperunnar* og *Leikfélags Akureyrar*. Framlög til þessara aðila eru samkvæmt því.

983 Vísindaleg starfsemi

Framlag á þessum lið verður alls 9.283 þús.kr. Þar af eru 7.783 þús.kr. ætlaðar til greiðslna vegna rannsóknaleyfa ríkisstarfsmanna í samræmi við kjarasamninga og samkvæmt ákvörðun menntamálaráðuneytis. Þetta er nýtt verkefni og með þessu móti er tekið fyrir árlegar aukafjárveitingar af sömu ástæðum. Framlag til vísinda- og fræðistarfa hækkar um 39% og nemur alls 1.150 þús.kr. Þá verður framlag til samstarfsnefndar um upplýsingamál 350 þús.kr. en framlagið var 280 þús.kr. í fjárlögum 1987.

984 Norræn samvinna

Heildarframlag er 2.200 þús.kr. og lækkar úr 9.759 þús.kr. í fjárlögum 1987. Ástæða lækkunarinnar er sú að viðfangsefnið *samstarf á sviði menningarmála skv. samnorrænni fjárhagsáætlun* er fellt af þessum fjárlagalið og flutt undir utanríkisráðuneytið. Einnig fellur niður viðfangsefnið *Norræni sumarháskólinn*. Þá bætist og við nýtt viðfangsefni *Menningarsjóður Íslands og Finnlands* og er framlag til þess 60 þús.kr. Að öðru leyti skiptast framlög samkvæmt eftirfarandi yfirliti:

	Fjárlög 1987 þús. kr.	Frumvarp 1988 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Norrænt samstarf	426	580	154	36
Norræna félagið	324	430	106	33
Samstarf á sviði menningarmála skv. norrænni fjárhagsáætlun	7.334	-	-7.334	.
Norræni sumarháskólinn	400	-	-400	.
Menningarsamskipti við Færeyinga	292	350	58	20
Menningarsjóður Íslands og Finnlands	-	60	60	.
Þátttaka í framkvæmdastjórn UNESCO	478	200	-278	-58
Alþjóðleg rannsóknáætlun um borun á hafsbotni .	505	580	75	15
Samtals	9.759	2.200	-7.559	-77

985 Félagsheimilásjóður

Framlag til þessa sjóðs fellur niður í samræmi við stefnu stjórnvalda um tilflutning verkefna milli ríkis og sveitarfélaga.

986 Íþróttasjóður

Framlag til þessa sjóðs fellur niður í samræmi við stefnu stjórnvalda um tilflutning verkefna milli ríkis og sveitarfélaga.

988 Æskulýðsmál

Fjárveiting nemur alls 8.640 þús.kr. og lækkar frá fjárlögum 1987 um 40%. Viðfangsefni eru hin sömu og í fjárlögum 1987 og skiptist fjárveitingin samkvæmt eftirfarandi yfirliti:

	Fjárlög 1987 þús. kr.	Frumvarp 1988 þús. kr.	Breyting	
			þús. kr.	%
Æskulýðsráð ríkisins	1.000	1.150	150	15
Æskulýðssamband Íslands	187	230	43	23
Ungmennafélag Íslands	7.000	2.300	-4.700	-67
Bandalag íslenskra skáta	3.100	3.570	470	15
Bandalag íslenskra skáta vegna Úlfjótswatns	1.751	580	-1.171	-67
Íslenskir ungtemplarar	210	230	20	10
Starfsemi KFUM og KFUK	1.050	580	-470	-45
Samtals	14.298	8.640	-5.658	-40

Framlag til *Ungmennafélags Íslands* lækkar vegna þess að tekið er tillit til tekna ungmennafélagsshreyfingarinnar af svokölluðu lottófé. Auk þess var við fjárveitingu ársins 1987 haft í huga landsmót hreyfingarinnar á árinu.

989 Ýmis íþróttamál

Fjárveiting nemur samtals 30.490 þús.kr. og lækkar um 7.308 þús.kr. frá fjárlögum 1987. Sú breyting verður á þessum fjárlagalið að viðfangsefnum fjölgar um þrjú: *1.24 Skólaskákmót*, *1.25 Skákskólinn* og *1.26 Bridgesamband Íslands*. Breytingar koma fram í eftirfarandi yfirliti:

	Fjárlög 1987 þús. kr.	Frumvarp 1988 þús. kr.	Breyting	
			þús. kr.	%
Íþróttasamband Íslands	26.258	14.380	-11.878	-45
Ólympíunefnd Íslands	5.500	6.330	830	15
Ólympíunefnd fatlaðra	525	690	165	31
Íþróttamál fatlaðra	2.000	2.300	300	15
Íþróttastarfsemi, almenn	500	580	80	16
Skáksamband Íslands	450	1.150	700	156
Stórmeistarar í skák	2.250	3.320	1.070	48
Skákmót, styrkir	315	580	265	84
Skólaskákmót	-	350	350	.
Skákskólinn	-	350	350	.
Bridgesamband Íslands	-	460	460	.
Samtals	37.798	30.490	-7.308	-19

Framlag til *Íþróttasambands Íslands* lækkar frá fjárlögum 1987 þar sem hliðsjón er höfð af þeim tekjum sem íþróttahreyfingin hefur af svokölluðu lottói.

991 Húsfriðun

Framlag nemur samtals 6.430 þús.kr. og lækkar frá fjárlögum 1987 um 6.024 þús.kr. Lækkunin verður til vegna þess að viðfangsefnið *byggða- og minjasöfn* fellur út og verður í framtíðinni kostað af sveitarfélögum. Að öðru leyti munu framlög breytast frá gildandi fjárlögum eins og fram kemur í eftirfarandi yfirliti:

	Fjárlög 1987 þús. kr.	Frumvarp 1988 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Hið íslenska fornleifafélag	204	230	26	13
Húsfriðunarsjóður	2.000	2.800	800	40
Nesstofa	550	800	250	45
Bygga- og minjasöfn	7.400	-	-7.400	.
Sjóminjasafn Íslands	2.300	2.600	300	13
Samtals	12.454	6.430	-6.024	-48

999 Ýmislegt

Heildarframlag nemur 30.420 þús.kr. en var 23.663 þús.kr. í fjárlögum 1987. Hækkun er því um 41%. Viðfangsefni sem falla niður eru eftirfarandi: *Dimmuborgir í Mývatnssveit, Náttúrugripasafnið í Vestmannaeyjum, Landssamband hjálparveita skáta, björgunarnámskeið, Fóstrufélag Íslands, samnorrænt námskeið, Hlíðardalsskóli, viðhald* og Norræna húsið, kaup á sýningarmunum. Aftur á móti bætist við viðfangsefnið *1.60 Evreka*. Framlag skiptist eins og fram kemur í eftirfarandi yfirliti:

	Fjárlög 1987 þús. kr.	Frumvarp 1988 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Amtsbókasafn vegna skilaskyldu	250	290	40	16
Dimmuborgir í Mývatnssveit	900	-	-900	.
Geysir í Haukadal	750	860	110	15
Reykholtsstaður	268	350	82	31
Landssamband hjálparveita skáta	1.035	1.150	115	11
Landssamband hjálparveita skáta, Björgunarnámskeið	400	-	-400	.
Evreka	-	580	580	.
Landakotsskóli, rekstrarstyrkur	1.875	2.190	315	17
Hlíðardalsskóli, rekstrarstyrkur	2.500	2.880	380	15
Til Cornell- og Manitobaháskóla	105	120	15	14
Söfn, styrkir	1.050	1.150	100	10
Félög, styrkir	300	350	50	17
Ýmis framlög	3.700	8.050	4.350	118
Kvenfélagasamband Íslands	794	920	126	16
Iðnsaga Íslands	2.451	2.760	309	13
Náttúrugripasafn Vestmannaeyja	300	-	-300	.
Safnastofnun Austurlands	1.500	3.700	2.200	147
Hlíðardalsskóli, viðhald	300	-	-300	.
Tónlistarsaga Íslands	1.167	1.380	213	18
Fóstrufélag Íslands, samnorrænt námskeið	500	-	-500	.
Útflutnings- og markaðsskólinn	2.500	2.880	380	15
Útvarpsréttarnefnd	700	810	110	16
Norræna húsið, kaup á sýningarmunum	318	-	-318	.
Samtals	23.663	30.420	6.757	29

Í júní 1987 var gerður samningur milli menntamálaráðuneytisins og fjármálaráðuneytisins annars vegar og Minjasafns Austurlands, Egilsstaðahrepps f.h. Bókasafns Héraðsbúa og Héraðsskjalasafns Austfirðinga hins vegar um fjárframlög ríkisins til byggingar *Safnastofnunar Austurlands*. Samkvæmt samningnum er ríkissjóður skuldbundinn til að greiða tiltekinn hluta byggingarkostnaðar á árunum 1987 til 1995. Greiðsla ríkissjóðs 1988 er áætluð 3.700 þús.kr.

03 Utanríkisráðuneyti

Útgjöld málefnaflokka utanríkisráðuneytisins breytast milli ára eins og hér segir:

	Fjárlög	Frumvarp	Breyting	
	1987	1988	þús. kr.	%
Yfirstjórn	93.474	195.602	102.128	109
Löggæsla á Keflavíkflugvelli	95.392	162.040	66.648	70
Sendiráð	174.572	196.649	22.077	13
Alþjóðastofnanir	109.858	103.000	-6.858	-6
Samtals	473.296	657.291	183.995	39

Engir markaðir tekjustofnar renna til þessa ráðuneytis. Hér á eftir verður fjallað um helstu fjárlagaliði ráðuneytisins til skýringar á breyttum framlögum til einstakra málaflokka.

101 Aðalskrifstofa

Fjárveiting til aðalskrifstofu ráðuneytisins nemur samtals 130.024 þús.kr. Þar af er framlag til *yfirstjórnar* 80.841 þús. kr. og hækkar það um 45% frá fjárlögum 1987. Hækkun launaliðar er m.a. vegna mikillar hækkunar á launum ædstu stjórnar sem tekur laun samkvæmt niðurstöðu kjaradóms. Vega sú laun hlutfallslega mikið hér. Stöðugildum hefur fjölgað um eitt frá gildandi fjárlögum. Er það staða bókasafnsfræðings. Alls eru því starfsmenn á yfirstjórn ráðuneytisins 25 talsins. Nú er áætlað fyrir rekstri *viðskiptaskrifstofu* í fyrsta sinn. Sú áætlun byggir á starfsmönnum í fjórum stöðugildum auk launa eins lausráðins starfsmanns. Undir öðrum gjöldum viðskiptaskrifstofu er framlag sem að hluta samsvarar viðfangsefninu *markaðsmál* í fjárlögum 1987. Af þessum lið er greiddur ýmis kostnaður í sendiráðum sem beinlínis tengist markaðsmálum. Framlag til *Útflutningsráðs Íslands* hefur verið millifært frá viðskiptaráðuneyti og er framlagið 11.500 þús.kr. í frumvarpinu samanborið við 10.000 þús.kr. í fjárlögum. Þessar breytingar eru í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að flytja utanríkisviðskiptamál til utanríkisráðuneytisins. Framlag vegna *staðgengils samstarfsráðherra Norðurlanda* sem var nýtt í fjárlögum 1987 er nú flutt á sérstakan fjárlagalið 03–103 *Skrifstofa ráðherranefndar Norðurlandaráðs*. Er vísað til sérstakrar greinargerðar um þann lið. Áhersla er nú lögð á hækkun framlags til upplýsinga- og landkynningar en til þessara tveggja viðfangsefna eru nú veittar samtals 5.040 þús.kr. eða 56% hækkun framlagsins frá fjárlögum 1987. Framlag til stofnkostnaðar, 700 þús.kr., er vegna aukningar á tölvubúnaði í tengslum við nýja viðskiptaskrifstofu. Í eftirfarandi töflu er gerð nánari grein fyrir skiptingu heildarframlagsins eftir viðfangsefnum:

	Fjárlög	Frumvarp	Breyting	
	1987	1988	þús. kr.	%
Yfirstjórn	55.699	80.841	25.142	45
Staðgengill samstarfsráðherra Norðurlanda.	3.921	–	-3.921	.
Kjörræðismenn	585	740	155	27
Samningar við erlend ríki	675	1.140	465	69
Alþjóðaráðstefnur	9.373	13.860	4.487	48
Upplýsinga- og kynningarstarfsemi	2.343	3.780	1.437	61
Kvikmyndir og myndbönd, landkynning	878	1.260	382	44
Markaðsmál	2.138	–	-2.138	.
Viðskiptaskrifstofa	–	16.203	16.203	.
Útflutningsráð Íslands	10.000	11.500	1.500	15
Stofnbúnaður	500	700	200	40
Samtals	86.112	130.024	43.912	51

102 Varnarmálaskrifstofa

Framlög til rekstrar varnarmálaskrifstofu nema 23.103 þús.kr. og hækka um 62% frá gildandi fjárlögum. Launaáætlun byggir á sama stöðufjölda og í fjárlögum 1987. Mikil hækkan er hins vegar á útgjöldum vegna yfirvinnu og áætlunar um nefndalaun. Önnur gjöld hækka vegna hækkunar húsaleigu og rekstrar á stærra húsnæði þar eð varnarmálaskrifstofan hefur tekið á leigu aukið húsnæði að Skúlagötu 63. Framlag til *fulltrúa í Brussel* nemur 3.289 þús.kr. Miðast það við launagjöld vegna stöðu einshermálafulltrúa.

103 Skrifstofa Ráðherranefndar Norðurlandaráðs

Við þriðju umræðu um fjárlagafrumvarp 1987 var tekið inn nýtt viðfangsefni undir aðalskrifstofu utanríkisráðuneytisins. Fékk það nafnið *Staðgengill samstarfsráðherra Norðurlanda* og var framlag miðað við laun tveggja starfsmanna. Var önnur staðan flutt af aðalskrifstofu viðskiptaráðuneytis. Framlag vegna þessarar starfsemi er áætluð hér á sérstökum fjárlagalið og nafni hefur jafnframt verið breytt. Launaáætlun byggir á launum tveggja starfsmanna eins og áður. Í áætlun um önnur gjöld hefur verið bætt húsaleigu og kostnaði við rekstur húsnæðis sem ekki var í áætlun 1987 en aðsetur skrifstofunnar verður að Skúlagötu 63. Tilfærslur að upphæð 31.050 þús.kr. er framlag Íslands til norrænu fjárlaganna og eru þau ákveðin af þingi Norðurlandaráðs. Þessi útgjöld eru millifærð frá öðrum ráðuneytum. Annars vegar frá forsætisráðuneyti, aðalskrifstofu, viðfangsefnið *1.31 Skrifstofa Ráðherranefndar Norðurlandaráðs*, og var framlag í gildandi fjárlögum 17.772 þús.kr. Hins vegar frá menntamálaráðuneyti, fjárlagalið *02-984 Norræn samvinna*, viðfangsefni *1.12 Samstarf á sviði menningarmála skv. samnorrænni fjárhagsáætlun*. Framlag í fjárlögum 1987 var 7.334 þús.kr. Framlag til norrænu fjárlaganna hækkar því um 5.944 þús.kr. og tekur breytingum í samræmi við gengisskráningu dönsku krónunnar.

201 Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli

Útgjöld vegna lögreglustjóraembættisins eru samtals áætluð 162.040 þús.kr. Þar af er 2.400 þús.kr. framlag til stofnkostnaðar og eru 1.200 þús.kr. til bifreiðakaupa vegna tollgæslunnar á Keflavíkurflugvelli og 1.200 þús.kr. vegna fjarskiptabúnaðar og bifreiðakaupa ríkislögreglunnar á Keflavíkurflugvelli. Til rekstrar eru áætlaðar 159.640 þús.kr. og er hækkan frá framlagi í fjárlögum 1987 um 72%. Helstu skýringar á hækkan eru eftirfarandi: Heimild fyrir fjölgun starfsmanna við tollgæslu var veitt fyrr á þessu ári og eru stöður sex fleiri en í fjárlögum 1987. Laun hækka vegna þessa um rúmlega 8.000 þús.kr. Auk þess hækkuðu laun tollvarða töluvert í samningum sem gerðir voru seint á árinu 1986. Hækkan sú var ekki tekin með í áætlun fyrir stofnunina í fjárlögum 1987 heldur sett á sérstakan safnlið, *09-989 Launa- og verðlagsmál*. Sama skýring gildir fyrir ríkislögregluna á Keflavíkurflugvelli. Hvað önnur gjöld varðar er skýring á hækkan þeirra m.a. aukin húsaleiga tollgæslunnar í nýrri flugstöð. En meginskýring er þó sú að hér hefur ekki farið saman áætlun í fjárlögum og rekstrarútkoma og hefur svo verið í mörg ár. Við síðustu fjárlagagerð var áætlun verulega hækkuð en jafnframt átti að gera ýmsar breytingar á rekstri er leiða mundu til hagræðingar og sparnaðar. Ekki sér þess merki í reikningum ársins að slíkt hafi átt sér stað. Á það hefur verið bent að skilja beri milli rekstrar embættisins og innheimtufjár þess. Er slíkt í samræmi við málsmeðferð hjá bæjarfógeta- og sýslumannsembættum. Til þessa hefur slíkt ekki verið gert hjá Lögreglustjóraembættinu á Keflavíkurflugvelli og hefur árlega verið farið verulega fram úr fjárlagaheimildum í útgjöldum. Framlög til viðfangsefna embættisins skiptast eins og fram kemur í eftirfarandi yfirliti:

	Fjárlög 1987 þús. kr.	Frumvarp 1988 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Yfirstjórn	9.043	12.953	3.910	43
Tollgæsla á Keflavíkurflugvelli	35.826	68.336	32.510	91
Ríkislögregla á Keflavíkurflugvelli	47.319	76.970	29.651	63
Varnarstöðvar utan Keflavíkurflugvallar	804	1.381	577	72
Rekstrarviðfangsefni	92.992	159.640	66.648	72
Stofnkostnaður	2.400	2.400	-	.
Samtals	95.392	162.040	66.648	70

301-313 Sendiráð Íslands erlendis

Framlag til rekstrar sendiráða Íslands erlendis verður samtals 186.449 þús.kr. Hækkar það um 20.777 þús.kr. frá gildandi fjárlögum eða um 13%. Til viðhaldsframkvæmda eru ætlaðar 10.200 þús. kr. samanborett við 8.900 þús.kr. í fjárlögum 1987. Stofnkostnaðarframlag er 4.100 þús.kr. og er m.a. til kaupa á bifreið í París og annarri í New York. Í fjárlögum 1987 er framlag til stofnkostnaðar 2.700 þús.kr. Í eftirfarandi töflu kemur fram sundurliðun á rekstrarframlagi eftir sendiráðum.

	Fjárlög 1987 þús. kr.	Frumvarp 1988 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Sendiráð Íslands í Bonn og fastanefnd hjá Evrópuráðinu	11.472	12.365	893	8
Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn	13.206	14.941	1.735	13
Sendiráð Íslands í London	13.505	15.301	1.796	13
Sendiráð Íslands í Moskvu	12.650	14.737	2.087	17
Sendiráð Íslands í Ósló	10.674	13.511	2.837	27
Sendiráð Íslands í París og fastanefnd hjá OECD og UNESCO	15.593	19.205	3.612	23
Sendiráð Íslands í Stokkhólmi	10.015	10.846	831	8
Sendiráð Íslands í Washington	16.826	17.010	184	1
Fastanefnd Íslands hjá Sameinuðum og aðalræðismaður í New York	21.842	22.082	240	1
Sendiráð Íslands í Brussel og hjá Evrópubandalaginu	7.987	11.213	3.226	40
Fastanefnd Íslands hjá Norður-Atlantshafsbandalaginu	15.463	17.029	1.566	10
Fastanefnd Íslands hjá alþjóðastofnunum og hjá EFTA í Genf	16.439	18.209	1.770	11
Samtals	165.672	186.449	20.777	13

Mismunandi hreyfingar á gengi helstu mynta orsaka mismunandi breytingar á framlagi til einstakra sendiráða samanborett við fjárlög 1987. Samtals hækka heildarframlög um 20.777 þús.kr., þar af vegna gengis-, launa- og verðlagsþróunar um 13.277 þús.kr. Helstu breytingar frá fjárlögum 1987 eru eftirfarandi: Ný staða sendiráðsritara bætist við í sendiráði Íslands í París og staða ritara við sendiráðið í Brussel. Auk þess verður smávægileg hækkun á launum staðarráðinna starfsmanna í Brussel og Genf. Samtals hækka laun um 3.500 þús.kr. vegna þessa. Hækkun annarra gjalda umfram gengis- og verðlagsþróun er um 4.000 þús.kr. og tengist það hærri húsaleigu og auknum

rekstrarkostnaði vegna stækkunar húsnæðis. Á þetta við sendiráðin í Kaupmanna- höfn, Moskvu, Washington, Óslo, Brussel og New York. Hækkun á framlagi til sendiráðsins í Brussel er þó fyrst og fremst vegna endurmats á heildarkostnaði við það sendiráð. Við fjárlagagerð 1987 var í fyrsta sinn áætlað fyrir þessum kostnaði og var ekki nægilega ljóst hver hann yrði. Samtals hækka laun um 12% og önnur gjöld um 13%. Að frátöldum þeim breytingum sem tífundaðar eru hér að framan hækka laun um 9% frá fjárlögum og önnur gjöld um 6%. Mestur hluti tilkostnaðar við sendiráðin fellur til í mynt viðkomandi lands. Launa- og gjaldatölur eru umreiknaðar samkvæmt gengisskráningu 7. september 1987.

390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands

Framlag nemur 20.000 þús.kr. en var 30.000 þús.kr. í gildandi fjárlögum. Ekki liggur fyrir tillaga um skiptingu fjárens, en hún mun lögð fyrir fjárveitinganefnd Alþingis.

399 Ýmis utanríkismál

Framlög til ýmissa utanríkismála nema 10.170 þús.kr. Framlag til Háskóla Sameinuðu þjóðanna hækkar í samræmi við verðlag innanlands. Lítil hlutfallshækkun heildarframlags er vegna sérstaks framlags til bifreiðakaupa í fjárlögum 1987 að upphæð 800 þús.kr. Framlög til hinna tveggja viðfangsefnanna á þessum fjárlagalið eru miðuð við kanadíska dali og því er ekki hækkun á þeim framlögum. Styrkur til Lögbergs-Heimskringlu er miðaður við 8.000 kanadadíska dali en framlag vegna samskipta við Vestur-Íslendinga er um 5.600 kanadískir dalir. Breytingar koma fram í eftirfarandi töflu:

	Fjárlög 1987 þús. kr.	Frumvarp 1988 þús. kr.	Breyting	
			þús. kr.	%
Lögberg-Heimskringla	234	230	-4	-2
Samskipti við Vestur-Íslendinga	163	160	-3	-2
Háskóli Sameinuðu þjóðanna	9.054	9.780	726	8
Samtals	9.451	10.170	719	8

401 Alþjóðastofnanir

Framlög til alþjóðastofnana nema 72.830 þús.kr. og hækka um 2.423 þús.kr. eða 3% frá fjárlögum 1987. Viðfangsefni eru þau sömu og í gildandi fjárlögum. Framlögum á þessum lið má skipta í tvennt eftir því hvort um skyldugreiðslu er að ræða eða frjáls framlög. Með aðild sinni að ýmsum alþjóðastofnunum og samningum hefur íslenska ríkið skuldbundið sig til að greiða ákveðið hlutfall af rekstrarkostnaði eða öðrum kostnaði viðkomandi stofnunar. Ekki er hægt að komast hjá slíkum greiðslum nema íslenska ríkið taki aðild sína að viðkomandi stofnun til endurskoðunar. Frjáls framlög eru hins vegar ákvörðunaratriði ríkisstjórnar og Alþingis. Flest framlögin eru ákvörðuð í erlendri mynt og í frumvarpinu eru þau miðuð við gengisskráningu 7. september 1987. Stór hluti framlaganna er ákvarðaður í bandaríkjadöllum og lækkar því frá fjárlögum 1987, í íslenskum krónum talið, vegna lækkunar bandaríkjadals gagnvart krónunni. Sérstakar hækkunir eru eftirfarandi: Framlag til *Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna*, *FAO*, hækkar úr 64.000 USD í 79.200 USD. Framlag til *Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna*, *UNHCR* hækkar úr 31.500 USD í 33.500 USD og framlag til *Evrópuráðsins* hækkar úr 500.000 USD í 557.000 USD. Aðrar breytingar eru óverulegar.

04 Landbúnaðarráðuneyti

Útgjöld málefnaflokkanna landbúnaðarráðuneytisins breytast milli ára sem hér greinir:

	Fjárlög 1987 þús. kr.	Frumvarp 1988 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Yfirstjórn	35.965	64.305	28.340	79
Búnaðarmál	1.505.587	1.580.880	75.293	5
Skólar	102.487	129.037	26.550	26
Samtals	1.644.039	1.774.222	130.183	8

Engir markaðir tekjustofnar renna til þessa ráðuneytis og verður nú gerð grein fyrir helstu fjárlagaliðum til skýringar á hækkun framlaga til málefnaflokkanna þess.

101 Aðalskrifstofa

Fjárveiting á árinu 1988 verður 37.805 þús.kr. sem er 79% hækkun frá fjárlögum 1987. Launagjöld hækka um 56% og verða 20.775 þús.kr. Skýringin á hækkun launaliðar umfram áætlaða verðlagsþróun eru laun bílstjóra sem nú eru talin hjá ráðuneytinu, samtals 1.100 þús.kr. Einnig er nokkur hækkun á launum til ýmissa starfa. Á skrifstofunni eru starfsmenn á föstum launum í sem nemur 11,5 stöðugildum. Önnur rekstrargjöld hækka um um 111% og verða 16.530 þús.kr. Hækkunin stafar af leigugjöldum og rekstrarkostnaði af stærra húsnæði ráðuneytisins að Rauðarárstíg 25, einnig bætist við rekstrarkostnaður bifreiðar. Samtals hækka þessir liðir rekstrargjöldin um 6.700 þús.kr.

171 Jarðeignir ríkisins

Framlag verður 11.500 þús.kr. Framlag þetta er ætlað til að greiða fráfarandi ábúendum ríkisjarða fyrir endurbætur á landi og húsakosti, til að kosta hlut ríkissjóðs við framkvæmdir á ríkisjörðum og til að greiða skatta, tryggingar og viðhald jarða sem ekki eru í ábúð.

172 Jarðasjóður

Veittar eru 15.000 þús.kr. til sjóðsins samanborið við 4.000 þús.kr í fjárlögum 1987. Hlutverk Jarðasjóðs er að aðstoða sveitarfélög og bændur við eigendaskipti á jörðum, sbr. lög nr. 65/1976, jarðalög. Hækkun framlagsins er ætlað að auðvelda búháttabreytingar. Í starfsáætlun stjórnarinnar er stefnt að því að efla Jarðasjóð meðal annars með hliðsjón af því fé sem sparast með breytingum á jarðræktar- og búfjárræktarlögum. Sjóðnum er heimilt meðal annars að kaupa jarðir sem eru óhagstæðar til búskapar, eru afskekktar og liggja illa við samgöngum, eða jarðir sem eigendur hafa ekki tök á að sitja lengur.

201 Búnaðarfélag Íslands

Framlag til Búnaðarfélags Íslands nemur alls 55.211 þús.kr. en nam 48.511 þús.kr. í fjárlögum 1987. Framlag til ráðunauta er lækkað um 25% á föstu verði og er reiknað með að atvinnuvegurinn taki á sig hluta af kostnaðinum með því að greiða fyrir þjónustuna. Framlagið skiptist á viðfangsefni samkvæmt eftirfarandi yfirliti:

	Stöður	Fjárlög 1987 þús. kr.	Frumvarp 1988 þús. kr.	Breyting %
Yfirstjórn	5,5	12.369	15.520	25
Ráðunautar	17,5	21.142	21.136	0
Sérfræðileg aðstoð við landbúnaðinn	10,0	15.004	19.345	29
Ýmis framlög	–	1.676	1.930	15
Landþurrkun	–	540	620	15
Samtals	33	50.731	58.551	15
Sértekjur		2.220	–3.340	–250
Fjárveiting		48.511	55.211	14

205 Veidistjóri

Gert er ráð fyrir svipaðri starfsemi hjá embætti veiðistjóra og 1987. Framlag til rekstrar nemur 4.248 þús.kr. samanborið við 3.437 þús.kr. í fjárlögum 1987. Við embættið eru nú starfsmenn í 2,6 stöðugildum. Ekki er gert ráð fyrir ríkissjóðsframlagi til greiðslu fyrir eyðingu refs og minks en í fjárlögum 1987 nam það 3.621 þús.kr. Samkvæmt 13. gr. laga nr. 52/1957, um eyðingu refa og minka, ber ríkissjóði að greiða 2/3 hluta kostnaðar við þá starfsemi. Í frumvarpi til lánsfjárlaga er sótt um heimild til niðurfellingar á greiðsluhlutdeild ríkissjóðs 1988.

206 Rannsóknastofnun landbúnaðarins

Fjárveiting til Rannsóknastofnunar landbúnaðarins hækkar úr 74.921 þús.kr. í fjárlögum 1987 í 83.078 þús.kr. eða um 11%. Launagjöld hækka um 17% og verða 59.428 þús.kr. Önnur gjöld vegna rekstrar lækka úr 21.840 þús.kr. í fjárlögum 1987 í 21.080 þús.kr. Lækkun útgjalda að raunvirði stafar af því að framlög til allra tilraunastöðvanna utan stöðvarinnar að Sámstöðum eru felld niður. Stöðum starfsmanna fækkar við þetta um tíu og verða 46,75. Á hverri hinna stöðvanna, að Hesti, Möðruvöllum, Skriðuklaustri og Stóra-Ármóti, falla niður tvær stöður og ein staða á stöðvunum að Reykhólum og Korpu-Þormóðsdal. Að öðru leyti er miðað við óbreytta starfsemi. Sértekjur stofnunarinnar hækka um 12% og verða 7.630 þús.kr. Til meiri háttar viðhalds eru veittar 500 þús.kr. samanborið við 1.800 þús.kr. í fjárlögum 1987. Veittar eru 5.000 þús.kr. til byggingar húss bútæknideildar að Hvanneyri, til tækjakaupa að Sámstöðum eru ætlaðar 1.200 þús.kr. og 1.000 þús.kr. til að greiða af lánum vegna byggingar fjóss að Möðruvöllum. Þá eru veittar 2.500 þús.kr. til tækjakaupa fyrir deildir. Samtals eru því veittar 9.700 þús.kr. til framkvæmda og tækjakaupa samanborið við 7.500 þús.kr. í fjárlögum 1987. Í meðfylgjandi yfirliti kemur fram skipting starfsmanna á viðfangsefni og fjárveiting í fjárlögum 1987 og frumvarpi til fjárlaga 1988:

	Stöður	Fjárlög 1987 þús.kr.	Frumvarp 1988 þús.kr.	Breyting %
Yfirstjórn	6,0	9.071	11.784	30
Rannsóknasvið	38,25	49.448	64.923	31
Korpa og Þormóðsdalur	-	1.790	-	.
Stóra-Ármót	-	1.188	-	.
Tilraunabúið Hesti	-	2.117	-	.
Tilraunastöðin Reykhólum	-	1.414	-	.
Tilraunastöðin Möðruvöllum	-	2.435	-	.
Tilraunastöðin Skriðuklaustri	-	2.271	-	.
Tilraunastöðin Sámsstöðum	2,5	2.724	3.801	40
Viðhald		1.800	500	-72
Stofnkostnaður		500	9.700	29
Samtals	46,75	81.758	90.708	11
Sértekjur		-6.837	-7.630	12
Fjárveiting		74.921	83.078	11

221 Áburðarverksmiðja ríkisins

Framlag ríkisins í fjárlögum 1987, 120.000 þús.kr., fellur niður í þessu frumvarpi. Nánar má sjá um þetta í athugasemd um Áburðarverksmiðjuna í B-hluta.

231 Skógrækt ríkisins

Skógrækt ríkisins og fjárlaga- og hagsýslustofnun hafa á árunum 1985 og 1986 unnið að endurskoðun á skipulagi og rekstri stofnunarinnar. Í mars 1987 tók gildi nýtt skipurit fyrir Skógrækt ríkisins. Í því felst sameining nokkurra rekstrareininga innan Skógræktarinnar og fleiri atriði sem miða að einföldun í skipulagi stofnunarinnar og greiðari boðleiðum. Í skipuritinu er gert ráð fyrir að fastar stöður verði 24 og hefur ráðninganefnd ríkisins heimilað þann fjölda. Framlag ríkissjóðs til stofnunarinnar verður 61.108 þús.kr. sem er 56% hækkun frá fjárlögum 1987. Eina breytingin sem gerð er á viðfangsefnum hjá stofnuninni er sú að felld er niður viðfangsefnið *framkvæmdir í Fljótsdal* en framlag nam 350 þús.kr. í fjárlögum 1987. Framlög til Skógræktar ríkisins samkvæmt fjárlögum 1987 og samkvæmt frumvarpi þessu eru sýnd í eftirfarandi yfirliti:

	Fjárlög 1987 þús. kr.	Frumvarp 1988 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Almennur rekstur	63.183	89.448	26.265	42
Framkvæmdir í Fljótsdal	350	-	-350	.
Tilraunir með rötarskóga	150	170	20	13
Nytjaskógar	2.780	2.880	100	4
Fimmtán ára áætlun um nytjaskógrækt	2.461	2.990	529	22
Skógrækt einstaklinga, styrkir	400	460	60	15
Viðhald	700	2.500	1.800	257
Stofnkostnaður	4.480	7.200	2.720	61
Samtals	74.504	105.648	31.144	42
Sértekjur	-35.290	-44.540	-9.250	26
Fjárveiting	39.214	61.108	21.894	56

Launaliður á viðfangsefnum *almennur rekstur* nemur alls 58.078 þús.kr. Þar á meðal eru laun 24 fastráðinna starfsmanna og laun lausráðins starfsfólks við skógræktarstörf.

Meðal annarra gjalda á viðfangsefninu eru áætlaðar 200 þús.kr. til athugana og úrvinnslu gagna um trjávöxt á ýmsum stöðum hér á landi. Að þessu verkefni hefur verið unnið undanfarin ár en niðurstöður þessara athugana skipta miklu um val á trjátegundum til skógræktar. Framlag til viðhalds nemur alls 2.500 þús.kr. Þar af eru 700 þús.kr. ætlaðar til endurbóta á hitalögnum o.fl. í gróðurhúsinu að Mógilsá. Framlag til stofnkostnaðar nemur alls 7.200 þús.kr. Þar af eru 1.800 þús.kr. ætlaðar til frágangs á starfsmannahúsi í Þjórsárdal. Sértekjur eru alls áætlaðar 44.540 þús.kr. en það er hækkun um 26% frá fjárlögum 1987. Sértekjur hafa farið vaxandi hjá stofnuninni á síðari árum og er nú talið að þær geti numið tæplega 45% heildargjalda.

235 Landgræðsla ríkisins

Framlag til stofnunarinnar er nú 54.083 þús.kr. sem er 55% hækkun frá fjárlögum 1987. Laun og önnur rekstrargjöld hækka um 39% hvort. Sú breyting er gerð á framsetningu að fjórum viðfangsefnum í fjárlögum, *yfirstjórn, almennri landgræðslu, landgræðsluvörðum og rekstri flugvéla*, er slegið saman í eitt viðfangsefni, *almenna landgræðslu*. *Búrekstur* er óbreyttur frá fjárlögum. Til viðhalds eru ætlaðar 2.500 þús.kr., þar af 625 þús.kr. til fasteigna í Gunnarsholti, 1.250 þús.kr. til skoðunar flugvéla og 625 þús.kr. til viðhalds girðinga. Stofnkostnaðarframlag nemur 6.800 þús.kr. Til frágangs við starfsmannahús eru ætlaðar 625 þús.kr., til girðinga 1.250 þús.kr. og til endurnýjunar á vörubifreið, 4.300 þús.kr.

242 Mat á landbúnaðarafurðum

Fjárveiting er felld niður þar sem eðlilegt er talið að framleiðendur greiði fyrir þessa þjónustu. Framlag í fjárlögum 1987 nemur 3.355 þús.kr.

243 Sauðfjárveikivarnir

Framlag hækkar og verður alls 96.923 þús.kr. Laun og önnur rekstrargjöld eru áætluð miðað við óbreytt umfang frá fjárlögum 1987 og nema alls 15.933 þús.kr. Mikil hækkun heildarframlags skýrist alfarið af hækkun tilfærslna sem hækka úr 17.356 þús.kr. í 77.890 þús.kr. Eru tilfærslurnar ætlaðar til að standa straum af niðurskurði á riðufé í samræmi við átak til að útrýma veikinni. Til varnargirðinga eru veittar 3.100 þús.kr. samanborið við 3.150 þús.kr. í fjárlögum.

246 Veiðimálastofnunin

Veiðimálastofnunin er ein þriggja stofnana sem áætlað er að breyta rekstrarformi á. Hinar eru Iðntæknistofnun Íslands og Rannóknastofnun fiskiðnaðarins. Er nú reiknað með 36.390 þús.kr. framlagi til stofnunarinnar samanborið við 22.571 þús.kr. í fjárlögum 1987. Í rekstrarframlag eru áætluð 25.790 þús.kr. samanborið við 17.471 þús.kr. í fjárlögum 1987, eða hækkun um 48%. Framlagið er miðað við laun 12 starfsmanna og 3.540 þús.kr. til Laxeldisstöðvarinnar í Kollafirði. Framlagið til stöðvarinnar er til að greiða laun fjögurra starfsmanna og afborganir af lánum. Loks er reiknað með 10.600 þús.kr. framlagi til að ljúka við byggingu starfsmannahúss að Hólum í Hjaltadal.

247 Yfirdýralæknir

Heildarframlag til embættisins nemur 40.850 þús.kr. sem er 26% hækkun frá fjárlögum 1987. Launaliður nemur samtals 34.770 þús.kr. Í þeirri hækkun er ein ný staða starfsmanns (á öðrum dagvinnulaunum) hjá dýralækni fisksjúkdóma og er kostnaður við hana 1.659 þús.kr. Eftir stendur hækkun launa er nemur 6.626 þús.kr.

eða 25%. Gengið er út frá því að 28 stöður héraðsdýralækna séu setnar. Í lögum nr. 69/1982 er kveðið á um að héraðsdýralækna skuli vera alls 31. Í lögnum er tekið fram að fjölgun héraðsdýralækna frá fyrri lögum (nr. 77/1981) skuli koma til framkvæmda á næstu fimm árum (hið síðasta þeirra er 1987) eftir því sem landbúnaðarráðherra ákvarðar og fjárveiting segir til um. Staða dýralæknis í fisksjúkdómum er 29. dýralæknisstaðan. Hjá embætti yfirdýralæknis eru fastar stöður alls 31 stöðugildi, auk áður nefndrar nýrrar stöðu á öðrum dagvinnulaunum.

270 Landgræðslu- og landverndaráætlun

Fjárveiting til landgræðslu- og landverndaráætlunar er 45.200 þús.kr. samanborið við 60.121 þús.kr. í fjárlögum 1987. Sú breyting er gerð á liðnum að tvö viðfangsefni í fjárlögum 1987 falla niður en það eru *fyrirhleðslur* og *sjóvarnargarðar*. Alþingi mun að venju fjalla sérstaklega um þessa liði frumvarpsins. Í meðfylgjandi yfirliti kemur fram skipting fjárens til einstakra verkefna:

	Fjárlög 1987 þús. kr.	Frumvarp 1988 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Landgræðsluáætlun, RALA	4.065	4.100	35	1
Landgræðsluáætlun, Skógrækt ríkisins	7.291	7.300	9	0
Landgræðsluáætlun, Landgræðsla ríkisins	31.932	31.900	-32	0
Landgræðsluáætlun, ýmis starfsemi	1.865	1.900	35	2
Fyrirhleðslur	12.500	-	-12.500	.
Sjóvarnargarðar	2.468	-	-2.468	.
Samtals	60.121	45.200	-14.921	-25

287 Stofnlánadeild landbúnaðarins

Framlag ríkissjóðs að fjárhæð 34.620 þús.kr. rennur til *Lífeyrissjóðs bænda*. Framlag í fjárlögum 1987 nam 22.200 þús.kr. og var varið á sama hátt. Samkvæmt 19. gr. laga nr. 50/1984, um Lífeyrissjóð bænda, skal ríkissjóður greiða 62,5% og Stofnlánadeild landbúnaðarins 37,5% af tilteknum lífeyrisgreiðslum til bænda. Gildistími ákvæðisins var til ársloka 1985 samkvæmt þessum lögum en var framlengdur til ársloka 1989 samkvæmt 2. gr. laga nr. 20/1985, um breytingu á lögum nr. 50/1984 um Lífeyrissjóð bænda. Í lánsfjárlögum mun verða leitað heimildar til þess að víkja frá gildandi lögum um framlag til deildarinnar.

288 Jarðræktarlög, framlög

Fjárveiting nemur 121.258 þús.kr. en var 152.816 þús.kr. í fjárlögum 1987. Fjárhæð til viðfangsefnisins *ráðunauta* er 21.258 þús.kr. en var 22.816 þús.kr. í fjárlögum 1987 og lækkar því um 4%. Af þessum lið er gert ráð fyrir greiðslu 65% af launum 38,5 héraðsráðunauta eða sem svarar 25 stöðugildum. Þessi fjárveiting er skert um 25% auk þess sem önnur gjöld falla niður og skýrir það lækkun liðarins. Fjöldi héraðsráðunauta og starfssvið þeirra skal vera samkvæmt samþykki landbúnaðarráðherra. Viðfangsefnið *jarðræktarframlög o.fl.* verður 100.000 þús.kr. en er 130.000 þús.kr. í fjárlögum 1987.

289 Jöfnunargjald

Fjárveiting á þessum lið er í fjárlögum 1987 18.200 þús.kr. en er felld niður í þessu frumvarpi.

290 Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir

Með lögum nr. 29/1987, um breytingu á lögum nr. 46/1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, var ákveðið að á árunum 1987–1992 skuli varið fé í þágu landbúnaðarins sem svarar til 9% af heildarverðmæti landbúnaðarvара. Á árinu 1988 verður framlag ríkissjóðs 915.000 þús.kr. sem skiptist þannig að til greiðslu *uppbóta á útfluttar landbúnaðarafurðir* verður varið 486.000 þús.kr. og til *Framleiðni-sjóðs landbúnaðarins* verður varið 429.000 þús.kr.

291 Búfjárrækt, framlög skv. lögum nr. 31/1973

Framlag nemur nú 16.711 þús.kr. og er eingöngu vegna launa 34 frjótækna (65% greiðsla úr ríkissjóði). Hækkun er 37%. Tilfærslur, þ.e. ýmsir styrkir og verðlaun vegna búfjárræktar, sbr. lög nr. 31/1970 um búfjárrækt, sem eru 12.000 þús.kr. í fjárlögum 1987, falla niður.

299 Landbúnaðarmál, ýmis starfsemi

Framlag nemur 7.330 þús.kr. en er 6.367 þús.kr. í fjárlögum 1987 og hækkar um 15%. Sú breyting er gerð á liðnum að tvö viðfangsefni falla niður en það eru styrkir til *Tilraunastöðvar Búnaðarsambands Suðurlands* 292 þús.kr. og *Búnaðarsambands Austur-Skaftfellingu* 175 þús.kr. Tekinn er upp nýr liður, *Gunnarshús Skriðuklaustri*, með 2.300 þús. kr. framlagi til feegrunar umhverfis og viðhalds húsinu á Skriðuklaustri í aldarminningu Gunnars Gunnarssonar skálds, 1989. Tvö viðfangsefni önnur eru á liðnum, þ.e. *Skógræktarfélag Íslands* 1.150 þús.kr. en er með 1.030 þús.kr. í fjárlögum 1987. Á liðnum *ýmis verkefni* eru 3.880 þús.kr., þar af eru 650 þús.kr. ætlaðar til samtakanna Landvernd. Í fjárlögum 1987 eru 4.870 þús.kr., þar af 2.000 þús.kr. til reiðhóllar í Reykjavík.

501 Bændaskólinn á Hvanneyri

Heildarframlag til skólans er 55.533 þús.kr. en var 47.111 þús.kr. í fjárlögum 1987. Launagjöld vegna rekstrar hækka úr 27.873 þús.kr. í 39.903 þús.kr. eða um 43%. Samþykkt er hálf staða gjaldkera við skólann og eitt stöðugildi kennara til endurhæfingar ráðunauta vegna búháttabreytinga. Er því heildarfjöldi stöðugilda 29,75. Önnur rekstrargjöld hækka í 38.440 þús.kr. eða um 19%. Sértekjur hækka um 29% og verða 33.910 þús.kr. Til viðhalds eru veittar 3.600 þús.kr. og er það ætlað til viðhalds húsa, til lóða og frúargarðs. Á árinu 1989 verður skólinn 100 ára og því er lögð sérstök áhersla á umhverfisbætur. Til stofnkostnaðar eru veittar 5.000 þús.kr. Þar af eru 1.900 þús.kr. til lokafrágangs við rannsóknahús sem verið hefur í byggingu undanfarin ár og 3.100 þús.kr. til umhverfisbóta og kálfafjóss. Til tækjakaupa er veitt 1.200 þús.kr.

502 Bændaskólinn á Hólum

Fjárveiting til skólans er 41.081 þús.kr. en var 31.739 þús.kr. í fjárlögum 1987 og hækkar því um 29%. Hlutur skólarekstrar er 41.211 þús.kr. en var 31.488 þús.kr. í fjárlögum 1987. Hækkun framlags skýrist af fjölgun nemenda og auknu námskeiðahaldi í nýbúgreinum. Haldið er áfram að vinna að viðhaldi mannvirkja skólans með 2.800 þús.kr. framlagi. Í stofnkostnað eru veittar 4.500 þús.kr. sem ætlaðar eru til að koma á fót aðstöðu fyrir fiskeldiskennslu og umhverfisbóta. Til kaupa á vélum og tækjum eru veittar 1.900 þús.kr.

503 Garðyrkjuskóli ríkisins

Gert er ráð fyrir að verja 32.423 þús.kr. til skólans nú en framlag var 23.637 þús.kr. í fjárlögum 1987. Er það hækkun um 37%. Hækkun framlags skýrist af hærri rekstrar- og launagjöldum vegna aukins umfangs kennslu undanfarin ár. Rekstrargjöld voru færð til samræmis við ríkisreikning 1986. Til viðhalds eru veittar 3.100 þús.kr. sem er einkum ætlað til viðhalds gróðurhúsa og skólahúss. Veittar eru 900 þús.kr. til dráttarvélaþauka, þá eru veittar 4.100 þús.kr. til fasteigna.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

Útgjöld til málaefnaflokka sjávarútvegsráðuneytisins breytast milli ára sem hér greinir:

	Fjárlög 1987 þús. kr.	Frumvarp 1988 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Yfirstjórn	30.302	60.644	30.342	100
Útvegsból	1.081.758	876.234	-155.524	-19
Annað	36.758	41.245	4.487	12
Samtals	1.148.818	978.123	-170.695	-15

Samkvæmt lögum renna engir markaðir tekjustofnar til verkefna á sviði sjávarútvegsráðuneytisins.

101 Aðalskrifstofa

Fjárveiting til aðalskrifstofu sjávarútvegsráðuneytisins hækkar úr 30.302 þús.kr. í fjárlögum 1987 í 60.644 þús.kr. Til reksturs aðalskrifstofu eru veittar 43.544 þús.kr. sem er 44% hækkun frá fjárlögum 1987. Stafar hækkun umfram verðlag af auknum leigugreiðslum og rekstrargjöldum vegna þess að ráðuneytið flytur í nýtt húsnæði að Skúlagötu 4 á árinu 1988. Starfsmenn aðalskrifstofu ráðuneytisins eru 16 sem er óbreytt frá fjárlögum 1987. Áætlað er að veita 17.100 þús.kr. til innréttinga og búnaðarkaupa í hið nýja húsnæði en fyrir endurbótum og viðhaldi hússins er áætlað undir fjárlagalið 02-272, bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins.

201 Fiskifélag Íslands

Framlag til Fiskifélags Íslands hækkar úr 29.952 þús.kr. á árinu 1987 í 38.280 þús.kr. eða um 28%. Launagjöld eru miðuð við óbreytta starfsemi og eru stöður 27,33. Önnur rekstrargjöld lækka að raungildi sem má rekja til skýrsludeildar, en framlag er fært til samræmis við reikning 1986. Úr starfsemi stofnunarinnar hefur dregið vegna þess að umsjón með Aflatryggingasjóði er nú hætt enda sjóðurinn aflagður.

202 Hafrannsóknastofnunin

Fjárveiting til Hafrannsóknastofnunarinnar hækkar úr 197.142 þús.kr. á árinu 1987 í 268.731 þús.kr. eða um 36%. Launagjöld stofnunarinnar hækka um 40% milli ára og verða alls 153.961 þús.kr. Að undanskildum áhöfnum rannsóknaskipanna er starfsmannahald miðað við 54 menn í föstu starfi og eina nýja stöðu verkefnaráðinnna. Einnig er áætlað fyrir sem svarar 11,2 ársverkum til að sinna sérstökum verkefnum og er það óbreytt frá fjárlögum. Önnur gjöld vegna rekstrar hækka um 41% frá fjárlögum 1987 og verða alls 128.520 þús.kr. Eftirfarandi yfirlit sýnir samanburð á fjárlögum 1987 og frumvarpi fyrir 1988:

	Stöður	Fjárlög 1987 þús.kr.	Frumvarp 1988 þús.kr.	Breyting %
Yfirstjórn og rannsóknir				
Yfirstjórn	6,5	17.323	34.243	98
Rannsóknasvið	41,5	47.658	67.963	43
Raftæknideild	2,6	4.579	6.533	43
Tímabundin verkefni	9,6	9.584	13.551	41
Útibú samtals	5,0	7.671	10.367	35
Alls	65,2	86.815	132.657	53
Sérstök verkefni				
Hvalarannsóknir	–	17.347	23.950	38
Lúðveldi á Reykjanesi	–	1.605	2.680	67
Alþjóðlegt samstarfsverkefni	–	2.889	–	·
Alls	0,0	21.841	26.630	22
Útgerð				
Bjarni Sæmundsson	14	29.641	37.508	27
Árni Friðriksson	13	23.959	31.673	32
Dröfn	6	14.650	18.434	26
Veidarfærakostnaður	1	6.798	12.089	78
Annar skiparekstur	–	17.120	23.690	38
Alls	34,0	92.168	123.394	34
Annað				
Viðhald		16.800	17.200	2
Stofnkostnaður		14.010	14.300	2
Alls		30.810	31.500	2
Samtals	99,2	231.634	314.181	36
Sértekjur		–34.492	–45.450	32
Fjárveiting		197.142	268.731	36

Mikil hækkun er á fjárveitingu til *yfirstjórnar* og skýrist hækkunin alfarið af því að nú fær stofnunin stærra húsnæði til afnota og er í fyrsta skipti gert ráð fyrir leigugreiðslum auk þess sem orku- og ræstingarkostnaður eykst. Fram til þessa hefur allur kostnaður við rekstur hússins að Skúlagötu 4 verið færður sérstaklega án þess að þeim stofnumum sem þar eru hýstar hafi verið gert að greiða edlilega húsaleigu, sameiginlegan rekstur o.fl. Þessu er nú breytt, sbr. athugasemdir við fjárlagalið 05-272 *Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins*. Samþykkt er hálf staða bókaþarðar og hálf staða skrifstofumanns á *yfirstjórn*. Óverulegur vöxtur er á heildargjöldum *rannsóknasviðs, raftæknideildar, tímabundinna verkefna og útibúa*. Útgjöld við *hvalarannsóknir* aukast nokkuð en gert er ráð fyrir að sá liður greiðist að fullu af sértekjum. *Lúðveldi á Reykjanesi*, sem var nýr liður á fjárlögum 1987, hækkar um 67% og verður 2.680 þús.kr. og skýrist hækkunin af rekstrarkostnaði stöðvarinnar. Miðað er við að ríkið greiði laun eins starfsmanns og nauðsynlegan kostnað sem starfseminni fylgir. Að öðru leyti er miðað við að atvinnuvegirnir og hagsmunaaðilar kosti starfseminna. Ekki er gert ráð fyrir fjárveitingu til *alþjóðlegs samstarfsverkefnis á hafsvæðinu milli Íslands og Austur-Grænlands*, en til þess voru veittar 2.889 þús.kr. í fjárlögum 1987. Gert er ráð fyrir 200 daga úthaldi á hverju skipa stofnunarinnar, r/s Bjarna Sæmundssyni, r/s Árna Friðrikssyni og r/s Dröfn, og er það óbreytt frá fjárlögum. Undir viðfangsefninu *annar*

skiparekstur kemur fram kostnaður við „togaraverkefnið“ svokallaða og er hann áætlaður 23.690 þús.kr. Útgjöldin eru leigugreiðslur fyrir afnot af togurum til rannsóknaverkefna og er kostnaðurinn áætlaður með hliðsjón af leigugreiðslum 1987. Leigutekjur af skipi stofnunarinnar, r/s Hafþóri, sem nú er leigður til rækjuveiða, eru áætlaðar að lágmarki 19.650 þús.kr. Nokkur hækkun er á liðnum *veiðarfærakostnaður* eða 78%, en rík áhersla var lögð á endurnýjun veiðarfæra vegna rannsóknaskipanna. Sértekjur stofnunarinnar vaxa hlutfallslega óverulega en 96% þeirra eru vegna hvalarannsókna og leigutekna af r/s Hafþóri. Til viðhalds á skipum, tækjum og fasteignum eru veittar 17.200 þús.kr. samanborið við 16.800 þús.kr. í fjárlögum 1987. Til kaupa á tækjabúnaði eru nú veittar 14.300 þús.kr. en 14.010 þús.kr. á árinu 1987. Á undanförunum árum hefur verið lögð áhersla á viðhald og endurnýjun á tækjabúnaði skipanna.

203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins

Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins er ein þeirra þriggja rannsóknastofnana sem breyta á í átt til aukins sjálfstæðis með ríkari aðild hlutaðeigandi atvinnugreina. Framlag til stofnunarinnar er nú fært sem tilfærsla og er 61.080 þús.kr. eða 69% hækkun frá fjárlögum 1987. Er framlagið miðað við óbreytta starfsemi frá fjárlögum 1987 að öðru leyti en því að reiknað er með nýrri stöðu skrifstofustjóra og hálfri stöðu bókasafnsfræðings sem kosta samtals um 1.700 þús.kr. Þannig verða heildarstöðugildi stofnunarinnar 40. Einnig er reiknað með í öðrum rekstrargjöldum að stofnunin greiði leigu, orku og ræstingu fyrir húsnæði alls um 9.000 þús.kr., sbr. fjárlagalið 05-272. Til tækjakaupa eru áætlaðar 8.600 þús.kr.

216 Ríkismat sjávarafurða

Fjárveiting til stofnunarinnar hækkar úr 49.512 þús.kr. í fjárlögum 1987 í 53.746 þús.kr. eða um 9%. Launagjöld hækka um 14% milli ára og verða 40.486 þús.kr. Er hér um raunlækkun að ræða sem stafar af fækkun stöðugilda úr 39,45 í 34,25. Önnur gjöld vegna rekstrar hækka um 15% og verða 27.700 þús.kr. Sértekjur hækka um 31% milli ára og verða 15.690 þús.kr. Gert er ráð fyrir 600 þús.kr. framlagi til kaupa á tækjum. Ekki er enn lokið endurskipulagningu á stofnuninni í kjölfar breytinga á ferskfiskmati á síðustu tveimur árum.

221 Verðlagsráð sjávarútvegsins

Fjárveiting til Verðlagsráðs sjávarútvegsins hækkar úr 3.549 þús.kr. í fjárlögum 1987 og verður 4.603 þús.kr. og hækkar því um 30%. Á föstu verði stendur framlagið nánast í stað.

272 Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins

Ákveðið er að húseignin að Skúlagötu 4 sem nú hýsir Hafrannsóknastofnunina, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og til skamms tíma Ríkisútvarpið, hljóðvarp verði framvegis sérstakur liður í B-hluta fjárlaga. Þannig verður stofnunum sem í húsinu starfa gert að greiða húsaleigu og fyrir allan sameiginlegan kostnað húsinu tengdan. Áætlað er að sjávarútvegsráðuneytið verði leigjandi í húsinu árið 1988. Auk þess munu stofnanirnar sem fyrir eru fá hluta af því rými sem losnaði við brottflutning Ríkisútvarpsins. Nú eru veittar 25.800 þús.kr. til viðhalds og endurbóta á húsinu. Nánari grein er gerð fyrir áætluðum framkvæmdum og fjármálum í þeim kafla greinargerðarinnar sem fjallar um B-hluta fyrirtæki og sjóði.

280 Söluskattur í sjávarútvegi, endurgreiðsla

Lagt er til að veittar verði 350.000 þús.kr. til endurgreiðslu söluskatts í sjávarútvegi. Í fjárlögum 1987 voru veittar 700.000 þús.kr. í þessu skyni.

290 Veiðieftirlit

Fjárveiting til veiðieftirlitsins nemur 30.379 þús.kr. samanborið við 23.841 þús.kr. á árinu 1987. Hækkun milli ára er 27%. Önnur gjöld vegna rekstrar hækka um 15% og verða 7.760 þús.kr. samanborið við 6.760 þús.kr. í fjárlögum 1987. Er ekki gert ráð fyrir breytingum í rekstri veiðieftirlitsins og fjöldi starfsmanna er miðaður við 14 föst stöðugildi og var eitt þeirra flutt af *sjóvinnslukennslu*, og starfsmaður þar talin verkefnaráðinn.

298 Fiskleit, markaðsöflun og tilraunir í útgerð og fiskvinnslu

Þessi fjárlagaliður er ætlaður til greiðslu á kostnaði við ýmis verkefni á sviði sjávarútvegs. Gert er ráð fyrir að veittar verði 5.750 þús.kr. til þessara verkefna en fjárveiting 1987 nemur 6.128 þús.kr.

299 Sjávarútvegsmál, ýmis starfsemi

Fjárveiting til þessa liðs var samtals 30.053 þús.kr. í fjárlögum 1987 og er áætlað að veita 37.865 þús.kr. á árinu 1988. Fjárveiting til *námskeiða fyrir fiskvinnslufólk* hækkar úr 18.083 þús.kr. í fjárlögum 1987 í 23.130 þús.kr. Þá ber að hafa í huga að veitt aukafjárveiting til þessa verkefnis á árinu 1987 er 5.500 þús.kr. Að öðru leyti er ekki um efnisbreytingar frá fjárlögum að ræða. Í meðfylgjandi töflu er sýndur samanburður við fjárlög 1987 á fjárveitingum til einstakra viðfangsefna:

	Fjárlög 1987 þús. kr.	Frumvarp 1988 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Sjóvinnukennsla, sjóvinnu- og rannsóknabátur ...	7.098	9.335	2.237	32
Eftirlit með hvalvinnslustöðvum	204	220	16	8
Stjórn fiskveiða	4.668	5.180	512	11
Námskeið fyrir fiskvinnslufólk	18.083	23.130	5.047	28
Samtals	30.053	37.865	7.812	26

901 Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna

Framlag til skrifstofu rannsóknastofnana atvinnuveganna hækkar úr 36.758 þús.kr. á árinu 1987 í 41.245 þús.kr. eða um 12%. Launagjöld hækka um 55% og verða 17.345 þús.kr. Ekki er gert ráð fyrir breytingum í starfsmannahaldi frá því sem verið hefur, en starfsmannaheimildir eru 16,4. Hækkun í launagjöldum skýrist fyrst og fremst af hærri ræstingarlaunum vegna stærra húsnæðis Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins. Önnur gjöld vegna rekstrar lækka úr 22.922 þús.kr. á árinu 1987 í 20.570 þús.kr. Þá þarf að taka tillit til stærra húsnæðis rannsóknastofnana á Keldnaholti, en á móti kemur veruleg lækkun vegna þess að rekstur Skúlagötu 4 er nú talin undir fjárlagalið 272 í B-hluta, eins og áður er getið. Að frátalinni Skúlagötu 4 hækkar heildarframlagið um 40% frá fjárlögum 1987. Til tækjakaupa eru veittar 400 þús.kr. og til viðhalds húsum rannsóknastofnana á Keldnaholti eru veittar 3.700 þús.kr.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

Málefnaflokkar dóms- og kirkjumálaráðuneytisins breytast milli ára eins og fram kemur í eftirfarandi yfirliti:

	Fjárlög 1987 þús. kr.	Frumvarp 1988 þús. kr.	Breyting	
			þús. kr.	%
Yfirstjórn	40.249	61.244	20.995	52
Dómgæsla, lögreglumál o.fl.	1.980.647	2.765.923	785.276	40
Þjóðkirkjan	213.760	281.461	67.701	32
Samtals	2.234.656	3.108.628	873.972	39

Engir markaðir tekjustofnar renna til þessa ráðuneytis. Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir helstu fjárlagaliðum til skýringar á breytingu framlaga til einstakra málefna-flokka.

101 Aðalskrifstofa

Heildarframlag nemur nú 54.388 þús.kr. sem er hækkun um 72% frá fjárlögum 1987. Heimiluð stöðugildi eru 23,63 sem fyrr en auk þess er áætlað fyrir sem nemur einni og hálfri stöðu tímabundið til ýmissa verkefna. Þá hækka önnur rekstrargjöld um 72% frá fjárlögum 1987, úr 9.046 í 15.670 þús.kr. Ástæðan er að miðað er við reikningstölur 1986 auk þess sem verkefni á vegum ráðuneytis hafa aukist og munu fara vaxandi. Meðal annars hefur verið skipuð nefnd til að gera tillögur um aðskilnað dóms- og framkvæmdavalds.

102 Stjórnartíðindi

Framlag ríkissjóðs lækkar vegna þess að áætlað er að auka áskriftartekjur blaðsins. Launaliður er efnislega óbreyttur frá fjárlögum 1987 en önnur rekstrargjöld hækka um 40%. Raunhækkun verður vegna hærri prentunarkostnaðar. Sértekjur eru nú áætlaðar 6.550 en voru 1.767 í fjárlögum 1987. Fjárveiting alls verður því 6.856 þús.kr. samanborið við 7.772 þús.kr. í fjárlögum 1987. Sem fyrr er heimilað eitt og hálf stöðugildi á föstum launum.

201 Hæstiréttur

Fjárveiting hækkar um 38% frá fjárlögum 1987 eða úr 11.424 þús.kr. í 15.817 þús.kr. Heimilaðar eru fjórar stöður á föstum launum og ráðið er í eina stöðu tímabundið eins og í gildandi fjárlögum. Framlag til *útgáfu Hæstaréttardóma* hækkar um 39% úr 4.525 í 6.274 þús.kr. og framlag til *ljósprentunar Hæstaréttardóma* hækkar úr 587 í 1.260 til að unnt verði að flýta útgáfu þeirra 20 árganga sem uppseldir eru. Ekki er um aðrar efnislegar breytingar á fjármálum Hæstaréttar að ræða.

202 Ríkissaksóknari

Fjárveiting hækkar um 56% frá fjárlögum 1987 eða úr 19.786 í 30.916 þús.kr. Stærstur hluti hækkunar felst í kjarasamningum en tvö atriði skýra hækkun umfram það. Annars vegar eru 3.900 þús.kr. áætlaðar meðal launagjalda til lúknings á tölvuskráningu sakaskrár. Hins vegar hækkar sammingsbundin yfirvinna um sem nemur 500 þús.kr. Launaliður hækkar alls um 72% en að tölvuvæðingu sakaskrár frátalinni er hækkunin 44%. Alls eru starfsmenn hjá embættinu í 15,5 stöðugildum. Önnur rekstrargjöld hækka um 54% frá fjárlögum 1987 og skýra það aukin leigugjöld. Vegna tölvuvinnslu sakaskrár og málaskrár er 600 þús.kr. fjárveiting ætluð til kaupa á ýmsum vélbúnaði.

204 Borgarfélagið í Reykjavík

Framlag til borgarfélagtaembættisins hækkar um 48%, úr 39.409 í 58.359 þús.kr. Launagjöld hækka um 51% og verða 43.359 þús.kr. Raunaukning launa frá síðustu fjárlögum er þrjúþætt. Í fyrsta lagi hækkuðu laun eftir setningu fjárlaga um áramótin 1986/87. Í öðru lagi hækkar launakostnaður vegna afleysinga og í þriðja lagi fjölgar um eina stöðu í tímabundnum verkefnum. Alls er þá ráðið tímabundið í sex stöður því að fyrir voru fimm lausráðnar stöður í tengslum við tölvuvæðingu hjá embættinu. Á föstum launum eru hins vegar heimil 31 stöðugildi. Hækkun launaliðar vegna fjölgunar starfsmanna og afleysinga er um 2.600 þús.kr. Önnur rekstrargjöld hækka frá fjárlögum 1987 um 61% og stafar umframhækkun af því að stuðst er við reikningsniðurstöðu ársins 1986 sem fór langt fram úr fjárveitingu þess árs. Í fjárlögum fyrir 1987 var tekið tillit til reikningsniðurstöðu ársins 1985 og hækunar vegna sérfræðipjónustu SKÝRR. Dómsmálaráðuneytið mun beita sér fyrir því að aðgangur að þinglýsingaskrá verði seldur eftir að tölvuvæðingu hennar er lokið. Með þessu móti eiga að aflast nokkrar tekjur og eru þær áætlaðar 660 þús.kr. á fyrsta ári.

206 Lögreglustjórnin í Reykjavík

Fjárveiting til embættisins nemur alls 529.310 þús.kr. og hækkar um 164.406 þús.kr. eða 45%. Í fjárlögum 1987 var gerð allsherjarsamræming á umsvifum stofnunarinnar og fjárveitingum til hennar sem hafði í för með sér að framlag ríkissjóðs hækkaði þá um 49,7%. Nú byggir rekstraráætlun að mestu á forsendum síðustu fjárlaga um hlutfall yfirvinnu af föstum launum o.fl. Undantekning er áætlun um *eftirlit á vegum* en þar hefur framlag verið endurskoðað með hliðsjón af reikningstölum 1986. Hækkunin nemur 83% eða úr 2.436 í 4.450 þús.kr. Heimilaðar stöður á föstum launum eru sem fyrr 278. Verkefnaráðið er í 17,1 stöðugildi, þ.e. 12,6 við *almenna löggæslu* og 4,5 í *mötuneyti*. Framlög til lögreglunnar í Reykjavík skiptast annars á viðfangsefni samkvæmt eftirfarandi yfirliti:

	Fjárlög 1987 þús. kr.	Frumvarp 1988 þús. kr.	Breyting	
			þús. kr.	%
Rekstur	386.229	546.949	160.720	42
Yfirstjórn	26.557	38.342	11.785	44
Sími og fjarskipti	4.023	5.280	1.257	31
Almenn löggæsla	311.898	440.579	128.681	41
Eftirlit á vegum	2.436	4.450	2.014	83
Fangaklefar	7.384	11.254	3.870	52
Eftirlit með vinnveitingahúsum	2.391	2.889	498	21
Lögregluskóli	2.554	2.714	160	6
Útlendingaeftirlit	5.836	8.912	3.076	53
Mötuneyti	7.186	12.698	5.512	77
Aðallögreglustöð	15.964	19.831	3.867	24
Sértekjur	-32.215	-39.539	-7.324	23
Mismunur	354.014	507.410	153.396	43
Viðhald og stofnkostnaður	10.890	21.900	11.010	101
Aðallögreglustöð	4.560	1.800	-2.760	-61
Tæki og búnaður	500	1.100	600	120
Sími og fjarskipti	-	9.700	9.700	.
Kennslutæki	-	600	600	.
Aðallögreglustöð	-	600	600	.
Bifreiðar	5.830	8.100	2.270	39
Fjárveiting	364.904	529.310	164.406	45

Fjárveiting til meiri háttar viðhalds og stofnkostnaðar nemur alls 21.900 þús.kr. og skiptist svo sem fram kemur í töflu. Til *aðallögreglustöðvar* (5.60 og 6.60) eru 1.800 þús.kr. til viðhalds á bílastæðum og akbrautum og 600 þús.kr. fjárveiting til uppsetningar á sjálfvirkum hliðum á lóð. Stofnkostnaðarframlag til viðfangsefnisins *sími og fjarskipti* (6.02) að upphæð 9.700 þús.kr. er vegna samnings um kaup á nýjum og fullkomnum fjarskiptabúnaði ásamt bíla- og handtalstöðvum. Fjárveiting til kaupa á ljósritunarvél og skrifstofubúnaði er 1.100 þús.kr. undir viðfangsefninu *tæki og búnaður* (6.01). Til kaupa á *kennslutækjum* (6.25) fyrir lögregluskóla eru veittar 600 þús.kr. og til *bifreiðakaupa* (6.80) 8.100 þús.kr. Um bifreiðakaup til löggæslu má sjá nánar í athugasemd um fjárlagalið 06–282 *Ýmis löggæslukostnaður*.

208 Rannsóknarlögregla ríkisins

Framlag til stofnunarinnar er 113.502 þús.kr., sem er 40% herra en í gildandi fjárlögum, en á föstu verðlagi er það nánast óbreytt. Starfsmannaheimildir eru óbreyttar frá fjárlögum 1987 eða 51,0 staða á föstum launum. Auk þess eru stöður naturvarðar og tveggja matrúðskvemma metin sem 2,5 stöðugildi á öðrum dagvinnulaunum. Til viðhalds á húseigninni Auðbrekku 6 Kópavogi er varið 3.700 þús.kr. Nauðsynlegt er talið að betrubæta húseignina, einkum utanhúss. Jafnhá upphæð eða 3.700 þús.kr. er veitt til stofnkostnaðarverkefna. Skiptist fjárveitingin þannig að 1.850 þús.kr. eru ætlaðar til endurnýjunar bifreiða, 1.230 þús.kr. vegna tölvuvæðingar og 620 þús.kr. til kaupa á ýmsum búnaði.

211–237 Embætti sýslumanna og bæjarfógeta

Framlög til rekstrarliða embætta *sýslumanna og bæjarfógeta* hækka um 268.035 þús.kr. eða 38% og verða 971.071 þús. kr. Viðhalds- og stofnkostnaðarliðir hækka um 33.065 þús. kr. og verða 145.500 þús. kr. Í töflu hér fyrir neðan er gerð nánari grein fyrir áætlaðri þróun einstakra gjaldategunda:

	Fjárlög	Frumvarp	Breyting	
	1987 þús. kr.	1988 þús. kr.	þús. kr.	%
Laun	525.414	765.441	240.027	46
Yfirstjórn	214.948	314.696	99.748	46
Löggæsla	301.945	439.329	137.384	46
Hreppstjórar	8.521	11.416	2.895	34
Önnur gjöld með eignakaupum	190.180	227.190	37.010	19
Yfirstjórn	81.080	102.050	20.970	26
Löggæsla	108.377	123.970	15.593	14
Hreppstjórar	723	1.170	447	62
Frá dragast sértekjur	-12.558	-21.560	-9.002	72
Rekstrarviðfangsefni alls	703.036	971.071	268.035	38
Viðhaldsverkefni alls	13.000	8.600	-4.400	-34
Stofnkostnaðarverkefni alls	99.435	136.900	37.465	38
Samtals	815.471	1.116.571	301.100	37

Eins og fram kemur í töflunni hér á undan hækkar launaliður um 46%. Að magnbreytingum frátöldum hækkar launaliðurinn hálfu prósentu minna. Önnur gjöld að eignakaupum meðtöldum hækka um 19%. Undanfarin ár hefur verið lögð áhersla á að koma á festu í starfsmannamálum embættanna. Launaáætlun miðast við að fjöldi fastráðinna starfsmanna sé í samræmi við neðangreinda töflu:

Embætti	Yfirstjórn	Löggæsla
212 Akranes	8,75	11,00
213 Borgarnes	7,50	5,00
214 Stykkishólmur	8,50	9,00
215 Búðardalur	3,00	0,50
216 Patreksfjörður	6,00	4,00
217 Bolungarvík	3,00	2,00
218 Ísafjörður	11,00	12,00
219 Hólmavík	3,00	–
221 Blönduós	7,50	4,00
222 Sauðárkrúkur	8,00	7,00
223 Siglufjörður	5,00	6,00
224 Ólafsfjörður	2,50	2,00
225 Akureyri	28,50	32,00
226 Húsavík	11,00	8,00
227 Seyðisfjörður	7,25	3,00
228 Neskaupstaður	4,00	2,00
229 Eskifjörður	8,50	6,00
230 Höfn í Hornafirði	4,50	3,00
231 Vík í Mýrdal	3,00	1,00
232 Hvalsöllum	6,00	4,00
233 Vestmannaeyjar	9,00	10,00
234 Selfoss	16,00	20,00
235 Keflavík	23,00	31,00
236 Hafnarfjörður	32,50	39,00
237 Kópavogur	23,00	24,00
Samtals	250,00	245,50

Auk ofangreindra stöðugilda er gert ráð fyrir fjölgun þeirra hjá embættunum:

Embætti	Yfirstjórn	Löggæsla
218 Ísafjörður	0,50	–
219 Hólmavík	–	0,50
236 Hafnarfjörður	–	2,00
Samtals	0,50	2,50

Yfirlitin bera með sér að heildarfjöldi stöðugilda við embætti sýslumanna og bæjarfógeta er 498,50. Ráðningarnefnd ríkisins hefur fjallað um öll stöðugildi sem talin eru upp í fyrri tölflunni. Kostnaðarauki vegna þeirra þriggja stöðugilda sem hér er lagt til að bætist við er 2.849 þús.kr.

Viðhaldsviðfangsefni. Embættisbústaðir sýslumanna og bæjarfógeta utan Reykjavíkur eru 19 talsins. Tekin hefur verið upp sá háttur að áætla fyrir viðhaldi þessara bústaða undir einum fjárlagalið er dómismálaráðuneytið ráðstafar. Þetta fyrirkomulag þykir hafa gefist vel.

Stofnkostnaðarviðfangsefni. Helstu stofnkostnaðarframkvæmdir eru sem hér segir:

Fjárl.nr.	Viðfangsefni	Þús.kr.
211–6.01	Tæki og búnaður	6.200
212–6.01	Akranes, skrifstofuhúsnæði o.fl.	1.200
213–6.01	Borgarnes, frágangur lóðar	1.000
215–6.50	Búðardalur, stjórnsýsluhús	1.900
216–6.10	Patreksfjörður, viðbygging	9.900
218–6.10	Ísafjörður, fasteign og búnaður	6.200
222–6.10	Sauðárkrúkur, nýbygging	16.600
223–6.01	Siglufjörður, embættisbústaður	6.200
223–6.10	Siglufjörður, skrifstofuhúsnæði	11.100
224–6.20	Ólafsfjörður, lögreglustöð	600
225–6.51	Dalvík, lögreglustöð	1.000
226–6.01	Húsavík, skrifstofa og lögreglustöð	13.700
229–6.21	Egilsstaðir, lögreglustöð	3.700
231–6.02	Vík, innréttingar skrifstofu	1.200
233–6.10	Vestmannaeyjar, stjórnsýsluhús	25.200
234–6.20	Selfoss, lögreglustöð	19.900
235–6.01	Keflavík, skrifstofuhúsnæði	7.400
236–6.01	Hafnarfjörður, skrifstofuhúsnæði	2.500
237–6.10	Kópavogur, fasteign og búnaður	600
	Samtals	135.500

Fjárveitingu á liðnum 211-6.10 er ætlað að standa undir tækjakaupum og skrifstofubúnaði í samræmi við tillögur dómsmálaráðuneytis. Á Akranesi er ætlunin að leita að nýju skrifstofuhúsnæði fyrir bæjarfógeta. Fjárveiting er til nauðsynlegs undirbúnings. Í gildandi fjárlögum er fjárveiting til byggingar bifreiðageymslu í Borgarnesi. Fjárveitingu á árinu 1988 er ætlað að duga til að ljúka þeim framkvæmdum og einnig til frágangs lóðar. Í Búðardal er verið að ljúka byggingu stjórnsýsluhúss í samvinnu ríkis og Laxárdalshrepps. Eignaraðild ríkisins er 30,5%. Fjárveitingu nú er ætlað að mæta kostnaðarhlut ríkisins við lóðarfrágang og til lokauppgjörs. Á Patreksfirði er lögreglustöð, bifreiðaeftirlit og skrifstofa sýslumanns í einu húsi. Til að rýmka um þessa aðila er ætlað að byggja við húsið. Á Ísafirði hafa ríki og fleiri aðilar reist stjórnsýsluhús. Embætti sýslumanns og bæjarfógeta flytur inn í það hús á árinu 1988. Fjárveiting nú á m.a. að fara til kaupa á húsgögnum og öðrum lausum búnaði fyrir skrifstofu embættisins og lögreglustöðina. Á Sauðárkróki eru hafnar framkvæmdir við byggingu húss undir skrifstofu embættis sýslumanns að Suðurgötu 1. Áætlað er að ljúka fyrsta áfanga byggingarinnar á næsta ári og verður húsið þá fókelt. Fjárveiting er ætluð til þess að því verði náð að ljúka fyrsta áfanga og standa við gerða verksamninga. Á Siglufirði hefur verið gerður samningur um smíði einingahúss og verður það notað sem embættisbústaður sýslumanns. Fjárveiting er ætluð til lokafrágangs hússins. Þá er áformað að hefja framkvæmdir á árinu 1988 við byggingu húss undir lögreglustöð og skrifstofu bæjarfógeta. Á Ólafsfirði eru 600 þús. kr. ætlaðar til uppgjörs vegna innréttingar lögreglustöðvar. Á Dalvík er fé veitt til endanlegs frágangs nýbyggingar og lóðar lögreglustöðvar. Á Akureyri er fjármunum veitt til frágangs á dómsal og skjalageymslu í kjallara húsnæðis sýslumanns og bæjarfógeta. Á Húsavík er verið að byggja hús yfir skrifstofur sýslumannsembættisins og lögreglustöð. Verklok eru áætluð í apríl 1988 og er fjárveiting á árinu 1988 miðuð við það. Á Egilsstöðum hefur verið leitað eftir heppilegu húsnæði undir lögreglustöð en fé var veitt til þess á árinu 1987. Af kaupum hefur ekki orðið en málið er í athugun. Í Vík í Mýrdal er ætlað að innrétta húsnæði sem tekið hefur verið á leigu fyrir skrifstofu sýslumanns. Í Vestmannaeyjum stendur yfir lagfæring á húsinu að Heiðarvegi 15. Þar munu nokkrar af þjónustustofnunum ríkisins svo sem skattstofa, fógetaskrifstofa og útibú Siglingamálastofnunar verða til húsa. Samkvæmt verksamningi eru verklok áætluð í febrúar 1988 og fjárveiting miðuð við það. Á Selfossi er unnið að byggingu lögreglustöðvar. Allir þættir verksins hafa verið boðnir út og er áætlað að verkinu ljúki snemma á árinu 1989. Í Keflavík eru verið að byggja nýja hæð á hús þar sem skrifstofa sýslumanns er. Fjárveiting á næsta ári er ætluð til framhalds þessa verks. Í Hafnarfirði mun falla til nokkur kostnaður vegna breytinga á skrifstofuhúsnæði sýslumanns en embættið býr við mikil þrengsli. Í Kópavogi er fé veitt til að bæta aðstöðu og ganga frá bifreiðageymslu lögreglunnar. Til frekari skýringa vísast til fylgiskjals nr. 2 með greinargerð þessari. Þar er gerð ítarlegri grein fyrir framkvæmdum á vegum dómsmálaráðuneytisins.

241-247 og 283 Fangelsismál

Eðlilegt þykir að gera sameiginlega grein fyrir fjárveitingum til stofnana sem gegna því hlutverki að vista og hafa eftirlit með brotamönnum eða þeim sem grunaðir eru um lögbrot. Í eftirfarandi töflu er gerður samanburður milli fjárveitinga til þessara stofnana samkvæmt gildandi fjárlögum 1987 og samkvæmt frumvarpi 1988:

	Fjárlög 1987 þús. kr.	Frumvarp 1988 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Rekstur	114.080	167.787	53.707	47
Hegningarhúsið í Reykjavík	20.992	27.106	6.114	29
Vinnuhælið að Litla-Hrauni	56.900	78.852	21.952	39
Vinnuhælið að Kvíabryggju	10.949	15.139	4.190	38
Fangelsið, Síðumúla 28	15.696	20.557	4.861	31
Fangelsið, Kópavogsbraut 17	-	15.823	15.823	.
Skilorðseftirlit ríkisins	2.857	4.101	1.244	44
Fangamál, ýmis kostnaður	6.686	6.209	-477	-7
Stofnkostnaður og viðhald	6.220	7.500	1.280	21
Samtals	120.300	175.287	54.987	46

Heildarframlag til fangelsismála hækkar um 48,5% eða úr 120.300 í 178.667 þús.kr. Þar um ræður mestu stofnun nýs fangelsis, *Fangelsið, Kópavogsbraut 17*, en áætlað er að rekstur þess muni kosta kr. 15.823 þús. Þá er miðað við átta starfsmenn á launum. Í staðinn falla niður tvö viðfangsefni undir fjárlagaliðnum *06-283 Fangamál, ýmis kostnaður*. Annað er *sjúkrakostnaður refsifanga* (1.11) en hitt er *vistun kvenfanga* (1.14) og er lækkun vegna þessa 3.380 þús.kr. *Hegningarhúsið í Reykjavík* er 113 ára gamalt og til úttektar á nauðsynlegu viðhaldi hússins eru áætlaðar 400 þús.kr. Til viðhalds á Litla-Hrauni er framlag 2.500 þús.kr. vegna endurnýjunar hurða í fangelsi. Auk þess er 1.100 þús.kr. framlag til bifreiðakaupa. Til *Vinnuhælisins að Kvíabryggju* er fjárveiting til meiri háttar eignakaupa 1.600 þús.kr. sem ætluð er til endurnýjunar á bifreið og á húsgögnum í fangaklefum. Til viðhalds á *Fangelsinu, Síðumúla 28* er 1.500 þús.kr. fjárveiting vegna óviðunandi loftræstingar og eldvarna. Undir fjárlagaliðnum *06-283 Fangamál, ýmis kostnaður* hefur bæst við nýtt viðfangsefni sem er *fangelsisstjóri á Reykjavíkursvæði* (1.15). Á það er fært 546 þús.kr. framlag vegna nýrrar stöðu fangelsisstjóra er samhæfa á fangelsismál á Reykjavíkursvæðinu. Önnur ástæða hækkunar á umræddum lið er aukinn kostnaður vegna ferða og uppihalds við *námskeið fangavarda* þar sem framlag hækkar úr 1.059 í 1.987 þús.kr. eða um 88%. Um rekstur hverrar stofnunar þykir ekki ástæða til að fjalla sérstaklega enda eru engar rekstrarbreytingar fyrirhugaðar frá því sem nú er.

251 Landhelgisgæslan

Eftirfarandi tafla sýnir samanburð milli frumvarps og fjárlaga 1987 á fjárveitingum til einstakra viðfangsefna hjá Landhelgisgæslunni:

	Fjárlög 1987 þús. kr.	Frumvarp 1988 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Yfirstjórn	23.234	38.587	15.353	66
V/s Ægir	56.392	70.723	14.331	25
V/s Óðinn	47.229	58.958	11.729	25
V/s Týr	55.410	70.723	15.313	28
Fluggæsla	81.266	104.534	23.268	29
Þyrluvakt lækna	1.736	2.518	782	45
Sjómælingar og sjókortagerð	8.727	11.605	2.878	33
Viðhald flugskýlis	11.245	-	-11.245	.
Viðhald skipa og flugfara	-	3.700	3.700	.
Tæki og búnaður	7.800	9.900	2.100	27
Samtals	293.039	371.248	78.209	27

Framlag hækkar úr 293.039 í 371.248 þús.kr. eða um 26,7%. Almennar forsendur um rekstur skipa og flugvéla eru óbreyttar frá fjárlögum 1987. Þannig er gert ráð fyrir 12 mánaða úthaldi Ægis og Týs og 9 mánaða úthaldi Óðins. Gert er ráð fyrir 1.200 flugtímum sem fyrr eða 750 tímum á Fokker-flugvél stofnunarinnar (TF-SÝN) og 450 tímum á þyrlur (TF-SIF og TF-GRÓ). Þær breytingar verða á rekstri varðskipanna að fækkað er í áhöfn skipanna um loftskýtamann og vélstjóra á hverju skipi þannig að

áhafnir þeirra telja nú 24 menn hver, í stað 26 áður. Alls fækkar því um 6 menn á skipunum en í stað þriggja loftskeytamanna verða nú sex varðstjórar í stjórnstöð í landi þar sem vakt er höfð allan sólarhringinn. Hjá *yfirstjórn* bætist við ein föst staða símavarðar og eru fastar stöður nú alls ellefu. Auk þess er verkefnaráðið í níu stöður, þ.e. einn skipherra, tvo stýrimenn og sex varðstjóra. Launagjöld stofnunarinnar í heild hækka um 39% og verða 199.808 þús.kr. Önnur gjöld vegna rekstrar hækka úr 133.089 í 165.980 þús.kr. eða um 25%. Þá er tekið tillit til verðlækkunar á brennsluolíu um 29% og á flugsteinolíu um 25% frá verðforsendum gildandi fjárlaga. Alls lækkar orkukostnaður vegna þessa í kringum 10 milljónir króna. Drjúgan hluta þeirrar lækkunar étur hækkun annarra rekstrarliða upp en við áætlun þeirra er stuðst við niðurstöðutölur reiknings 1986. Framlög til Ægis og Týs eru jafnháar upphæðir en fjárveiting til Óðins er lægri vegna 9 mánaða úthalds. Framlag vegna viðhaldsverkefna er 3.000 þús.kr. og fjárveiting til stofnkostnaðarverkefna 8.000 þús.kr. og rennur til ýmissa verkefna. Á árunum 1986 og 1987 var ráðist í gagngerar úrbætur á aðstöðu fyrir flugrekstur embættisins. Ýmsar lagfæringar voru gerðar á flugskýli, m.a. á gólfi og burðarvirki auk uppsetningar á nýju hitakerfi. Lækkun stofnkostnaðar skýrist fyrst og fremst af þessu. Að lokum þarf að geta þess að yfir standa viðræður um að flugmenn sem starfað hafa hjá *Landgræðslu ríkisins* verði ráðnir til fastra starfa hjá Landhelgisgæslunni. Á álagstímum mundu þeir jafnframt sinna störfum við áburðarflug. Fyrir afgreiðslu fjárlaga mun væntanlega liggja fyrir skoðun á framtíðartilhögun þessara mála.

252 Bifreiðaeftirlit ríkisins

Framlag til stofnunarinnar er efnislega óbreytt frá því sem var 1987. Alls nemur það 128.241 þús.kr. Þar af eru launagjöld 85.551 þús.kr. Nú stendur yfir endurskoðun á starfsemi Bifreiðaeftirlitsins og tekur sú endurskoðun til allra þátta starfseminnar. Teknar hafa verið upp viðræður við tryggingarfélag og samtök bifreiðaeigenda um að sameiginlega verði reist bifreiðaskoðunarstöð af fullkomnustu gerð. Vonir eru bundnar við að samkomulag náist á næstu vikum um tilhögun málsins. Í þessu frumvarpi eru nú gjaldfærðar 17.300 þús.kr. sem framlag til stofnkostnaðar. Á árinu 1987 var einnig veitt nokkurt fé til nýrrar skoðunarstöðvar en af því fé hefur enn þá aðeins verið tekið til undirbúnings nýbyggingar.

253 Almannaþing ríkisins

Fjárveiting til stofnunarinnar hækkar úr 11.873 þús.kr. í fjárlögum 1987 í 16.081 þús.kr. eða um 35%. Launagjöld hækka um 47% en önnur rekstrargjöld um 31%. Starfsemi verður óbreytt en ræsting og leigugjöld hækka nokkuð vegna flutnings í nýtt skrifstofuhúsnæði að Laugavegi 118 en þangað mun stofnunin flytja um eða upp úr næstkomandi áramótum. Framlag til stofnkostnaðar er 2.500 þús.kr. sem skiptist þannig að 625 þús.kr. eru til endurnýjunar á viðvörunarbúnaði í Reykjavík og 1.875 þús.kr. til kaupa á rafeindabúnaði í stjórnstöð o.fl.

255 Umferðarráð

Framlag nemur alls 13.924 þús.kr. og hækkar um 61% frá fjárlögum 1987 eða um 5.266 þús.kr. Heimilaðar stöður á föstum launum eru sem fyrr 3,0 en nú bætist við ein og hálf staða sem ráðið er tímabundið í. Það er staða upplýsingafulltrúa sem ráðinn verður í tengslum við kynningu nýrra umferðarlaga og hálf staða fulltrúa til umferðarfræðslu á forskólastigi. Útgjöld vegna þessara nýju staða nema um 1.200 þús.kr.

262 Löggildingarstofan

Sú breyting verður á högum stofnunarinnar að henni er gert að standa undir rekstrargjöldum með tekjum af starfseminni. Til þess þurfa tekjurnar að hækka um 77%, eða úr 6.623 í 11.697 þús.kr. og eru það áætluð gjöld stofnunarinnar. Þau voru 8.560 þús.kr. í fjárlögum 1987 og hækka því um 37%.

281 Dómsmál, ýmis starfsemi

Framlag er samtals 59.959 þús.kr. og hækkar um 34.172 þús.kr. eða 133%. Hér fara á eftir helstu breytingar sem verða á þessum fjárlagalið en að öðru leyti vísast til töflu hér að neðan. Útgáfa nýs lagasafns er nauðsynleg og er framlag vegna þess áætlað kr. 10.298 þús. undir viðfangsefninu *útgáfa lagasafns*. Árin á milli útgáfa er fjárveiting lítil sem engin. *Dómsmál, ýmis starfsemi* er safnliður fyrir tölvu- og hugbúnaðarkostnað hjá stofnunum dómsmálaráðuneytisins. Fjárveiting til þessa liðar er nú 8.600 þús.kr. en var 3.000 í fjárlögum 1987. Liðurinn er einkum ætlaður til hugbúnaðargerðar fyrir *Rannsóknarlögreglu ríkisins* og *Lögregluna í Reykjavík* vegna ýmiss konar gagnageymslu. Einnig er fyrirhugað að tölvuvæða málaskrá hjá *Borgardómi* og *Sakadómi*. Þá er hugsanlegt að hafinn verði undirbúningur að tölvuskráningu dóma sem talið er vera mjög kostnaðarsamt verk. Nýtt viðfangsefni bætist nú við sem er *setusaksóknari*, settur vegna Hafskipsmálsins. Framlag til þess er kr. 4.453 þús. Einnig er nú áætlað fé til *þjóðaráttaks í umferðaröryggi*, alls 5.040 þús.kr. Vonir standa til þess að tryggingafélög, bifreiðaeigendur og ríkið taki höndum saman um aðgerðir til þess að fækka slysum í umferðinni. Ýmis stórmál hafa valdið því að *málskostnaður* hefur aukist verulega tvö undanfarin ár. Fjárveiting til þessa liðar hækkar nú um 5.479 þús.kr. og nemur alls 17.130 þús.kr. Framlag til *gjafsóknar- og málsvarnarlauna* lækkar um 251 þús.kr. að teknu tilliti til reikningstalna ársins 1986. Fjárveiting til *aðgerða gegn fikniefnum* hækkar frá fjárlögum 1987 og verður alls 2.520 þús.kr. Þá er að nefna að engin fjárveiting er til viðfangsefnisins *próf fasteignasala* því að nú eiga prófgjöld og námskeiðsgjöld að standa undir kostnaði. Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á hreinum framlögum (sértekjur dregnar frá ef einhverjar eru) í frumvarpi og fjárlögum:

	Fjárlög 1987 þús. kr.	Frumvarp 1988 þús. kr.	Breyting	
			þús. kr.	%
Málskostnaður	11.651	17.130	5.479	47
Meðdómsmenn	3.064	3.982	918	30
Setu- og varadómarar	1.403	1.695	292	21
Siglingadómur	344	477	133	39
Gjafsóknar- og málsvarnarlaun	2.011	1.760	-251	-12
Setusaksóknari	-	4.453	4.453	.
Próf mállýtjenda	206	265	59	29
Próf skjalabýðenda	238	271	33	14
Próf fasteignasala	136	-	-136	-
Útgáfa lagasafns	-	10.298	10.298	-
Útgáfa norræns dómasafns	191	254	63	33
Tölvunefnd	1.204	1.751	547	45
Matsnefnd eignarnámsbóta	837	1.037	200	24
Orator, almenn lögfræðiaðstoð	138	170	32	23
Norræn samvinna á sviði sakfræði	192	256	64	33
Aðgerðir gegn fikniefnum	1.172	2.520	1.348	115
Þjóðaráttak í umferðaröryggi	-	5.040	5.040	.
Dómsmál, ýmis kostnaður	3.000	8.600	5.600	187
Samtals	25.787	59.959	34.172	133

Um aðra liði en þá sem að ofan er getið sýnist ekki ástæða til að fjalla um sérstaklega.

282 Ýmis löggæslukostnaður

Þessi fjárlagaliður skiptist í þrjú viðfangsefni eins og eftirfarandi tafla sýnir:

	Fjárlög 1987 þús. kr.	Frumvarp 1988 þús. kr.	Breyting	
			þús. kr.	%
Ýmis löggæslukostnaður	2.879	3.249	370	13
Kostnaður vegna lögregluskóla	15.059	21.039	5.980	40
Lögreglubifreiðir	11.000	16.200	5.200	47
Samtals	28.938	40.488	11.550	40

Um einstaka útgjaldaliði er ekki að fjölyrða. Þess ber þó að geta að dómsmálaráðuneyti og fjárlaga- og hagsýslustofnun hafa ákveðið að fram fari athugun á bifreiðamálum löggæslunnar í landinu.

284 Áfengis- og fíkniefnamál

Framlög til áfengis- og fíkniefnamála eru á nokkrum fjárlagaliðum undir dómsmála-, heilbrigðis- og menntamálaráðuneyti. Með tilkomu sérstaks tekjustofns af aðgöngumiðum veitingahúsa, sem renna á til fyrirbyggjandi aðgerða gegn áfengis- og fíkniefnanotkun, mun nauðsynlegt að endurmeta tilhögun þess starfs sem kostað er nú af þessum fjárlagalið.

302 Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar

Heildarfjárveiting til embættisins verður 11.371 þús.kr. en framlag vegna almenns rekstrar hækkar úr 5.549 í 7.771 þús.kr. eða um 40%. Hækkun umfram verðlag stafar fyrst og fremst af aukinni aðsókn að námskeiðum og tónskóla þjóðkirkjunnar. Launakostnaður vegna aukinnar stundakennslu í tónskóla þjóðkirkjunnar og organistanámskeiða í Skálholti eykst í kringum 650 þús.kr. Að þessu frátöldu hækka laun í kringum 450 þús.kr. Hafin mun innheimta skólagjalda í tónskólanum er jafngilda eiga náms- og kennslukostnaði og er hann áætlaður 660 þús.kr. Fjárveiting til stofnkostnaðarverkefna verður 3.600 þús.kr. Þar af eru 3.100 ætlaðar til flutnings, uppsetningar og innréttingar vegna orgels er embættið hefur fengið að gjöf frá Þýskalandi og til tækjakaupa í tónskólann eru ætlaðar 500 þús.kr.

303 Prestaköll og prófastsdæmi

Viðfangsefni undir þessum fjárlagalið eru fimm talsins. Í eftirfarandi töflu er sýndur samanburður við fjárlög 1987:

	Fjárlög	Frumvarp	Breyting	
	1987	1988	þús. kr.	%
Prestar og prófastar	131.579	169.704	38.125	29
Byggingar á prestssetrum	7.000	9.200	2.200	31
Kaup á eignum á kirkjujörðum	1.600	2.800	1.200	75
Viðhald embættisbústaða	20.000	25.000	5.000	25
Byggingarefirlit	292	380	88	30
Samtals	160.471	207.084	46.613	29

Viðfangsefnið *prestar og prófastar* hefur af geyma framlög til prestsþjónustu í landinu sem nú hækka um 29% eða úr 131.579 í 169.704 þús.kr. Tvær nýjar prestsstöður hafa bæst við í Reykjavíkuprófastsdæmi og eru heimilud stöðugildi nú alls 124 á föstum launum. Auk þess er lausráðið í 3,33 stöður, þ.e. eina stöðu prests sem þjónar í London og 2,33 stöður vegna þjónustu við niðurlögð prestaköll. Launagjöld hækka um 30% en önnur rekstrargjöld um 23%. Aðrar breytingar á þessum fjárlagalið skýrast af töflunni að ofan.

304 Ýmis kirkjuleg málefni

Framlag er samtals 28.795 þús.kr. og hækkar um 6.525 þús.kr. eða 29%. Til skýringar er sýndur samanburður við fjárlög 1987 í eftirfarandi töflu:

	Fjárlög	Frumvarp	Breyting	
	1987	1988	þús. kr.	%
Húsmæðraskólinn á Löngumýri	529	721	192	36
Kirkjugarðaeftirlit	1.060	1.263	203	19
Ýmislegt	6.881	8.211	1.330	19
Viðhald húseignar á Löngumýri	-	600	600	.
Skálhólstaður	800	1.000	200	25
Hallgrímskirkja	8.000	10.000	2.000	25
Hólar í Hjaltadal	5.000	7.000	2.000	40
Samtals	22.270	28.795	6.525	29

Tekið er upp nýtt viðfangsefni sem er *viðhald húseignar á Löngumýri* og til þess veittar 600 þús.kr.

373 Kristnisjóður

Fjárveiting nemur alls 14.280 þús.kr. og hækkar um 4.538 þús.kr. eða 47%. Þar af er 2.080 framlag til að standa undir afborgunum af skuldabréfum vegna kaupa á kirkjuhúsi við Suðurgötu. Framlag til sjóðsins verður því hærra sem þessu nemur en gert er ráð fyrir í 20 gr. laga nr. 35/1970.

07 Félagsmálaráðuneyti

Útgjöld helstu málefnaflokka félagsmálaráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir:

	Fjárlög 1987 þús. kr.	Frumvarp 1988 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Yfirstjórn	29.139	48.997	19.858	68
Húsnæðismál	1.300.000	1.750.000	450.000	35
Önnur félagsmál	804.139	1.124.018	319.879	40
Samtals	2.133.278	2.923.015	789.737	37
Par af markaðir tekjustofnar	90.000	70.000	-20.000	-22

Markaður tekjustofn félagsmálaráðuneytisins er nú einn, erfðafjárskattur, og áætlað að hann verði 70.000 þús. kr. árið 1988. Í fjárlögum 1987 eru mörkuðu tekjustofnarnir tveir, þ.e. auk erfðafjárskattsins, sem þá var áætlað að mundi nema 60.000 þús.kr., var skipulagsgjald sem var talið að mundi gefa um 30.000 þús.kr. Nú er gert ráð fyrir að skipulagsgjaldið verði lagt niður sem markaður tekjustofn en verði í staðinn sértekjur Skipulags ríkisins. Til þessarar breytingar þarf breytingu á lögum. Verður nú vikið að helstu fjárlagaliðum til skýringar á breytingu framlaga til málefnaflokka félagsmálaráðuneytisins.

101 Aðalskrifstofa

Fjárveiting til aðalskrifstofu félagsmálaráðuneytisins hækkar úr 29.139 þús.kr. á árinu 1987 í 48.997 þús.kr. eða um 68%. Til skýringar á þessari hækkun milli ára má nefna eftirfarandi atriði. Á launalið er gert ráð fyrir tveimur nýjum verkefnaáráðnum starfsmönnum, öðrum til að sinna húsnæðismálum en hinum málefnum fatlaðra. Laun hækka af þessum sökum um 1.500 þús.kr. Fastar stöður á aðalskrifstofu ráðuneytisins eru nú 15 auk tveggja verkefnaáráðanna sem áður getur. Hækkun annarra gjalda sem er 42% skýrist fyrst og fremst af auknum verkefnum ráðuneytisins, kostnaði við rekstur tölvukerfis vinnumiðlunar og vanáætlun við fjárlagagerð 1987, einkum vegna aukins kostnaðar í nýju húsnæði. Veitt er framlag til tveggja nýrra liða, þ.e. minni háttar eignakaupa (300 þús. kr.) og tilfærslu (580 þús.kr.). Síðari liðurinn er norrænt verkefni á sviði jafnréttismála sem nefnist BRYT og er rekið í samvinnu við Akureyrarbæ. Ríkissjóður greiðir hálf laun og kostnað. Undanfarin ár hefur ríkisframlagið verið greitt með aukafjárveitingum. Til kaupa á tækjabúnaði er áætlað að verja 2.200 þús.kr., einkum til kaupa á búnaði til gagnavinnslu vinnumiðlunar.

271-272 Byggingarsjóður ríkisins og Byggingarsjóður verkamanna

Með lögum nr. 54/1986, um breyting á lögum nr. 60/1984, um Húsnæðisstofnun ríkisins, sbr. lög nr. 77/1985, var gerð umtalsverð breyting á útlánareglum og fjármögnun byggingarsjóðanna. Í fjárlögum 1987 nemur framlag ríkissjóðs til byggingarsjóðanna 1.300.000 þús.kr. en í frumvarpinu er gert ráð fyrir að framlagið á árinu 1988 nemi 1.750.000 þús.kr. Jafngildir það um 17% raunhækkun milli ára. Nánar er fjallað um sjóðina í kaflanum um fjárreiður B-hluta fyrirtækja og sjóða.

301 Skipulagsstjóri ríkisins

Fjárveiting til embættis skipulagsstjóra ríkisins hækkar úr 25.228 þús.kr. á árinu 1987 í 48.729 þús.kr. eða um 93%. Launagjöld hækka um 60% og verða 13.219 þús. kr. Mestu veldur um hækkunina að gert er ráð fyrir því að Skipulagið nýti allar þær tíu föstu stöðuheimildir sem það hefur fengið en í fjárlögum undanfarinna ára hefur verið reiknað með að nýttar væru einungis 7,61 stöðugildi. Launaliður stofnunar hækkar um

2.300 þús.kr. vegna þessa. Önnur gjöld vegna reksturs hækka úr 11.183 þús.kr. í fjárlögum ársins 1987 í 24.510 þús.kr. eða um 119%. Að mestum hluta er hér um að ræða aukna sérfræðiþjónustu til þess að ljúka mikilvægum skipulagsverkefnum sem embættið getur ekki annað og þarf því að kaupa að þjónustu arkitekta og verkfræðinga. Þá er nokkur hækkun á leigu vegna stærra húsnæðis en ákveðið er að embættið flytji í nýtt húsnæði að Laugavegi 166 á árinu 1988. Kostnaður við það fellur að stórum hluta til á árinu 1987 og mun greiddur af sértekjum stofnunar. Tilfærslur til sveitarfélaga vegna greiðslu fyrir vinnu við skipulagsmál hækka úr 5.800 þús.kr. í 10.350 þús.kr. eða um 78%. Nýr liður, *sértekjur*, er myndaður með seldri þjónustu til sveitarfélaga og skipulagsgjöldum sem áður voru markaður tekjustofn en teljast nú til sértekna Skipulagsins. Heildarfjárhæð sértekna er ætlað að standa undir öllum útgjöldum skipulagsins eða 48.729 þús. kr. en þar af er seld þjónusta rúmlega 3.000 þús.kr. Sú stefna er hér mörkuð eins og um fleiri þjónustu- og eftirlitsstofnanir að saman eru stillt útgjöld og tekjur.

302 Ríkissáttasemjari

Framlag til embættis ríkissáttasemjara hækkar um 62% og verður 14.472 þús.kr. Launagjöld hækka úr 6.108 þús. kr. á árinu 1987 í 10.722 þús.kr. eða um 72%. Ekki er gert ráð fyrir öðrum breytingum á starfsmannahaldi en þeim að gera verður ráð fyrir hækkun á launum vegna verkefnaráðinnna starfsmanna og raunar yfirvinnu fastra starfsmanna einnig. Ástæðan er ný ákvæði í lögum um samningsrétt starfsmanna ríkisins (BSRB og BHM) sem heimila hverju aðildarfélagi um sig að fara með sín samningsmál. Önnur gjöld vegna rekstrar hækka um 32% og verða 3.750 þús.kr.

399 Vatnsveitur

Fjárveiting til vatnsveituframkvæmda á vegum sveitarfélaga er felld niður þar sem þetta er einn af þeim liðum sem ríkisstjórnin áformar að færa til sveitarfélaga.

700–708 Málefni fatlaðra

Heildarkostnaður vegna þessara liða hækkar úr 490.618 þús.kr. í fjárlögum 1987 í 756.523 þús.kr. eða um 54%. Af þessari hækkun eru 42.057 þús.kr. vegna nýrrar starfsemi. Laun hækka um 201.731 þús.kr. og verða 527.193 þús.kr. og er það hækkun um 62%. Af þessari hækkun launa eru 40.488 þús.kr. laun á nýjum stofnunum. Einnig er nokkur hækkun á launum hjá stofnunum sem sett voru í fjárlög 1987 en ekki gert ráð fyrir rekstri nema hluta úr árinu. Reiknuð stöðugildi í þessu frumvarpi eru 529,07 og fjölgar frá fjárlögum 1987 um 74,1, þar af eru 50,7 vegna nýrra heimila. Flestum þeirra er búið húsnæði sem verður til reiðu í lok ársins 1987 eða á því næsta og er reist eða keypt fyrir fé úthlutað úr Framkvæmdasjóði fatlaðra. Viðfangsefni eru auðkennd með stjórn á yfirliti hér á eftir. Önnur gjöld án eignakaupa hækka um 25% og verða 159.970 þús. kr. Til eignakaupa er áformað að verja 2.250 þús.kr. en er 900 þús.kr. í fjárlögum 1987. Tilfærslur hækka úr 72.240 þús.kr. í 114.780 þús.kr. eða um 59%. Af hækkun upp á 42.540 þús.kr. eru 32.012 þús.kr. hækkun á greiðslum samkvæmt 10. gr. laga nr. 41/1981, um málefni fatlaðra, en þar segir að „fatlað barn á aldrinum 0–18 ára, sem dvelur í heimahúsum eða sem nýtur takmarkaðrar þjónustu og þarfnast sérstakrar umönnunar eða gæslu að dómi svæðisstjórnar, á rétt á aðstoð eftir því sem við verður komið“. Hækkun fjárveitingar samkvæmt þessari grein er byggð á reynslu undanfarinna ára. Liðurinn verður alls 76.750 þús.kr. og hækkar um 72%. Sértekjur hækka úr 34.815 þús.kr. í 47.670 þús.kr. eða um 37%. Að mestu eru sértekjurnar seldar afurðir framleiddar á vernduðum vinnustöðum. Meðfylgjandi yfirlit sýnir skiptingu á fjárveitingum og stöðugildum á viðfangsefni:

	Stöðugildi Reiknuð	Par af heimiluð	Gjöld samts. þús.kr.	Sér- tekjur þús.kr.	Fjárveiting skv. frv. þús.kr.
700 Málefni fatlaðra			91.028		91.028
Stjórnarnefnd			981		981
Samráðsnefnd			871		871
Samráðsnefnd um ferlimál			1.216		1.216
Kostnaðar skv. 10. gr.			76.750		76.750
Kostnaður skv. 19. gr.			4.910		4.910
Vistanir			1.890		1.890
Starfsþjálfun			4.410		4.410
701 Málefni fatlaðra, Reykjavík	156,17	23,13	188.737	7.070	181.667
Svæðisstjórn	3,5	3,5	6.325		6.325
Sambýli Dreka­vogi 16	4,0	4,0	4.651		4.651
Sambýli Akurgerði 20 (Reykjavíkurborg)			1.960		1.960
Sambýli í leiguhúsnæði, óstaðsett	4,0		4.880		4.880
Sambýli Háteigs­vegi 6	2,51		2.939		2.939
Sambýli Sigluvogi 5	3,19		2.940		2.940
Sambýli Auðar­stræti 15	4,07		4.661		4.661
Sambýli Viðihlíð 11	4,92		5.568		5.568
Sambýli Viðihlíð 7	3,55		4.014		4.014
Sambýli Viðihlíð 5	3,71		4.271		4.271
Sambýli Sóleyjargötu	4,0	3,0	5.007		5.007
Vinnustofan Ás	4,0		12.470	5.970	6.500
Tæknivinnustofa Öryrkjabandalagsins			3.360		3.360
Vermd, vinnustaður Sjálfsbjargar			880		880
Dagvistun Lækjarási	14,0		14.255		14.255
Dagvistun Bjarkarási	14,0		17.190		17.190
Dagvistun Lyngási	24,9		24.141		24.141
Skammtí­mavistun Viðihlíð 9	6,39		8.518	1.100	7.418
Skammtí­mavistun Dalbraut 12 (Rv. borg)			6.110		6.110
Meðferðarheimili f. einhverf börn, Sæbraut 2	12,63	12,63	17.948		17.948
Sambýli einhverfa barna, Trönuhólum 1	10,8		9.854		9.854
Vistheimili við Holtaveg	8,5		10.536		10.536
Meðferðarheimili Njörvasundi 2 *	5,5		6.376		6.376
Hjúkrunar- og vistheimili *	8,5		2.642		2.642
Atvinnuleit			1.770		1.770
Sambýli 1 (hálf ár) *	4,0		2.251		2.251
Sambýli 2 (4 má­n.) *	4,0		1.542		1.542
Þrjú sambýli Styrktarfé­l. vangefinna *	1,5		1.678		1.678
702 Málefni fatlaðra, Reykjanesi	136,35	22,25	174.729	8.550	166.179
Svæðisstjórn	3,0	3,0	5.434		5.434
Sambýli Vallargerði 26, Kópavogi	6,55	3,65	7.513		7.513
Sambýli Klettahrauni 17, Hafnarfirði	4,8	3,0	5.553		5.553
Sambýli Markarflöt, Garðabæ	4,0	3,0	4.622		4.622
Sambýli fyrir börn	6,5		8.400		8.400
Sambýli Bakkaflöt, Garðabæ *			250		250
Sambýli (teg. II) *	6,5		7.449		7.449
Örvi, verndaður vinnustaður Kópavogi	5,5	3,0	14.580	5.240	9.340
Verkstjórn fatlaðra *	1,0		726		726
Leikfangasafn Keflavík	0,6	0,6	626		626
Skammtí­mavistun	7,4	3,0	8.902	1.280	7.622
Dagvistun Keflavík	5,0	3,0	6.164	280	5.884
Helgarskammtí­mavistun Hafnarfirði *			1.647		1.647
Dagvist Hafnarfirði *	4,0		2.980		2.980
Vistheimilið Skálatúni	57,0		69.654	1.150	68.504
Vistheimilið Tjaldanesi	21,7		26.432	600	25.832
Gistiheimili Proskahjálpar Kópavogi	0,8		2.027		2.027
Atvinnuleit			1.770		1.770
703 Málefni fatlaðra, Vesturlandi	14,5	8,0	22.292	3.800	18.492
Svæðisstjórn	2,0	2,0	3.269		3.269
Sambýli Akranesi	7,5	3,5	7.651		7.651
Verndaður vinnustaður Akranesi	2,0		6.532	3.800	2.732
Leikfangasafn Borgarnesi	0,5	0,5	843		843
Dagvistun Akranesi	2,5	2,0	3.004		3.004
Sumarbúðir *			993		993
704 Málefni fatlaðra, Vestfirðum	20,25	9,0	26.369	1.900	24.469
Svæðisstjórn	2,0	2,0	3.221		3.221
Þjónustumiðstöð Bræðratungu	18,25	7,0	22.448	1.500	20.948
Þjónustumiðstöð vegna bílaskipta *			700	400	300

	Stöðugildi Reiknuð	Par af heimiluð	Gjöld samtals þús. kr.	Sér- tekjur þús. kr.	Fjárveiting skv. frv. þús. kr.
705 Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra	15,5	6,0	17.548		17.548
Svæðisstjórn	2,0	2,0	3.445		3.445
Sambýli Siglufirði	5,5	2,0	5.552		5.552
Sambýli Sauðárkróki	4,0		3.607		3.607
Leikfangasafn Siglufirði	1,0	1,0	1.230		1.230
Leikfangasafn Blönduósi	1,0	1,0	1.271		1.271
Leikfangasafn Sauðárkróki	1,0		1.254		1.254
Sumardvöl Egilsá	1,0		1.189		1.189
706 Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra	94,3	35,1	149.495	15.710	133.785
Svæðisstjórn	3,5	2,5	6.332		6.332
Sambýli Byggðavegi 91, Akureyri	5,0	2,3	4.994		4.994
Sambýli Borgarhlíð 3, Akureyri	4,0	1,1	4.065		4.065
Sambýli Vanabyggð 4c, Akureyri	4,0	1,6	4.156		4.156
Sambýli Húsavík	5,0		5.069		5.069
Iðjulundur, verndaður vinnustaður	7,0	3,0	20.770	12.280	8.490
Bjarg, verndaður vinnustaður			6.620		6.620
Leikfangasafn Akureyri	0,6	0,6	791		791
Skammtíavistun Akureyri	2,2		2.101	1.410	691
Vistheimilið Sólborg	63,0	24,0	90.280	2.020	88.260
Sumarbúðir í Botni			3.137		3.137
Atvinnuleit *			780		780
Sambýli Byggðavegi, viðhald húss *			400		400
707 Málefni fatlaðra, Austurlandi	28,5	11,5	34.708	820	33.888
Svæðisstjórn	2,0	2,0	3.606		3.606
Sambýli Egilsstöðum	5,0	3,0	5.047		5.047
Verndaður vinnustaður Egilsstöðum	2,0	1,0	4.573	820	3.753
Leikfangasafn	0,5	0,5	807		807
Vonarlund, þjónustumiðstöð	18,5	5,0	20.675		20.675
708 Málefni fatlaðra, Suðurlandi	63,5	15,5	99.287	9.820	89.467
Svæðisstjórn	2,5	2,5	4.182		4.182
Sambýli Árvegi 8, Selfossi	4,0	4,0	4.881		4.881
Sambýli Vallholti 9, Selfossi *	7,5		7.633		7.633
Verndaður vinnustaður Selfossi	3,0	2,0	3.949	790	3.159
Verndaður vinnustaður Vestmannaeyjum	2,0		10.227	6.980	3.247
Leikfangasafn Vestmannaeyjum	1,0	1,0	1.222		1.222
Lambhagi, meðferðarheimili Selfossi	7,0	6,0	8.095		8.095
Vistheimilið Sólheimum	32,5		48.728	2.050	46.678
Skaftholt, meðferðarheimili			3.570		3.570
Meðferðarheimili Búhamri 17, Vestm.eyjum *	4,0		4.500		4.500
Vistheimilið Sólheimum vegna starfsmanna- húss og hitaveitu *			1.300		1.300
Verndaður vinnustaður Selfossi, bílakaup *			1.000		1.000
Samtals	529,07	130,48	804.193	47.670	756.523

750 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins

Á árinu 1987 var keypt húseignin Digranesvegur 5 í Kópavogi til afnota fyrir Greiningarstöð ríkisins og svæðisstjórn málefna fatlaðra á Reykjanesi. Gera þarf ýmsar breytingar á innréttingu hússins áður en inn í það verður flutt en vonir standa til þess að framkvæmdum ljúki upp úr næstu áramótum. Greiningarstöðin ætti því að geta flutt í rýmra og hentugra húsnæði áður en langt líður, en að allra dómi er það húsnæði sem stofnunin hefur haft til umráða óhentugt fyrir þessa starfsemi. Frá fjárlögum 1987 hækkar heildarfjárveiting til Greiningarstöðvar ríkisins úr 19.110 þús.kr. í 31.886 þús.kr. eða um 67%, þar af hækka laun langmest eða um 12.614 þús.kr. sem er 89%. Í fjárlögum 1987 er gert ráð fyrir 20,3 föstum stöðugildum heimiluðum af ráðninganefnd, auk eins og háls stöðugildis á öðrum dagvinnulaunum. Þar er um að ræða eitt stöðugildi sem fjárveitinganefnd tók inn og hálf stöðugildi þriggja lækna sem árum saman hafa gegnt þar lækniþjónustu sem verkefnaráðnir starfsmenn. Til viðbótar þessum stöðum er í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1988 gert ráð fyrir fimm stöðugildum sem ráðið er í til að sinna ákveðnum verkefnum og eru laun vegna þeirra talin með öðrum dagvinnulaunum. Launaliður hækkar um 4.500 þús.kr. vegna starfsmannabreytinga. Þannig er gert ráð fyrir 26,8 stöðugildum hjá stofnuninni, 20,3 grunnheimildum og 6,5 verkefnaráðnum.

795 Framkvæmdasjóður fatlaðra

Fjárveiting til Framkvæmdasjóðs fatlaðra er áætluð 180.000 þús.kr. samanborið við 130.000 þús.kr. á árinu 1987. Hækkunin nemur 38%. Tekjur af erfðafjárskatti renna í Framkvæmdasjóð fatlaðra, sbr. 35. og 44. gr. laga nr. 41/1983, um málefni fatlaðra. Áætlaðar tekjur af skattinum á árinu 1988 eru 70.000 þús.kr. þannig að framlag ríkissjóðs til sjóðsins þarf að vera 110.000 þús.kr. til þess að heildarfjárhæðinni verði náð.

951 Brunamálastofnun ríkisins

Ekki er gert ráð fyrir framlagi úr ríkissjóði til rekstrar Brunamálastofnunar ríkisins fremur en fyrri ár og er rekstur stofnunarinnar fjármagnaður að öllu leyti með tekjum af brunavarnagjaldi sem tryggingafélög í landinu greiða. Í fjárlögum fyrir árið 1987 var gert ráð fyrir 8,0 stöðugildum við stofnunina og eru það fastar stöður (grunnheimildir) en í þessu frumvarpi er til viðbótar gert ráð fyrir launum eins starfsmanns til eins árs til að semja reglugerðir um brunavarnir. Alls er því gert ráð fyrir níu starfsmönnum við stofnunina. Launagjöld hækka um 79% milli ára og verða 12.110 þús.kr. Önnur gjöld vegna rekstrar hækka úr 6.380 þús.kr. í 10.840 þús.kr. eða um 70%. Gert var ráð fyrir 900 þús.kr. útgjöldum á árinu 1988 til kaupa á ýmsum tækjabúnaði en ekki var gert ráð fyrir slíku á árinu 1987. Samkvæmt 24. gr. laga nr. 74/1982, um brunavarnir og brunamál, er lagt 1,75% brunavarnagjald á brúttóiðgjaldatekjur tryggingafélaganna. Félagsmálaráðherra mun leggja fram frumvarp til laga um breytingu á álagningarhlutfalli þessu.

953 Jafnréttisráð

Framlag til Jafnréttisráðs hækkar um 95% frá árinu 1987 og verður 6.981 þús.kr. Gert er ráð fyrir vaxandi umsvifum ráðsins. Tvær stöður eru nú heimilaðar við ráðið en til viðbótar er gert ráð fyrir hálfri stöðu verkefnaráðsins fræðslufulltrúa til eins árs. Launagjöld hækka um 98% frá 1987 og verða 4.311 þús.kr. Hækkun umfram áður nefnda hálfra stöðu skýrist af hækkuðum annarra launa eins og þóknun fyrir setu í Jafnréttisráði o.fl., sem ákveðin er af þóknunarnefnd, en laun af þessu tagi hafa verið vantalin undanfarin ár. Þar á meðal eru 260 þús.kr. ætlaðar til undirbúningsstarfs fyrir kvennaráðstefnu. Önnur gjöld vegna rekstrar hækka úr 1.398 þús.kr. á árinu 1987 í 2.170 þús.kr. eða um 55%. Eignakaup, 500 þús. kr., er nýr liður og er til kaupa á ýmsum búnaði, m.a. vegna fyrirhugaðs flutnings í nýtt húsnæði að Laugavegi 118d. Í það húsnæði flytja nokkrar ríkisstofnanir um næstkomandi áramót.

954 Vinnueftirlit ríkisins

Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir framlagi til Vinnueftirlits ríkisins fremur en í fjárlögum fyrri ára. Útgjöld stofnunarinnar hækka um 40%. Fjárveiting til rekstrar hækkar um 29% milli ára og verður 64.801 þús.kr. Ráðningnefnd ríkisins heimilaði eitt nýtt stöðugildi (tvær hálfar stöður) og eru þá fastar stöður alls 30 talsins. Miðað er við óbreyttan fjölda lausráðinna starfsmanna frá því sem er í fjárlögum 1987, þ.e. sem nemur 3,33 stöðugildum, til að sinna sérstökum verkefnum. Framlag til eignakaupa nemur 8.800 þús.kr. og þar af eru röskar 5.000 þús.kr. til greiðslu á skuld við ríkissjóð vegna húsaakaupa. Annað er til kaupa á bifreið (480 þús.kr.) og öðrum tækjabúnaði (rannsóknartækjum) fyrir stofnunina.

972 Bjargráðasjóður Íslands

Fjárveiting til sjóðsins er felld niður enda verður sótt um heimild til niðurfellingar í frumvarpi til lánsfjárlaga.

981 Vinnumál

Framlag til þessa fjárlagaliðar hækkar úr 23.024 þús.kr. í 26.726 þús.kr. eða um 16%. Ekki þykir ástæða til að fjalla um önnur viðfangsefni en viðfangsefnið *ýmislegt*. Gert

er ráð fyrir að fjárveiting undir þeim lið skiptist eins og fram kemur í meðfylgjandi yfirliti og til samanburðar er sýnd skipting í fjárlögum 1987:

	Fjárlög 1987 þús. kr.	Frumvarp 1988 þús. kr.	Breyting	
			þús. kr.	%
Samtök vinnumarkaðarins, hagræðingarstarfsemi .	4.060	4.670	610	15
ASÍ, vegna Menningar- og fræðslusambands alþýðu	2.860	3.290	430	15
Félagsmálaskóli alþýðu	3.910	4.497	587	15
Hagdeildir ASÍ, VSÍ, VMS, BSRB og BHM	3.460	3.980	520	15
ASÍ, vegna norræna verkalýðsskólans í Genf	100	115	15	15
Námskeið fyrir trúnaðarmenn á vinnustöðum	1.100	1.265	165	15
Fræðslumál BSRB	950	1.093	143	15
Fræðslumál BHM	155	178	23	15
Fræðslumál annarra	155	178	23	15
Upplýsingastarfsemi um kjaramál	300	345	45	15
Þátttaka í erlendu vinnumálasamstarfi	816	1.159	343	42
Samtals	17.866	20.770	2.904	16

982 Ríkisábyrgð á launum vegna gjaldþrota

Í fjárlögum fyrir árið 1987 eru veittar 10.000 þús.kr. á þessum fjárlagalið. Ljóst er að útgjöld á árinu munu verða þó nokkru hærri. Til loka ágúst 1987 hafa 19.751 þús.kr. verið greiddar. Erfitt er að áætla endanlega fjárhæð þar sem óvíst er hversu mikið af útgjöldum ríkissjóðs fæst endurgreitt úr þrotabúum. Ákveðið hefur verið að hækka fjárveitinguna á árinu 1988 til mikilla muna og nemur hún 23.000 þús.kr.

999 Félagsmál, ýmis starfsemi

Þær breytingar sem gerðar eru undir þessum fjárlagalið frá fjárlögum 1987 eru að bætt er við einu nýju viðfangsefni, *starfsmenntun í atvinnulífínu*, og að fellt er niður viðfangsefnið *öryggisfræðsla sjómanna, námskeið*. Í meðfylgjandi yfirliti er sýnt framlag til einstakra viðfangsefna á árinu 1987, í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1988 og breytingin milli ára:

	Fjárlög 1987 þús. kr.	Frumvarp 1988 þús. kr.	Breyting	
			þús. kr.	%
Meðlög skv. 21., 22. og 23. gr. framfærslulaga	3.193	5.620	2.427	76
Meðlög skv. lögum nr. 9/1981	36.935	49.900	12.965	35
Slysavarnafélag Íslands	5.400	6.210	810	15
Öryggisfræðsla sjómanna, námskeið	8.000	.	-8.000	.
Sjómannastofur	500	500	.	.
Félagasamtök, styrkir	5.500	6.200	700	13
Starfsmenntun í atvinnulífínu	-	5.000	5.000	.
Kvennaathvarf í Reykjavík	3.500	4.500	1.000	29
Snjóflóða- og skriðufallavarnir	3.000	3.000	.	.
Ýmis framlög	1.800	3.500	1.700	94
Samtals	67.828	84.430	16.602	24

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

Útgjöld helstu málefnaflokka heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir:

	Fjárlög 1987	Frumvarp 1988	Breyting	
	þús. kr.	þús. kr.	þús. kr.	%
Yfirstjórn	33.531	56.957	23.426	70
Tryggingamál	11.413.202	14.729.530	3.316.328	29
Heilbrigðismál	7.071.446	9.887.656	2.816.210	40
Annað	29.846	51.994	22.148	74
	Samtals			
Par af markaðir tekjustofnar	18.548.025	24.726.137	6.178.112	33
	1.594.520	2.027.520	433.000	27

Markaðir tekjustofnar þessa ráðuneytis eru eftirfarandi: Lífeyrstryggingaiðgjald atvinnurekenda verður 1.600.000 þús.kr. og hækkar um 350.000 þús.kr. frá fjárlögum 1987. Slysstryggingaiðgjöld atvinnurekenda verða 223.000 þús.kr. og hækka um 38.000 þús.kr. Iðgjald til Atvinnuleysistryggingasjóðs hækkar um 45.000 þús.kr. og verður 200.000 þús.kr. Hluttur Gæsluvistarsjóðs af hagnaði ÁTVR er 1.500 þús.kr. og óbreyttur frá fjárlögum 1987. Sömuleiðis er gjald af eyðublöðum heillaskeyta óbreytt frá fjárlögum 1987, 20 þús.kr., og tekjur af samúðarskeytum Landssímans, 3.000 þús.kr. Gjald til Framvæmdasjóðs aldraðra fellur niður sem markaður tekjustofn en framlag ríkissjóðs til sjóðsins innheimtist sem hluti af álagningu við staðgreiðslu skatta. Ákveðið er að hluti af skemmtanaskatti (svokölluðu rúllugjaldi) verði varið til áfengis- og fíkniefnamála, alls 20.000 þús.kr. og fellur stór hluti þess undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti. Verður nú fjallað um breytingar á fjárveitingum til stofnana og viðfangsefna ráðuneytisins.

101 Aðalskrifstofa

Heildarfjárveiting nemur 56.957 þús.kr. Að frátöldum stofnkostnaði er hækkun frá fjárlögum 1987 um 65%. Nýjar stöður samkvæmt frumvarpinu eru fjórar og stöðugildi því samtals 22,5. Um er að ræða eina stöðu deildarstjóra, skrifstofustjóra og sérmenntaðan starfsmann. Seinni tvær stöðurnar eru vegna sérstakrar fjármálaskrifstofu sem verður sett upp í ráðuneytinu. Útgjaldaaukning vegna þessa er áætluð um 3.500 þús.kr. Einnig hefur verið skipaður yfirlæknir í ráðuneytinu til þess að annast störf skólayfirlæknis og eru launagjöld vegna þessa talin um 2.200 þús.kr. Framlag til tímabundins verkefnis sem unnið hefur verið í samvinnu við Alþjóðaheilbrigðisstofnunina undanfarin fjögur ár fellur nú niður, en framlagið samsvaraði kostnaði við eina læknisstöðu. Húsnæði til ráðstöfunar fyrir ráðuneytið stækkar töluvert og eykst rekstrarkostnaður vegna þess. *Lyfjanefnd*, *Lyfjaeftirlit ríkisins* og *Lyfjaverðlagsnefnd* flytja úr húsnæði ráðuneytisins en þessir aðilar hafa verið leigjendur undanfarin ár. Ráðuneytið mun nú nýta það húsnæði. Framlag til stofnkostnaðar er 3.700 þús.kr. vegna endurbóta á húsnæði og tækjakaupa.

271 Tryggingastofnun ríkisins

Fjárframlög til Tryggingastofnunar ríkisins nema samtals 14.147 m.kr. Framlögin renna til lífeyrstrygginga, sjúkratrygginga og slysstrygginga. Auk þess er framlag til almenns rekstrar og stjórnunar stofnunarinnar og til viðhalds fasteigna. Í eftirfarandi yfirliti kemur fram skipting útgjalda milli viðfangsefna og samanburður við fjárlög 1987:

Almannatryggingar 1987 og 1988

	Fjárlög 1987 m. kr.	Frumvarp 1988 m. kr.	Breyting m. kr.	%
Yfirstjórn	110	164	54	49
Lífeyristryggingar	6.360	8.669	2.309	36
Sjúkratryggingar	4.235	5.079	844	20
Slysatryggingar	185	223	38	21
Viðhald húseignar	–	12	12	.
Samtals	10.890	14.147	3.257	30

Sömu forsendur gilda um framlög til almannatrygginga og við eiga um laun og verðlag í frumvarpinu. Tekið hefur verið sérstakt tillit til hækkunar tekjutryggingar skv. reglugerð nr. 211/1987 og einnig til hækkunar bóta vegna sérstakrar ákvörðunar núverandi ríkisstjórnar skv. reglugerð nr. 392/1987. Þá er gert ráð fyrir hækkun framlaga til fæðingarorlofs og fæðingarstyrkja í samræmi við lög nr. 57/1987 um fæðingarorlof og lög nr. 59/1987, um breyting á lögum um almannatryggingar. Og loks er gert ráð fyrir hækkun bílastyrkja til öryrkja skv. reglugerð nr. 170/1987. Skal þetta nú skýrt frekar.

1.01 Yfirstjórn. Fjárveiting til yfirstjórnar nemur 164 m.kr. en var 110 m.kr. í fjárlögum 1987. Heimiluð stöðugildi eru 112,7 og er það óbreytt frá fjárlögum 1987. Kostnaðarhlutur atvinnuleysistrygginga og ýmissa sjóða sem eru í vörslu stofnunarinnar koma fram sem sértekjur á þessu viðfangsefni. Nú er í fyrsta sinn áætlað sérstaklega fyrir viðhaldi húseigna og er framlagið 12,3 m.kr. Það er m.a. ætlað til viðgerðar á lyftu að Laugavegi 114, viðgerðar á suðurhluta 3. hæðar húseignarinnar að Laugavegi 116, málningar og viðhalds á gluggum svo og til viðhalds innanhúss.

1.10 Lífeyristryggingar. Heildarframlag nemur 8.669 m.kr. og hækkar um 36% frá fjárlögum 1987. Endurskoðuð áætlun ársins 1987 er um 7.140 m.kr. og er hækkun frá þeirri tölu því um 21%. Miklar breytingar hafa verið gerðar á lífeyrisbótum umfram almennar launahækkunar frá samþykkt fjárlaga 1987 og verður þeirra helstu getið hér. Með reglugerð nr. 211/1987 var full tekjutrygging einstaklinga og hjóna hækkuð um 18,5%. Önnur hækkun var gerð með reglugerð nr. 392/1987 um sérstaka heimilisuppbót sem miðast við lágmarks-laun. Er það í samræmi við stefnuyfirlýsingu núverandi ríkisstjórnar um að lágmarksframsælslueyri einstaklinga með heimilisuppbót skuli ekki vera lægri en lágmarks-laun frá 1. september 1987 að telja. Með reglugerð nr. 170/1987 er kveðið á um sérstaka bifreiðastyrki til handa elli- og örorkulífeyrisþegum. Allar þessar breytingar hafa leitt til umtalsverðrar hækkunar bóta á árinu 1987 umfram forsendur fjárlaga þess árs. Auk þess sem tillit er tekið til þessa í áætlun fyrir árið 1988 er gert ráð fyrir hækkun framlags vegna fæðingarorlofs og fæðingarstyrkja en lög varðandi þessi framlög taka gildi 1. janúar 1988. Útgjalda-aukning á árinu 1988 af þessum sökum er talin verða um 1.100 m.kr. Að öðru leyti er við áætlun fyrir árið 1988 tekið mið af hækkun bóta fyrr á þessu ári ásamt almennum launahækkunum. Gert er ráð fyrir að bótaþegum fjölgi í samræmi við aldurssamsetningu þjóðarinnar og út frá reynslu síðustu ára. Að meðaltali er um 3% fjölgun bótaþega að ræða en hún skiptist misjafnlega á hina ýmsu bótaþætti. Í eftirfarandi yfirliti koma fram áætluð útgjöld lífeyristrygginga sundurliðuð á hina ýmsu bótaþætti ásamt samanburði við fjárlög 1987:

Lífeyrstryggingar 1987 og 1988

	Fjárlög 1987 m. kr.	Frumvarp 1988 m. kr.	Breyting m. kr.	%
Gjöld	6.945	9.369	2.424	35
101-103 Lífeyrir og örorkubætur	5.320	7.365	1.860	35
Elli- og örorkulífeyrir	2.150	2.650	500	23
Tekjutrygging	2.245	3.100	855	38
Uppbót	515	655	140	27
Heimilisuppbót o.fl.	235	645	410	174
Örorkustyrkur	175	275	100	57
104 Barnalífeyrir	135	160	25	19
105,107 Ekkju-, ekkla- og makabætur	125	150	25	20
106 Mæðra- og feðralaun	380	480	100	26
108 Fæðingarorlof	330	500	170	52
120 Meðlög	585	700	115	20
171 Vextir	70	54	-16	-23
Tekjur	6.945	9.369	2.424	35
180 Framlög ríkissjóðs	6.360	8.669	2.309	36
181 Meðlög, sveitarfélög	585	700	115	20

Almennar bótahækkningar á árinu 1987 eru eftirfarandi: Frá 1. mars hækkuðu allar bætur um 1,5%, frá 1. júní um 2,85% og áætlað er fyrir 7,23% hækkun bóta frá 1. október. Á árinu 1988 er miðað við sömu forsendur og í hækkun launalíðar frumvarpsins, þ.e.a.s. að bætur hækki um 3% 1. janúar 1988, 2% 1. febrúar og 2% 1. júlí. Hækkningar þessar eru í samræmi við breytingar á almennum kaupþóxtum. Auk þess hafa verið gerðar sérstakar breytingar með reglugerðum sem getið er um hér að framan.

1.20 Sjúkratryggingar. Fjárveiting nemur 5.079 m.kr. og skiptist á helstu útgjaldaliði sem hér segir:

Sjúkratryggingar 1987 og 1988

	Fjárlög 1987 m. kr.	Frumvarp 1988 m. kr.	Breyting m. kr.	%
Gjöld	5.130	6.450	1.320	26
301,312 Vistgjöld á sjúkrastofnunum	2.140	2.255	115	5
302 Heimþjónusta við aldraða	60	105	45	75
303 Hjálpartæki	135	230	95	70
305 Útgjöld skv. 39. gr. tryggingal.	80	140	60	75
310 Lækniskostnaður	550	810	260	47
311 Tannlæknakostnaður	300	410	110	37
313-314 Innlendum og erlendum sjúkrak.	520	790	270	52
315 Lyfjakostnaður	1.130	1.410	280	25
316 Sjúkradagpeningar	145	200	55	38
370 Rekstrarkostnaður	70	100	30	43
Tekjur	5.130	6.450	1.320	26
380 Hlutur ríkissjóðs	4.235	5.090	855	20
Hlutur sveitarfélaga	895	1.360	465	52

Hækkun hinna ýmsu liða er mismunandi mikil. Lítil hækkun á vistgjöldum sjúkrastofnana skýrist af því að í fjárlögum 1987 er áætlað fyrir um 400 m.kr. hallauppgjöri við sjúkrahús sem fá nú beint framlag í fjárlögum í stað daggjalda áður. Ríkissjóður greiddi um 90% þess halla á móti sveitarfélögum og skýrir það einnig hlutfallslega lækkun á hlut ríkissjóðs í framlagi til sjúkratrygginga í heild. Tilfærsla hefur einnig verið gerð á milli ríkis og sveitarfélaga á liðnum heimaþjónusta við aldraða og er nú fyrirhugað að sveitarfélög greiði heimilishjálp að fullu en ríkissjóður heimahjúkrun. Eftirfarandi hækkunir hafa orðið á töxtum rekstrargjalda þeirra hjúkrunarheimila og sjúkrahúsa sem enn fá daggjöld: 1. janúar 1987 varð 3,4% hækkun, 1. mars 1%, 1. apríl 10% og 1. júní varð 4,5% hækkun. Þann 1. október er hækkunin 7,4% og hafa daggjöld því hækkað um tæplega 29% frá upphafi ársins til 1. október 1987. Aðrir útgjaldabættir sjúkratrygginga hækka í samræmi við almennar launa-, verðlags- og gengisforsendur frumvarpsins auk þess sem tekið er tillit til útkomu ársins 1986 og fyrstu mánaða 1987 hvað aukningu snertir. Mjög mikil aukning er í heimaþjónustu við aldraða og er þá bæði átt við heimahjúkrun og heimilishjálp. Sömuleiðis er mikil aukning í styrkjum til hjálpartækjakaupa og í útgjöldum skv. 39. gr. tryggingalaga en þar vega þyngst framlög vegna sjúkraþjálfunar og greiðslur til rannsóknastofnana. Er þar um að ræða greiðslur fyrir rannsóknir sem aðallega eru unnar fyrir heilsugæslustöðvar og sérfræðinga á rannsóknastofum eins og Rannsóknastofu Háskólans. Verð lyfja hefur hækkað tiltölulega lítið frá miðju ári 1986. Stór hluti lyfjakostnaðar er vegna innfluttra lyfja. Því eru útgjöld þeirra vegna fyrst og fremst háð gengisþróun. Í fjárlögum 1987 var gert ráð fyrir samtals um 150 m.kr. sparnaði á útgjaldaliðunum lyf og læknishjálp. Þessum sparnaði hefur ekki verið náð. Hækkun lyfjakostnaðar og lækniþjónustu í samanburði við fjárlög 1987 er því m.a. vegna þess að tölur í fjárlögum eru of lágar en einnig vegna mikillar aukningar á báðum þessum liðum.

1.30 Slysatryggingar. Útgjöld slysatrygginga eru áætluð 223 m.kr. Innheimta markaðra tekna í ríkissjóð af slysatryggingagjaldi samkvæmt reglugerð nr. 142/1987 er áætluð 223 m.kr. skv. 3. gr. frumvarpsins.

273 Atvinnuleysisstryggingasjóður

Framlag til sjóðsins er áætlað 500.000 þús.kr. Samkvæmt lögum skal framlag atvinnurekenda og sveitarfélaga vera jafnhátt en framlag ríkissjóðs tvöfalt herra en framlag hvors hinna. Samkvæmt 3. gr. frumvarpsins er framlag atvinnurekenda 200.000 þús.kr. Verður leitað heimildar í frumvarpi til lánsfjárlaga til takmörkunar á framlagi ríkissjóðs þannig að heildarframlag verði ekki hærri fjárhæð en 500.000 þús.kr. á árinu 1987. Skerðingin í heild nemur því 100.000 þús.kr. Tekjur sjóðsins að frátöldum eigin tekjum eru því áætlaðar 700.000 þús.kr. Nánari grein er gerð fyrir fjármálum sjóðsins í greinargerð um B-hluta fyrirtæki og sjóði.

274 Eftirlaunasjóður aldraðra

Framlag til sjóðsins verður 82.950 þús.kr. og hækkar um 44% frá gildandi fjárlögum. Framlagið er í samræmi við ákvæði laga nr. 2/1985, um framlengingu á greiðslum bóta vegna eftirlaunasjóðs aldraðra til ársloka 1989.

301 Landlæknir

Heildarfjárveiting til landlæknisembættisins nemur 18.107 þús.kr. og hækkar frá gildandi fjárlögum um 53%. Nýtt viðfangsefni, *sjúkraflutningaráð*, bætist við frá gildandi fjárlögum. Ráð þetta starfar á vegum landlæknis og er skipað þremur mönnum. Ráðið á að vera ráðgefandi um allt er varðar sjúkraflutninga í landinu og

gera tillögur til ráðherra um veitingu leyfa til sjúkraflutninga. Viðbótarútgjöld vegna þess eru 630 þús.kr. Framlag til *yfirstjórnar* embættisins er miðað við óbreytta starfsemi frá því sem er í gildandi fjárlögum og byggir launatala á 6,25 heimiluðum stöðum. Hækkun annarra gjalda er m.a. vegna uppsetningar og rekstrar innbrotaviðvörðunarkerfis og framlag til viðhalds er fyrst og fremst til endurnýjunar á gólfefni.

324 Heyrnar- og talmeinstöð

Framlag til rekstrar nemur 21.882 þús. kr. og hækkar um 33% frá gildandi fjárlögum. Miðað er við óbreytta starfsemi stofnunarinnar og 18 heimiluð stöðugildi. Tilfærslur að fjárhæð 18.400 þús.kr. eru vegna heyrnatækjakaupa einstaklinga.

325 Hollustuvernd ríkisins

Heildarfjárveiting til stofnunarinnar nemur 41.697 þús.kr., þar með er talið framlag til óskipts stofnkostnaðar 2.200 þús.kr. Framlag til rekstrar hækkar um 49% og er að nokkru umfram almennar launa- og verðlagshækkunarir. Launagjöld hækka um 50% og er vegna fjölgunar starfsmanna um eina stöðu náttúrufræðings á rannsóknastofu. Heimiluð stöðugildi eru því 24,3 talsins, 5,3 á yfirstjórn, 4 í heilbrigðiseftirliti, 11 á rannsóknarstofu og 4 í mengunarvörnum. Önnur rekstrargjöld en laun hækka umfram verðlag, m.a. vegna rekstrar á stærra húsnæði og nýrra samninga um húsaleigu. Til bráðabirgða er stofnunin nú til húsa í Síðumúla 13 en stefnt er að því að hún flytji í Ármúla 1a. Einnig aukast rekstrargjöld mengunarvarnardeildar vegna aukins reglulegs eftirlits með atvinnurekstri. Á móti er nú í fyrsta sinn áætlað fyrir sértekjum vegna mengunarvarna.

326 Sjónstöð Íslands

Fjárveiting nemur 11.010 þús.kr. og hækkar um 37% frá fjárlögum 1987. Gert er ráð fyrir óbreyttum rekstri og eru heimilaðar stöður við stofnunina 4,5 talsins. Í áætlun um önnur rekstrargjöld er gert ráð fyrir húsaleigu samkvæmt nýjum samningi við Blindrafélag Íslands og gildir hann til loka ársins 1988.

327 Geislavarnir ríkisins

Heildarfjárveiting til rekstrar nemur 5.800 þús.kr. Byggist áætlun á óbreyttum rekstri að öllu leyti nema því að stofnunin flytur í nýtt húsnæði að Laugavegi 118D um næstu áramót. Hækka önnur gjöld vegna þess auk þess sem laun vegna ræstingar hækka. Laun eru áætluð 5.300 þús.kr. og eru stöðuheimildir 3,5 talsins auk einnar tímabundinnar stöðu.

340 Málefni fatlaðra

Tilfærslur undir þessum fjárlagalið eru til þeirra stofnana sem sjá um læknisfræðilega endurhæfingu fatlaðra, sbr. lög nr. 41/1983, um málefni fatlaðra. Heildarframlag er 23.740 þús.kr. og hækkar um 15% frá fjárlögum 1987. Skipting framlagsins og samanburður við fjárlög 1987 kemur fram í eftirfarandi yfirliti:

	Fjárlög 1987 þús. kr.	Frumvarp 1988 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Endurhæfingarstöð Styrktarfélags				
Iamaðra og fatlaðra	6.118	7.040	922	15
Sjálfsbjörg Akureyri	3.871	4.450	579	15
Sumardvalarheimili í Reykjadal	5.759	6.620	861	15
Endurhæfingarstöð				
Gæðverndarfélags Íslands	936	1.080	144	15
Gigtarfélag Íslands	2.497	2.870	373	15
MS-félag Íslands	292	340	48	16
Önnur starfsemi	1.167	1.340	173	15
Samtals	20.640	23.740	3.100	15

350–357 og 359–368 Sjúkrahús

Hér verður fjallað sameiginlega um öll sjúkrahús sveitarfélaga nema Borgarspítalann í Reykjavík og Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri. Öll þessi sjúkrahús fengu í fyrsta sinn fast rekstrarframlag í fjárlögum 1987 nema Sjúkrahúsið í Vestmannaeyjum og Sólvangur í Hafnarfirði en þau höfðu einnig fast framlag í fjárlögum 1986. Áður höfðu öll þessi sjúkrahús fengið rekstrardagjald á hvern nýttan legudag. Launaáætlanir fyrir árið 1988 byggjast á heimiludum stöðufjölda fyrir hvert sjúkrahús að viðbættu álagshlutfalli á föst laun fyrir afleysingar, yfirvinnu, vaktálag o.s.frv. Hámarksálag á föst laun grunnheimilda er 69% auk launatengdra gjalda. Alls hækka laun um 48% frá fjárlögum 1987. Áætlunin byggist á svo til óbreyttri starfsemi sjúkrahúsanna. Tekið hefur verið tillit til fjölgunar sjúkrarúma á Sjúkrahúsi Patreksfjarðar og Sjúkrahúsi Seyðisfjarðar og fjölga stöðugildum um fimm í fyrra tilvikinu en um þrjú í því síðara auk hækkunar á öðrum gjöldum. Einnig er fallist á 30% stöðu lyfjafræðings við Sjúkrahúsið í Vestmannaeyjum. Heimilud stöðugildi skiptast sem hér segir á sjúkrahús:

Sjúkrahúsið Akranesi	160,0
Sjúkrahúsið Patreksfirði	32,0
Sjúkrahúsið Ísafirði	61,0
Héraðshæli A-Hún., Blönduósi	56,0
Sjúkrahúsið Sauðárkróki	115,0
Sjúkrahúsið Siglufirði	53,0
Sjúkrahúsið Húsavík	91,0
Sjúkrahúsið Seyðisfirði	29,0
Sjúkrahúsið Neskaupstað	58,0
Sjúkrahúsið Egilsstöðum	39,0
Sjúkrahúsið Selfossi	87,0
Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum	68,3
Sjúkrahúsið Keflavík	66,0
Sólvangur, Hafnarfirði	120,0

Við áætlun annarra gjalda hefur fyrst og fremst verið stuðst við ársreikning ársins 1986 og framlag í fjárlögum 1987. Felur sú áætlun í sér almennt rekstrarviðhald og minni háttar tækjakaup. Í áætlun um önnur gjöld er tekið tillit til væntanlegs flutnings Fjórðungssjúkrahússins á Ísafirði í nýtt húsnæði. Þá hefur reynst nauðsynlegt að endurmeta rekstrargjöld Sjúkrahússins í Keflavík. Áætlun ársins 1987 reyndist ótrygg vegna ófullnægjandi upplýsinga frá sjúkrahúsinu um rekstrargjöld ársins 1985. Undir fjárlagalið 08–381 er óskipt framlag til meiri háttar viðhalds og tækjakaupa þessara

sjúkrahúsa. Mun heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið sjá um skiptingu þess fjár. Um framlög til stofnkostnaðar við þessi sjúkrahús vísast til umsagnar um fjárlagalið 08–381. Í eftirfarandi yfirliti kemur fram hvert framlag er til rekstrar hvers sjúkrahúss og samanburður við framlög í fjárlögum 1987.

	Fjárlög	Frumvarp	Breyting	
	1987	1988	þús. kr.	%
	þús. kr.	þús. kr.	þús. kr.	
Sjúkrahúsið Akranesi	189.915	271.670	81.755	43
Sjúkrahúsið Patreksfirði	34.025	57.763	23.738	70
Sjúkrahúsið Ísafirði	63.250	100.272	37.022	59
Héraðshæli A-Hún. Blönduósi	57.685	74.314	16.629	29
Sjúkrahúsið Saudárkróki	120.669	172.375	51.706	43
Sjúkrahúsið Siglufirði	58.996	82.796	23.800	40
Sjúkrahúsið Húsavík	102.869	144.345	41.476	40
Sjúkrahúsið Seyðisfirði	33.496	49.972	16.476	49
Sjúkrahúsið Neskaupstað	77.369	104.217	26.848	35
Sjúkrahúsið Egilsstöðum	45.091	62.670	17.579	39
Sjúkrahúsið Selfossi	99.595	131.509	31.914	32
Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum	85.806	120.008	34.202	40
Sjúkrahúsið Keflavík	74.338	103.074	28.736	39
Sólvangur, Hafnarfirði	103.991	145.460	41.469	40
Samtals	1.147.095	1.620.445	473.350	41

358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri

Heildarframlag til sjúkrahússins er 740.108 þús.kr. Þar af er framlag til rekstrar 678.608 þús.kr. sem hækkar um 44% frá fjárlögum 1987. Hækkun umfram verðlag er m.a. vegna þess ný hjúkrunardeild í Seli var einungis starfrækt hluta árs 1987 en til hennar er nú áætlað til heils árs. Laun eru 507.858 þús.kr. og hækka um 52%. Stöðuheimildir teljast 390 og fjölgar um 5,45 frá fjárlögum 1987. Eru það þrjár stöður hjúkrunarfræðinga, ein staða sérfræðings í kvensjúkdómum, 45% staða yfirlæknis í meinafræði, hálf staða sérfræðings á barnadeild og hálf staða bókasafnsfræðings. Er þess vænst að bókasafn sjúkrahússins nýtist nemendum í hjúkrunarfræði við Háskóla á Akureyri. Auk þessarar fjölgunar er sú breyting viðurkennd að sérfræðingar við háls-, nef- og eyrnadeild og augndeild verði yfirlæknar. Er hér um 70% og 41% stöður að ræða. Smávægilegar aðrar stöðubreytingar eru og gerðar. Hækkun launa vegna þessara breytinga á starfsmannahaldi er um 9.800 þús.kr. Til annarra gjalda eru áætlaðar 226.150 þús.kr. og sértekjur áætlaðar 55.400 þús.kr. Hækkun þessa gjaldaliðar að teknu tilliti til sértekna er 26%. Framlag til meiri háttar viðhalds búnaðar og húseigna er 7.400 þús.kr. en var 6.000 þús.kr. í fjárlögum 1987. Til meiri háttar eignakaupa eru veittar 9.900 þús.kr. samanborið við 8.000 þús.kr. í fjárlögum 1987. Til nýbyggingar sjúkrahússins er 44.200 þús.kr. fjárveiting, en framlag til nýbyggingarinnar var 20.000 þús.kr. í fjárlögum 1987. Framlagið er miðað við nýlega framkvæmdaáætlun við sjúkrahúsið á árunum 1988–1990. Hluttur ríkissjóðs í framkvæmdunum er 85% og skiptist samkvæmt eftirfarandi yfirliti:

Rannsóknadeild	10.180
Röntgendeild	24.565
Loftræstitæki	1.570
Búnaður í slysaveild	1.600
Ýmis lækningatæki	2.120
Flutningur og uppsetning röntgentækja	4.165

Framkvæmdir við röntgendeild, sem alls eru taldar kosta um 50 m.kr., verða unnar á árunum 1987–1989. Samhliða því sem veitt var heimild til útboðs á innréttingum röntgendeildar gáfu heilbrigðis- og fjármálaráðherra út yfirlýsingu þess efnis að Akureyrarkaupstað væri heimilt að taka lán allt að 57,5 m.kr. til nauðsynlegustu tækjakaupa að fenginni heimild í 6. gr. fjárlaga. Ríkissjóður skuldbindur sig til endurgreiðslu þeirra lána, án vaxta, að sínu leyti á árunum 1989–1991. Í 6. gr. frumvarpsins er leitað heimildar til þessarar skuldbindingar af hálfu ríkissjóðs. Um aðra framkvæmdaliði er óþarft að fjölyrða.

371 Ríkisspítalar

Viðfangsefni undir þessum fjárlagalið eru níu talsins eins og í gildandi fjárlögum. Þar af eru þrjú stofnkostnaðarviðfangsefni, eitt viðhaldsviðfangsefni og fimm rekstrarviðfangsefni. Heildarfjárveiting til rekstrar spítalanna nemur 3.675.349 þús.kr. og er það 39% hækkun frá fjárlögum 1987. Verður hér gerð grein fyrir helstu breytingum sem skýra hækkun rekstrargjalda umfram almennar launa- og verðlagsbreytingar og verður fyrst fjallað um laun. Stöðuheimildir eru nú 2.103,4 talsins og eru sjúkraliðanemar og röntgentækninemar taldir með í þeirri tölu. Á föst heimiluð laun er bætt 69% álagi til þess að mæta afleysingum, yfirvinnu o.fl. Auk þess er áætlað fyrir launatengdum gjöldum. Í fjárlögum 1987 eru heimildir 2.045,4 auk 34 nema, eða samtals 2.079,4. Fjölgun er því um 24 stöður og eru það 10 stöður í bráðamóttökudeild, 10 stöður á nýju barnaheimili, 2 stöður á Kristnesspítala og 2 stöður á bókasafni sem áður voru heimilaðar í Hjúkrunarskóla Íslands og er því um tilfærslu að ræða. Hækkun launa vegna þessara nýju staða er um það bil 25.000 þús.kr. Stöðuheimildir skiptast á viðfangsefni samkvæmt eftirfarandi yfirliti:

Legudeildir, svæfinga- og gjörgæsludeild	966,8
Geddeild	439,7
Stofnanir öryrkja og þroskaheftra	182,2
Stoðdeildir, rannsóknastofur	230,8
Þjónustudeildir	283,9

Samtals nemur framlag vegna launa 2.678.809 þús.kr. og hækkar um 46% frá gildandi fjárlögum. Önnur gjöld vegna rekstrar nema 1.360.260 þús.kr. og hækka um 27%. Helstu breytingar eru eftirfarandi: Áætlað er fyrir starfsemi unglingsgeðdeildar allt árið 1988 en áætlað var fyrir átta mánaða starfsemi á árinu 1987. Fyrir rekstri bráðamóttökudeildar er einnig áætlað allt árið 1988 en fjárveiting í fjárlögum 1987 var einungis fyrir rekstri hluta ársins. Nýtt barnaheimili tekur til starfa í lok árs 1987 og er áætlað fyrir fullum rekstri árið 1988. Áætlað er að hjartaskurðaðgerðum fjölgi en þrátt fyrir þessar aðgerðir innanlands virðist lítið draga úr utanferðum til hjartaaðgerða ef miðað er við kostnað sem greiddur er af Tryggingastofnun ríkisins vegna þess. Þá eru aukin útgjöld vegna áhætturannsóknarstofu sem flytur í nýtt húsnæði í Ármúla 1a á árinu 1988. Þá fer ekki hjá því að útgjöld aukist vegna stækkunar húsnæðis ríkisspítala á árinu 1988. Má nefna hluta K-byggingar, Ármúla 1a og Unglingsgeðdeild að Dalbraut 12, sem var í rekstri hluta árs 1987 eins og áður sagði. Samtals er hækkun rekstrargjalda, annarra en launa, um 27 m.kr. vegna framangreindrar aukningar í rekstri. Sértekjur nema 363.720 þús.kr. og hækka um 49%. Í eftirfarandi töflu sést skipting rekstrarframlags á hvert viðfangsefni og breyting frá fjárlögum 1987:

	Fjárlög 1987 þús. kr.	Frumvarp 1988 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Legudeildir, svæfinga- og gjörgæsludeild	1.265.299	1.761.954	496.655	39
Geðdeild	434.211	625.248	191.037	44
Stofnanir öryrkja og þroskaheftra	146.266	263.448	117.182	80
Stoðdeildir, rannsóknastofur	210.316	283.820	73.504	35
Fjónustudeildir	597.655	740.879	143.224	24
Samtals	2.653.747	3.675.349	1.021.602	39

Hækkun er mismikil enda um tilfærslur að ræða á milli viðfangsefna og því ekki fyllilega sambærilegt milli ára. Til dæmis var allur matarkostnaður áætlaður á viðfangsefnið *1.50 fjónustudeildir*, við fjárlagagerð 1987 en matargerð á Kópavogshæli var boðin út og fellur sá kostnaður nú á viðfangsefnið *1.30 stofnanir öryrkja og þroskaheftra*. Virðist sú tilhögun, að kaupa matinn utan frá, ekki hafa orðið til þess sparnaðar í rekstri sem vænst var. Til meiri háttar viðhalds eru áætlaðar 43.200 þús.kr., þar af eru um 20.000 þús.kr. til úrbóta í eldvarnamálum spítalanna. Til almennra eignakaupa og lækningatækja eru áætlaðar 71.900 þús.kr. Þar af eru um 23.000 þús.kr. vegna símstöðvar og er það seinni hluti en framlag í fjárlögum 1987 vegna þessa er 12.000 þús.kr. Til framkvæmda á vegum yfirstjórnar mannvirkjagerðar á Landspítalalóð eru ráðgerðar samtals 151,2 m.kr. Þar af eru 4,2 m.kr. vegna lokagreiðslu á geislatæki eða svokölluðum línuhraðli. Tæki þetta kæmi til landsins í maí 1988. Um útboðsverk nr. 3 hefur nú verið samið. Verkið hefst í september 1987 og er áætlað að því ljúki í september 1988. Eru 127,3 m.kr. áætlaðar í það á árinu 1988. Að þessu verki loknu á framkvæmdum við krabbameinslækningahúsnæði í 1. áfanga hússins að vera lokið og aðstaða til starfrækslu að vera fyrir hendi. Til kaupa á ýmsum tækjum og búnaði í hið nýja rými eru áætlaðar 15 m.kr. á árinu 1988 og áframhaldandi fjárveitingar áætlaðar næstu ár á eftir. Þá er miðað við að veittar verði 4,7 m.kr. til stjórnunar og ráðgjafar. Til áframhaldandi framkvæmda í Ármúla 1a, en þangað mun margs konar starfsemi í sviði líf- og veirurannsóknna flytja, eru áætlaðar 62,3 m.kr. Lokið er nú að mestu smíði rannsóknastofu fyrir eyðnirannsóknir og veirurannsóknir að hluta. Sömuleiðis er lokið ýmsum nauðsynlegum framkvæmdum fyrir húsið í heild svo sem loftræstikerfi og lyftubúnaður. Fjárveitingin er ætluð til áframhaldandi innréttinga í kjallara og 1. og 2. hæð hússins. Af framlaginu mun um 9 m.kr. fara til þess að greiða fyrir framkvæmdir sem unnar hafa verið á árinu 1987 en ekki er lokið uppgjóri á.

372 Borgarspítalinn í Reykjavík

Heildarfjárveiting til spítalans er 1.692.234 þús.kr. Þar af eru 18.500 þús.kr. vegna stærri viðhaldsverkefna og 30.800 þús.kr. til meiri háttar tækjakaupa. Framlag til rekstrar nemur 1.624.934 þús.kr. Áætlun launa byggir á 1.034 föstum stöðugildum og eru 20 stöður sjúkraliðanema þar meðtaldar. Á föst laun fyrir heimilaðar stöður er 69% álag til að mæta afleysingum, yfirvinnu o.fl. og er auk þess áætlað fyrir launatengdum gjöldum. Stöðugildum fjölgar um 3,5 frá fjárlögum 1987. Eru það ein og hálf staða taugaskurðlæknis, ein staða aðstoðarlæknis á slysadeild og ein staða skrifstofumanns. Framlag til launa nemur alls 1.300.464 þús.kr. og er hækkunin 50% frá fjárlögum 1987. Til annarra gjalda og minni háttar eignakaupa eru áætlaðar 711.890 þús.kr. og sértekjur eru áætlaðar 369.420 þús.kr. Hækkun að teknu tilliti til sértekna er því um 21,5%.

373 St. Jósefsspítali, Landakoti

Framlag til spítalans nemur samtals 811.763 þús.kr. Til rekstrar eru áætlaðar 792.063 þús.kr. sem er hækkun um 41% frá fjárlögum 1987. Laun vegna rekstrar nema 594.453 þús.kr. og hækka um 43%. Byggir áætlunin á föstum launum 450,7 grunnheimilda, 68% álagi auk launatengdra gjalda. Eru 12 stöðugildi sjúkraliðanema meðtalin auk 36,7 heimilda í hjúkrunardeild í Hafnarbúðum. Samsvarandi tala í fjárlögum 1987 er 446,7. Fjölgar stöðuheimildum því um fjögur og eru það þrjár stöður fósra frá miðju ári 1988 og ein staða umsjónarmanns við birgðastöð allt árið. Hækka laun um 2.500 þús. kr. vegna þessara nýju staða. Auk launa grunnheimilda er áætlað fyrir verk- og lífeyrisgreiðslum til 32 sérfræðinga en þeir teljast 31 í fjárlögum 1987. Ekki er áætlað fyrir öðrum greiðslum til lækna. Önnur gjöld vegna rekstrar eru 290.800 þús.kr. og hækka um 39% frá gildandi fjárlögum. Hækkun umfram verðlag skýrist m.a. af því að rekstrarkostnaður Hafnarbúða hefur verið meiri en áætlað var fyrir í fjárlögum 1987. Sértekjur eru áætlaðar 93.190 þús.kr. Til meiri háttar viðhalds eru áætlaðar 7.400 þús.kr. og til ýmissa meiri háttar eignakaupa 12.300 þús.kr.

378 Læknishéraðsþjóður

Framlag í sjóðinn er 4.000 þús.kr. en var 1.000 þús.kr. í fjárlögum 1987. Samkvæmt lögum skal hlutverk sjóðsins vera að bæta heilbrigðisþjónustu í dreifbýli með þeim ráðum sem tiltæk eru hverju sinni. Á undanförunum árum hafa styrkir úr sjóðnum aðallega verið notaðir til tækjakaupa og tölvuvæðingar á heilsugæslustöðvum.

381 Sjúkrahús og læknisbústaðir

Viðfangsefni á þessum fjárlagalið eru fimm talsins. Styrkir til rekstrar heilsuverndarstöðva eru áætlaðir 17.336 þús.kr. og fara aðallega til uppgjors við Reykjavíkurborg vegna reksturs Heilsuverndarstöðvarinnar við Barónsstíg. Nýtt viðfangsefni, *viðhald sjúkrahúsa, óskipt*, er tekið upp og er framlagið 18.500 þús.kr. Framlagið er ætlað til ýmissa stærri viðhaldsverkefna hjá þeim sjúkrahúsum sem upp eru talin og um er fjallað undir fjárlagaliðum 08-350-357 og 359-368. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti mun skipta þessum lið og leggja mat á hvaða verkefni þurfi að njóta forgangs. Framlög til stofnkostnaðarverkefna eru 199.000 þús.kr. Þar af er styrkur til sjúkrahúss St. Franciscusarreglunnar í Stykkishólmi 9.000 þús.kr. en samsvarandi styrkur er 8.500 þús.kr. í fjárlögum 1987. Önnur framlög undir viðfangsefnum 6.60 og 6.90 eru til sjúkrahúsa sveitarfélaga, heilsugæslustöðva og læknisbústaða. Framsetningu er nú breytt þannig að í þessu frumvarpi er sérgreint framlag til tækjakaupa en í fjárlögum undanfarinna ára hefur ekki verið greint á milli tækjakaupa, t.d. í eldri byggingar og raunverulegra nýframkvæmda. Til hvers konar tækjakaupa, þ.m.t. röntgentæki og tannlæknatæki, eru ætlaðar 30.000 þús.kr. Hér er tekið tillit til yfirlýsingar fjármálaráðherra um uppgjör á tannlæknatækjum sem keypt voru til heilsugæslustöðvar á Dalvík á árinu 1987. Á viðfangsefninu *bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða* eru nú ætlaðar 160.000 þús.kr. samanborið við 177.280 þús.kr. 1987. Fjárveitinganefnd mun að venju skipta þessum lið á einstök verkefni, en í sérstöku fylgiskjali er gefið yfirlit um allar framkvæmdir við heilbrigðisstofnanir sem unnið er að á vegum Framkvæmdadeildar Innkaupastofnunar ríkisins. Þar kemur fram að um 80 m.kr. eru bundnar í samningsverkum á árinu 1988.

385 Framkvæmdasjóður aldraðra

Framlag til Framkvæmdasjóðs aldraðra nemur 160.000 þús.kr. en var 140.000 þús.kr. í fjárlögum 1987. Miðað er við að innkomið gjald í sjóðinn nemi 160.000 þús.kr. en

Þetta gjald verður lagt á launaskattsgreiðendur sem hluti af álagningu við staðgreiðslu skatta og er fjallað um það á öðrum stað í frumvarpinu. Gildistími þess ákvæðis í lögum um málefni aldraðra er varða sérstakt gjald til fjármögnunar Framkvæmda-sjóðs aldraða rennur út í lok árs 1987.

391 Heilsugæslustöðvar

Heildarfjárveiting er 360.928 þús.kr., þar af eru 14.800 þús.kr. til viðhalds heilsugæslustöðva. Til rekstrar eru áætlaðar 346.128 þús.kr. sem er 46% hækkun frá fjárlögum 1987. Hækkun umfram almennar launa- og verðlagshækkanir skýrast m.a. af eftirfarandi: Áætlað er fyrir 120 stöðum lækna en þær voru 117 í fjárlögum 1987. Stöður þessar eru á Patreksfirði, Seltjarnarnesi og Neskaupstað, ein á hverjum stað. Fimm nýjar stöður hjúkrunarfræðinga bætast einnig við. Þar af er ein staða á Neskaupstað og önnur í Keflavík. Síðar er á Húsavík og Eskifirði og tvær eru til ráðstöfunar síðar. Samtals er því áætlað fyrir 221,4 stöðum á heilsugæslustöðvum, 120 stöðum lækna og 131,4 stöðum hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra. Hækka launagjöld um tæplega 9.000 þús.kr. vegna þessa. Önnur gjöld eru fyrst og fremst kostnaður við námsferðir lækna svo og ferðakostnaður innanlands í tengslum við starfið. Báðir þessir liðir hafa hækkað mikið á undanförunum árum enda er hér um kjaramál að ræða. Viðhaldsfénu mun ráðuneytið sem hingað til skipta til brýnustu verkefna. Áform eru uppi um að á vegum ráðuneytis og Framkvæmdadeildar Innkaupastofnunar ríkisins verði hafið eftirlit með og gerð áætlun um viðhald bygginga heilbrigðisstofnana í eigu ríkis og sveitarfélaga.

395 Lyfjamál

Heildarframlög til þessara mála eru 4.854 þús.kr. sem er 52% hækkun frá framlagi í fjárlögum 1987. Helstu breytingar eru vegna flutnings Lyfjanefndar, Lyfjaverðlagsnefndar og Lyfjaeftirlits ríkisins úr húsnæði ráðuneytisins að Laugavegi 116 í sérstakt húsnæði að Eiðsgranda 15. Vegna þessa flutnings er framlag til ljósritunarvél- ar, nýs símakerfis og almenns skrifstofubúnaðar alls 2.500 þús.kr. Önnur gjöld hækka nokkuð vegna nýja húsnæðisins. Einnig er hækkun vegna starfsemi sérlyfjaeftirlits en sértekjur aukast á móti. Hækkun launagjalda umfram almennar launahækkanir skýrist fyrst og fremst af nýrri stöðu lyfjafræðings í Lyfjanefnd og eru 1.300 þús.kr. ætlaðar vegna þess.

399 Heilbrigðismál, ýmis framlög

Í eftirfarandi yfirliti kemur fram skipting fjárveitingar þessa fjárlagaliðar og sam- burður við fjárlög 1987. Viðfangsefnum hefur fækkað en umtalsverð hækkun hefur orðið á nokkrum liðum. Mest er hækkunin á framlagi til Krabbameinsfélags Íslands og er sú hækkun í samræmi við samning sem gerður var um þátttöku ríkissjóðs í kostnaði við skipulega leit að legháls- og brjóstakrabbameini. Framlag í frumvarpinu samsvarar um 19000 leghálskoduðum og um 12000 brjóstaskoduðum. Hækkun framlags vegna eyðni er einnig mikil eða um 88% og framlag vegna kostnaðar við lög um farsóttir, sóttvarnir og ónæmi hækkar einnig umtalsvert. Á viðfangsefni 1.90 Ýmis framlög er áætlað fyrir 9.000 þús. kr. greiðslu til Norræna heilsugæsluskólans. Þar af eru um 4.500 þús.kr. vegna skuldar sem myndast hefur vegna þátttöku íslenskra heilbrigðis- stétta á undanförunum árum. Að öðru leyti eru af þessum lið greidd ýmis útgjöld svo sem styrkir til félagsamtaka og ýmis óvænt útgjöld.

	Fjárlög 1987 þús. kr.	Frumvarp 1988 þús. kr.	Breyting	
			þús. kr.	%
Eiturefnanefnd	1.190	1.551	361	30
Daggjaldanefnd	1.456	2.107	651	45
Manneldisráð	875	–	–875	.
Áfengis- og fíkniefnanefnd	235	–	–235	.
Krabbameinsfélag Íslands	23.000	50.400	27.400	119
Minningsjóður Landspítalans	3.000	3.070	70	2
Hjartavernd, Mónica-rannsóknir	1.000	1.640	640	64
Hjartavernd	4.900	5.640	740	15
Norrænt átak gegn krabbameini	1.050	–	–1.050	.
Kostnaður vegna laga nr. 25/1975	826	1.071	245	30
Atvinnusjúkdómar	150	–	–150	.
Kostnaður skv. lögum um farsóttir, sóttvarnir og ónæmi	8.560	17.090	8.530	100
Matvælarannsóknir	288	–	–288	–100
Tóbaksvarnir	4.000	4.600	600	15
Ljósmeðrölaun	1.900	1.664	–236	–12
Heilbrigðisáætlun	2.334	–	–2.334	.
Ýmis framlög	7.002	14.950	7.948	114
Kvartanefnd	176	40	–136	–77
Kynsjúkdómar, eyðni	5.350	10.080	4.730	88
Samtals	67.292	113.903	46.611	69

471 Gæsluvistarsjóður, framlag

Þrjú viðfangsefni eru undir þessum fjárlagalið. Framlag til Gæsluvistarsjóðs nemur 6.900 þús. kr. en var 4.500 þús.kr. í fjárlögum 1987. Styrkur til Verndar er 1.150 þús.kr. en var 1.000 þús.kr. í fjárlögum 1987. Loks er byggingarstyrkur til Samtaka áhugamanna um áfengisvandamálið sem nemur 15.000 þús.kr. Samtökin eiga í fjárhagsörðugleikum vegna nýframkvæmda sem ráðist hefur verið í á undanförunum árum. Ætlunin er að veita 15.000 þús.kr. framlag næstu fjögur ár til byggingarframkvæmda sjúkrastöðvar samtakanna í Grafarvogi.

481 Bindindisstarfsemi

Framlag til þessara mála lækkar frá fjárlögum 1987. Ekki er áætlað fyrir neinni starfsemi Áfengisvarna og er framlag einungis miðað við samningsbundnar launagreiðslur. Styrkur til Stórstúku Íslands er 580 þús.kr. en var 500 þús.kr. í fjárlögum 1987.

09 Fjármálaráðuneyti

Útgjöld til helstu málefnaflokkna fjármálaráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir:

	Fjárlög 1987 þús. kr.	Frumvarp 1988 þús. kr.	Breyting	
			þús. kr.	%
Yfirstjórn	97.232	134.582	37.350	38
Toll-og skattheimta	443.484	788.328	344.844	78
Lífeyrissjóðir, styrktarfé o.fl.	527.101	861.063	333.962	63
Annað	1.570.726	806.023	–764.703	–49
Samtals	2.638.543	2.589.996	–48.547	–2
Par af markaður tekjustofn	45.000	155.000	110.000	244

Markaður tekjustofn fjármálaráðuneytisins er áhættugjald vegna ríkisábyrgða sem rennur til Ríkisábyrgðasjóðs. Hækkun er vegna ákvæða í bráðabirgðalögum nr. 68/1987 um ráðstafanir í fjármálum þar sem álagningu um ríkisábyrgðargjald er breytt. Nú verður fjallað um breytingar á fjárveitingum til stofnana og viðfangsefna ráðuneytisins.

101 Hið almenna ráðuneyti

Á undanförunum árum hafa útgjöld vegna starfsemi launaeildar fjármálaráðuneytis ekki verið aðgreind frá starfsemi yfirstjórnar þess. Nú hefur verið ákveðið að gera þá breytingu að telja aðeins til aðalskrifstofu ráðuneytisins þau útgjöld sem beinlínis snerta starfsemi þess en stofna nýjan fjárlagalið, *09-102 Launaskrifstofa ríkisins*, þar sem færð verða til gjalda öll útgjöld er varða launamálarekstur ríkisins. Þá ber að hafa í huga að launaskrifstofan er að mjög miklu leyti þjónustuaðili fyrir ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki. Hjá aðalskrifstofu er miðað við 22 starfsmenn í föstum stöðum auk þess sem áætlað er fyrir jafngildi liðlega þriggja ársverka í aðkeyptum verkefnum. Launagjöld nema því alls 30.446 þús.kr. Stór hluti annarra gjalda en launa hefur verið vegna launabókhaldsins og flyst nú á lið launaskrifstofunnar. Til greiðslu annarra gjalda eru á þessum fjárlagalið áætlaðar 11.040 þús.kr. Þess ber að geta að nú er unnið að athugun á úrvinnslukerfi fyrir tekjuáætlun ríkissjóðs auk þess sem stefnt er að því að efla eftirlit með starfsmannahaldi ríkisins. Um þetta má einnig lesa í athugasemd undir fjárlagalið *15-101 Fjárlaga- og hagsýslustofnun*.

102 Launaskrifstofa ríkisins

Hér er um að ræða nýjan fjárlagalið, sbr. skýringar hér að ofan. Á hann gjaldfærast útgjöld vegna launaafgreiðslu ríkisins en þau voru áður færð með útgjöldum aðalskrifstofu fjármálaráðuneytisins undir fjárlagalið 09-101. Á launaskrifstofunni eru alls 26 starfsmenn og eru launagjöld áætluð 29.480 þús.kr. en önnur rekstrargjöld 4.630 þús.kr. Framlag til þessa nýja fjárlagaliðar verður því 34.110 þús.kr. og byggir á forsendu um óbreytta starfsemi.

103 Ríkisbókhald

Fjárveiting til ríkisbókhalds lækkar um 3.693 þús.kr. eða 10% vegnar hækkunar sértekna. Þjónustutekjur af bókhaldskerfi ríkisins voru áætlaðar 12.626 þús.kr. í fjárlögum 1987 en eru nú taldar verða 32.750 þús.kr. Rekstur stofnunarinnar er efnislega óbreyttur milli ára. Þess ber þó að geta að nú er áætlað fyrir launum fjögurra lausráðinna starfsmanna, 2.500 þús.kr. Þessir starfsmenn hafa verið í starfi hjá embættinu án þess að áætlað hafi verið fyrir launum þeirra. Föst stöðugildi eru 26,5 sem fyrr. Launagjöld hækka um 42%. Önnur rekstrargjöld hækka um 25% og verða 27.740 þús.kr. Rekstrargjöld alls hækka því um 34% frá fjárlögum 1987 en framlag ríkissjóðs verður 31.670 þús.kr.

104 Ríkisfjárhirsla

Framlag til embættis ríkisféhirðis lækkar úr 11.748 þús.kr. í 18.209 þús.kr. eða um 55%. Launagjöld hækka um 42% og verða 11.689 þús.kr. Önnur gjöld vegna rekstrar hækka hins vegar um 56% og verða 5.520 þús.kr. Ástæða hækkunar umfram verðlag er aukin verkefni, m.a. við innheimtur og eftirlit með útistandandi kröfum ríkissjóðs. Þá mun stofnunin tengjast bókhaldskerfi ríkisins og er áætlaður stofnkostnaðar 1.000 þús.kr. vegna þessa. Fastar stöður eru sem fyrr 8,17 og lausráðnir starfsmenn eru í 1,33 stöðugildi.

105 Ríkislögmaður

Embætti ríkislögmanns var stofnað með lögum nr. 51/1985 og hefur því starfað í þrjú ár. Nú hækkar framlag úr 4.881 í 9.107 þús.kr. eða um 87%. Launagjöld hækka um 44% í 6.167 en föstum stöðugildum hefur fjölgað um eitt. Heimiluð hefur verið staða ólöglærðs fulltrúa til viðbótar þeim þremur stöðum sem fyrir eru. Hér er ekki um aukin útgjöld að ræða þar sem áætlað var fyrir starfsmanni á öðrum dagvinnulaunum í fjárlögum í 1987. Önnur gjöld hækka úr 584 í 2.940 þús.kr. og er meginástæðan að 1.890 þús.kr. hafa verið fluttar til ríkislögmanns af viðfangsefninu *dómkröfur og málskostnaður* á fjárlagaliðnum 09-999 *Ýmislegt*.

201 Ríkisskattstjóri

Framlag nemur alls 101.175 þús.kr. eða 75% hærri fjárhæð en í fjárlögum 1987 og er meginástæðan fjölgun starfsmanna. Fyrirhugað er að bæta við 10 starfsmönnum vegna laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda. Fjórar stöður til viðbótar voru samþykktar við afgreiðslu fjárlaga 1987 og eru fastar stöður nú alls 49,5 auk 12 lausráðinna starfsmanna. Laun hækka vegna þessa í kringum 21.000 þús.kr. Launagjöld hækka alls um 40.122 þús.kr eða 87% en önnur rekstrargjöld taka almennum verðhækkunum og verða 13.820 þús.kr.

202-211 Skattstofur

Heildarframlag til skattstofanna nemur 220.841 þús.kr. og hækkar um 64.990 þús.kr. eða 42% frá fjárlögum 1987. Staðgreiðslukerfi beinna skatta kemur til framkvæmda í ársbyrjun 1988. Hefur það í för með sér breytingar og veldur auknu álagi á skattstofur á árinu 1988. Því er áætlað fyrir viðbótarkostnaði vegna laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda. Hann er gjaldfærður á fjárlagaliðnum 09-212 *Skattstofur, sameiginleg útgjöld* en áætlanir einstakra skattstofa eru að svo komnu miðaðar við sem næst óbreytta starfsemi. Í eftirfarandi yfirliti kemur fram skipting heildarframlagsins á einstakar skattstofur:

	Fjöldi stöðugilda	1987 þús.kr.	1988 þús.kr.	Breyting þús.kr.	%
Skattstofan í Reykjavík	72	63.635	87.273	23.638	37
Skattstofa Vesturlands	9	9.873	13.760	3.887	39
Skattstofa Vestfjarða	5	7.177	10.173	2.996	42
Skattstofa Norðurlands vestra	7,5	8.106	11.912	3.806	47
Skattstofa Norðurlands eystra	17	17.221	25.268	8.047	47
Skattstofa Austurlands	8,5	10.320	14.766	4.446	43
Skattstofa Suðurlands	9	9.856	14.094	4.238	43
Skattstofa Vestmannaeyja	4	4.258	6.373	2.115	50
Skattstofa Reykjaness	30,6	25.405	37.222	11.817	47
Samtals	162,60	155.851	220.841	64.990	42

Heimiluð stöðugildi á föstum launum eru alls 160,27 að meðtalinni hálfri nýrri stöðu á *Skattstofu Norðurlands vestra* sem áður var lausráðið í. Aðrar breytingar hjá skattstofunum eru þær að *Skattstofa Vestfjarða* flyst í nýtt húsnæði í stjórnsýsluhúsi á Ísafirði og vegna þess er veitt framlag til kaupa á húsbúnaði að fjárhæð 900 þús.kr. Þá aukast rekstrargjöld önnur en launagjöld hjá *Skattstofu Norðurlands vestra* meir en hjá öðrum skattstofum vegna þess að húsaleiga er þar nýr kostnaðarliður.

212 Skattstofur, sameiginleg útgjöld

Framlag á þessum lið nemur alls 170.517 þús.kr. borið saman við 39.748 þús.kr. í fjárlögum 1987. Af þessum fjárlagalið hefur á undanförunum árum verið greiddur kostnaður við árlega prentun á framtalsgögnum, tölvuvinnslu skattálagningar og fleira sem er sameiginlegt fyrir skattakerfið. Þessi útgjöld hafa farið um viðfangsefnið *1.01 Skattstofur, sameiginleg útgjöld*. Miklar breytingar á skattakerfinu krefjast vandaðs undirbúnings og markvissrar framkvæmdar. Því er nú talið afar brýnt að ætla nokkurt fé og starfsmenn til undirbúnings þessu máli. Á viðfangsefnið *staðgreiðslukerfi skatta* eru færðar alls 40.037 þús.kr. Launafjárhæðin er miðuð við 10 árslauð sem að einhverju marki kann að flytjast á skattstofurnar. Þá eru ætlaðar 25.200 þús.kr. til undirbúnings þessa máls, svo sem kynningar fyrir almenning, gerð skattkorta o.fl. Hið nýja kerfi krefst reglubundins eftirlits með skilum fyrirtækja á þeim skottum sem af launþegum eru teknir. Því er nú ætluð nokkur fjárhæð, eða 14.800 þús.kr., til tölvukaupa og annars vélbúnaðar í tengslum við það. Í ársbyrjun 1989 er miðað að upptöku virðisaukaskatts. Til þess að undirbúa það er nú áætlað fyrir sem nemur 20 ársverkum og tæplega 40.000 þús.kr. til þess að kosta undirbúning málsins. Þá er þess að geta að fjölmörg verkefni á skattasviðinu bíða nú úrlausnar og er óvarlegt að áætla ekki fé til nauðsynlegs undirbúnings.

261 Tollstjórinn í Reykjavík

Ný tollalög tóku gildi 1. september 1987 er hafa ýmsar breytingar í för með sér á framkvæmd tollamála. Stofnað hefur verið embætti ríkistollstjóra sem tollstjórinn í Reykjavík gegnir nú að skipan fjármálaráðherra. Um áramót mun nýtt skipulag hafa tekið gildi þar sem dregin eru skörp skil milli ríkistollstjóraembættisins og tollstjórans í Reykjavík. Við ríkistollstjóraembættið munu starfa Tollgæsla Íslands, endurskoðunardeild og deild er annast framkvæmd tollöggjafarinnar. Undir tollstjóranum í Reykjavík verða deildir er annast tollmeðferð vöru í tollumdæminu og innheimtu á gjöldum og sköttum. Jafnframt mun um næstu áramót verða tekið í notkun tölvuætt tollafgreiðslukerfi til einföldunar á meðferð tollskjala. Í samræmi við nefndar lagabreytingar starfa nú fimm menn við tollendurskoðun undir tollstjóranum í Reykjavík sem áður voru starfsmenn við *Ríkisendurskoðun*. Að auki flytjast verkefni frá *fjármálaráðuneytinu* og *Hagstofu Íslands* til embættisins en ekkert liggur fyrir um áhrif þess á tilfærslur í starfsmannahaldi. Í sérstökum verkefnum eru þá 8 starfsmenn en fastráðnir starfsmenn eru 65. Viðbúið er að breytingar á starfsmannahaldi verði nauðsynlegar þegar reynsla er komin á hið nýja fyrirkomulag. Fjárveiting til embættisins verður 103.152 þús.kr. eða 79% hærri en í fjárlögum 1987. Launagjöld hækka 51%, sem er umfram almennar launaforsendur, vegna tilflutnings starfsmanna til embættisins, sbr. það sem að ofan segir. Önnur rekstrargjöld hækka af sömu ástæðu úr 14.938 í 33.890 þús.kr. Munar þar mest um nýjan kostnaðarlið sem er áætlun vegna tölvuvinnslu tollafgreiðslu, samtals 8.800 þús.kr. Einnig er mikil hækkun á húsaleigu í Tollstöðvarhúsi. Þessi atriði skýra bróðurpartinn af hækkun annarra rekstrargjalda umfram almennar verðlagshækkunir. Fjárveiting til aðstöðubreytingar er 6.000 þús.kr. Fyrir afgreiðslu fjárlaga mun gerð tillaga um breytta framsetningu á fjárlagaliðum 09-261 og 09-263 í samræmi við nýtt skipulag.

263 Tollgæsla

Framlag ríkissjóðs nemur 122.851 þús.kr. og hækkar um 59% frá fjárlögum 1987. Launagjöld hækka um 64% og verða 108.551 þús.kr. Önnur gjöld vegna rekstrar hækka úr 14.641 í 18.800 þús.kr. eða um 28%. Hækkun launa umfram almennar

hækkanir stafar aðallega af kjarasamningum undir lok árs 1986 sem ekki voru með í launaforsendum fjárlaga 1987. Auk þess hækka laun sem nemur 1.200 þús.kr. vegna fjölgunar lausráðinna um tvo. Starfsmenn tollgæslunnar eru alls 77 á föstum launum en lausráðnir eru nú þrír. Fjárveitingu til stofnkostnaðar að fjárhæð 1.400 þús.kr. verður varið til endurnýjunar á bifreið og til kaupa á húsbúnaði. Tollgæslan er nú sýnd sem sérstakur fjárlagaliður en samhliða breytingum sem skýrðar eru undir fjárlagalið 09-261 kann það að breytast fyrir afgreiðslu fjárlaga.

282 Tollamál

Þessi fjárlagaliður skiptist í tvö viðfangsefni. Fjárveiting til *sameiginlegs kostnaðar* verður 8.510 þús.kr. sem er hækkun um 28% frá fjárlögum 1987. Af þessum lið er kostuð ýmiss konar kynningar- og útgáfustarfsemi auk vinnu við endurskoðun tollskrár. Framlag til *tölvuvæðingar* verður 7.400 þús.kr. eða 1.750 þús.kr. hærra en í fjárlögum 1987. Þetta framlag er ætlað til tölvuvæðingar tollafgreiðslu en að því verkefni hefur verið unnið undanfarið og er hluti af heildarendurskipulagningu tollamála.

381 Uppbætur á lífeyri

Útgjöld ríkissjóðs vegna uppbóta á lífeyri eru áætluð 861.063 þús.kr. eða 63% hærri fjárhæð en í fjárlögum 1987. Á síðari árum hefur þessi útgjaldaliður ríkissjóðs aukist allmjög. Nú er tvennt sem skýrir hækkun umfram hækkun launa. Hið fyrra er að á síðustu tveimur til þremur árum hefur farið fram endurmat á lífeyrisréttindum fjölmargra félaganna í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Þetta endurmat hefur leitt af sér hærri framlög til sjóðsins. Í annan stað er nú áætlað fyrir verðbótum vegna skuldbindinga ríkissjóðs við starfsfólk Útvegsbankans. Áætluð aukning útgjalda vegna þessa nemur 34.900 þús.kr.

402 Fasteignamat ríkisins

Unnið er að úttekt á Fasteignamati ríkisins í samvinnu fjárlaga- og hagsýslustofnunar, fasteignamatsins og fjármálaráðuneytisins. Gert er ráð fyrir að henni verði lokið ekki síðar en á miðju næsta ári. Launagjöld alls nema 37.956 þús.kr. og hækka um 45%. Hækkun umfram launaforsendur stafar af fjölgun lausráðinna starfsmanna um tvo, þ.e. tölvunarfræðing og tölvuritara í tölvudeild. Heimilar stöður á föstum launum verða áfram 28,5 auk þess sem áætlað er fyrir sem nemur sjö árslaunum lausráðinna manna. Önnur rekstrargjöld hækka um 38% eða úr 15.151 í 20.970 þús.kr. Ástæða hækkunar umfram almennt verðlag er að áætlun styðst við niðurstöðu reiknings 1986 annars vegar og hins vegar vegna samstarfssamnings milli Fasteignamats ríkisins, Húsnæðisstofnunar ríkisins og Þjóðhagsstofnunar. Um er að ræða kostnað vegna samræmingar á gagnasöfnun um fasteignamál sem sameiginleg er þessum stofnunum. Sértekjur aukast um 52% og nema alls 27.770 þús.kr. Til eignakaupa eru ætlaðar 3.700 þús.kr. sem skiptast þannig að 3.100 þús.kr. eru til kaupa á gagnavinnslubúnaði en 600 þús.kr. til kaupa á skrifstofuáhöldum.

481 Útgjöld skv. sérstökum heimildarlögum

Undir þessum fjárlagalið er áætlað fyrir útgjöldum ríkissjóðs vegna heimildarákvæða samkvæmt 6. grein frumvarpsins svo og útgjöldum sem ríkissjóði er gert að inna af hendi samkvæmt ýmsum sérlögum en ekki var hægt að sjá fyrir við samningu fjárlagafrumvarps eða afgreiðslu fjárlaga. Framlag er áætlað 150.000 þús.kr. en var 120.000 þús.kr. í fjárlögum 1987.

901 Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins

Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins starfar samkvæmt lögum nr. 63/1970 um skipan opinberra framkvæmda. Stofnunin annast eftirlit með verklegum framkvæmdum og undirbýr verkútböð og gerð verksamninga. Unnið hefur verið að endurskipulagningu starfseminnar á árinu 1987. Samþykkt hefur verið nýtt skipurit fyrir stofnunina og gefnar út starfslýsingar. Á miðju ári 1988 verður hið nýja skipulag síðan endurskoðað í ljósi reynslu. Föstum stöðum hjá stofnuninni hefur verið fækkað um tvær, úr sextán í fjórtán. Áætluð rekstrargjöld hjá stofnuninni eru 31.674 þús.kr. en sértekjur hennar eru jafnháar. Fjárveiting til viðhalds er 1.000 þús.kr. vegna lagfæringar á húsnæði stofnunarinnar í Borgartúni 7 og veittar eru 1.500 þús.kr. til kaupa á skrifstofubúnaði ýmiss konar. Nú er unnið að fjárhagsuppgjöri og skilagrein um fjölmargar opinberar byggingar undir eftirliti framkvæmdadeildar, sbr. fylgiskjal 1 með frumvarpinu.

971 Ríkisábyrgðasjóður

Framlag til Ríkisábyrgðasjóðs á árinu 1988 nemur alls 200.000 þús.kr. Þar af er áhættugjald ríkisábyrgða 155.000 þús.kr. en það er markaður tekjustofn sjóðsins. Með lögum nr. 68/1987, um ráðstafanir í fjármálum, er þessu gjaldi breytt þannig að nú skal greitt 1,5% af ábyrgðarupphæð í áhættugjald af einfaldri ábyrgð ríkissjóðs og 2,0% af sjálfskuldarábyrgð. Auk þess skulu aðilar, er njóta lögum samkvæmt ábyrgðar ríkissjóðs, greiða 0,0625% ábyrgðargjald til ríkissjóðs af skuldbindingum sínum í erlendum gjaldeyri.

981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs

Þessi fjárlagaliður skiptist í þrjú stofnkostnaðarviðfangsefni. Til framkvæmda við *Laugaveg 166* er áformað að verja 37.000 þús.kr. en ákveðið er að ríkisskattstjóraembættið flytji í húsið í áföngum. Brýnt er talið að bæta og auka aðstöðu ríkisskattstjóraembættisins vegna upptöku staðgreiðslukerfis skatta og undirbúnings og framkvæmdar virðisaukaskattsins. Tvær neðstu hæðirnar eru ætlaðar Námsgagnastofnun. Eignarhlutur ríkisins í *stjórnarsýsluhúsi á Ísafirði* verður 33-34%. Nú er í byggingu þriðji áfangi og er fjárþörf ríkissjóðs vegna hans talin alls 43.200 þús.kr. Í húsinu verða m.a. skrifstofa bæjarfógeta, skattstofa, lögreglustöð og fulltrúi verðlagsstjóra. Þriðja framlagið, 25.000 þús.kr. er til byggingarframkvæmda á *Sölvhólsgötu 7*. Ráðgert er að byggja við húsið sem er í eigu ríkissjóðs. Fjármálaráðuneytið hyggst nýta viðbótarhúsrýmið fyrir ýmsar stofnanir sem undir ráðuneytið heyrar.

989 Launa-og verðlagsmál

Þessi fjárlagaliður var áætlaður 1.100.000 þús.kr. í fjárlögum 1987. Liðurinn fellur nú brott þar sem samningsbundnar launahækkningar við ríkisstarfsmenn koma til gjalda hjá einstökum stofnunum.

999 Ýmislegt

Í meðfylgjandi yfirliti kemur fram skipting fjárveitingar á einstök viðfangsefni:

	Fjárlög 1987 þús. kr.	Frumvarp 1988 þús. kr.	Breyting	
			þús. kr.	%
Símakostnaður og burðargjöld	19.927	28.871	8.944	45
Skýrsluvéla­kostnaður vegna launagreiðslna	23.644	34.610	10.966	46
Skýrsluvéla­kostnaður vegna tekjubókhalds	30.697	41.080	10.383	34
Kjarasamningar	1.534	1.840	306	20
Tryggingabætur skv. kjarasamningum	819	1.510	691	84
Kjararannsóknir	233	290	57	24
Bókhaldskerfi ríkisins	1.757	1.260	-497	-28
Ýmis sameiginlegur kostnaður	11.113	14.650	3.537	32
Til blaðanna, að fengnum tillögum				
stjórn­skipaðrar nefndar	21.840	26.140	4.300	20
Lífeyrissjóðir sjómanna	724	900	176	24
Lífeyrissjóður bænda	33.843	57.780	23.937	71
Millipinganeindir	117	170	53	45
Dómkröfur og málskostnaður	5.859	8.190	2.331	40
Ýmis innheimtukostnaður	17.106	20.650	3.544	21
Pungaskattsálagning með öku­mælum	1.502	2.006	504	34
Endurgreiðsla söluskatts vegna snjó­moksturs	12.000	-	-12.000	.
Til útgáfumála skv. ákvörðun þingflokka	11.760	13.520	1.760	15
Óviss útgjöld	10.000	40.000	30.000	300
Símstöð	-	20.000	20.000	.
Samtals	204.475	313.467	108.992	53

Helstu breytingar sem vert er að nefna eru þessar: Í fyrsta lagi er lagt til að 20.000 þús.kr. verði varið til kaupa á *símstöð* fyrir Stjórnarráðið. Um nokkurt skeið hefur þetta mál verið í athugun og tæknilegar lausnir eru nú til reiðu. Það er talið til hagræðis fyrir þá sem til Stjórnarráðsins þurfa að leita að öll ráðuneyti verði tengd einu sameiginlegu símakerfi. Í öðru lagi verður felld niður *endurgreiðsla söluskatts vegna snjó­moksturs* sem var 12.000 þús.kr. í fjárlögum 1987. Þetta kemur til af breyttum reglum um söluskattsskylda starfsemi, sbr. það sem segir um söluskattsbreytingar. Í þriðja lagi hækkar framlag vegna *óvissra útgjalda* úr 10.000 þús.kr. í fjárlögum 1987 í 40.000 þús.kr. Árlega hefur sýnt sig að óvænt útgjöld, sem ekki var hægt að sjá fyrir, falla til og ríkissjóði er ótvírætt gert að greiða. Í fjórða lagi flyst hluti fjárveitingar vegna *dómkrafna og málskostnaðar* til embættis ríkislögmans eða sem nemur 1.850 þús.kr. Í fimmta og síðasta lagi má nefna að framlag til *lífeyrissjóðs bænda* nemur 57.780 þús.kr. og er það áætlað samkvæmt ákvæðum 24. gr. laga nr. 50/1984 og 4. gr. laga nr. 20/1985.

10 Samgönguráðuneyti

Útgjöld helstu málefna­flokka þessa ráðuneytis breytast milli ára eins og meðfylgjandi yfirlit sýnir:

	Fjárlög 1987 þús. kr.	Frumvarp 1988 þús. kr.	Breyting	
			þús. kr.	%
Yfirstjórn	23.658	34.160	10.502	44
Póst- og símamál	110.000	112.700	2.700	2
Vegamál	2.150.000	2.850.015	700.015	33
Önnur samgöngumál	1.160.834	1.324.094	163.260	14
Samtals	3.444.492	4.320.969	876.477	25
Par af markaðir tekjustofnar	2.296.700	2.948.200	821.700	36

Tekjur af mörkuðum tekjustofnum samgönguráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir: Tekjur af þungaskatti hækka úr 700.000 þús.kr. í 900.000 þús.kr. Tekjur af innflutningsgjaldi af bensíni eru áætlaðar 2.000.000 þús.kr. samanborið við 1.450.000 þús.kr. í fjárlögum 1987. Samtals nema tekjur af þessum tekjustofnum 2.900.000 þús.kr. en 2.150.000 þús.kr. á árinu 1987. Tekjur af vitagjaldi hækka úr 17.500 þús.kr. í 23.200 þús.kr. Tekjur af skipaskoðunargjaldi eru áætlaðar 25.000 þús.kr. samanborið við 9.200 þús.kr. í fjárlögum 1987. Með lögum nr. 31/1987, um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum, voru sett ákvæði um mörkun tekna af flugvallaskatti og eldsneytisnotkun. Tekjur af þessum stofni eru nú innheimtar beint til flugmálastjórnar og fara til framkvæmda á flugvöllum. Á árinu 1987 var innheimta af flugvallaskatti áætluð 117.000 þús.kr. en fellur nú niður sem innheimta skv. 3. gr. fjárlagafrumvarpsins. Tekjur af sérleyfisgjaldi voru áætlaðar á árinu 1987 3.000 þús.kr. og skyldu renna til sérleyfissjóðs. Þar sem sjóðurinn hefur nú verið aflagður og sömuleiðis sérleyfisgjald fellur liðurinn niður.

101 Aðalskrifstofa

Rekstrarframlag til aðalskrifstofu samgönguráðuneytisins hækkar úr 23.358 þús.kr. á árinu 1987 í 33.560 þús.kr. eða um 44%. Engin breyting er fyrirhuguð á rekstri skrifstofunnar á árinu 1988. Starfsmenn verða tólf eins og í fjárlögum 1987, þar af einn lausráðinn. Auk rekstrarframlagsins er veitt 600 þús.kr. til kaupa á ýmsum skrifstofubúnaði til ráðuneytisins.

102 Póst- og símamálastofnunin

Í fjárlögum fyrir árið 1987 eru veittar 110.000 þús.kr. til Póst- og símamálastofnunarinnar undir þessum fjárlagalið. Hér er um að ræða skil á tekjum frá Alþjóðaflugmálastofnuninni (ICAO) til Póst- og símamálastofnunarinnar fyrir ýmsa þjónustu í þágu millilandaflugs á íslensku flugstjórnarsvæði. Nú eru þessar tekjur áætlaðar 112.700. Nánar er fjallað um fjárreiður Póst- og símamálastofnunarinnar í greinargerð um B-hluta fyrirtæki og sjóði.

211 Vegagerð ríkisins

Framlag til Vegagerðar ríkisins hækkar úr 2.150.000 þús.kr. í fjárlögum 1987 í 2.850.015 þús.kr. eða um 33%. Tekjustofn til vegamála er bensíngjald og þungaskattur, því er ekki gert ráð fyrir beinu ríkisframlagi af almennum skatttekjum. Í tekjuáætlun um bensíngjald er við það miðað að gjaldið hækki um 20% 1. nóvember næstkomandi og að bensínsala verði ekki undir 160 milljónum lítra á árinu 1988.

321 Strandferðir, framlög

Framlög undir þessum lið eru nú áformuð samtals 229.010 þús.kr. samanborið við 217.010 þús.kr. á árinu 1987. Þetta er hækkun um 6%. Fjárveiting til Skipaútgerðar ríkisins hækkar úr 143.000 þús.kr. á árinu 1987 í 155.000 þús.kr. eða um rúm 8%. Með þessari fjárveitingu mun fyrirtækið væntanlega geta staðið við skuldbindingar vegna rekstrar og fjármagnskostnaðar á árinu 1988. Nánar er fjallað um fjárreiður Skipaútgerðar ríkisins í kaflanum um B-hluta fyrirtæki og sjóði. Fjárveiting til viðfangsefnisins *flóabátar og vöruflutningar* nemur 74.010 þús.kr. sem er sama fjárhæð og í fjárlögum 1987. Samvinnunefnd samgöngumála mun gera tillögu um skiptingu fjárens þegar fjallað verður um frumvarpið á Alþingi.

331 Vita- og hafnamálaskrifstofan

Rekstrarframlag til vita- og hafnamálaskrifstofunnar hækkar nú um 21% og verður 24.308 þús.kr. Ekki er gert ráð fyrir breytingum í rekstri skrifstofunnar og mannhald

miðað við 25 starfsmenn eins og verið hefur. Launagjöld hækka úr 24.899 þús.kr. í fjárlögum 1987 í 34.398 þús.kr. eða um 38%. Önnur gjöld vegna rekstrar hækka um 29% frá árinu 1987 og verða 11.660 þús.kr. Sértekjum er ætlað að hækka um 57% úr 13.889 þús.kr. í fjárlögum 1987 í 21.750 þús.kr. Reiknað er með að húsaleigutekjur í nýrri straumfræðistöð muni falla til á árinu. Þá er gert ráð fyrir 900 þús.kr. framlagi til kaupa á tækjabúnaði á skrifstofu. Til byggingar nýrrar straumfræðistöðvar eru veittar 2.500 þús.kr. Framkvæmdir hófust á árinu 1987. Auk ríkisframlagsins hefur verið ákveðið að verja til framkvæmdanna tryggingarfé vegna dýpkunarskipsins Grettis sem sökk út af Reykjanesi. Tryggingarfé þetta nemur 12.300 þús.kr. og þannig verður framkvæmdafé alls 14.800 þús.kr.

332 Vitastofnun Íslands

Framlag til rekstrarviðfangsefna stofnunarinnar hækkar úr 50.290 þús.kr. á árinu 1987 í 63.725 þús.kr. eða um 27%. Gert er ráð fyrir óbreyttum rekstri stofnunarinnar frá því sem verið hefur að öðru leyti en því að stofnunin hefur yfirtekið verkstæðisrekstur Hafnarmálastjórnar en sú starfsemi aflar tekna til móts við kostnað. Framlag til rekstrar *vitaskipsins Árvakurs* verður nú 8.394 þús.kr. og hækkar um 7% frá gildandi fjárlögum. Þetta er töluverð lækkun miðað við raungildi og mun því stytta úthaldstíma skipsins, en í gildandi fjárlögum er miðað við 50 daga úthald. Á síðari árum hefur verkefnum skipsins fækkað, enda svo komið að athugaðir hafa verið möguleikar um sölu á skipinu. Til framkvæmda við vitana eru nú veittar 14.800 þús.kr. en 14.000 þús.kr. á árinu 1987. Framlagið er fyrst og fremst ætlað til rafvæðingar vitunum og annarra brýnna framkvæmda.

333 Hafnamál

Fjárveiting til þessa fjárlagaliðar hækkar um 62.790 þús.kr. eða 23% frá fjárlögum 1987 og verður 338.620 þús.kr. Þar af er framlag til *hafnarannsóknna og mælinga* 15.120 þús.kr. sem er 71% hækkun frá fjárlögum 1987. Mestu munar hér um 6.300 þús.kr. framlag til rannsóknaverkefna í nýrri straumfræðistöð sem ekki hefur verið jafnhátt áður. Framlag til viðfangsefnisins *landshafnir, endurgreiðslur lána*, 400 þús.kr., er til greiðslu afborgana og vaxta af láni vegna *Porlákshafnar*. Ekki er gert ráð fyrir framlögum til framkvæmda í landshöfnum enda er við það miðað að eignarhald og rekstur hafnanna muni færast til sveitarfélaganna um næstu áramót. Er þetta liður í tilflutningi verkefna frá ríki til sveitarfélaga. Framlag til hafnabótasjóðs hækkar um 5.000 þús.kr. og verður alls 20.000 þús.kr. Þetta er lægri fjárhæð en lög kveða á um og mun því verða leitað heimildar í lánsfjárlögum til þessa fráviks. Að öðru leyti þykir ekki ástæða til að fjalla um einstök viðfangsefni en vísað er til meðfylgjandi yfirlits:

	Fjárlög 1987 þús. kr.	Frumvarp 1988 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Hafnarannsóknir og mælingar	8.864	15.120	6.256	71
Ferjubryggjur	5.300	5.800	500	9
Hafnarmannvirki og lendingarbætur	218.500	250.000	31.500	14
Sjóvarnargarðar	18.032	17.300	-732	-4
Landshafnir, endurgreiðsla lána	1.734	400	-1.334	-77
Landshöfn Rífi	4.000	-	-4.000	.
Landshöfn Porlákshöfn	4.400	-	-4.400	.
Hafnabótasjóður, framlag	15.000	20.000	5.000	33
Samtals	275.830	308.620	32.790	12

341 Siglingamálastofnun ríkisins

Heildarfjárveiting til stofnunarinnar verður 49.136 þús.kr. Þar af eru 45.636 þús.kr. ætlaðar til rekstrar eða um 31% hærri fjárhæð en er í gildandi fjárlögum. Gert er ráð fyrir óbreyttum rekstri frá því sem fjárlög 1987 segja til um. Þó er reiknað með að sértekjur muni hækka umfram verðlagsforsendur á milli ára. Til kaupa á mengunarvarnarbúnaði eru veittar 3.500 þús.kr. Við undirbúning þessa frumvarps hefur verið rætt um að gera sértekjur að ríkari þætti í fjármögnun starfseminnar í framtíðinni þannig að skipaeigendur verði látnir standa undir tilteknum hluta starfseminnar með hækkuðum skoðunargjöldum. Tekjur tengdar stofnuninni innheimtast bæði beint til hennar og einnig af innheimtumönnum ríkissjóðs skv. 3. gr. frumvarpsins alls 35.000 þús.kr. Fyrir afgreiðslu þessa frumvarps er nauðsynlegt að fjalla nánar um mál þetta svo að viðeigandi breytingum verði við komið.

342 Rannsóknanefnd sjóslysa

Rannsóknanefnd sjóslysa starfar skv. lögum nr. 21/1986. Starfsemin er enn í mótun. Til hennar eru nú veittar 2.555 þús.kr. sem að hluta er til launagreiðslna hvers konar og að hluta til greiðslu ýmiss kostnaðar sem nefndin kann að stofna til.

471 Flugmálastjórn

Með lögum nr. 31/1987, um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum, er afmörkuð stefna um framkvæmdir í flugmálum. Samkvæmt lögunum eiga tekjur af flugvallagjaldi og gjaldi sem innheimt er af eldsneytissölu að renna óskert til framkvæmda í flugmálum. Tekjur þessar eru alls áætlaðar 254.500 þús.kr. Þar af 204.900 þús.kr. af flugvallagjaldi og 49.600 þús.kr. vegna gjalds af sölu eldsneytis. Viðkomandi tekjur eru færðar til bókar undir viðfangsefninu *yfirstjórn*. Af þessum sökum fellur flugvallaskattur niður sem tekjuliður í 3. gr. fjárlagafrumvarpsins. Um rekstur flugmálastjórnar er það helst að segja að nokkur tilfærsla verður á starfsmönnum milli viðfangsefna auk þess sem reiknað er með fjölgun starfsmanna á föstum launum. Starfsmenn verða því 179 í stað 177,25 eins og er í fjárlögum 1987. Þetta hefur þó ekki í för með sér útgjaldaaukningu þar sem áætlað var fyrir þessum stöðum á árinu 1987 sem tímabundinni ráðstöfun. Heildarlaun hjá stofnuninni nema alls 298.710 þús.kr. og hækka um 46% frá fjárlögum 1987. Rekstrargjöld allra rekstrarviðfangsefna nema 177.080 þús.kr. og hækka um 22%. Aðrar sértekjur en þær sem ætlaðar eru til framkvæmda nema 91.530 þús.kr. og eru einkum vegna þjónustu og lendingargjalda. Þessar tekjur hækka um 36% frá fjárlögum 1987. Að lokum er þess að geta að útgjöld vegna *alþjóðaflugþjónustunnar*, 112.060 þús.kr., eru að fullu greiddar af Alþjóðaflugmálastofnuninni (ICAO) og innheimtist sú greiðsla skv. 3. gr. fjárlaga. Framkvæmdir nema nokkru hærri upphæð en markaðar tekjur til þeirra eða 254.500 þús.kr. Mismunur er framlag ríkissjóðs eða 36.700 þús.kr. Almennar framkvæmdir, þar með taldar framkvæmdir vegna alþjóðaflugþjónustunnar, nema 172.000 þús.kr. og mun fjárveitinganefnd ákveða skiptingu hennar. Að auki eru fyrirhugaðar framkvæmdir við *Egilsstaðaflugvöll* fyrir 82.500 þús.kr. Mörkuðum tekjum samkvæmt lögum nr. 31/1987 er ætlað að standa undir öllum framkvæmdum við flugvelli 1988, eða samtals 254.500 þús.kr.

485 Ýmis framlög

Heildarframlag á þessum lið er 9.760 þús.kr. og lækkar um 2.315 þús.kr. frá fjárlögum 1987 samkvæmt yfirlitinu hér á eftir:

	Fjárlög 1987 þús. kr.	Frumvarp 1988 þús. kr.	Breyting	
			þús. kr.	%
Björgunarbúnaður Sigmunds	125	-	-125	.
Flugbjörgunarsveitir	900	1.040	140	16
Tilkynningarskylda íslenskra skipa	5.000	5.430	430	9
Fræðsluefni um öryggismál sjómanna	600	580	-20	-3
Sjálfvirkt tilkynningakerfi fyrir fiskiskip	2.500	-	-2.500	.
Ferðamálasamtök	600	-	-600	.
Norrænar jarðskjálftarannsóknir á Suðurlandi	500	580	80	16
Ýmislegt	1.100	1.270	170	15
Rannsóknarnefnd flugslysa	750	860	110	15
Samtals	12.075	9.760	-2.315	-19

Framlag fellur niður til eftirtalinnna þriggja viðfangsefna, *björgunarbúnaður Sigmunds*, *sjálfvirkt tilkynningakerfi fyrir fiskiskip* og *ferðamálasamtök*.

651 Ferðamálaráð

Heildarfjárveiting til stofnunarinnar hækkar úr 19.959 þús.kr. á árinu 1987 í 35.020 þús.kr. eða um 75%. Framlag til rekstrar skrifstofunnar í Reykjavík hækkar um 42% og verður 7.020 þús.kr. Gert er ráð fyrir óbreyttum starfsmannafjölda frá því sem er í fjárlögum 1987, fjórum fastráðnum mönnum. Rekstur skrifstofunnar í Reykjavík kemur fram á viðfangsefninu *Ferðamálaráð* og er miðað við að hann sé alfarið greiddur úr ríkissjóði. Á viðfangsefnið *ferðamál skv. 8. gr. laga nr. 79/1985* koma lögbundin skil ríkissjóðs af tekjum Frihafnar í Keflavík. Leitað er heimildar í frumvarpi til lánsfjárlaga fyrir árið 1988 til skerðingar á lögbundnum skilum Frihafnarinnar til Ferðamálaráðs. Því er hér gert ráð fyrir 28.000 þús.kr. framlagi.

652 Veðurstofa Íslands

Rekstrarframlag til Veðurstofu Íslands hækkar úr 115.950 þús.kr. í fjárlögum 1987 í 162.340 þús.kr. eða um 40%. Hækkun umfram það er verðlagsforsendur gefa tilefni til er á launalið. Þar munar mestu um hækkun á launalið viðfangsefnisins *veðurstöðvar*. Launakjör veðurathugunarmanna hafa verið endurskoðuð og að ákvörðun samgönguráðuneytisins voru viðmiðunarlaun hækkuð í árslok 1986. Annars er ekki um breytingu að ræða á rekstri veðurstofunnar frá því sem er í fjárlögum yfirstandandi árs. Heimilaðar stöður eru eftir sem áður 61,17 talsins og 2,5 stöðugildi lausráðinna við *hálandis- og hafisrannsóknir*. Til viðbótar ofangreindu rekstrarframlagi er veitt 8.600 þús.kr. til eignakaupa og ber þar hæst kaup á veðurratsjá fyrir stofnunina en ætlað er að útgjöld vegna þessa muni nema rúmum 6.000 þús.kr. árið 1988. Um er að ræða fyrstu greiðslu af þremur.

656 Landmælingar Íslands

Rekstrarframlag til Landmælinga Íslands verður nú 22.860 þús.kr. sem er 56% hækkun frá gildandi fjárlögum. Hækkun umfram þróun verðlags er til komin vegna lækkunar sértekna en launa- og rekstrarkostnaður er hinn sami að raungildi milli ára. Undanfarin ár hefur stofnunin átt við rekstrarerfiðleika að stríða. Meðal annars hefur gengið erfiðlega að afla tekna í samræmi við áætlanir svo og að hemja útgjöld stofnunarinnar. Af hálfu samgönguráðuneytisins og fjármálaráðuneytisins var skipaður starfshópur í sumar til að fjalla um vandann og finna leiðir til úrbóta. Óvíst er hvort verkefninu verði lokið fyrir samþykkt fjárlaga. Auk rekstrarframlagsins eru veittar 3.700 þús.kr. til meiri háttar eignakaupa. Þar af 1.200 þús.kr. til kaupa á bifreið til nota við mælingar.

11 Iðnaðarráðuneyti

Framlög til hinna einstöku málefnaflokka iðnaðarráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir:

	Fjárlög 1987 þús. kr.	Frumvarp 1988 þús. kr.	Breyting	
			þús. kr.	%
Yfirstjórn	22.677	30.734	8.057	36
Iðnaðarmál	346.168	380.376	34.208	10
Orkumál	738.372	645.770	-92.602	-13
Samtals	1.107.217	1.056.880	-50.337	-5
Þar af markaðir tekjustofnar	44.000	61.412	17.412	40

Í fjárlögum 1987 eru áætlaðar tekjur af mörkuðum tekjustofnum ráðuneytisins 44.000 þús.kr. sem skiptast þannig: Rafmagnseftirlitsgjald 37.000 þús.kr. og byggingariðnaðarsjóðsgjald 7.000 þús.kr. Á árinu 1988 er áætlað að tekjur af rafmagnseftirlitsgjaldi nemi 53.412 þús.kr. og tekjur af byggingariðnaðarsjóðsgjaldi 8.000 þús.kr.

101 Aðalskrifstofa

Fjárveiting til aðalskrifstofu iðnaðarráðuneytisins hækkar úr 22.677 þús.kr. í fjárlögum 1987 í 30.734 þús.kr. eða um 36%. Launagjöld nema 22.454 þús.kr. og hækka um 44% frá fjárlögum. Er þá miðað við 15,5 stöður sem er óbreytt frá 1987. Rekstrargjöld hækka um 21%, sem gefur ekki tilefni til sérstakrar umfjöllunar. Veittar eru 750 þús.kr. til kaupa á ýmsum skrifstofubúnaði. Sértekjur hækka um 31% og verða 6.030 þús.kr. Hér er aðallega um að ræða tekjur af skráningu vörumerkja, en ráðuneytið hefur hana með höndum.

201 Iðntæknistofnun Íslands

Framlag til Iðntæknistofnunar Íslands er nú fært sem tilfærsla til atvinnuveganna þar sem stefnt er að breytingu á rekstri stofnunarinnar. Heildarframlag er 64.160 þús.kr. þar af eru 56.260 þús.kr. vegna rekstrar sem er svipað að raungildi og fjárveiting til stofnunarinnar í fjárlögum 1987 en það hækkar um 25% í krónum talið. Miðað er við óbreyttan starfsmannafjölda eða 58 eins og í fjárlögum 1987. Þá er gert ráð fyrir að verkstjórnarnámskeið og námskeið í stjórn vinnuvéla standi undir kostnaði með sértekjum. Veittar eru 7.900 þús.kr. til tækjakaupa til að efla möguleika stofnunarinnar til að afla sér sjálf tekna.

203 Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins

Fjárveiting til stofnunarinnar hækkar úr 28.214 þús.kr. í 39.186 þús.kr. eða um 39%. Gert er ráð fyrir óbreyttu starfsmannahaldi frá fyrra ári, það er 7,6 verkefnaráðnum og 36 starfsmönnum á föstum launum. Launagjöld stofnunarinnar hækka um 40% og verða 52.016 þús.kr. Önnur gjöld vegna reksturs hækka um 32% og verða 20.070 þús.kr. Rífleg hækkan annarra gjalda er vegna þess að sérstakt tillit var tekið til ríkisreiknings 1986. Sama á reyndar við um tekjur stofnunarinnar sem hækka úr 29.119 þús.kr. í fjárlögum 1987 í 39.300 þús.kr. eða um 35%. Þá eru veittar eru 6.400 þús.kr. til kaupa á tækjum og búnaði samanborið við 5.000 þús.kr. á árinu 1987.

221 Lánasjóðir iðnaðarins

Samkvæmt 9. gr. laga nr. 55/1984, um breytingu á lögum um Iðnlánasjóð, skal framlag ríkissjóðs nema $\frac{4}{7}$ hlutum af áætluðum tekjum af iðnlánasjóðsgjaldi, en þær eru áætlaðar um 126.800 þús.kr. á árinu 1988. Framlag í fjárlögum 1987 nam 25.000 þús.kr. sem er minna en lögbundið framlag en það var skert með heimildarákvæðum. Nú verður leitað heimildar í lánsfjárlögum til að fella framlagið niður árið 1988. Ætlan stjórnvalda er að fella niður sem mest af lögbundnum framlögum og tekjustofnum og í samræmi við það verður stefnt að breytingum á lögum um Iðnlánasjóð.

240 Iðnaðarrannsóknir

Í fjárlögum fyrir árið 1987 eru veittar 14.000 þús.kr. til þessara verkefna. Undir þennan lið falla athuganir á nýiðnaðarkostum. Í frumvarpi eru veittar 16.000 þús.kr. í þessu skyni.

289 Jöfnunargjald

Hér eru færðir til gjalda $\frac{2}{3}$ hlutar af áætluðum tekjum af jöfnunargjaldi í iðnaði, en þær nema 375.000 þús.kr., sbr. 3. gr. fjárlagafrumvarps. Fjárveiting á árinu 1988 nemur því 250.000 þús.kr. samanborið við 210.000 þús.kr. á árinu 1987.

299 Iðja og iðnaður, framlög

Framlag til verkefna undir þessum fjárlagalið lækkar um 27% og verður 11.030 þús.kr. samanborið við 15.081 þús.kr. í fjárlögum 1987. Þessa lækkun má rekja til þess að framlag til *iðnráðgjafa* og *byggingarþjónustu* eru felld niður. Engin lög um *iðnráðgjafa* eru í gildi og því er framlag fellt niður en það nam 6.830 þús.kr. í fjárlögum. Framlag til *byggingarþjónustu* nam 578 þús.kr. í fjárlögum. Til *iðnþróunarverkefna* eru nú veittar 1.730 þús.kr. samanborið við 3.151 þús.kr. í fjárlögum. Fjárveiting til *iðnþróunar og tækninýjunga* hækkar úr 4.522 þús.kr. í 9.300 þús.kr. Þar af er ráðgert að styrkja sérstaklega framleiðniáttak í iðnaði með 3.450 þús. kr. og norrænt tækniár með 2.300 þús.kr. á móti framlagi frá samstarfsmönnum.

301 Orkustofnun

Framlag til Orkustofnunar er nánast óbreytt í krónutölu á milli árana 1987 og 1988 eða fer úr 158.544 þús.kr. í 159.278 þús.kr. Launagjöld hækka um 3% og verða 135.638 þús.kr. Gert er ráð fyrir að starfsmönnum fækki úr þeim 112 stöðugildum sem nú eru viðurkennd. Önnur gjöld vegna reksturs nema 114.780 þús.kr. og lækka í samræmi við fækkun starfsmanna og minnkuð umsvif stofnunarinnar. Reiknað er með að sérverkefni tengt fiskeldi haldi áfram og eru veittar til þess 12.600 þús.kr. Sértekjur eru alls áætlaðar 94.840 þús.kr., en öflun þeirra er háð hitaveitu- og virkjanaframkvæmdum að verulegu leyti. Hefðbundin verkefni Orkustofnunar hafa farið dvínandi á liðnum árum.

302 Rafmagnseftirlit ríkisins

Fjárveiting til Rafmagnseftirlits ríkisins hækkar úr 41.438 þús.kr. í 53.412 þús.kr. eða um 29%. Í fjárlögum fyrir 1987 var fjárveiting samræmd við raunverulegt umfang stofnunarinnar. Starfsmannahald er miðað við 21 mann í föstu starfi sem er óbreytt. Gert er ráð fyrir einni nýrri stöðu í raffangaprófun og verða lausráðnir starfsmenn því 5. Alls er því gert ráð fyrir 26 starfsmönnum við stofnunina. Launagjöld hækka um 39% milli ára og verða 32.682 þús.kr. Önnur gjöld vegna reksturs hækka úr 15.962 þús.kr. í 21.950 þús.kr. eða um 38%. Til kaupa á ýmsum tækjabúnaði eru veittar 1.600

þús.kr. samanborið við 2.320 þús.kr. á árinu 1987. Sértekjur aukast úr 351 þús.kr. í fjárlögum 1987 í 2.820 þús.kr. og vegur hækkunin upp kostnað af nýrri stöðu og hærri rekstrargjöldum. Mismunur gjalda og sértekna er borinn uppi af rafmagnseftirlitsgjaldi. Tekjur af gjaldinu þurfa því að vera um 53.000 þús. kr. eins og kemur fram í 3. gr. frumvarpsins.

371 Orkusjóður

Á undanförunum árum hefur hlutverk Orkusjóðs í uppbyggingu raforkukerfisins gjörbreyst. Ríkissjóður hefur yfirtekið lán vegna byggðalína, Kröflu og Rafmagnsveitna ríkisins og þar með dregið úr lánaumsvifum Orkusjóðs. Áform eru því uppi um endurskoðun á tilhögun og starfsemi Orkusjóðs enda eru aðstæður nú allt aðrar en þegar til hans var stofnað. Á árinu 1988 er áhersla lögð á hækkun framlags til sveitarafvæðingar, en þar er átt við tengingar býla og atvinnufyrirtækja í sveitum við samveitur. Um aðra liði þarf ekki að fjölyrða. Framlag til Orkusjóðs nemur 209.350 þús.kr. samanborið við 299.390 þús.kr. í fjárlögum 1987. Í meðfylgjandi yfirliti er sýnd skipting fjárveitingar í fjárlögum 1987 og frumvarpi 1988 á einstök viðfangsefni og breyting milli ára. Nánar er fjallað um fjárreiður Orkusjóðs í greinargerð um B-hluta fyrirtæki og sjóði.

	Fjárlög 1987 þús. kr.	Frumvarp 1988 þús. kr.	Breyting	
			þús. kr.	%
Rekstur Orkusjóðs	1.000	1.090	90	9
Notendur utan samveitna	1.700	1.960	260	15
Lánagreiðslur, framlög	223.690	129.800	-93.890	-42
Lán til jarðhitaleitar	10.000	11.500	1.500	15
Sveitarafvæðing	10.000	25.000	15.000	150
Styrking dreifikerfis í sveitum	50.000	40.000	-10.000	-20
Lán til einkarafstöðva	3.000	-	-3.000	.
Samtals	299.390	209.350	-90.040	-30

399 Ýmis orkumál

Fjárveiting lækkar úr 239.000 þús.kr. á árinu 1987 í 223.730 þús.kr. eða um 6%. Framlag til aðgerða á sviði *orkusparnaðar* fellur niður en það nam 8.000 þús.kr. í fjárlögum. Framlag til *setlagarannsóknna* hækkar úr 1.000 þús.kr. í 1.730 þús.kr. Framlag til *niðurgreiðslu á rafhitun* nemur 200.000 þús.kr. samanborið við 230.000 þús.kr. á árinu 1987. Á liðnum *önnur orkumál* eru veittar 2.000 þús.kr., en það er nýr óskiptur liður. Af þeim lið er m.a. ráðgert að greiða fyrir endurskoðun á ýmsum rekstrarmálum stofnana á sviði iðnaðarráðuneytisins.

12 Viðskiptaráðuneyti

Útgjöld til helstu málefnaflokka viðskiptaráðuneytisins breytast milli ára sem hér greinir:

	Fjárlög 1987 þús. kr.	Frumvarp 1988 þús. kr.	Breyting	
			þús. kr.	%
Yfirstjórn	28.635	37.316	8.681	30
Niðurgreiðslur	1.090.000	1.587.000	497.000	46
Annað	43.849	52.668	8.819	20
Samtals	1.162.484	1.676.984	514.500	44

Engir markaðir tekjustofnar teljast til þessa ráðuneytis. Í frumvarpinu flyst fjárlagaliðurinn, *Útflutningsráð Íslands* til utanríkisráðuneytisins. Verður nú vikið að einstökum fjárlagaliðum til skýringar á framlagi til málefnaflokkar á ráðuneytisins.

101 Aðalskrifstofa

Fjárveiting til skrifstofunnar er 37.316 þús.kr. en var 28.635 þús.kr. í fjárlögum 1987. Launagjöld hækka um 33% úr 14.764 þús.kr. í fjárlögum 1987 í 19.646 þús.kr. Miðað er við að tveir starfsmenn viðskiptaráðuneytisins flytjist til viðskiptaskrifstofu utanríkisráðuneytisins. Á launalið aðalskrifstofu viðskiptaráðuneytis er því áætlað fyrir launum 11 starfsmanna. Önnur gjöld vegna rekstrar hækka um 28% og verða 15.920 þús.kr. og framlag til neytendasamtakanna er áætlað 1.150 þús.kr. samanborið við 1.000 þús.kr. í fjárlögum 1987.

201 Niðurgreiðslur á vöruverði

Fjárveiting undir þessum fjárlagalið er 1.587.000 þús.kr. Heildarframlag skiptist þannig að til Lífeyrissjóðs bænda renna 222.000 þús.kr. og 1.365.000 þús.kr. til niðurgreiðslna á vöruverði. Áætlun um niðurgreiðslur á vöruverði er sýnd í eftirfarandi yfirliti.

	Áætlað magn á ári tonn eða Ml	Niðurgreiðsla kr. á kg eða l	Útgjöld á ári m.kr.
Dilkakjöt (úrval, 1. og 2. fl.)	7.200	51,04	368
Annað dilkakjöt (3.-6. fl.)	2.000	21,00	42
Vaxta- og geymslukostnaður	770	257,40	199
Mjólk	42.000	5,83	245
Undanrenna	2.000	3,10	7
Skyr	1.400	7,14	10
Rjómi	1.600	7,57	13
Ostur, 45 gráðu	1.400	11,10	16
Ostur, 30 gráðu	600	9,26	6
Smjör	1.270	240,70	306
Ull	1.250	106,00	133
Nýmjólkurmjól	180	110,00	20
			1.365

Niðurgreiðsla á sérhverja einingu er eins og hún stendur í september 1987. Í fjárlögum ársins 1987 voru veittar 978.000 þús.kr. til niðurgreiðslna á vöruverði. Á árinu 1987 hafa ýmsar breytingar verið gerðar á tilhögun niðurgreiðslna og er nú áætlað að alls verði útgjöld vegna niðurgreiðslna 1.365.000 þús.kr. Ákveðið hefur verið að sýna framlag til lífeyrissjóðs bænda sem sérstakt viðfangsefni. Á undanförunum árum hefur framlag til sjóðsins verið talið hluti af liðnum 201 *Niðurgreiðslur á vöruverði*. Samkvæmt lögum nr. 50/1984 ber ríkissjóði að greiða til lífeyrissjóðsins 1,60% af heildarverðmæti búvara á árinu 1988 eða 222.000 þús.kr.

902 Verðlagsstofnun

Framlag nemur alls 52.904 þús.kr. en er 32.620 þús.kr. í fjárlögum 1987. Hækkun á milli ára er 62% en þegar frá er talið stofnkostnaðarframlag er hækkunin 46%. Launagjöld hækka um 50% og verða 35.994 þús.kr. Stöðugildi eru 33,5 og er það óbreytt frá fjárlögum 1987. Önnur rekstrargjöld hækka úr 6.975 þús.kr. í fjárlögum 1987 í 10.310 þús.kr. eða um 48%. Hækkun umfram verðlagsforsendur skýrist fyrst og

fremst af auknum leigugjöldum og öðrum húsnæðiskostnaði. Stofnunin mun í árslok 1987 flytja í húsnæði að Laugavegi 118D auk nokkurra annarra stofnana. Til kaupa á tölvu- og skrifstofubúnaði í hið nýja húsnæði eru veittar 6.600 þús.kr.

903 Skráning hlutafélaga

Framlag ríkissjóðs nam 1.229 þús.kr. í fjárlögum 1987. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að starfsemi stofnunarinnar verði eingöngu kostuð af sértekjum. Ekki eru áform um breytingu á umsvifum stofnunarinnar.

13 Hagstofa Íslands

Fjárveiting til Hagstofu Íslands hækkar úr 48.100 þús.kr. í fjárlögum 1987 í 76.021 þús.kr. eða um 58%.

101 Aðalskrifstofa

Fjárveiting til aðalskrifstofu hækkar úr 35.921 þús.kr. á árinu 1987 í 56.893 þús.kr. eða um 58%. Launagjöld hækka um 63% og verða 37.503 þús.kr. Stöðugildi aðalskrifstofunnar eru 22,08 á föstum launum og ráðið er í 7,26 stöður til að annast ýmis verkefni. Það er 1,66 stöðugildum fleira en áætlað var fyrir í fjárlögum 1987 en áætlað er fyrir nýrri stöðu viðskiptafræðings. Útgjöld vegna þessa nema 646 þús.kr. Önnur rekstrar-gjöld hækka úr 12.972 þús.kr. í fjárlögum 1987 í 20.810 þús.kr. eða um 60%. Hækkun rekstrargjalda umfram almennar verðlagsbreytingar skýrist af hækkun rafreikniþjónustu og prent- og útgáfukostnaðar. Ráðgert er m.a. að gefa út sveitarsjóðsreikninga síðustu ára, niðurstöður nýlegrar neyslukönnunar, fyrstu útgáfu manntals frá árinu 1981, landbúnaðarskýrslur og nýja útgáfu tölfræðihandbókar. Þar sem alger óvissa ríkir í húsnæðismálum stofnunarinnar er áætlað fyrir umtalsverðri hækkun leigugjalda frá fjárlögum 1987. Á móti hækkun útgjalda kemur 89% hækkun sértekna og verða þær 2.620 þús.kr. Þá eru veittar eru 1.200 þús.kr. til kaupa á ýmiss konar skrifstofubúnaði.

102 Þjóðskráin

Framlag hækkar úr 12.179 þús.kr. í fjárlögum 1987 í 19.128 þús.kr. eða um 57%. Umsvif hafa aukist á síðustu árum með vaxandi eftirspurn eftir upplýsingum úr þjóðskrá og er gert ráð fyrir að svo verði einnig á árinu 1988. Launagjöld hækka um 60% milli ára og verða 15.008 þús.kr. Þá er miðað við 16,18 stöðugildi og er það óbreyttur fjöldi frá fjárlögum 1987. Önnur gjöld vegna rekstrar hækka um 63% og verða 15.400 þús.kr. Hjá þjóðskrá hefur kostnaður við fjölrítun og bókbund íbúaskrár aukist mikið. Á árinu 1988 er auk þess gert ráð fyrir sérstökum auglýsingakostnaði vegna upptöku kennitölu í stað nafnnúmera. Áætlað er fyrir töluvert hærri húsaleigu en nemur áætlaðri leigu 1987. Sama skýring á hér við og segir um aðalskrifstofuna. Á móti hækkun launa og annarra gjalda kemur 62% hækkun sértekna og verða þær 12.480 þús.kr. eða um 41% heildarútgjalda. Til kaupa á skrifstofu- og tölvubúnaði eru veittar 1.200 þús.kr.

15 Fjárlaga- og hagsýslustofnun

Útgjöld til málefnaflokka fjárlaga- og hagsýslustofnunar breytast milli ára sem hér greinir:

	Fjárlög 1987 þús. kr.	Frumvarp 1988 þús. kr.	Breyting	
			þús. kr.	%
Yfirstjórn	36.380	65.003	28.623	79
Ýmis lán ríkissjóðs, vextir	3.620.000	4.800.000	1.180.000	33
Samtals	3.656.380	4.865.003	1.208.623	33

Verður nú vikið að einstökum fjárlagaliðum til skýringar á breytingu framlags til málefnaflokka ráðuneytisins:

101 Aðalskrifstofa

Framlag nemur samtals 40.457 þús.kr. og hækkar úr 28.844 þús.kr. í fjárlögum 1987 eða um 40%. Gert er ráð fyrir svipaðri starfsemi og á árinu 1987 og fjöldi starfsmanna verður óbreyttur, 14 menn. Auk þess er lausráðinn einn maður sem ætlað er að vinna að áætlunum og umbótum á sviði opinberra framkvæmda. Þrír starfsmenn starfa að hagræðingarmálum. Til þeirra verkefna eru veittar 8.323 þús.kr. en í fjárlögum 1987 er framlagið 6.767 þús.kr. Verkefni á árinu 1987 hafa m.a. verið vinna við skipulagsbreytingu á tollstjóraembættinu í Reykjavík. Nú í haust, svo og um næstu áramót ganga í gildi umfangsmiklar breytingar á starfsháttum hjá embættinu. Þá hefur hagsýslustofnun aðstoðað við endurskoðun á starfsháttum Framkvæmdadeildar Innkaupastofnunar ríkisins, Ríkismats sjávarafurða í kjölfar lagabreytingar, Bifreiða-
eftirlits ríkisins o.fl. Af minni verkefnum má nefna aðstoð við skipulag á aðalskrifstofu landbúnaðarráðuneytis og biskupsstofu. Þá hefur Stjórnarsýslufræðsla ríkisins staðið að skipulögðum námskeiðum fyrir ríkisstarfsmenn og stofnanir. Rúmlega 500 ríkisstarfs-
menn sóttu námskeið veturinn 1986–1987 í ýmsum hagnýtum málum er varða ríkisstarfsemina.

182 Tölvumál

Heildarfjárveiting vegna tölvumála nemur 22.346 þús.kr. Hækkun þessa liðar skýrist af sérstakri fjárveitingu, 12.000 þús.kr., til tölvuvæðingar í Arnarhvoli. Launagjöld nema 2.516 þús.kr. samanborðið við 1.078 þús.kr. í fjárlögum 1987. Hafa ráðuneyti og stofnanir í vaxandi mæli nýtt sér ýmiss konar ráðgjöf sem í boði er. Áætlun nú gerir ráð fyrir óbreyttum fjölda starfsmanna, einum manni í föstu starfi og framlagi til þess að kaupa að ráðgjöf í sérstökum verkefnum.

991 Ýmis lán ríkissjóðs, vextir

Gert er ráð fyrir að vaxtagreiðslur A–hluta ríkissjóðs á árinu 1988 nemi 4.800.000 þús.kr. samanborið við 3.620.000 þús.kr. í fjárlögum 1987. Í meðfylgjandi yfirliti er sýnd sundurliðun á vaxtagjöldum í frumvarpinu:

	Frumvarp 1988 m.kr.
Innlend lán	860
Spariskírteini vegna innlausnar	625
Seðlabanki Íslands:	
Langtímalán	315
Yfirdráttur á viðskiptareikningum	500
Erlend lán	2.500
Samtals	4.800

Nánar er fjallað um vexti og afborganir í 6. kafla þessarar greinargerðar.

5 Athugasemdir um ríkisfyrirtæki og sjóði í B-hluta

Í þessu frumvarpi hafa fjárhæðir í B-hluta verið færðar til áætlaðs verðlags á miðju ári 1988 með sama hætti og í A-hluta frumvarpsins. Í sumum tilvikum er sá grunnur ótraustur sem áætlanir fyrirtækja og sjóða byggja á og þarf að hafa það í huga. Fram hefur komið í inngangi að athugasemdum með frumvarpinu að fyrir afgreiðslu fjárlaga þurfi að endurmeta fjárhagsstöðu nokkurra ríkisfyrirtækja.

Fyrirtækjum og sjóðum í B-hluta er hér skipt upp í fjóra flokka, þ.e. fyrirtæki sem selja vörur og þjónustu, lánastofnanir, ýmsa sjóði og annað. Umsvif B-hluta aðila skiptast þannig í frumvarpinu, í m.kr.:

	Ríkis- fyriræki	Lána- stofnanir	Sjóðir	Annað	B-hluti samtals
Gjöld	18.411	1.711	1.051	551	21.724
Tekjur af sölu vöru, þjónustu o.fl.	22.114	2.057	651	545	25.367
Framlög úr A-hluta ríkissjóðs	477	3.635	702	49	4.863
Mismunur	4.180	3.981	302	43	8.506
Veitt lán	–	10.023	55	–	10.078
Fjárfesting	911	15	178	43	1.148
Afborganir lána	1.302	1.700	15	1	3.019
Skil í ríkissjóð	4.373	–	–	–	4.373
Annað, sjóðsbreytingar o.fl.	239	238	94	–	571
Innheimtar afborganir	–	1.024	40	–	1.064
Afskriftir	1.683	–	–	1	1.684
Tekin lán	945	6.850	–	–	7.795
Ráðstöfun eigin fjár	4.180	3.981	302	43	8.506
Annað	17	122	–	–	139

Tekjuafgangur B-hluta aðila nemur samtals 8.506 m.kr. Þar af eru arðskil til ríkissjóðs 4.373 m.kr. og eru sem hér segir: Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins 4.075 m.kr., Fríhöfnin á Keflavíkurflugvelli 190 m.kr., Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli 20 m.kr., Sala varnarliðseigna 30 m.kr., Happprætti Háskóla Íslands 43 m.kr. og Lyfjaverslun ríkisins 15 m.kr. Til fjárfestingar renna alls 1.198 m.kr. Veigamestar fjárfestingar eru þessar: Póst- og símamálastofnunin 520 m.kr., Rafmagnsveitur ríkisins 150 m.kr., ÁTVR 30,8 m.kr. og Ríkisútværpið 162 m.kr.

Tekin lán í B-hluta nema alls 7.795 m.kr. Ráðgert er að afla byggingarsjóðunum 6.160 m.kr. lánsfjár á árinu 1988, þ.e. 6.110 m.kr. með sölu skuldabréfa til lífeyrissjóða og 50 m.kr. með skyldusparnaði ungmenna, nettó. Þá er miðað við að A-hluti ríkissjóðs taki 1.635 m.kr. að láni og endurláni til B-hluta aðila eins og fram kemur í 1. gr. frumvarpsins. Þeir aðilar B-hluta sem munu njóta lánafyrirgreiðslu ríkissjóðs eru þessir: Flugstöð á Keflavíkurflugvelli 820 m.kr., Rafmagnsveitur ríkisins 125 m.kr. og Lánasjóður íslenskra námsmanna 690 m.kr.

Verður nú vikið að einstökum fyrirtækjum og sjóðum, eftir því sem ástæða þykir til og upplýsingar leyfa, til skýringar á fjárreiðum þeirra.

22 Menntamálaráðuneyti

201 Happprætti Háskóla Íslands

Heildarárgjöld 1988 eru áætluð 771.010 þús.kr. eða 66% hærri en í fjárlögum 1987. Tekjur happprættisins eru áætlaðar 976.010 þús.kr. og er þá gengið út frá 50%

hækkun á miðaverði ásamt því að sala á svonefndri happabrennu verði um 5 milljónir miða. Um er að ræða verulega aukningu milli ára og fyrir því eru aðallega tvær ástæður. Annars vegar hefur frá því gildandi fjárlög voru afgreidd komið til hreinn viðbótartekjustofn sem er fyrrnefnd happabrenna. Hins vegar er þess að geta að á árinu 1987 var talið að sala á happdrættismiðum mundi dragast saman vegna samkeppni frá svokölluðu Lottói. Áætlaður rekstrarhagnaður ársins 1988 er 215.000 þús.kr. og verður honum ráðstafað þannig að 43.000 þús.kr. renna til ríkissjóðs og 172.000 þús.kr. til byggingarframkvæmda við Háskóla Íslands.

202 Lyfjabúð Háskóla Íslands og

211 Háskólabíó

Hvorugt þessara fyrirtækja skilaði fjárlagatillögum fyrir árið 1988 og hafa því rekstraráætlanir þeirra samkvæmt gildandi fjárlögum verið framreiknaðar til verðlags frumvarpsins.

276 Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna

Ráðstöfunarfé sjóðsins eru skil ríkissjóðs á einkaleyfisgjaldi Hapdrættis Háskóla Íslands en það er áætlað 43.000 þús.kr. Fjármunir þessir eru ætlaðir til að halda áfram framkvæmdum við uppbyggingu aðstöðu fyrir rannsóknastofnanir atvinnuveganna. Þar má nefna viðbyggingu við hús Iðntæknistofnunar og Líftæknihús sem er reist í samvinnu við Reykjavíkurborg.

871 Unglingaheimili ríkisins

Gert er ráð fyrir svipuðum rekstri og í fjárlögum liðandi árs. Heildarútgjöld verða samtals 37.780 þús.kr. og hækka um 36% frá fjárlögum 1987. Framlag ríkissjóðs er áætlað 10.800 þús.kr. og tekjur af vistgjöldum 26.980 þús.kr. Við stofnunina eru 23 heimilaðar stöður. Uppi eru áform um að finna heimilinu hentugra húsnæði en það hefur til umræða á Kópavogsbraut 17, en nýta það hús þess í stað sem alhliða fangelsi.

872 Lánasjóður íslenskra námsmanna

Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1987 var fjárveiting til sjóðsins ákveðin 928 m.kr., lántaka 800 m.kr. og lánveitingar alls 1.460 m.kr. Allt bendir til að fjármál sjóðsins gangi eftir í samræmi við áætlanir í ár. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1988 er gert ráð fyrir að ráðstöfunarfé nemi 2.168 m.kr., þar af er fjárveiting 1.478 m.kr. og lántaka 690 m.kr. Er hér um áherslubreytingu að ræða þar sem hlutdeild fjárveitingar í ráðstöfunarfé sjóðsins eykst verulega eða úr 54% í rúm 69%. Framlag ríkissjóðs til sjóðsins hækkar því um tæp 59% milli ára. Ástæða fyrir stórauknu framlagi er einkum sú staðreynd að sjóðurinn getur engan veginn staðið undir greiðslubyrði af háum skuldum. Greiðslur sjóðsins 1988 af áhvíflandi skuldum nema 373 m.kr. umfram innheimtu hans af veittum lánnum. Eftirfarandi yfirlit sýnir fjármál sjóðsins í hnotskurn í ár og á næsta ári:

	Fjárlög 1987	Frumvarp 1988	Hækkun %
Innstreymi:	1.837	2.362	29
Framlag ríkissjóðs	928	1.478	59
Tekin lán	900	690	-23
Afborganir, vextir o.fl.	109	194	78
Útstreymi:	1.837	2.362	29
Rekstrarkostnaður	38	52	37
Afborganir, vextir o.fl.	293	567	94
Ferðastyrkir	46	60	30
Veitt lán	1.460	1.683	15

Í lánveitingum á árinu 1988 er gert ráð fyrir óbreyttum fjölda lánþega frá fyrra ári. Hins vegar er tekið tillit til breyttra úthlutunarreglna hjá sjóðnum.

970 Ríkisútvarpið, framkvæmdasjóður

Tekjur sjóðsins eru samkvæmt lögum 10% af tekjum Ríkisútvarpsins, sjónvarps og hljóðvarps af auglýsingum og afnotagjöldum. Hlutur sjóðsins er áætlaður 122.000 þús.kr. Þar af eru 53.000 þús.kr. frá hljóðvarpi og 69.000 þús.kr. frá sjónvarpi. Samkvæmt útvarpslögnum eiga aðflutningsgjöld og sölugjald af innfluttum sjónvarpstækjum og útvarpstækjum að renna til framkvæmdasjóðs Ríkisútvarpsins. Ekki liggur fyrir hve háar þessar tekjur eru en Ríkisútvarpið hefur í áætlun sinni metið þær á um 140.000 þús.kr. Í þessu frumvarpi er við það miðað að lögum verði breytt þannig að tekjur vegna aðflutningsgjaldanna renni óskertar í ríkissjóð. Ekki er gert ráð fyrir lántöku til sjóðsins. Áðurnefndum 122.000 þús.kr. skal verja þannig að 75.000 þús.kr. fara til greiðslu áður gerðra kaupleigusamninga og afgangur 47.000 þús.kr. fari til framkvæmda við húsið.

971 Ríkisútvarpið, hljóðvarp

Heildarútgjöld eru áætluð 584.000 þús.kr. sem er 43% hærri en í fjárlögum 1987. Þar af eru yfirfærslur til *framkvæmdasjóðs Ríkisútvarpsins* 53.000 þús.kr. Til fjárfestingar eru ætlaðar 20.000 þús.kr. og fara þær fyrst og fremst til kaupa á tækjum og búnaði. Svo unnt verði að standa undir áðurnefndum áformum verður að koma til hækkun sértekna frá því sem er í ár. Því er áætlað að tekjur af auglýsingum aukist um 20% og afnotagjöld hækki um sem svarar 13%. Taka þarf ákvörðun um gjaldskrárbreytingu fyrir samþykkt fjárlaga.

972 Ríkisútvarpið, sjónvarp

Heildarútgjöld eru áætluð 744.000 þús.kr. og eru 41% hærri en í fjárlögum 1987. Þar af eru yfirfærslur til *framkvæmdasjóðs Ríkisútvarpsins* 69.000 þús.kr. Til fjárfestingar eru ætlaðar 20.000 þús.kr. og er þar um að ræða kaup á tækjum og búnaði alls konar. Afborganir lána eru áformaðar 15.000 þús.kr. Sama er uppi á teningnum með sjónvarpið eins og hljóðvarpið hér að framan. Tekjur þurfa að aukast eigi þær að standa undir kostnaði við reksturinn. Með hækkun afnotagjölda um 13% og tekna af auglýsingum um 10% á viðunandi rekstrarafkoma að nást. Taka verður ákvörðun um gjaldskrá fyrir samþykkt fjárlaga fyrir árið 1988.

973 Þjóðleikhúsið

Við samþykkt fjárlaga fyrir árið 1987 var framlag til Þjóðleikhússins hækkað verulega eða úr 43% af rekstrarkostnaði í fjárlögum 1986 í 65% rekstrarkostnaðar. Því hlutfalli er haldið í þessu frumvarpi og því er framlag ríkisins til rekstrar 138.700 þús.kr. auk 10.000 þús.kr. framlags til endurbóta á fasteigninni. Viðskiptaskuld hússins í árslok 1986 var um 97.000 þús.kr.

974 Sinfóníuhljómsveit Íslands

Gert er ráð fyrir að heildarútgjöld nemi 111.260 þús.kr. eða 47% hærri en í fjárlögum 1987. Þar af eru 3.100 þús.kr. ætlaðar til lagfæringar á aðstöðu hljómsveitarinnar í Háskólabíói. Starfsemin verður með sama sniði og í gildandi fjárlögum. Stöðuheimildir eru alls 68,5. Samkvæmt lögum eru tekjur hljómsveitarinnar af miðasölu og 10% af skemmtanaskatti. Þann kostnað sem umfram er skipta eignaraðilar með sér í eftirtöldum hlutföllum: Ríkissjóður 56%, Ríkisútvarp 25%, Reykjavíkurborg 18% og Seltjarnarneskaupstaður 1%. Framlag ríkissjóðs er nú áætlað 50.600 þús.kr. að viðbættum 5.200 þús.kr. skemmtanaskatti eða samtals 55.800 þús.kr.

23 Utanríkisráðuneyti

101 Fríhöfn, Keflavíkurflugvelli

Rekstrargjöld fyrirtækisins eru áætluð 613.580 þús.kr. og er það 86% hækkun frá fjárlögum 1987. Ástæðan fyrir því að útgjöld á árinu 1988 hækka umfram verðlags-hækkanir er flutningur verslunarinnar í nýju flugstöðina á Keflavíkurflugvelli. Þannig hækka launagjöld um 79% og önnur rekstrargjöld um 108% og munar þar mest um aukinn húsnæðiskostnað. Leigugjöld eru áætluð um 36.000 þús.kr. Starfsmannaheimildir við Fríhöfnina eru alls 48 en vegna aukinnar starfsemi hefur þurft fleira fólk á álagstímum. Auk rekstrarkostnaðar eru 7.400 þús.kr. ætlaðar til fjárfestingar og fjármagnast þær af rekstrartekjum fyrirtækisins. Fríhöfninni er einnig ætlað að skila 190.000 þús.kr. í ríkissjóð á árinu 1988 og eru þar með taldar markaðar tekjur og skil ríkissjóðs til Ferðamálaráðs.

111 Flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli

Rekstrargjöld eru áætluð 96.000 þús.kr. og hækka um 60% frá fjárlögum 1987. Það sama gildir um Flugmálastjórn og Fríhöfnina að hækkun rekstrarkostnaðar kemur til vegna flutnings í flugstöð *Leifs Eiríkssonar*. Tekjur fyrirtækisins, sem aðallega eru flugvallargjöld, greiðslur varnarliðsins fyrir þjónustu stofnunarinnar og greiðslur vegn umsjónar með flugstöðinni, eru alls áætlaðar 114.500 þús.kr. Flugmálastjórn er ætlað að skila 20.000 þús.kr. í ríkissjóð á árinu 1988.

114 Flugstöð á Keflavíkurflugvelli, rekstur

Rekstrargjöld og tekjur flugstöðvar *Leifs Eiríkssonar* á Keflavíkurflugvelli eru eðlilega óviss þar sem starfsemi stöðvarinnar er nýhafin. Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli, sem er umsjónaraðili hennar, hefur látið gera kostnaðar- og tekjuáætlun og er hún lögð til grundvallar við gerð þessarar tillögu. Rekstrargjöld eru áætluð 178.200 þús.kr. Þar af eru vextir 126.000 þús.kr. Þessu til viðbótar eru afborganir lána áætlaðar um 29.000 þús.kr. Nú hefur stærrí hluti af framkvæmdalánum stöðvarinnar hjá ríkissjóði verið endurlánaður á samræmdum kjörum þar sem greiðslu afborgana er dreift sem jafnast á 25 ára tímabil. Heildartekjur ársins 1988 þurfa því að nema um 207.200 þús.kr. og skiptast þannig að 174.500 þús.kr. eru leigutekjur af starfsemi í stöðinni og 32.700 þús.kr. eru endurgreiddur rekstur sameiginlegra svæða og aðrar minni háttar tekjur. Samkvæmt þessu mun stöðin geta staðið undir greiðslu vaxta og afborgana á árinu 1988.

115 Flugstöð á Keflavíkurflugvelli, nýbygging

Fjárförf á árinu 1987 er um 680.000 þús.kr. umfram það sem ákveðið var við samþykkt lánsfjárlaga ársins 1987. Þessi fjárförf hefur verið brúuð með skammtímalánum innanlands á árinu er endurgreiðast fyrri hluta árs 1988. Því er gert ráð fyrir 820.000 þús.kr. lántöku sem nota skal til greiðslu áðurnefndra skammtímalána auk vaxta og verðbóta. Ólokið er ýmsum framkvæmdum við stöðina, svo sem tengingu hitaveitu og frágangi utanhúss auk ýmissa annarra verka. Með þeirri lántöku sem í frumvarpinu felst er ekki gert ráð fyrir neinum framkvæmdum við eða í flugstöð *Leifs Eiríkssonar* árið 1988.

118 Ratsjárstöðvar, rekstur

Í fjárlögum ársins 1987 er í fyrsta skipti gert ráð fyrir rekstrarkostnaði vegna ratsjárstöðva. Heimilað hefur verið að reisa tvær ratsjárstöðvar, á Norðurlandi og á

Vestfjörðum, og endurnýja stöðvarnar á Keflavíkurflugvelli og Stokksnesi. Framvegis verður rekstur þessara stöðva í höndum Íslendinga. Bandaríkjamenn munu endurgreiða allan kostnað vegna rekstrar. Gert er ráð fyrir að kostnaður á árinu 1988 verði tæpar 309 m.kr. Reiknað er með að á árinu 1988 verði búið að ráða um fimmtíu menn sem ýmist verða komnir til starfa við stöðvarnar eða í þjálfun í Bandaríkjunum.

121 Sala varnarliðseigna

Rekstrargjöld eru áætluð 67.340 þús.kr. og er það 18% hækkun frá fjárlögum 1987. Til viðbótar eru 1.200 þús.kr. ætlaðar til stofnkostnaðar. Tekjur eru aftur á móti taldar munu nema um 95.000 þús.kr. og er fyrirtækinu ætlað að skila 30.000 þús.kr. í ríkissjóð á árinu 1988.

24 Landbúnaðarráðuneyti

221 Áburðarverksmiðja ríkisins

Rekstrargjöld verksmiðjunnar eru áætluð 982.050 þús.kr. eða 19% hærri en í fjárlögum 1987. Að auki eru afborganir lána áætlaðar 66.830 þús.kr. og fjárfesting 40.000 þús.kr. sem er að mestu vegna fyrirhugaðrar endurnýjunar á rafgreinum í vetnisverksmiðju. Gert er ráð fyrir 55 þús. tonna framleiðslu og sölu áburðar í stað 58 þús. tonna 1987. Til þess að standa undir rekstri þurfa tekjur verksmiðjunnar að nema um 950.000 þús.kr. á árinu. Miðað er við að ríkissjóður greiði ekki niður áburðarverð eins og á árinu 1987 en að áburðarverð hækki um 46%, úr 11.433 kr. í 16.738 kr. hvert tonn.

236–238 Græn fóðurverksmiðjur

Hér verður fjallað sameiginlega um þrjár ríkisverksmiðjur. Þær eru Fóður- og fræframleiðsla Gunnarsholti, Fóðuriðjan Ólafsdal og Stórólfsvallabúið sem hefur verið leigt en á töluverðar birgðir enn óseldar. Hér er því áætlað fyrir lágmarkskostnaði við eftirlit og greiðslu afborgana og vaxta. Ætlast er til að sala af birgðum verksmiðjanna standi undir áðurnefndum greiðslum. Birgðir verksmiðjanna þriggja eru 5.158 tonn í lok september 1987.

246 Laxeldisstöðin Kollafirði

Rekstrargjöld stöðvarinnar eru áætluð 14.550 þús.kr. sem er 23% hækkun miðað við fjárlög 1987. Framlag ríkisins verður 3.540 þús.kr. Eins og í gildandi fjárlögum er framlagið miðað við launagreiðslur til fjögurra starfsmanna, 2.360 þús.kr., og greiðslu afborgana og vaxta af lánum vegna borunarframkvæmda, 1.180 þús.kr.

25 Sjávarútvegsráðuneyti

211 Fiskimálasjóður

Aðaltekjustofn sjóðsins hefur verið 0,8% af útflutningsgjaldi samkvæmt lögum nr. 52/1983, um útflutningsgjald af sjávarafurðum. Við setningu laga nr. 24/1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, var sjóðurinn sviptur þessum tekjustofni. Gert er ráð fyrir rekstrarkostnaði sem nemur 15.190 þús.kr. og þar af 12.900 þús.kr. fjármagnskostnaði. Reiknað er með að fjármagnstekjur muni standa undir gjöldum sjóðsins. Með hliðsjón af þessu er augljóst að taka verður ákvörðun um framtíð sjóðsins.

272 Rannsóknastofnanir sjávarútvegsins, bygging

Eins og fram kemur í greinargerðum um stofnanirnar sem í húsinu eru þá er nú í fyrsta sinn gert ráð fyrir að þær greiði hver um sig fyrir rekstur hússins. Nú standa yfir umfangsmiklar endurbætur á húsinu í kjölfar þess að Ríkisútvarpið flutti. Áformað er að sjávarútvegsráðuneytið flytji í hluta þess húsnæðis sem útvarpið hafði og að Hafrannsóknastofnunin og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins fái aukið húsrými. Áætlað er að leigutekjur nemi 12.900 þús.kr. á árinu 1988 en að húsvarsla, almenn rekstrargjöld og viðhald verði 8.090 þús. kr. Fjárveiting úr ríkissjóði er áætluð 25.800 þús.kr. Þannig að ráðstöfunarfé til framkvæmda verði 30.610 þús.kr. Fjárveitingin er ætluð til að kosta breytingar á húsinu og til kaupa á nýrri símstöð.

26 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

371 Kirkjubyggingasjóður

Hlutverk sjóðsins er samkvæmt lögum nr. 21/1981 að veita þjóðkirkjusöfnuðum lán til kirkjubygginga og til varanlegra endurbóta á eldri kirkjum. Tekjur sjóðsins samkvæmt sömu lögum eru m.a. framlag ríkissjóðs. Árið 1981 var það ákveðið 600 þús.kr. og skyldi fylgja breytingum á byggingarvísitölu miðað við 1. júlí ár hvert. Nú er þessi fjárhæð áætluð 4.430 þús.kr. Þá hefur sjóðurinn tekjur af gjöfum sem honum berast.

372 Kirkjugarðasjóður

Meginhlutverk sjóðsins samkvæmt lögum nr. 21/1963 er að veita kirkjugarðsstjórnnum lán til girðingar og fegrunar kirkjugarða, svo og til þess að setja minnismerki þar sem verið hafa kirkjugarðar, kirkjur eða bænahús að fornu. Helsti tekjustofn sjóðsins er 5% af álögðum kirkjugarðsgjöldum.

373 Kristnisjóður

Meginmarkmið kristnisjóðs er stuðningur við þjóðkirkjuna til eflingar kristinni trú og siðgæði í landinu. Aðaltekjustofn sjóðsins er árlegt framlag úr ríkissjóði er samsvari hámarkslaunum presta í þeim prestaköllum sem lögð eru niður samkvæmt lögum nr. 35/1970. Einnig laun sem sparast á hverjum tíma þegar prestakall er prestlaust. Framlag ríkissjóðs samkvæmt ofanskráðu er nú 14.280 þús.kr. og er þar innifalið 2.080 þús.kr. vegna afborgunar og vaxta af láni sem sjóðurinn tók í tengslum við kaup á Suðurgötu 22 í Reykjavík.

27 Félagsmálaráðuneyti

271–272 Byggingarsjóður ríkisins og Byggingarsjóður verkamanna

Með lögum nr. 54/1986 var breytt lögum um Húsnæðisstofnun og tóku þau lög gildi 1. september 1986. Með þeim voru ákvæði sjóðanna um hámarkslán til einstaklings bundin skilyrðum um skuldabréfakaup hlutadeigandi lífeyrissjóðs sem hann ætti aðild að. Þannig getur lánþegi aðeins fengið hámarkslán úr byggingarsjóðnum að lífeyrissjóður hans kaupi skuldabréf af Húsnæðisstofnun fyrir að lágmarki 55% af ráðstöfunarfé sínu. Í þessu felst ákveðin sjálfvirkni á milli ráðstöfunarfjár lífeyrissjóða og útlána íbúðalánasjóðanna. Áhrifa þessa gætir mjög á árinu 1987. Horfur eru á að ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna verði mun meira en ráð var fyrir gert í lánsfjáráætlun ársins og stefnir í að skuldabréfakaup lífeyrissjóðanna af Byggingarsjóði ríkisins verði 875 m.kr. hærri á árinu 1987 en ráð var fyrir gert. Af því fé er nú ákveðið að ráðstafa

150 m.kr. á árinu 1987 til þeirra húsbyggjenda sem eiga í sérstökum greiðsluerfiðleikum en afgangurinn, 675 m.kr., verður bundinn í sjóði í árslok. Þá er miðað við að 150 m.kr. af því fjármagni verði varið í sama skyni á árinu 1988. Miðað er því við að í árslok 1988 verði 500 m.kr. í sjóði hjá Byggingarsjóði ríkisins. Er þetta m.a. gert vegna þess að veruleg aukning er á ráðstöfunarfé byggingarlánasjóðanna og hætta á að vaxandi þensla ýti undir hækkun íbúðarverðs. Ákvörðun þessi getur þó komið til endurskoðunar ef forsendur breytast verulega, t.d. ef ráðstöfunarfé lífeyrissjóða reynist verða undir áætlun eða ef verðlag rýrir framkvæmdamátt.

Nýlega voru gerðir samningar við lífeyrissjóðina um kjör á bréfum húsbyggingarsjóðanna á árunum 1988–1990. Samningarnir eru tvíþættir. Árið 1988 er miðað við fasta vexti, 7%, og 15 ára lánstíma. Á árunum 1989 og 1990 geta lífeyrissjóðirnir valið á milli fastra eða breytilegra vaxta og lánstíma sem er 15 eða 20 ár. Fastir vextir eru þá miðaðir við 6,5% á árinu 1989 og 6,1% 1990.

Fjárveiting til Byggingarsjóðs ríkisins á árinu 1988 nemur 1.150 m.kr. og er það 15% hækkun frá fjárlögum 1987. Lántökur sjóðsins nema alls 4.800 m.kr., þar af eru 4.750 m.kr. hjá lífeyrissjóðum og 50 m.kr. skyldusparnaður, nettó. Mismunur á greiðslubyrði af teknum og veittum lánum er áætlaður alls 100 m.kr. Annað útstreymi umfram innstreymi nemur 172 m.kr. Þá er eins og fram hefur komið ráðgert að binda 500 m.kr. á árinu 1988 af 675 m.kr. sjóðsmyndun í árslok 1987. Lánveitingar Byggingarsjóðs ríkisins nema því alls 5.853 m.kr. á árinu 1988. Að öðru leyti vísast til töflu 20 í töfluviðauka um fjármál sjóðsins á árunum 1987 og 1988.

Lögð er áhersla á aukið ráðstöfunarfé Byggingarsjóðs verkamanna á árinu 1988. Fjárveiting til sjóðsins nemur 600 m.kr. á árinu 1988 og er það tvöföldun á framlagi frá yfirstandandi ári. Framlög sveitarfélaga eru talin nema 175 m.kr. Þá eru skuldabréfa-kaup lífeyrissjóða stóraukin af sjóðnum og hækka úr 490 m.kr. í ár í 1.360 m.kr. Mismunur á greiðslubyrði af veittum og teknum lánum er áætluð alls 180 m.kr. Annað innstreymi umfram útstreymi nemur 383 m.kr. Sjóðurinn hefur því 2.338 m.kr. til lánveitinga á árinu 1988 samanborið við 1.175 m.kr. í ár. Í töflu 21 í töfluviðauka eru sýnd fjármál Byggingarsjóðs verkamanna á árunum 1987 og 1988.

28 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

273 Atvinnuleysistryggingasjóður

Eins og nafn sjóðsins ber með sér er hlutverk hans að greiða bætur til þeirra félaga í stéttarfélagum sem atvinnulausir eru og eiga til þeirra rétt samkvæmt lögum nr. 64/1981. Tekjur sjóðsins eru í fyrsta lagi lögboðin iðgjöld atvinnurekenda sem innheimt eru af innheimtumönnum ríkissjóðs og skilað með framlagi ríkissjóðs sem er tvöföld upphæð iðgjaldanna. Í öðru lagi framlag sveitarsjóða sem er jafnhátt iðgjaldi atvinnurekenda og svo í þriðja lagi ávöxtunartekjur. Framlag ríkissjóðs er nú 300.000 þús.kr. og er skert um 100.000 þús.kr. frá því sem lög kveða á um. Auk ríkisframlags nema iðgjöld atvinnurekenda 200.000 þús.kr. Framlag og iðgjöld til sjóðsins eru þá alls 500.000 þús.kr.

311 Ríkisspítalar, þvottahús

Undir þennan fjárlagalið heyrir þvottahús ríkisspítalanna, saumastofa og dauðhrensunardeild. Rekstrargjöld eru áætluð 164.290 þús.kr. en eru 76.400 í fjárlögum 1987. Hækkun er 115% sem kemur til vegna þess að nú er í fyrsta skipti tekið tillit til kaupa á vörum þeim sem dauðhrensunardeild vinnur úr og selur. Til viðbótar eru 11.800 þús.kr. ætlaðar til kaupa á ýmsum búnaði fyrir þvottahús og

dauðhreinsunardeild. Fjármagns til rekstrar afla áður nefndar þjónustudeildir með sértekjum en þær selja þjónustu sína og framleiðslu til ýmissa sjúkrastofnana á höfuðborgarsvæðinu.

378 Læknishéraðsþjófur

Hlutverk sjóðsins er samkvæmt lögum nr. 59/1983 að bæta heilbrigðisþjónustu í dreifbýli með þeim ráðum sem tiltæk eru hverju sinni. Ráðherra veitir lán og styrki úr sjóðnum. Tekjur sjóðsins skulu vera embættislaun héraðslækna og lækna við heilsugæslustöðvar sem ekki koma til greiðslu vegna þess að læknar hafa ekki fengist til starfanna. Auk þess skal árlega leggja sjóðnum til fé á fjárlögum. Framlag ríkissjóðs nú er 4.000 þús.kr. sem er fjórföldun framlags í gildandi fjárlögum.

29 Fjármálaráðuneyti

101 Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins

Niðurstaða rekstrar er áætluð 1.714.360 þús.kr. sem er 18% hærri fjárhæð en í fjárlögum 1987. Af heildarútgjöldum eru 1.239.420 til kaupa á vörum og hráefni til endursölu. Áætlaðar heildartekjur af sölu áfengis og tóbaks nema 5.785.000 þús.kr. Er það 40% hærri upphæð en í fjárlögum 1987. Rekstrarhagnaði er áformað að verja þannig að 4.075.000 þús.kr. verði skilað í ríkissjóð og 2.990 þús.kr. auk 29.350 þús.kr. afskrifta verði ráðstafað til afborgana af lánum og til fjárfestingar. Fjárfesting er alls áformuð fyrir 30.800 þús.kr. Í áætlun um vörusölu er miðað við að verð á áfengi og tóbaki hækki lítið eitt umfram verðlagsbreytingar milli ára.

102 Lyfjaverslun ríkisins

Rekstrargjöld stofnunarinnar eru áætluð 410.090 þús.kr. sem er 47% hærri en í fjárlögum 1987. Auk þess eru 7.400 þús.kr. ætlaðar til kaupa á töflusláttarvél og áfyllingartæki. Stofnuninni er gert að skila 15.000 þús.kr. í ríkissjóð.

103 Innkaupastofnun ríkisins

Gert er ráð fyrir svipuðum umsvifum stofnunarinnar og verið hefur. Rekstrargjöld eru áætluð 956.580 þús.kr. sem er 30% hækkan miðað við fjárlög 1987. Umfangsmesti liður í rekstri stofnunarinnar eru innkaup á vöru og hráefni til endursölu. Sá liður eru áætlaður 912.420 þús.kr. og á móti eru seldar vörur og þjónusta áætlaðar 948.570 þús.kr. Því lætur nærri að meðalálagning stofnunarinnar sé tæp 4% eins og tíðkast hefur.

30 Samgönguráðuneyti

101 Póst- og símamálastofnunin

Rekstrargjöld stofnunarinnar eru áætluð 4.799.940 þús.kr. og hækka um 35% frá fjárlögum 1987. Þá er gert ráð fyrir að fjárfesting verði 520.000 þús.kr. eða jöfn að verðgildi og fjárfesting í fjárlögum 1987. Til þess að geta staðið undir rekstrarkostnaði, afborgunum lána og fjárfestingu þurfa tekjur stofnunarinnar að verða um 4.658.500 þús.kr. auk framlags ríkissjóðs að fjárhæð 112.700 þús.kr. og eru það skil á svokölluðum ICAO-tekjum. Til þess að ná áður nefndum tekjum þarf gjaldskrá stofnunarinnar að hækka um 10%. Taka verður ákvörðun um gjaldskrána fyrir samþykkt fjárlaga fyrir árið 1988.

211 Skipaútgæð ríkisins

Reiknað er með að starfsemin verði með sama sniði og í ár. Rekstrarkostnaður er áætlaður 418.800 þús.kr. sem er 10% hækkun frá fjárlögum 1987. Þá er og ætlað að verja 8.900 þús.kr. til kaupa á ýmsum tækjum og búnaði. Greiðslur afborgana og vaxta af lánum nema samtals 99.900 þús.kr. Framlag ríkissjóðs til rekstrar Skipaútgæðarinnar árið 1988 verður 155.000 þús.kr. sem er að raungildi lækkun frá 1987.

31 Iðnaðarráðuneyti

231 Sementsverksmiðja ríkisins

Rekstrargjöld verksmiðjunnar eru áætluð 531.910 þús.kr. sem er 9% hækkun frá fjárlögum 1987. Reiknað er með svipuðum rekstri og á yfirstandandi ári. Sala á sementi er áætluð 112.000 tonn. Áætlun um tekjur byggir á sementsverði í september 1987, 4.710 kr. fyrir tonnið þegar frá hefur verið dregið flutningsjöfnunargjald. Tekjur eru því áætlaðar 528.660 þús.kr. eða 6% hækkun frá fjárlögum 1987. Til fjárfestingar eru ætlaðar 25.000 þús.kr.

321 Rafmagnsveitur ríkisins

Rekstrargjöld eru áætluð 2.197.000 þús.kr. árið 1988 sem er 20% hækkun frá yfirstandandi fjárlögum. Tekjuáætlun fyrir 1988 byggir á gjaldskrá frá 1. ágúst 1987. Til að tryggja fjárhag fyrirtækisins á næsta ári þarf að ná 45 m.kr. út úr rekstri þess með sparnaði og bættri innheimtu. Til fjárfestingar eru ætlaðar 150.000 þús.kr.

6 Lánamál og skuldbindingar A-hluta ríkissjóðs

Í þessum kafla er gerð grein fyrir lánamálum ríkissjóðs, þ.e. bæði veittum og teknum lánum, ásamt áætlun um greiðslubyrði af þeim á næstu árum. Hér á eftir er fjallað um bókfærðar skuldir og veitt lán ríkissjóðs til aðila utan A-hluta. Mismunur tekinna og veittra lána gefur eiginlega lánsfjárráðstöfun ríkissjóðs til kynna. Þá er sett fram stutt yfirlit um hvert stefnir í ríkisfjármálum 1989–1991 út frá gildandi skuldbindingum í lánareikningum að því tilskildu að ríkishalli verði enginn frá og með 1988. Að lokum er gefið yfirlit um heildarskuldbindingar ríkissjóðs í árslok 1986 í veittum ábyrgðum og fyrirhugaða stefnu-breytingu stjórnvalda í þeim málum á árinu 1988.

6.1 Tekin og veitt lán A-hluta ríkissjóðs

Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1986 var tekin upp breytt skilgreining á A-hluta ríkissjóðs. Sú framsetning samrýmist þjóðhagsreikningum mun betur og gefur gleggri mynd af umfangi lánastarfsemi ríkissjóðs en áður. Eftirfarandi yfirlit sýnir stöðutölur veittra og tekinna lána ríkissjóðs fyrir árin 1981–1986 ásamt áætlun 1987 og 1988 (m.kr.):

Veitt og tekin lán ríkissjóðs 1981–1988 Stöðutölur á verðlagi í lok hvers árs

	1981	1982	1983	1984	1985	1986	Áætlun 1987	Áætlun 1988
1. Tekin lán	4.999	10.190	18.941	26.913	37.570	44.173	52.315	54.115
Seðlabanki Íslands	401	278	915	1.897	3.683	1.693	2.980	2.680
Spariskírteini	1.131	1.912	3.310	3.244	5.165	8.541	10.560	12.100
Lífeyrissjóðir	85	198	454	669	1.004	2.018	3.050	3.120
Aðrir innlendir aðilar	635	1.070	1.780	1.606	2.088	2.614	4.655	5.995
Erlend lán	2.747	6.732	12.482	19.497	25.630	29.307	31.070	30.220
2. Lánveitingar	4.025	9.909	15.149	21.414	28.996	30.421	35.340	37.730
Veitt lán	3.655	8.703	13.048	18.182	23.894	22.921	25.340	25.730
Lán tengd innlendu verðlagi	913	2.168	3.114	4.168	6.798	11.532	12.700	14.240
Gengisbundin lán	2.742	6.535	9.934	14.014	17.096	11.389	12.640	11.490
Viðskiptareikningar nettóinneign ¹⁾	370	1.206	2.101	3.232	5.102	7.500	10.000	12.000
3. Tekin lán umfram lánveitingar	974	201	3.792	5.499	8.574	13.752	16.975	16.155
Lánveitingar í % af teknum lánum	80,5	97,2	80,0	79,6	77,2	68,9	65,6	69,7
4. Hlutfall af VLF:²⁾								
Tekin lán	18,0	20,9	25,1	26,2	28,2	27,0	24,3	22,2
þ.a. erlendar skuldir	10,1	13,7	17,1	18,5	19,5	18,1	14,8	12,6
Veitt lán	13,3	17,8	17,4	17,7	18,0	13,9	11,7	10,5
þ.a. gengisbundin lán	10,1	13,3	13,6	13,3	13,6	7,0	6,0	4,8
Viðskiptareikningar, nettó	1,3	2,5	2,5	3,4	3,7	4,4	4,5	4,8
Tekin lán umfram lánveitingar	3,4	0,6	5,2	5,1	6,5	8,7	8,1	6,9

1) Tímabilið 1981–1985 samkvæmt ríkisreikningi, en 1986 er stuðst við bráðabirgðaniðurstöður ríkisreiknings.

2) Reiknað til meðalverðlags viðkomandi árs með lánskjaravísitölu og meðalgengisvísitölu.

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Yfirlitið sýnir að skuldir ríkissjóðs hafa aukist á tímabilinu 1981–1986. Í hlutfalli við verga landsframleiðslu var ríkisskuldin hæst í árslok 1985 eða um 28% en lækkar í 27% í árslok 1986. Erlendar skuldir ríkissjóðs jukust úr rúnum 10% af vergri landsframleiðslu í 19,5% frá árslokum 1981 til ársloka 1985, en á árinu 1986 lækkaði hlutfallið í 18,1%. Á

nefndu tímabili jókst hlutdeild erlendra skulda úr 56% 1981 í 67% af heildarskuldum ríkissjóðs.

Lánveitingar ríkissjóðs eru tvíþættar, þ.e. formlegar lánveitingar og viðskiptareikningar. Stöðutölur formlegra lánveitinga ríkissjóðs breyttust lítt á tímabilinu 1982–1985 og voru um 18% af vergri landsframleiðslu. Þessi lán hafa að stærstum hluta verið tekin erlendis og endurlánuð til framkvæmda hjá opinberum aðilum. Fram til ársloka 1985 voru 75% af veittum lánum ríkissjóðs gengisbundin.

Það er athyglisvert að fyrstu tvö ár tímabilsins eru lítil frávik á gengisbundnum veittum lánum og erlendum skuldum ríkissjóðs. Eftir það skilur verulega á milli og tengist það yfirtöku ríkisins á skuldum orkugeirans. Í árslok 1986 verður mikil breyting á stöðutölum veittra lána ríkissjóðs í tengslum við yfirtöku á langtímaskuldum Rafmagnsveitna ríkisins, Orkubús Vestfjarða og Rafveitu Siglufjarðar að fjárhæð um 4.500 m.kr. Ríkissjóður hafði að stærstum hluta veitt þessi lán og fól yfirtakan því í sér að þau teljast ekki lengur meðal veittra lána. Skuldir orkufyrirtækjanna við ríkissjóð voru mestmegnis gengisbundnar. Á móti fékk ríkissjóður fimm verðtryggð skuldabréf að fjárhæð um 2.000 m.kr. Þar af voru yfirtekin tvö skuldabréf Rafmagnsveitna ríkisins í tengslum við sölu fyrirtækisins á mannvirkjum til Hitaveitu Suðurnesja að fjárhæð tæpar 1.000 m.kr. Þá gáfu orkufyrirtækin út verðtryggð skuldabréf til 25 ára með 6,5% vöxtum og skiptust þau þannig: Rafmagnsveitur ríkisins 600 m.kr., Orkubú Vestfjarða 400 m.kr. og Rafveita Siglufjarðar 15 m.kr. Hrein yfirtaka ríkissjóðs vegna þessa nam því um 2.500 m.kr. í árslok 1986.

Hrein inneign ríkissjóðs á viðskiptareikningum hefur farið ört vaxandi á síðustu árum og rúmlega þrefaldast á tímabilinu. Hér er um að ræða ýmsa reikninga til skamms tíma vegna óinnheimtra skatta, aðflutningsgjalda o.fl.

Síðustu tveir dálkar yfirlitsins sýna áætlaðar stöðutölur veittra og tekinna lána ríkissjóðs í árslok 1987 og 1988. Tekið er mið af áætlun um útkomu yfirstandandi árs og fjárlagafrumvarps 1988. Samkvæmt þeim áætlunum lækka skuldir ríkissjóðs bæði árin vegna minni tekjuhalla og lánveitinga. Enn fremur endurspeglar yfirlitið aukna áherslu á innlenda fjármögnun ríkishallans, en erlendar skuldir ríkissjóðs lækka úr 18,1% af vergri landsframleiðslu 1986 í 14,8% 1987 og 12,6% í árslok 1988.

Uppistaðan í innlendra lánsfjáröflun ríkissjóðs á liðnum árum hefur verið sala spariskírteina. Handhafar/eigendur bréfanna eru fyrst og fremst ýmsir sjóðir og einstaklingar. Lánstími skírteinanna er breytilegur eftir flokkum og hefur fjölbreytni þeirra aukist verulega á undanförunum 2–3 árum. Í flestum tilvikum koma þau til lokainnlausnar 14–16 árum eftir útgáfu. Sumir flokkar spariskírteina eru aðeins innleysanlegir að ósk eiganda þeirra. Aðrir flokkar skírteina bera með sér gagnkvæm innlausnarákvæði að loknum binditíma þeirra. Stærstur hluti spariskírteina á undanförunum árum hefur verið með binditíma á bilinu 2–6 ár. Að þeim tíma liðnum eru þau innleysanleg ásamt áföllnum vöxtum og verðbótum miðað við fasta gjalddaga árlega. Útgefnir flokkar spariskírteina bera margir tiltölulega háa raunvexti en í árslok 1986 nam verðgildi útistandandi skírteina með vöxtum og verðbótum alls 10.110 m.kr. Á sama tíma nam verðmæti þeirra spariskírteina, sem voru innleysanleg, 1.736 m.kr.

Mikil óvissa ríkir um innlausn spariskírteina á næstu árum og ræðst hún að miklu leyti af þróun vaxta á innlendum lánsfjármarkaði. Áætluð innlausn tímabilið 1988–1991 tekur í fyrsta lagi mið af því hve mikið er til lokainnlausnar á hverju ári. Að auki er metin líkleg innlausn skírteina með hliðsjón af þeim raunvöxtum sem hver flokkur spariskírteina skilar eigendum sínum. Að lokum er í áætluninni ekki miðað við að ríkissjóður nýti sér heimild til uppgreiðslu á þeim flokkum spariskírteina þar sem slíkt ákvæði er fyrir hendi.

Í áætlun frumvarpsins er miðað við að afla ríkissjóði 3.000 m.kr. á árinu 1988 með sölu spariskírteina. Á móti er innlausn eldri spariskírteina áætluð 2.755 m.kr., þar af eru 625

m.kr. vegna vaxtaþáttarins. Árleg innlausn á tímabilinu 1989–1991 er áætluð um 3.200 m.kr. og sala nýrra spariskírteina 3.500 m.kr.

Eftirfarandi yfirlit sýnir áætlun um veitt og tekin lán ríkissjóðs 1987–1991. Allar fjárhæðir á tímabilinu 1988–1991 eru miðaðar við áætlað meðalverðlag á árinu 1988.

Veitt og tekin lán ríkissjóðs 1987–1991

	Milljónir kr.		Milljarðar kr.		
	1987	1988	1989	1990	1991
1. Tekin ný lán	6.800	5.400	4,5	4,4	4,4
Sala spariskírteina	1.500	3.000	3,5	3,5	3,5
Verðbréfa kaup bankakerfis	1.716	1.800	–	–	–
Skuldabréfa kaup lífeyrissjóða	800	–	–	–	–
Seðlabanki vegna Útvegsbanka o.fl.	864	–	–	–	–
Önnur innlend lánsfjáröflun	–	–	1,0	0,9	1,0
Erlend lán	1.920	600	–	–	–
2. Afborganir af teknum lánnum	3.410	4.635	5,7	5,7	5,8
Innlausn spariskírteina	1.000	2.130	2,5	2,5	2,5
Seðlabanki	–	640	0,6	0,6	0,6
Önnur innlend lán	1.110	1.015	1,4	1,5	1,6
Erlend lán	1.300	850	1,2	1,1	1,1
3. Tekin lán, nettó (1–2)	3.390	665	–1,2	–1,3	–1,3
Spariskírteini	500	870	1,0	1,0	1,0
Seðlabanki	864	–640	–0,6	–0,6	–0,6
Önnur innlend lán	1.406	685	–0,4	–0,6	–0,6
Erlend lán	620	–250	–1,2	–1,1	–1,1
4. Veitt ný lán	1.680	1.635	1,0	1,0	1,0
Lán tengd innlendu verðlagi	–	1.635	1,0	1,0	1,0
Gengisbundin lán	1.680	–	–	–	–
5. Innheimtar afborganir	1.980	2.540	2,7	2,8	2,8
Af lánnum tengdum innl. verðlagi	1.100	1.390	1,5	1,5	1,4
Af gengisbundnum lánnum	880	1.150	1,2	1,3	1,4
6. Veitt lán, nettó (4–5)	–300	–905	–1,7	–1,8	–1,8
7. Tekin lán, nettó, umfram veitt lán, nettó (3–6)	3.690	470	0,5	0,5	0,5
8. Hlutfall af VLF:					
Tekin lán, nettó	1,7	0,2	–0,5	–0,6	–0,6
Veitt lán, nettó	–0,1	–0,4	–0,7	–0,8	–0,8
Tekin lán umfram veitt, nettó	1,8	0,2	0,2	0,2	0,2

Áætlun um greiðslur af veittum og teknum lánnum ríkissjóðs á tímabilinu 1988–1991 byggir í grófum dráttum á eftirfarandi: 1) Stöðu tekinna og veittra lána um miðjan ágúst 1987 samkvæmt lánaskrá ríkissjóðs, 2) horfum um nýjar lántökur og lánveitingar til ársloka 1987 í samræmi við endurskoðaða áætlun í ríkisfjármálum, 3) teknum (veittum) lánnum 1988 miðað við forsendur þessa frumvarps og 4) teknum (veittum) lánnum 1989 og 1990 samkvæmt því að tekjujöfnuður haldist bæði árin.

Mikil óvissa ríkir um væntanleg lánskjör bæði á innlendum og erlendum lánsfjármörkuðum á næstu misserum. Áætlun um endurgreiðslur af skuldbindingum, sem ekki hefur nú þegar verið stofnað til svo og þeim sem eru með breytilegum vöxtum, verður ævinlega háð óvissu og ræðst af þróun lánsfjármarkaðarins.

Í forsendum áætlunarinnar er miðað við að afla ríkissjóði innlendra lána, annarra en með spariskírteinum, með sölu ríkisvixla eða verðbréfa til bankakerfisins. Þá er miðað við að tekin erlend lán og gengisbundin veitt lán séu með breytilegum vöxtum og 10 ára lánstíma að meðaltali. Mikil óvissa ríkir um vexti á erlendum lánsfjármörkuðum og eru ýmis teikn á lofti um að þeir fari hækkandi, en þeir hafa verið á bilinu 7–8% frá miðju þessu ári. Breytilegir vextir á dollarlánum sem koma til greiðslu í ár eru áætlaðir að meðaltali um 6,5% og í áætlun næsta árs er miðað við að þessir vextir hækki í 7,5%. Gróft áætlað leiðir einnar prósentu hækkun breytilegra vaxta á erlendum lánsfjármörkuðum til um 300 m.kr. hækkunar á vaxtagreiðslum þjóðarinnar út á við á heilu ári. Hlutdeild erlendra skulda ríkissjóðs með breytilegum vöxtum hefur verið nokkru lægri en í erlendum skuldum þjóðarbúsins. Lækkun breytilegra vaxta um eina prósentu dregur úr vaxtagreiðslum ríkissjóðs út á við um 100 m.kr.

Eftirfarandi yfirlit sýnir áætlun um greiðslur ríkissjóðs af skuldum og innheimtu af veittum lánum yfir tímabilið 1988–1991:

Afborganir og vextir af teknum og veittum lánum ríkissjóðs 1988–1991

	Milljónir kr.		Milljarðar kr.					
	1988		1989		1990		1991	
	Afb.	Vextir	Afb.	Vextir	Afb.	Vextir	Afb.	Vextir
A. Greiðslur af teknum lánum	4.635	4.800	5,7	4,9	5,7	4,8	5,8	4,6
1. Áhvílandi lán í árslok 1987	4.635	4.300	5,4	4,2	5,3	4,0	5,3	3,8
Seðlabanki Íslands	640	315	0,6	0,3	0,6	0,2	0,6	0,1
Innlausn spariskírteina	2.130	625	2,5	0,7	2,5	0,7	2,5	0,7
Gengisbundin lán innanlands	80	50	0,1	0,0	0,1	0,0	0,1	0,0
Önnur innlend lán	935	810	1,0	0,7	1,0	0,7	1,0	0,7
Erlend lán	850	2.500	1,2	2,5	1,1	2,4	1,1	2,3
2. Tekin lán 1988–1991	–	–	0,3	0,2	0,4	0,3	0,5	0,3
Innlend lán	–	–	0,3	0,2	0,4	0,3	0,5	0,3
3. Yfirdráttur í Seðlabanka	–	500	–	0,5	–	0,5	–	0,5
B. Innheimta af veittum lánum	2.540	2.800	2,7	2,9	2,8	2,7	2,8	2,6
1. Veitt lán í árslok 1985	2.540	1.700	2,5	1,7	2,5	1,5	2,4	1,3
Tengd innlendu verðlagi	1.390	640	1,4	0,6	1,3	0,5	1,1	0,4
Gengisbundin lán	1.150	1.06	1,1	1,1	1,2	1,0	1,3	0,9
2. Veitt lán 1988–1991	–	–	0,2	0,1	0,3	0,2	0,4	0,2
Tengd innlendu verðlagi	–	–	0,1	0,1	0,2	0,1	0,3	0,2
Gengisbundin lán	–	–	0,1	0,0	0,1	0,0	0,1	0,0
3. Dráttavextir af skammtímakröfum	–	1.100	–	1,1	–	1,1	–	1,1
C. Nettó-úttreymi afborgana og vaxta	2.095	2.000	3,0	2,0	2,9	2,1	3,0	2,0

Niðurstöður framangreindrar áætlunar benda til verulegs útstreymis umfram innstreymi af lánareikningum ríkissjóðs. Heildargreiðslur ríkissjóðs af teknum lánnum á árinu 1988 eru 9.435 m.kr. eða um 16% af heildartekjum, þar af eru vextir rúm 8%. Á móti nema innborganir af veittum lánnum ríkissjóðs alls 5.340 m.kr. eða um 9% af heildartekjum. Hrein greiðslubyrði ríkissjóðs vegna afborgana og vaxta á lánareikningum nemur því 4.095 m.kr. eða ríflega 7% af heildartekjum á árinu 1988. Horfur um greiðslur ríkissjóðs á tímabilinu 1988–1990 benda til að þetta hlutfall fari hækkandi.

Að framan var fjallað um hreina yfirtöku ríkissjóðs á skuldum orkufyrirtækjanna í árslok 1986 að fjárhæð um 2,5 milljarðar króna. Áhrif þessa á fjárhag ríkissjóðs 1987 og á næstu árum eru mun meiri en yfirtökufjárhæðin gefur til kynna. Ástæðan felst einkum í því að skuldir orkufyrirtækjanna koma tiltölulega ört til endurgreiðslu á næstu árum en þau skuldabréf sem ríkissjóður fékk á móti greiðast upp á löngum tíma. Vegna þessa mismunar þarf ríkissjóður að reiða fram um 820 m.kr. í ár og um 870 m.kr. á árinu 1988. Lánsfjárbörf ríkissjóðs eykst sem þessu nemur.

Í ljósi skuldbindinga af lánamálum og stefnu stjórnvalda í ríkisfjármálum eru settar fram horfur um afkomu ríkissjóðs á tímabilinu 1987–1991 í eftirfarandi yfirliti:

Horfur í ríkisfjármálum 1987–1991

	Milljónir kr.		Milljarðar kr.		
	1987	1988	1989	1990	1991
1. Tekjur umfram gjöld	-2.110	27	–	–	–
2. Veitt lán, nettó¹⁾	-300	-905	-1,7	-1,8	-1,8
Ný lán til B-hluta aðila	1.460	1.635	1,0	1,0	1,0
Ný lán til atvinnufyrirtækja	220	–	–	–	–
– Innheimtar afborganir	-1.980	-2.540	-2,7	-2,8	-2,8
3. Hlutfjárframlög	844	80	0,1	0,1	0,1
4. Viðskiptareikningar nettó-útstreymi	723	400	0,4	0,4	0,4
5. Lánsfjárbörf, nettó (1+ +4)²⁾	3.377	-452	-1,1	-1,3	-1,3
6. Tekin lán, nettó (6.1+6.2)	3.390	-435	-1,1	-1,3	-1,3
6.1 Innlend lán, nettó	2.770	415	0,1	-0,1	0,0
Ný lán	4.880	4.200	4,5	4,4	4,5
– Afborganir	-2.110	-3.785	-4,4	-4,5	-4,6
6.2 Erlend lán, nettó	620	-850	-1,2	-1,2	-1,2
Ný lán	1.920	–	–	–	–
– Afborganir	-1.300	-850	-1,2	-1,2	-1,2
7. Greiðsluafkoma, sjóðsbreyting (6–7)	13	17	–	–	–

1) Neikvætt formerki felur í sér að innheimtar afborganir af útistandandi kröfum ríkissjóðs eru hærri en nemur veittum nýjum lánnum.

2) Neikvætt formerki á lánsfjárbörf nettó felur í sér möguleika til að greiða niður skuldir.

Áætlað útstreymi 1989–1991 vegna hlutfjárkaupa, lánveitinga til B-hluta aðila og á viðskiptareikningum tekur mið af frumvarpi 1988. Þó ber að nefna að lánveitingar til B-hluta aðila lækka enda sýnt að lántökur til flugstöðvar í Keflavík falla að mestu niður en þær nema alls 820 m.kr. 1988 vegna endurgreiðslu á skammtímalánum frá bankakerfinu í ár.

Niðurstaða af því sem að ofan segir er að takist stjórnvöldum að halda ríkissjóði hallalausum á næstu árum verður svigrúm til að grynnka á heildarskuldinni. Aftur á móti er

ekki þar með sagt að hreinar skuldir ríkissjóðs, þ.e. heildarskuldir að frádregnum lánveitingum, lækki. Það getur því aðeins orðið að ríkissjóði verði skilað með tekjuafgangi.

6.2 Ríkisábyrgðir

Heildarskuldbindingum ríkisins má skipta í þrjá þætti. Í fyrsta lagi eru bókfærðar skuldir sem ríkissjóður hefur tekið innanlands og utan, eins og hefur verið skýrt frá í kaflanum hér að framan. Í öðru lagi skuldbindingar ríkissjóðs á lánum sem ýmsir aðilar hafa fengið heimild til að taka með ábyrgð ríkisins. Í þriðja lagi eru síðan sjálfvirkar ábyrgðir ríkisins sem felast í eignarhaldi þess t.d. á ríkisbönkum og fjárfestingarlánasjóðum. Hér á eftir verður grein fyrir skuldbindingum ríkissjóðs sem stofnað er til bæði með formlegum ríkisábyrgðum og með sjálfvirkum hætti.

Eftirfarandi tafla sýnir stöðu skráðra ríkisábyrgða á undanförunum árum (m.kr.):

Skráðar ríkisábyrgðir 1980–1986

Ár	Verðlag í lok hvers árs			Ríkisábyrgðir samtals	Ríkisábyrgðir samtals, verðlag í árslok 1986 ¹⁾
	Óverðtryggð lán	Verðtryggð lán	Gengisbundin lán		
1986	250	5.520	16.632	22.746	22.746
1985	275	4.979	12.873	18.127	19.706
1984	302	4.006	10.355	14.663	19.624
1983	241	3.598	6.599	10.438	17.273
1982 ²⁾	–	–	3.346	5.618	15.295
1981 ³⁾	–	–	–	2.044	9.072
1980 ³⁾	–	–	–	1.365	7.717

1) Fært til árslokaverðlags 1986 með meðalgengisvísitölu og lánskjaravísitölu.

2) Innbyrðis skipting milli verðtryggðra lána og óverðtryggðra lána í árslok 1982 liggur ekki fyrir.

3) Innbyrðis skipting liggur ekki fyrir í árslok 1980 og 1981.

Eins og yfirlitið ber með sér hvíla verulegar skuldbindingar á ríkissjóði í veittum ábyrgðum. Í árslok 1986 jafngiltu skráðar ríkisábyrgðir, reiknaðar til meðalverðlags 1986, um 13,7% af VLF. Þar af nema gengisbundin lán rúmum 73% og hefur hlutdeild þeirra aukist nokkuð í skráðum ábyrgðum á síðustu árum samanborið við tæp 60% af heildarábyrgðum ríkissjóðs í árslok 1982. Skráðar ríkisábyrgðir hafa verið nokkuð stöðugar, mældar sem hlutfall af vergri landsframleiðslu, á árabílinu 1983–1986 eða á bilinu 13–15%.

Ábyrgðir hafa verið veittar fjölmörgum aðilum á liðnum árum. Erfitt er að draga fram í stuttu yfirliti raunverulega áhættu ríkissjóðs af greiðslufalli lána sem ríkissjóður hefur gengist í ábyrgð fyrir. Við mat á áhættu þarf í fyrsta lagi að skoða hve stór hluti veittra ríkisábyrgða eru sjálfskuldarábyrgðir. Komi til vanskila á láni með sjálfskuldarábyrgð getur lánveitandi gengið að ábyrgðaraðila og kafið hann um greiðslu án þess að fullreynt sé hvort skuldari geti staðið í skilum. Sé ábyrgðin hins vegar einföld þarf lánveitandi áður að reyna til hlítar hvort skuldari geti innt greiðsluna af hendi. Við skoðun á skráðum ríkisábyrgðum á tímabilinu 1982–1984 kemur í ljós að þær eru að stórum hluta með sjálfskuldarábyrgð.

Eftirfarandi yfirlit sýnir flokkun skráðra ábyrgða í grófum dráttum eftir þeim aðilum sem vega hvað þýngst í veittum ríkisábyrgðum (m.kr.):

Flokkun skráðra ríkisábyrgða 1980–1986 eftir skuldurum
Fast verðlag í árslok 1986

Ár	Framkvæmda- sjóður	Veðdeild Landsbanka	Landsvirkjun	Aðrir	Ábyrgðir samtals
1986	12.003	5.300	718	4.725	22.746
1985	9.300	5.213	904	4.288	19.706
1984	8.030	5.525	1.100	4.969	19.624
1983	5.658	5.989	1.229	4.397	17.273
1982	3.932	6.550	1.240	3.573	15.295
1981	2.414	3.377	1.039	2.242	9.072
1980	1.990	3.740	1.287	700	7.717

Ætla verður að áhætta ríkissjóðs af vanskilum hjá Framkvæmdasjóði Íslands, Veðdeild Landsbanka Íslands og Landsvirkjun sé hverfandi lítil. Hlutdeild þessara aðila í veittum ríkisábyrgðum var hæst árið 1980 eða rúm 90% en hefur verið tiltölulega stöðug hin árin eða á bilinu 74–79% af heildinni. Í dálkinum sem ber heitið „Aðrir“ eru ýmis ríkisfyrirtæki, bæjar- og sveitarfélög og atvinnufyrirtæki. Innan þessa hóps hafa orðið talsverð vanskil á undanförunum árum. Útgjöld Ríkisábyrgðasjóðs hafa því orðið nokkur á tímabilinu 1980–1986, sbr. eftirfarandi yfirlit (m.kr.):

**Nettó-útgreiðslur ríkissjóðs vegna vanskila
lána með ríkisábyrgð 1980–1986**

	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986
Innleystar kröfur	43	61	89	193	248	238	636
– Endurgreiðslur skuldara	–37	–61	–67	–91	–121	–204	–356
Nettó-útgreiðslur ríkissjóðs	6	0	22	102	127	34	280

Heildarfjárhæð krafna sem Ríkisábyrgðasjóður varð að leysa til sín á árinu 1986 nam 636 m.kr. og er það hærri fjárhæð en nokkru sinni til þessa. Stærsti hluti þessarar fjárhæðar er vegna Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins eða um 201 m.kr. Er það vegna afurðadeildar fyrir mjöl og lýsi hjá sjóðnum sem gat ekki staðið Seðlabanka skil af láni frá árinu 1981. Endurgreiðslur frá skuldurum til Ríkisábyrgðasjóðs jukust einnig, þó eru nettó-greiðslur úr sjóðnum mun meiri en áður.

Í árslok 1986 námu kröfur ríkissjóðs vegna vanskila skuldunauta Ríkisábyrgðasjóðs alls 737 m.kr. Eftirfarandi yfirlit sýnir skiptingu þeirra eftir málaflokkum í árslok 1984–1986 (m.kr.):

**Kröfur ríkissjóðs 1984–1986 vegna
vanskila ýmissa aðila við Ríkisábyrgðasjóð**

	1984	1985	1986
1. Hafnalán	13	15	12
2. Raforkulán	14	29	61
3. Fiskiðnaður	3	5	207
4. Togaralán	91	143	49
5. Samgöngur	77	162	238
6. Hitaveitulán	15	15	51
7. Landbúnaður	63	1	6
8. Aðrir	77	84	113
Samtals	353	454	737

Til viðbótar við ofangreindar ábyrgðir er ríkissjóður skuldbundinn af sjálfvirkum ríkisábyrgðum sem eigandi ríkisbanka og opinberra fjárfestingarlánasjóða. Eftirfarandi yfirlit gefur grófa mynd af þeim skuldbindingum sem hér um ræðir miðað við brúttó-skuldir þeirra í árslok 1986:

	Skuldir í árslok 1986 í m.kr.
Útvegsbanki Íslands	10.339
Landsbanki Íslands	15.236
Veðdeild Landsbanka Íslands	5.720
Búnaðarbanki Íslands	11.721
Veðdeild Búnaðarbanka Íslands	89
Byggingarsjóður ríkisins	11.039
Byggingarsjóður verkamanna	1.941
Framkvæmdasjóður Íslands	16.536
Byggðastofnun	2.531
Fiskveiðasjóður	9.735
Iðnlánasjóður	2.677
Iðnþróunarsjóður	355
Landflutningasjóður	65
Stofnlánadeild landbúnaðarins	3.102
Ferðamálasjóður	294
Samtals	91.380

Samkvæmt yfirlitinu námu langtímaskuldir ofangreindra aðila ríflega 91 milljarði króna í árslok 1986. Ekki má líta á þessa fjárhæð sem hreina viðbót við ábyrgðir ríkisins. Í fyrsta lagi er rétt að vekja athygli á að hér er um heildarskuldir að ræða sem eiga sér oftast samsvörun í veittum lánum. Í öðru lagi þarf að taka tillit til innbyrðis lánveitinga milli aðila og við ríkissjóð til að forðast tvítalningu. Í þriðja lagi þarf að taka tillit til hvort einhverjar af þessum skuldum séu meðal skráðra ríkisábyrgða. Hér má t.d. nefna heildarskuldir Framkvæmdasjóðs í árslok 1986, 16,5 milljarða króna, þar af eru 12,5 milljarðar skráðir hjá Ríkisábyrgðasjóði eins og fram hefur komið.

Lán milli ofangreindra fjárfestingarlánasjóða námu alls 14.214 m.kr. í árslok 1986. Þá námu skuldir þeirra við ríkissjóð alls 5.553 m.kr. og skráðar ríkisábyrgðir 12.130 m.kr. Skráðar ábyrgðir ríkisbankanna eru aðeins vegna Veðdeildar Landsbankans að fjárhæð 5.300 m.kr. eins og fram hefur komið. Að teknu tilliti til skráðra ríkisábyrgða, innbyrðis skulda og við ríkissjóð lækkar ofangreind fjárhæð úr 91.380 m.kr. í 54.183 m.kr. Ekki liggur fyrir hver skuld sjóðanna er við ríkisbankana en skuld þeirra við bankakerfið í heild nam 6.907 m.kr. í árslok 1986. Að því gefnu að 90% af skuldum sjóðanna sé við ríkisbanka þá er niðurstaðan sú að viðbótarskuldbindingar ríkissjóðs vegna framangreindra aðila nemi alls 47.966 m.kr. í árslok 1986 eða tæpum 29% af vergri landsframleiðslu. Áhætta ríkisins af þessum skuldbindingum er óljós.

Að öllu samanlögðu, þ.e. skuldum ríkissjóðs, skráðum og sjálfvirkum ríkisábyrgðum vegna eignar á bönkum og lánastofnunum, lætur nærri að ríkissjóður beri ábyrgð á um 115 milljörðum króna í árslok 1986 eða sem svarar um 70% af vergri landsframleiðslu ársins. Áhættan sem þessum skuldbindingum fylgir er mismikil en langt í frá að vera óveruleg.

Það er einkum þrennt sem gefur tilefni til ítarlegri umfjöllunar um ábyrgðarmál ríkisins en áður. Í fyrsta lagi er það stefna ríkisstjórnarinnar að dregið verði úr ábyrgðum ríkisins og afskiptum þess af banka- og lánastarfsemi. Skref í þessa átt kemur fram í frumvarpi til lánsfjárlaga og lánsfjáráætlun fyrir árið 1988 þar sem ekki er gert ráð fyrir ríkisábyrgðum á nýjum skuldbindingum atvinnuvegasjóða frá árslokum 1987. Ríkisábyrgðin gildir áfram á

skuldbindingum þeirra til þess tíma. Hér er um að ræða Fiskveiðasjóð, Iðnlánasjóð, Iðnþróunarsjóð og Stofnlánadeild landbúnaðarins. Þessi ráðstöfun kallar á breytingar á sérlægum þessara sjóða fyrir lok þessa árs. Líta ber á þessa aðgerð sem fyrsta skref stjórnvalda í heildarendurskoðun á sjóðakerfinu.

Í öðru lagi gefur það tilefni til aðgátar að ríkissjóður hefur orðið og verður fyrirsjáanlega fyrir meiri háttar áföllum vegna þeirrar ábyrgðar sem hann ber á nokkrum fyrirtækjum. Þannig hefur ríkissjóður tapað verulegum fjármunum vegna Útvegsbankans bæði vegna eignar á fyrirtækinu og skuldbindinga sem á ríkissjóði hvíla gagnvart starfsfólki bankans og þeirrar ábyrgðar sem ríkissjóður tók að sér við stofnun Útvegsbankans hf. Hér hleypur á hundruðum milljóna króna. Fleiri fyrirtæki kunna að verða þess valdandi að ríkissjóður verður fyrir fjárútlátum vegna veittra ábyrgða. Þannig er líklegt að ríkissjóður þurfi að taka að sér miklar skuldbindingar vegna Sjóefnavinnslunnar hf., en ríkissjóður á um 97% hlutfjár í fyrirtækinu.

Í þriðja og síðasta lagi færast í vöxt að einkafyrirtæki leiti til opinberra lánastofnana um milligöngu á erlendum lántökum út á heimildir viðskiptaráðuneytis eða svokallaðrar langlánanefndar. Þannig hefur t.d. Framkvæmdasjóður Íslands tekið erlend lán fyrir hótélbyggjendur upp á 75 m.kr. á þessu ári. Einnig tók sjóðurinn erlent lán á árinu að fjárhæð 150 m.kr. vegna Arnarflugs hf., sbr. töflu 22 í töfluviðauka. Ekki liggja fyrir upplýsingar um lántökur annarra fjárfestingarlánasjóða fyrir einkaaðila en óhjákvæmilega eru margar af þeim ábyrgðum áhættusamar. Það skal tekið skýrt fram að þótt hér sé oft um háar fjárhæðir að ræða eru í flestum tilvikum gerðar strangar kröfur um trygg veð að baki þessum lánveitingum.

Opinber umræða að undanförunu um erlendar lántökur þjóðarbúsins á árinu 1987 gefur tilefni til þess að áréttu að lántökur ríkissjóðs og opinberra lánastofnana þurfa alls ekki að fela í sér að ríkið eða aðrir opinberir aðilar standi að ráðstöfun fjárins. Athugun á auknu innstreymi erlends lánsfjár á þessu ári sýnir að það eru einkum einkaaðilar sem hafa farið fram úr áætlun. Erlendar lántökur þeirra hafa ýmist farið um viðskiptabanka, kaupleigufyrirtæki eða opinbera sjóði sem eru með sjálfvirka ríkisábyrgð. Á þessu þarf að verða stefnubreyting.

7 Lánsfjáráætlun

Sem fyrr hefur Framkvæmdasjóður Íslands, Seðlabanki Íslands og Þjóðhagsstofnun lagt til efni í þennan kafla frumvarpsins. Í athugasemdum hér að neðan er fyrst gerð grein fyrir horfum um heildarfjárfestingu 1988 og síðan er fjallað um áformaða ráðstöfun þess lánsfjár sem aflað verður. Þá er fjallað um innlenda og erlenda lánsfjáröflun. Í frumvarpi til lánsfjárlaga fyrir árið 1988, sem lagt er fram samtímis fjárlagafrumvarpinu, er leitað nauðsynlegra lántökuheimilda.

7.1 Heildarfjárfesting

Í þjóðhagsspá fyrir árið 1987, sem gerð var í júlí síðastliðnum, var gert ráð fyrir að fjárfesting ykist um 6,6%. Fjárfestingarspáin var endurskoðuð í september og er nú gert ráð fyrir 8% aukningu. Fjármunamyndun atvinnuveganna er nú talin aukast um 8,3%. Gert er ráð fyrir að íbúðabyggingar aukist um 8% og byggingar og mannvirki hins opinbera um 7,2%. Aukningin frá júlispánni stafar einkum af meiri innflutningi véla, tækja og bifreiða til atvinnurekstrar en áður var reiknað með. Heildarfjármunamyndunin 1987 er áætluð 36.130 m.kr. og talin nema 17,6% af landsframleiðslu. Þetta hlutfall nam að meðaltali 21,9% á árunum 1978–1987.

Fjármunamyndun 1987–1988

	Verðlag hvors árs		Magnbreytingar frá fyrra ári	
	Áætluð útkoma 1987 m.kr.	Áætlun 1988 m.kr.	Áætlun útkoma 1987 %	Áætlun 1988 %
	1. Atvinnuvegir	19.080	21.190	8,3
2. Íbúðarhús	7.100	8.70R	8,0	7,0
3. Opinberar framkvæmdir	9.950	11.160	7,2	-1,8
4. Samtals	36.130	41.050	8,0	1,5
5. Fjármunamyndun sem hlutfall af vergri landsframleiðslu	17,6%	17,1%		

Áætlað er að fjármunamyndun á árinu 1988 muni aukast um 1,5% og nema 17,1% af landsframleiðslu. Aukningin stafar af auknum innflutningi skipa. Gert er ráð fyrir að hin almenna fjármunamyndun dragist saman um 0,5% en hún er talin aukast um 6% á þessu ári. Á árinu 1988 er talið að fjárfesting atvinnuveganna aukist um 1,2%. Áætlað er að framkvæmdir við íbúðarhús aukist um 7%. Aftur á móti er gert ráð fyrir að framkvæmdir hins opinbera dragist saman um 1,8%.

Atvinnuvegir. Fjárfesting atvinnuveganna er talin aukast um 1,2% árið 1988. Framkvæmdir í landbúnaði hafa verið með mesta móti frá og með árinu 1985. Ástæðan er sú að framkvæmdir við fiskeldisstöðvar eru taldar með fjármunamyndun í landbúnaði. Önnur fjárfesting í landbúnaði hefur dregist saman á þessu tímabili. Fjárfesting í fiskveiðum jókst um 125% á árinu 1986. Áætluð aukning á þessu ári er 14,9%, og enn er búist við aukningu á næsta ári er nemur 17,7%. Mikið hefur verið um endurbætur eldri fiskiskipa síðustu árin bæði innanlands og erlendis. Innlendar nýsmíðar hafa verið með minnsta móti en leyft hefur verið að kaupa nokkur fiskiskip erlendis frá, árin 1986–1988. Í sumum tilvikum hefur eldra fiskiskip verið selt úr landi í stað hins nýja. Áætlað er að 5% aukning verði í framkvæmdum fiskvinnslufyrirtækja. Framkvæmdir í almennum iðnaði eru einnig taldar aukast um 5% árið 1988. Aukning fjárfestingar í flutningatækjum er áætluð 12,3%.

Miklar framkvæmdir hafa verið við verslunar-, skrifstofu- og gistihús á árunum 1985–1987. Á næsta ári er gert ráð fyrir 10% samdrætti í þessari grein þar sem nokkrum stórum verkefnum lýkur á þessu ári. Innflutningur ýmissa véla og tækja er talinn dragast saman um 8%, enda er hann með mesta móti í ár. Hér er aðallega um að ræða tölvubúnað og vinnuvélar alls konar.

Íbúðabyggingar. Árið 1986 drógust íbúðabyggingar saman um 15% samkvæmt bráðabirgðatölum. Fjöldi fullgerðra íbúða var 1.487 og byrjað var á 1.198 íbúðum. Á árunum 1981–1985 voru fullgerðar íbúðir 1.710 að meðaltali og byrjað var á 1.623 íbúðum að meðaltali. Samdráttur varð í íbúðabyggingum 1986 bæði á höfuðborgarsvæðinu og úti á landsbyggðinni.

Hinn 1. september 1986 tóku gildi ný lög um Húsnæðisstofnun ríkisins. Lánveitingar voru stórauknar bæði til nýbygginga og til kaupa á notuðu íbúðarhúsnæði. Á árinu 1988 er áætlað að íbúðabyggingar aukist um 7%. Gangi þessar áætlanir eftir verða framkvæmdir við íbúðarhús árið 1988 álíka miklar og þær voru á árinu 1985.

Opinberar framkvæmdir. Talið er að framkvæmdir við byggingar og mannvirki hins opinbera dragist saman um 1,8% á árinu 1988 en 7,2% aukning er talin verða 1987. Áætlað

er að framkvæmdir við rafvirkjanir og rafveitur aukist um þriðjung. Stafar aukningin af auknum framkvæmdum Landsvirkjunar og Hitaveitu Suðurnesja, sem hefur yfirtekið dreifikerfi raforku á Suðurnesjum af Rafmagnsveitum ríkisins og rafveitum sveitarfélaga, sem áður voru rekin í þessum landshluta. Framkvæmdir Landsvirkjunar við Blönduvirkjun miðast við að virkjunin verði gangsett árið 1991. Talið er að vatnsveituframkvæmdir verði svipaðar bæði árin 1987 og 1988. Áætlað er að hitaveituframkvæmdir aukist um 11%. Af framkvæmdafjárhæð hitaveitna renna um 60% til framkvæmda Hitaveitu Reykjavíkur við Nesjavallavirkjun.

Samgönguframkvæmdir eru taldar dragast saman um 21% á næsta ári. Samdrátturinn stafar af því að ekki er gert ráð fyrir framkvæmdum við flugstöð á Keflavíkurflugvelli en hún var tekin í notkun s.l. vor. Gert er ráð fyrir 13% aukningu í vegagerð og 7% aukningu í framkvæmdum við götur og holræsi. Áætlað er að framkvæmdir við byggingar hins opinbera aukist um 12%. Að lokum liggur fyrir ákvörðun um að hefja byggingu ráðhúss í Reykjavík á næsta ári.

Fjárfesting og atvinnuhorfur. Samkvæmt þeirri fjárfestingarspá fyrir árið 1988, sem hér hefur verið rakin, verða umsvif í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð 1–2% minni en á þessu ári. Á árinu 1987 er áætlað að byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð aukist um 5–6% frá fyrra ári. Aftur á móti var samdráttur í þessari grein á árunum 1985 og 1986, 4,5% 1985 og 3% 1986.

7.2 Opinberar framkvæmdir – opinber lánsfjárbörf

Heildarframkvæmdir á vegum opinberra aðila eru áformaðar 11.160 m.kr. á árinu 1988. Í því felst lítils háttar samdráttur samanborið við framkvæmdir yfirstandandi árs eða um 1,8%. Á undanförunum árum hefur fjárfesting hins opinbera sveiflast nokkuð milli ára. Þannig er útlit fyrir að hún aukist um 7,2% í ár samanborið við um 4,6% samdrátt á árinu 1986 og um 8,5% 1985. Leita þarf aftur til ársins 1984 eftir aukningu í opinberri fjárfestingu en þá jókst hún um 1,5% frá árinu á undan.

Ráðgerðar framkvæmdir á árinu 1988 sýna aukningu á öðrum sviðum opinberra framkvæmda en í samgöngumannvirkjum en þau eru talin dragast saman um fimmtung. Skýrist það af því að framkvæmdir við flugstöð í Keflavík voru mestar 1986 og 1987 en þær nema um 1.200 m.kr. í ár. Miðað er við að engar framkvæmdir verði á árinu 1988. Áhrif þessa eru mikil fyrir samanburð á opinberum framkvæmdum milli ára. Að frátöldum framkvæmdum við flugstöð í ár, þá aukast samgöngumannvirki um 5,6% á næsta ári og opinber fjárfesting um 11,7% í stað 1,8% samdráttar.

Samdráttur í samgöngumannvirkjum nægir til að vega upp aukningu á öðrum sviðum opinberra framkvæmda. Þannig eru horfur á að raforkuframkvæmdir aukist um 33%, hita- og vatnsveituframkvæmdir um 9% og opinberar byggingar um 12%. Í töflu 11 í töfluviðauka má sjá að vægi opinberra framkvæmda er áætlað um 27% af heildarfjárfestingu í landinu og er það svipað hlutfall og á undanförunum 2–3 árum. Hlutdeild opinberra framkvæmda hefur dregist verulega saman frá seinni hluta áttunda áratugarins eða úr þriðjungi heildarframkvæmda í um fjórðung. Töflur 13–16 í viðauka sýna frekari sundurliðun opinberra framkvæmda á árinu 1988.

Fjármögnun opinberra framkvæmda er ýmist með beinum fjárveitingum A-hluta ríkissjóðs, lántökum eða úr rekstri fyrirtækja. Eftirfarandi yfirlit sýnir ráðgerða fjármögnun einstakra framkvæmdaflokka á árinu 1988 (m.kr.):

Fjármögnun opinberra framkvæmda 1987

	Fjármögnun			
	Áætluð fjárfesting 1987	Fjárveiting	Úr rekstri eða sjóðum	Lántökur
1. Raforku- og rafveituframkvæmdir	1.680	65	890	725
2. Hita- og vatnsveitur	1.620	11	1.559	50
3. Samgöngumannvirki	4.330	2.041	2.289	-
4. Opinberar byggingar	3.530	1.890	1.640	-
Samtals	11.160	4.007	6.378	775
Hlutfallsleg samsetning fjármögnunar	100,0	35,9	57,2	6,9

Fjárveitingar ríkissjóðs til opinberra framkvæmda nema um þriðjungi heildarfjármögnunar þeirra eða 4.007 m.kr. á árinu 1988. Þá er ráðgert að skilað verði úr rekstri eða sjóðum ríflega helmingi framkvæmdakostnaðarins eða 6.378 m.kr. Loks eru lántökur til opinberra framkvæmda ráðgerðar 775 m.kr. Eru þetta svipuð fjármögnunarhlutföll og miðað var við í lánsfjáráætlun 1987.

Veigamestu raforkuframkvæmdir árið 1988 eru á vegum Landsvirkjunar 880 m.kr., Rafmagnsveitna ríkisins 150 m.kr. og sveitarfélaga 525 m.kr. Aðrar raforkuframkvæmdir eru áætlaðar alls 125 m.kr.

Hita- og vatnsveituframkvæmdir eru einkum á vegum Hitaveitu Reykjavíkur og Vatnsveitu Reykjavíkur eða alls 1.185 m.kr. Miðað er við að þær framkvæmdir verði fjármagnaðar að fullu af eigin tekjum fyrirtækjanna. Aðrar framkvæmdir af þessu tagi eru áætlaðar alls 435 m.kr.

Í samgöngumannvirkjum eru framkvæmdir við vega- og gatnagerð þyngstar eða alls 2.950 m.kr. Framkvæmdir við hafnir og vita eru áætlaðar alls 443 m.kr. og flugvallaframkvæmdir 257 m.kr. Að síðustu eru framkvæmdir hjá Póst- og símamálastofnuninni áætlaðar 520 m.kr. og hjá Ríkisútvarpi 162 m.kr., þar af 47 m.kr. vegna byggingar útvarpshúss, 75 m.kr. vegna fjármögnunarleigu af tækjabúnaði og 40 m.kr. vegna kaupa á nýjum búnaði fyrir hljóðvarp og sjónvarp.

Fyrirhugað er að verja 3.530 m.kr. til opinberra bygginga á árinu 1988. Er það nokkur aukning miðað við framkvæmdir yfirstandandi árs eða um 12,1%. Stærstur hluti þessa fjármagns rennur til sjúkrahúsa eða 1.160 m.kr. og 1.290 m.kr. til bygginga skóla og íþróttamannvirkja.

Lántökur opinberra aðila eru ekki einskorðaðar við fjármögnun framkvæmda. Eftirfarandi yfirlit sýnir lánsfjárráðstöfun opinberra aðila miðað við lánsfjárlög 1987, endurskoðaða áætlun í september 1987 og samkvæmt frumvarpinu 1988 (m.kr.):

Lánsfjárráðstöfun opinberra aðila 1987 og 1988

	Láns- fjárlög 1987	Endurskoðuð áætlun 1987	Lánsfjár- áætlun 1988
1. Ríkissjóður, A-hluti	6.150	6.800	4.200
Par af endurlánað til B-hluta	1.420	1.460	1.635
Lánasjóður íslenskra námsmanna	800	800	690
RARÍK, almennar framkvæmdir	100	140	125
Flugstöð á Keflavíkflugvelli	520	520	820
Par af endurlánað til atvinnufyrirtækja	–	220	–
Togarinn Merkúr	–	160	–
Baldur hf., Stykkishólmi	–	35	–
Herjólfur hf., Vestmannaeyjum	–	25	–
2. Ríkissjóður, B-hluti	–	955	–
Póst- og símamálastofnunin	–	170	–
Síldarverksmiðjur ríkisins	–	105	–
Flugstöð Keflavík	–	680	–
3. Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	500	570	650
Landsvirkjun	400	470	600
Próunarfélag Íslands hf.	100	100	50
4. Sveitarfélög	350	520	350
Hitaveita Akureyrar	–	373 ¹⁾	120
Hitaveita Egilsstaða og Fella	9	9	8
Hitaveita Siglufjarðar	12	12	–
Hitaveita Hveragerðis	45	45	–
Hitaveita Eyra	3	3	10
Annað	281	78	212
5. Ráðstöfun (1+...+4) = Fjáröflun (6+7)	7.000	8.845	5.200
6. Innlend fjáröflun	4.450	5.560	4.300
Útgáfa spariskírteina	1.500	1.500	3.000
Verðbréfa kaup lífeyrissjóða	1.300	800	–
Verðbréfa kaup bankakerfis	1.650	1.716	1.200
Seðlabanki Íslands v/Útvegsbanka	–	864	–
Bankakerfið v/flugstöðvar í Keflavík	–	680	–
Önnur innlend fjáröflun	–	–	100
7. Erlendar lántökur	2.550	3.285	900
Ríkissjóður, A-hluti	1.700	1.920	–
Ríkissjóður, B-hluti	–	275	–
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	500	570	650
Sveitarfélög	350	520 ¹⁾	250

1) Par af eru 373 m.kr. vegna skuldbreytinga Hitaveitu Akureyrar á erlendum skammtímalánum.

Aukin lánsfjárráðstöfun 1987 miðað við áætlun ársins nemur alls 1.845 m.kr., þar af hækka innlendrar lántökur um 1.110 m.kr. og erlendar um 735 m.kr. Af hækku erlendar lántöku má draga 373 m.kr. vegna skuldbreytinga á erlendum skammtímalánum Hitaveitu Akureyrar. Í lánsfjárlögum 1987 var gert ráð fyrir skuldbreytingum veitunnar. Hins vegar eru þær ekki sýndar sérstaklega, þar sem ekki er um viðbótarskuldbindingu að ræða og hreinar erlendar skuldir þjóðarbúsins eru óbreyttar. Þannig að í raun eru erlendar lántökur 362 m.kr. umfram áætlun.

Hækkun innlenda hlutans skýrist af 864 m.kr. lántöku ríkissjóðs hjá Seðlabanka vegna Útvegsbanka Íslands o.fl. og 680 m.kr. bráðabirgðafjármögnun bankakerfisins á umframfjárförf vegna flugstöðvarbyggingar í Keflavík. Á hinn bóginn er útlit fyrir að sala verðbréfa ríkissjóðs til lífeyrissjóða verði 500 m.kr. lægri en ráðgert var í lánsfjáráætlun 1987. Að lokum eru horfur á að kaup bankakerfisins á verðbréfum og ríkisvixlum verði tæpar 70 m.kr. umfram áætlun.

Hækkun erlendar lántöku skiptist þannig að 220 m.kr. eru hjá A-hluta vegna milligöngu ríkissjóðs fyrir atvinnufyrirtæki og 275 m.kr. eru vegna beinnar lántöku B-hluta fyrirtækja. Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs standa fyrir 70 m.kr. en nýjar lántökur sveitarfélaga eru um 203 m.kr. undir áætlun.

Erlendar afborganir opinberra aðila eru áætlaðar 2.550 m.kr. á árinu 1987 og nema hreinar erlendar lántökur þeirra til langs tíma því um 735 m.kr. Að teknu tilliti til 220 m.kr. erlendar lánsfjáráætlun vegna ríkissjóðs fyrir einkaaðila lækkar hrein erlend lántaka opinberra aðila í 515 m.kr. á árinu 1987.

Lánsfjárráðstöfun opinberra aðila á árinu 1988 er áformuð alls 5.200 m.kr. Samanborið við endurskoðaða áætlun 1987 lækkar lánsfjárráðstöfunin um 3.645 m.kr. milli ára. Það er einkum fernt sem skýrir breytinguna. Í fyrsta lagi batnar afkoma ríkissjóðs úr 2.110 m.kr. tekjuhalla 1987 í jöfnuð árið 1988. Í öðru lagi falla skuldbindingar ríkissjóðs vegna Útvegsbankans til á árinu 1987. Þá ber að nefna að framkvæmdir við flugstöð í Keflavík falla niður árið 1988 og loks er ekki gert ráð fyrir milligöngu ríkissjóðs um erlendar lántökur fyrir atvinnufyrirtæki.

Áformað er að afla opinberum aðilum alls 5.200 m.kr. lánsfjár á árinu 1988, þar af verði 4.300 m.kr. teknar innanlands og 900 m.kr. erlendis. Áætlaðar endurgreiðslur af erlendum skuldum nema alls 2.250 m.kr. Afborganir umfram lántökur erlendis eru því áætlaðar 1.350 m.kr. á árinu 1988.

Í athugasemdunum hér að framan hefur framkvæmdum og lánsfjárráðstöfun A- og B-hluta ríkissjóðs þegar verið gerð skil. Hér á eftir er gerð grein fyrir framkvæmdum og lánsfjárráðstöfun fyrirtækja með eignaraðild ríkissjóðs og sveitarfélaga.

Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs

Landsvirkjun. Ráðgerðar framkvæmdir fyrirtækisins á árinu 1988 nema um 880 m.kr. og er þá miðað við að Blönduvirkjun verði tekin í notkun á árinu 1991. Fjárfestingin skiptist þannig að um 600 m.kr. renna til Blönduvirkjunar, 220 m.kr. til kaupa á búnaði vegna nýs kerfiráðs og húsbýggingar fyrir nýja stjórnstöð. Þá er ráðgert að um 50 m.kr. fari í að reisa nýja aðveitustöð í Kapelluhrauni sunnan Hafnarfjarðar fyrir notendur á Suður-Faxaflóasvæðinu og mögulega nýja stóriðju. Áætlað er að taka stöðina í notkun síðla árs 1989. Að lokum eru um 10 m.kr. ætlaðar til virkjunarrannsóknna. Af framkvæmdakostnaði Blönduvirkjunar á árinu 1988 eru um 240 m.kr. vegna vaxta á byggingartíma.

Ráðgert er að fjármagna framkvæmdir Landsvirkjunar annars vegar með 600 m.kr. erlendri lántöku vegna Blöndu og hins vegar með 280 m.kr. úr rekstri fyrirtækisins. Að lokum miðast áætlanir fyrirtækisins við greiðslu afborgana að fjárhæð alls 1.112 m.kr., þar af eru 635 m.kr. af erlendum lánum og um 470 m.kr. renna til ríkissjóðs. Þá eru vaxtagreiðslur áætlaðar 1.756 m.kr. á árinu 1988, þar af eru 1.374 m.kr. til útlanda og 380 m.kr. til ríkissjóðs.

Orkubú Vestfjarða. Fyrirhugaðar framkvæmdir Orkubús Vestfjarða nema 60 m.kr. á árinu 1988 og munu þær að fullu fjármagnaðar úr rekstri. Í lok árs 1986 yfirtók ríkissjóður áhvílandi langtímaskuldir fyrirtækisins að fjárhæð um 1.000 m.kr. Á móti gaf Orkubúið út 400 m.kr. verðtryggt skuldabréf til 25 ára með 6,5% vöxtum. Var þetta gert til að bæta fyrirtækinu tekjutap sem það varð fyrir þegar verðjöfnunargjald af raforku var fellt niður

snemma árs 1986, en 20% innheimtunnar runnu til fyrirtækisins. Forsenda yfirtökunnar miðaðist við að Orkubúið fjármagnaði framkvæmdir sínar af eigin fé í framtíðinni. Lánagreiðslur fyrirtækisins eru áætlaðar alls um 40 m.kr. til ríkissjóðs, þar af eru vextir um 32 m.kr. og afborganir 8 m.kr.

Íslenska járnblendifélagið hf. Fyrstu áætlanir félagsins gera ráð fyrir fjárfestingum að fjárhæð um 30 m.kr. á árinu 1988 vegna reglulegrar endurnýjunar á ýmsum tækjum og búnaði. Miðað er við að fjárfestingin fjármagnist að fullu af eigin tekjum fyrirtækisins.

Þróunarfélag Íslands hf. Félaginu er heimiluð 50 m.kr. erlend lántaka á árinu 1988. Áætlunin miðast við að útlán félagsins nemi 105 m.kr. og að óráðstafaður sjóður þess nemi um 89 m.kr. í árslok 1988.

Áætluð lántaka félagsins 1987 nemur 100 m.kr. og er það í samræmi við lántökuheimild þess í ár. Framkvæmdasjóður Íslands hefur milligöngu um lántökuna erlendis og endurlánar félaginu. Samkvæmt 3.tl. 4. gr. laga nr. 69/1985, um þátttöku ríkisins í hlutafélagi til að örva nýsköpun í atvinnulífi og um heimildir annarra aðila til þátttöku í félaginu, var veitt heimild til ríkisábyrgða á næstu árum að fjárhæð alls 500 m.kr. Miðað við framangreind lántökuáform verður búið að nýta um 340 m.kr. af þessum heimildum í árslok 1988.

Sveitarfélög

Á undanförnum árum hafa lántökur sveitarfélaga nær eingöngu verið tengdar fjármögnun framkvæmda og skuldbreytingum hjá hitaveitum. Ljóst er að margar þessara veitna eiga í miklum erfiðleikum bæði vegna rekstrar og þungrar greiðslubyrði af áhvílandi skuldum. Fyrirliggjandi upplýsingar um fjármál þessara fyrirtækja eru í mörgum tilvikum ónógar. Hér á eftir verður greint stuttlega frá fyrirliggjandi upplýsingum um nokkrar þessara veitna á árinu 1988.

Hitaveita Reykjavíkur. Fyrirliggjandi áætlun veitunnar um framkvæmdir næsta árs nemur 1.050 m.kr. og er ráðgert að fjármagna þær að fullu af eigin tekjum. Þessar framkvæmdir takmarkast að stærstum hluta við Nesjavallavirkjun, en þó liggur endanleg ákvörðun um framkvæmdir 1988 ekki fyrir fyrir en í nóvember næstkomandi.

Hitaveita Suðurnesja. Afkoma veitunnar er mjög góð og miðast áætlunin við fjárfestingu að fjárhæð 240 m.kr. sem fjármagnast að fullu af eigin tekjum. Fyrirtækið hefur um nokkurt skeið verið með umsókn um leyfi til virkjunar strompgufunar. Ekki hefur verið tekin endanleg afstaða í því máli. Hins vegar er ljóst að hér er um mikla fjárfestingu að ræða verði hún samþykkt.

Lánagreiðslur fyrirtækisins eru áætlaðar 380 m.kr. á árinu 1988, þar af eru afborganir 240 m.kr. og vextir 140 m.kr. Ekki er gert ráð fyrir neinum erlendum lántökum hjá Hitaveitu Suðurnesja á árinu 1988.

Hitaveita Akureyrar. Lántaka veitunnar á árinu 1988 að fjárhæð 3 milljónir bandaríkjadala eða um 120 m.kr. er vegna afborgana af erlendum skammtímalánum veitunnar. Að auki er sótt um ríkisábyrgðarheimild 17 milljóna dollara eða um 680 m.kr. til að skuldbreyta óhagstæðum erlendum lánum veitunnar. Nýverið var gerður samningur um yfirtöku ríkissjóðs á 100 m.kr. af skuldum veitunnar til að létta á greiðslubyrði hennar.

Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar. Veitan hefur átt í erfiðleikum á undanförnum árum vegna þungrar greiðslubyrði af skuldum. Stórum hluta af erlendum lánum fyrirtækisins hefur verið skuldbreytt í erlend langtímalán með ríkisábyrgð. Nýlega var gerður samningur um yfirtöku ríkissjóðs á 220 m.kr. af skuldum veitunnar til að treysta fjárhag hennar. ekki er talin þörf á lántökuheimild fyrir Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar á árinu 1988.

Hitaveita Egilsstaða og Fella. Veitunni er veitt heimild til 8 m.kr. lántöku á árinu 1988 vegna þungrar greiðslubyrði af áhvílandi skuldum. Heildarlánagreiðslur fyrirtækisins eru áætlaðar um 25 m.kr. á árinu 1988, þar af eru afborganir um 15 m.kr. og vextir um 10 m.kr.

Annað. Þá eru áætlaðar alls 212 m.kr. á safnlið vegna lántöku ýmissa sveitarfélaga. Ljóst er að ekki eru komnar fram allar lántökubeiðnir sveitarfélaga og má ætla að einhverjar berist á síðari stigum fyrir afgreiðslu lánsfjárlaga 1988. Hér má nefna málefni Fjarhitunar í Vestmannaeyjum, en ljóst er að þar eru vandamál sem þarf að leysa á næstunni.

7.3 Fjárfestingarlánasjóðir

Fjárfestingarlánasjóðir sem hér er greint frá eru 16 að tölu, þar af eru þrettán sem lánsfjár er aflað til samkvæmt lánsfjáráætlun. eru þetta svo til sömu sjóðir og teknir hafa verið til meðferðar í lánsfjáráætlunum fyrri ára.

Í áætluninni fyrir 1988 er fjárfestingarlánasjóðum skipt í tvo aðalflokka, annars vegar opinbera fjárfestingarlánasjóði, þ.e. Byggingarsjóð ríkisins, Byggingarsjóð verkamanna, Byggðastofnun og Framkvæmdasjóð Íslands, og hins vegar atvinnuvegasjóði. Nú eru dregin gleggri skil milli þessara flokka en áður vegna breyttrar meðferðar á ábyrgðarveitingum á lánnum.

Ný útlán sjóðanna eru áætluð alls 12.732 m.kr. á árinu 1988, þar af 9.236 m.kr. hjá opinberum fjárfestingarlánasjóðum eða 73% og 3.496 m.kr. hjá atvinnuvegasjóðum eða 27%. Er þetta um 46% hærrí fjárhæð en áætluð útlán 1987 samkvæmt lánsfjáráætlun. Hækkun útlána opinberra fjárfestingarlánasjóða milli ára er 50% en 39% hjá atvinnuvegasjóðum. Ef breyting á útlánnum íbúðalánasjóða (Byggingarsjóður ríkisins og Byggingarsjóður verkamanna) milli ára er athuguð sérstaklega sést að útlán þeirra hækka úr 5.057 m.kr. í 8.191 m.kr. eða um 62%.

Fjármögnun fjárfestingarlánasjóðanna, sem útlánastarfsemi þeirra byggist á, gerist sem kunnugt er með þrennum hætti: a) Eigin fjármögnun af fé er losnar úr rekstri, b) framlögum frá hinu opinbera og skatttekjum eins og lög ákveða og c) lánsfé eins og ákveðið er í lánsfjárlögum. Til að standa undir framangreindum heildarútlánnum 1988, 12.732 m.kr., þurfa sjóðirnir að taka að láni 9.000 m.kr. Þar af falla 7.040 m.kr. undir ríkisábyrgðir, þ.e. lántökur byggingarsjóðanna, Byggðastofnunar og Framkvæmdasjóðs. Má því segja að starfsemi sjóðanna byggji í höfuðdráttum á lánsfé enda nemur það um 70% af útlánnum þeirra. Sjóðirnir fá framlög og skatttekjur að fjárhæð 3.023 m.kr. en eigin fjármögnun og sjóðsbreytingar þeirra eru um 709 m.kr.

Fjárfestingarlánasjóðirnir gegna þýðingarmiklu hlutverki í fjármögnun fjárfestingar hér á landi, ekki síst sökum þess hve almenn þátttaka áhættufjármagns í atvinnurekstri er hér óveruleg. Eins og undanfarin ár eru lífeyrissjóðirnir veigamikil og vaxandi uppspretta lánsfjár. Á árinu 1988 er gert ráð fyrir að lífeyrissjóðir láni 6.110 m.kr. til íbúðalánasjóða og 60 m.kr. til Stofnlánadeildar landbúnaðarins sem eru lögbundin skuldabréfakaup Lífeyrissjóðs bænda af deildinni. Ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna á árinu 1988 er áætlað 11.100 m.kr. þannig að óráðstafaður hluti lífeyrissjóðafjár er áætlaður 4.930 m.kr.

Í þessari áætlun er miðað við að atvinnuvegasjóðirnir annist eigin lántöku. Stefna ríkisstjórnarinnar er að draga úr ríkisafskiptum og auka markaðsáhrif á lánamarkaðnum. Þess vegna er ekki talið rétt að binda lántökur sjóðanna við Framkvæmdasjóð heldur heimila þeim að afla lánsfjár innan ramma lánsfjárlaga að eigin vild á hagkvæmustu kjörum sem bjóðast. Með frumvarpi til lánsfjárlaga fyrir árið 1988 verður tekin upp stefnubreyting í veitingu ríkisábyrgða. Þar er miðað við að aðilar sem ekki njóta ríkisábyrgðar geti ekki sótt lánsfé um Framkvæmdasjóð eða Byggðastofnun. Á þetta jafnt við um fjárfestingarlánasjóði sem atvinnufyrirtæki og einstaklinga. Fjáröflun nokkurra stærstu sjóðanna er sýnd í töflu 17 í viðauka.

Gert er ráð fyrir að bankarnir láni til Framkvæmdasjóðs af innlánsaukningu ársins 1988 eins og á liðnum árum. Viðskipti þessi milli Framkvæmdasjóðs og viðskiptabankanna hafa verið í föstum skorðum í rúm 20 ár og taka bankarnir á þennan veg þátt í uppbyggingu

atvinnuveganna með lánveitingum til langs tíma. A síðustu árum hafa þessi lán viðskipta-bankanna verið miðuð við 4% af innlánsaukningu ársins, en 1988 er miðað við lægri fjárhæð eða það sem á vantar hjá Framkvæmdasjóði til þess að sinna því hlutverki sem sett er fram í lánsfjáráætlun. Fjárhæðin 1988 er áætluð 280 m.kr. Framkvæmdasjóður mun lána alls 680 m.kr. samkvæmt lánsfjáráætlun á árinu 1988, þar af 490 m.kr. til fjárfestingarlánasjóða, en sú fjárhæð er miðuð við að lágmarksútlánageta viðkomandi sjóða sé tryggð. Í áætluninni er ekki gert ráð fyrir að Framkvæmdasjóður láni til Verslunarlánasjóðs og Stofnlánadeildar samvinnufélaga. Auk framangreindra lána mun Framkvæmdasjóður lána um 190 m.kr til fiskeldisfyrirtækja. Miðað er við sömu fjárhæð og var í lánsfjárlögum 1987 og er það talin lágmarkspörf í þessari atvinnugrein.

Greiðsluhalli Fiskveiðasjóðs verður áfram mikill. Á árinu 1988 er áætlað að rekstrar- og fjármagnshreyfingar verði neikvæðar um 300 m.kr. og er þá ekki reiknað með neinum vaxtaafslætti eða aukningu á vanskilum á árinu. Til að fjármagna fyrrgreindan greiðsluhalla er áætlað að sjóðurinn taki erlent lán að fjárhæð 150 m.kr. og afli jafnhárrar lánsfjárhæðar innanlands. Útlán Fiskveiðasjóðs 1988 eru áætluð 600 m.kr. sem er um 180 m.kr. hærri fjárhæð en í lánsfjárlögum 1987. Til endurbóta fiskiskipa o.þ.h. er áætlað að veita um 200 m.kr. en til fiskvinnslunnar í heild er áætlað að veita um 400 m.kr. Áætlað er að sjóðurinn fjármagni útlán sín með 350 m.kr. af erlendum lánum og 250 m.kr. með innlendu lánsfé. Í lánsfjáráætlun 1988 er gert ráð fyrir mikilli aukningu á yfirteknum erlendum lánum Fiskveiðasjóðs vegna nýsmíði, kaupa tækja og breytinga á fiskiskipum. Áætlað er fyrir þessum útlánnum undir erlendum lánum atvinnufyrirtækja að fjárhæð 2.800 m.kr. Yfirtekin erlend lán sjóðsins 1987 voru áætluð 760 m.kr. Tekið skal fram að ekki er gert ráð fyrir lánveitingum til fiskeldis þrátt fyrir heimild Fiskveiðasjóðs samkvæmt lögum nr. 71/1985.

Samkvæmt áætlun mun Iðnlánasjóður geta lánað um 851 m.kr. 1988. Til að fjármagna útlán sín er gert ráð fyrir að sjóðurinn afli lánsfjár erlendis að fjárhæð 400 m.kr. og innanlands að fjárhæð 300 m.kr. Þegar með eru tekin um 150 m.kr. útlán og styrkir vöruþróunar- og markaðsdeildar Iðnlánasjóðs og 390 m.kr. útlán Iðnþróunarsjóðs geta lán þessara sjóða til iðnaðar numið um 1.391 m.kr. á árinu 1988. Þar til viðbótar koma síðan lán Bygðastofnunar og Þróunarfélags Íslands hf. til iðnaðar.

Samkvæmt lánsfjáráætlun 1988 er gert ráð fyrir að Bygðastofnun hafi til almennra lána um 855 m.kr. Áætlað er að stofnunin afli lánsfjár erlendis að fjárhæð 350 m.kr. og 250 m.kr. innanlands til að fjármagna þessi útlán.

Á árinu 1988 er gert ráð fyrir að Framkvæmdasjóður láni Stofnlánadeild landbúnaðarins 350 m.kr. Áætlað er að Lífeyrissjóður bænda veiti deildinni lán í samræmi við ákvæði laga að fjárhæð 60 m.kr. Eigið ráðstöfunarfé deildarinnar er áætlað 42 m.kr. svo að útlán hennar gætu þá numið 452 m.kr. á árinu 1988.

Framleiðnisjóður landbúnaðarins hefur einnig miklu hlutverki að gegna í fjármögnun fjárfestingar í landbúnaði. Ráðstöfunarfé sjóðsins er nær eingöngu framlag úr ríkissjóði en með lögum nr. 46/1985 var ákveðið að verja sem svarar 9% af heildarverðmæti landbúnaðarvara í þágu landbúnaðarins. Á árinu 1987 fékk Framleiðnisjóður 267 m.kr. framlag, þ.e. 3% af framangreindum 9%. Í áætlun fyrir 1988 er í samræmi við lögina, og síðari breytingu á þeim með lögum nr. 29/1987, gert ráð fyrir að sjóðurinn fái 4% eða 429 m.kr. og hafi alla þá fjárhæð til útlána og styrkveitinga. Sjóðurinn mun áfram greiða með ýmsum hætti fyrir búháttabreytingum, m.a. með því að lána til fjárfestingar í nýjum búgreinum og atvinnu-tækifærum.

Á árinu 1988 er gert ráð fyrir að Framkvæmdasjóður láni Lánasjóði sveitarfélaga 20 m.kr. og er þá áætlað að sjóðurinn hafi um 198 m.kr. til útlána.

Þá er ráðgert að Framkvæmdasjóður láni Ferðamálasjóði 110 m.kr. Útlán sjóðsins munu þá geta numið um 112 m.kr. og munu fara til ýmissa framkvæmda víðs vegar um landið, sbr. töflu 22 í viðauka.

7.4 Innland lánsfjáröflun og bankakerfi

Þróun peningamála á árinu 1987 hefur einkennst af mikilli aukningu peningalegs sparnaðar bæði í innlánsstofnunum og lífeyrissjóðum. Útlit er fyrir að innlán aukist um 40% á þessu ári og líkur benda til að aukning ráðstöfunarfjár lífeyrissjóðanna verði rúm 28%. Gætir þar fyrst og fremst áhrifa tveggja þátta. Annars vegar mikillar aukningar þjóðartekna og hins vegar hárra og hækkandi raunvaxta. Jafnframt veldur breyting á iðgjaldastofni lífeyrissjóðanna verulegri aukningu á ráðstöfunarfé þeirra.

Peningaþensla hefur verið mikil á þessu ári. Helsta uppspretta þess er innstreymi erlendra lána sem virðist stefna í 4–5 milljarða króna umfram það sem áformað var í lánsfjárlögum. Þá mun ríkissjóður auka skuldir sínar við Seðlabankann einkum vegna lántöku til að fjármagna hlutafjárframlag í Útvegsbanka Íslands hf.

Í febrúar voru gerðar veigamiklar breytingar á stjórn peningamála. Bindiskylda innlánsstofnana var lækkuð úr 18% í 13% en samhliða var þeim gert að halda lausafé innan ákveðinna marka. Til lausafjár teljast m.a. ríkisvixlar og nettóinnstæður lánastofnana í innlendum og erlendum bönkum. Lækkun bindiskyldu var að tveimur þriðju greidd út í ríkisvixlum, en með því var stefnt að því að koma á fót markaði með ríkisvixla. Í byrjun júní var síðan hafin sala þeirra. Vixlarnir eru nú seldir með ákveðnum forvöxtum en ekki á uppboði eins og reynt var 1984. Meðalstaða á þessum lánnum hefur verið um 300 m.kr. mánuðina júní til september.

Veruleg spenna hefur ríkt á peningamarkaði á þessu ári. Mikill hagvöxtur hefur örvað eftirspurn eftir lánsfé auk þess sem fjárförf hins opinbera hefur verið mikil. Lánsfjáreftirspurn einstaklinga (heimila) hefur einnig vaxið í kjölfar hins nýja húsnæðislánakerfis. Því hafa vextir farið hækkandi á árinu þrátt fyrir mikla aukningu sparnaðar sem áður er getið. Aðstæður á peningamarkaði eru einnig allt aðrar en áður þar sem innlánsstofnanir hafa nú frelsi til ákvörðunar vaxta.

Innland lánsfjáröflun 1987. Ríkissjóður áformaði að selja á árinu 1987 spariskírteini að fjárhæð 1.500 m.kr. Salan gekk afar dræmt á fyrrihluta ársins en vextir þeirra voru þá 6,5%. Vextir voru hækkadír í ágúst og hefur salan aukist verulega í kjölfar þeirrar breytingar en óvíst er hvort tekst að ná settu marki. Innlausn spariskírteina er áætluð 1.250 m.kr.

Að auki áformaði ríkissjóður að selja bönkum og sparissjóðum verðbréf fyrir 1.650 m.kr. og átti að dreifa þeirri fjáröflun yfir árið. Lítið var afgreitt af þessum lánnum á fyrrihluta ársins meðan óvissa var um vaxtakjör ríkissjóðs en nú er allt útlit fyrir að þessi fjáröflun takist. Þessar lántökur eru ýmist í formi spariskírteina eða sérstakra skuldabréfa til sjö ára.

Verðbréfakaup lífeyrissjóða eru veigamesti liður innlendar fjáröflunar. Samkvæmt lánsfjárlögum var áætlað að lánveitingar til húsnæðiskerfisins yrðu um 3,4 milljarðar króna eða 55% af áætluðu ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna. Endurskoðuð áætlun um ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna bendir til að það verði talsvert hærra. Líklegt er talið að verðbréfakaup lífeyrissjóðanna af Húsnæðisstofnun verði á þessu ári um 4,6 milljarðar króna.

Lánsfjáröflun 1988. Heildarlántökur, að frátöldum lánnum innlánsstofnana til fyrirtækja og heimila, eru taldar verða um 21,5 milljarðar króna samanboreið við tæpa 18 milljarða króna í lánsfjárlögum 1987. Þar af eru innlendar lántökur taldar vera um 12,2 milljarðar króna. Lántökur hjá lífeyrissjóðum eru helmingur þessarar fjárhæðar eða um 6,2 milljarðar króna. Afgangurinn skiptist á spariskírteini, verðbréfakaup banka og aðra innlenda lántöku.

Samkvæmt þessu eykst hlutfeld innlendar fjármögnunar talsvert milli ára eða um 6 prósentur sem hlutfall af heildarlántökum á lánsfjáráætlun og verður um 60%. Yfirlitið hér að neðan sýnir innlendu lánsfjáröflunina samkvæmt lánsfjárlögum í ár og frumvarpi 1988. Jafnframt eru þar sýndar horfur um útkomu yfirstandandi árs að svo miklu leyti sem þær liggja fyrir.

	Lánsfjár- lög 1987	Áætluð útkoma 1987	Frumvarp 1988
Sala spariskírteina	1.500	1.500	3.000
Verðbréfa kaup bankakerfis	2.070	2.096	1.480
Af ríkissjóði	1.650	1.716	1.200
Af Framkvæmdasjóði	420	380	280
Skuldabréfa kaup lífeyrissjóða	5.805	...	6.170
Af ríkissjóði	1.300	800	–
Af húsbýggingasjóðum	3.765	4.590	6.110
Af fjárfestingarlánasjóðum	740	...	60
Önnur innlend lánsfjáröflun	370	...	1.600
Innlend lánsfjáröflun alls	9.745	...	12.250
–55% skuldabréfa kaup lífeyrissjóða húsbýggingasjóða' ...	–3.765	4.590	–6.110
Óumsamin innlend lánsfjáröflun	5.980	...	6.140
Innlausn spariskírteina	–1.250	–1.250	–2.755
	4.730	...	3.385
Áætlað ráðstöfunarfé lífeyrissjóða	6.875	8.350	11.100
Óráðstafaður hluti lífeyrissjóðafjár	1.070	...	4.930

Af yfirlitinu verður m.a. ráðið að þó svo að áform um innlenda lánsfjáröflun vaxi umtalsvert milli ára þá eru mjög háar fjárhæðir bundnar umsaminni ráðstöfun. Af 12.250 m.kr. eru 6.110 m.kr. skuldabréfa kaup lífeyrissjóða af húsbýggingarsjóðunum sem gerast nokkurn veginn með sjálfvikum hætti. Nýverið voru undirritaðir samningar milli þessara aðila um kjör bréfanna á árabílinu 1988–1990. Í 5. kafla frumvarpsins er gerð grein fyrir þessum samningum, þar sem fjallað er um fjárhag íbúðalánasjóðanna. Að teknu tilliti til þessa nemur óumsamin innlend lánsfjáröflun um 6 milljörðum króna á árinu 1988. Er það svipuð fjárhæð og í lánsfjárlögum í ár.

Mikil aukning á sölu spariskírteina, úr 1,5 milljarði í ár í 3 milljarði 1988 eins og fram kemur í yfirlitinu, er villandi. Þessar tölur verða ávallt að skoðast í samhengi við áætlaða innlausn eldri skírteina, en mikið af því fé skilar sér aftur í ný bréf. Áætluð innlausn eykst um 1,5 milljarð milli ára, þannig að hrein fjáröflun ríkissjóðs með spariskírteinum er svipuð.

Af framansögðu sýnist ljóst að ekki virðast lagðar auknar byrðar á innlenda lánamarkaðinn á næsta ári. Auk þess er mun minna af fjármagni lífeyrissjóðanna bundið ákveðinni ráðstöfun. Búast má við samkeppni um það fé og annað innlent fjármagn og hefur það óhjákvæmilega áhrif á vexti. Forsenda þess að innlendi peningamarkaðurinn verði liður í aðhaldssamri peningastefnu er að erlent lánsfé til fjárfestingar og neyslu innanlands fari ekki úr böndum og vinni ekki gegn markaðri stefnu stjórnvalda.

Spariskírteini. Fram hefur komið að áformað er að selja spariskírteini fyrir 3 milljarða króna á árinu 1988 en áætluð innlausn er talin verða um 2,7 milljarðar króna. Hér er um rúmlega tvöfalt hærri fjárhæð að ræða en 1987 og endurspeglar þá styttingu lánstíma sem orðið hefur á spariskírteinum undanfarin þrjú ár. Hrein fjáröflun sem áformað er að ná með þessum hætti á árinu 1988 er svipuð og á yfirstandandi ári eða um 250 m.kr.

Verðbréfakaup banka. Ríkissjóður áformar að selja innlánsstofnunum verðbréf fyrir 1200 m.kr. á næsta ári. Það samsvarar um 10% af áætluðum útlánum innlánsstofnana á árinu. Ekki liggur endanlega fyrir í hvaða formi þessar lántökur verða.

Að auki er áætlað að bankar kaupi verðbréf af Framkvæmdasjóði fyrir 280 m.kr. Á undanförnum árum hefur gjarnan verið miðað við að kaup banka af Framkvæmdasjóði samsvari 4% af innlánsaukningu þó um hafi verið að ræða lánafyrirgreiðslu sem byggð er á samkomulagi milli aðila. Þessi fjárhæð er talsvert lægri en það hlutfall eða 1,9% af áætlaðri aukningu innlána.

Verðbréfakaup lífeyrissjóða. Reiknað er með að lífeyrissjóðirnir verji um 55% af ráðstöfunarfé sínu til kaupa á skuldabréfum frá byggingarsjóðunum. Áætlað ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna á árinu 1988 er um 11,1 milljarður króna og lántökur byggingarsjóðanna samkvæmt því um 6,1 milljarður króna. Veruleg aukning hefur orðið á ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna að raungildi á undanförnum árum. Þessu valda margar ástæður. Þar má telja vaxandi verðtryggingu á eignum sjóðanna, hækkandi raunvexti og verulega kaupmáttaraukningu síðustu þrjú ár. Þá hefur breytingin á iðgjaldstofninum haft mikil áhrif.

Horfur um þróun bankakerfis. Bankakerfið hefur undanfarin ár verið veigamikil uppspretta lánsfjár fyrir ríkissjóð. Sala spariskírteina, sem áður var mikilvægasti hluti innlendra fjárfelunar ríkissjóð, hefur ekki skilað ríkissjóði miklu viðbótarlánsfé, a.m.k. ekki tvö síðustu ár. Í eftirfarandi töflu er sýnt samandregið yfirlit úr peningamálasþá fyrir 1987 og 1988.

Helstu niðurstöður eru þær að peningamagn og sparifé muni vaxa um 20%. Er þá byggt á þeim forsendum að verðbóga verði um 10% frá upphafi til loka árs, raunvextir innlána verði jákvæðir um 2% og vöxtur þjóðarframleiðslu verði mjög lítil.

Forsendur þjóðhagsáætlunar um viðskiptajöfnuð og lánsfjáráætlunar um erlendar lántökur benda til að heildargreiðslujöfnuður við útlönd verði verulega neikvæður á árinu 1988. Er þar reiknað með að gjaldeyrisstaða bankakerfisins versni á árinu 1988 um röska tvo milljarða samanborið við tæplega 3 milljarða bata 1987. Þessi niðurstaða endurspeglar að sjáfsögðu það aðhald sem fyrirhugað er í erlendum lántökum og aukna hlutdeild innlends lánamarkaðar.

Útstreymi gjaldeyris dregur úr peningaframboði. Framangreind rýrnun gjaldeyrisstöðu myndi því draga mjög úr myndun lausafjár nema úr því yrði bætt með peningaframboði af öðrum toga. Í þessu sambandi verður að telja æskilegt að verðbréfakaup Seðlabankans stefni að ákveðnu marki með hliðsjón af þeirri aukningu peningamagns og lausafjárstöðu sem talin er æskileg.

Peningamálaáætlun 1987 og 1988

	Hreyfingar milli ára			
	Staða 31.12.86 m.kr.	Áætlun 1987 m.kr.	Dæmi 1988 m.kr.	Hreyfingar í % 1987 1988
1. Erlend skammtímaastaða bankakerfisins, nettó	9.120	2.550	-2.650	. .
2. Innlendir liðir, nettó	57.876	19.304	18.415	33,4 25,4
3. Samtals (1+2)=(4+5)	66.996	21.854	15.764	. .
4. Peningamagn og sparifé	52.978	20.854	14.764	39,4 20,0
5. Löng erlend lán bankakerfis til endurlána	14.018	1.000	1.000	. .

7.5 Erlend lán og greiðslujöfnuður

Á árinu 1987 er áætlað að erlendar lántökur til lengri tíma en eins árs verði um 12.440 m.kr. en lánsfjáráætlun 1987 gerði ráð fyrir lántökum að fjárhæð 8.215 m.kr. Erlendar lántökur umfram áætlun stafa einkum af auknum lántökum einkaaðila og skuldbreytingum á erlendum skammtímalánum sveitarfélaga í löng lán. Auk þess er talið að fjármögnunarleigur taki erlend lán að fjárhæð um 2.000 m.kr. á árinu 1987. Afborganir af löngum lánum eru taldar verða 5.750 m.kr. og hreint innstreymi erlends fjármagns verður því 6.690 m.kr. Er það um 3,2% af áætlaðri landsframleiðslu 1987. Erlendar lántökur fjármögnunarleiga hafa verið flokkaðar meðal skammtímahreyfinga en verða nú taldar með langtímalánum.

Á árinu 1986 var viðskiptajöfnuður við útlönd hagstæður um 554 m.kr. Horfur eru á að halli á viðskiptum við útlönd verði 2.400 m.kr. á árinu 1987 sem er um 1,2% af landsframleiðslu ársins. Reiknað er með að viðskiptahallinn aukist á árinu 1988 og verði 4.400 m.kr. eða um 1,8% af áætlaðri landsframleiðslu 1988. Erlendar lántökur eru áætlaðar 8.000 m.kr. og afborganir 6.200 m.kr. Talið er að aðrar fjármagnshreyfingar verði jákvæðar um 300 m.kr. og verður innstreymi erlends fjár því 2.100 m.kr. Heildargreiðslujöfnuður verður því óhagstæður um 2.300 m.kr. á árinu 1988 og versnar gjaldeyrisstaða Seðlabankans sem því nemur. Á árinu 1986 batnaði gjaldeyrisstaðan um 3.381 m.kr. og áætlun bendir til að hún batni um 3.300 m.kr. 1987. Kemur það fram í töflu 25 sem sýnir greiðslujöfnuð við útlönd á árinu 1986 til samanburðar við áætlun 1987 og 1988.

Eftirfarandi yfirlit sýnir fyrirhugaðar erlendar lántökur á árinu 1988 með hliðsjón af lánsfjáráætlun 1987 og nýrri spá um ráðstöfun innkominna lána á árinu 1987 að teknu tilliti til skuldbreytinga á erlendum skammtímalánum (m.kr.):

Erlendar lántökur 1987 og 1988

	Láns- fjárlög 1987	Horfur 1987	Lánsfjár- áætlun 1988
1. Opinberir aðilar	2.550	3.285	900
Ríkissjóður A-hluti	1.700	1.920	--
Ríkissjóður B-hluti	--	275	--
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	500	570	650
Sveitarfélög	350	520*	250
2. Opinberir lánasjóðir	520	845	350
3. Atvinnufyrirtæki einkaaðila	5.145	8.310	6.750
Atvinnufyrirtæki	4.100	4.700	4.900
Atvinnuvegasjóðir	1.045	1.610	1.050
Fjármögnunarleigur	--	2.000	800
4. Löng erlend lán, alls (1+2+3)	8.215	12.440	8.000
5. Erlend skammtímalán, nettó	-600	-973	--
Sveitarfélög	--	-373*	--
Atvinnufyrirtæki	-600	-600	--
6. Hrein lánanotkun	7.615	11.467	8.000

* Skuldbreyting erlendra skammtímalána Hitaveitu Akureyrar 373 m.kr.

Mikill hagvöxtur ásamt gengislækkun bandaríkjadals veldur því að hlutfall langra erlendra lána lækkar úr 47,1% af vergri landsframleiðslu 1986 í 40% á árinu 1987. Áætlað er að þetta hlutfall lækki enn frekar á árinu 1988 og verði um 35% vergrar landsframleiðslu. Staða þjóðarbúsins mun þó ekki batna eins mikið gagnvart útlöndum, þar sem talið er að erlend skammtímalán verði nær óbreytt, en gjaldeyrisstaðan versni töluvert á árinu 1988. Hrein skuldastaða við útlönd var 45,4% vergrar landsframleiðslu 1986, en er talin verða um 37% 1987 og 33% 1988, eins og sýnt er í töflu 26 um stöðu þjóðarbúsins á árunum 1979 til 1988.

Í töflu 27 er sýnd greiðslubyrði erlendra lána í hlutfalli við útflutningstekjur af vörum og þjónustu á árunum 1979 til 1988. Áætlað er að greiðslubyrði erlendra lána verði um 16% útflutningstekna á árunum 1987 og 1988. Greiðslubyrði erlendra lána var hæst á árinu 1984, 24,3%, en hefur lækkað síðan bæði vegna aukins útflutnings og vaxtalækkunar á erlendum lánamörkuðum. Meðalvextir erlendra lána, sem voru 10–12% á árunum 1980 til 1984, lækkuðu í 8,7% 1986 og eru nú áætlaðir tæp 8% 1987 og 1988. Vaxtabyrði erlendra lána nam 9,6% útflutningstekna 1986 en er áætluð rúm 8% á árunum 1987 og 1988.

Töfluviðauki

I Ríkissjóður A- og B-hluti

1. Heildarútgjöld A-hluta eftir tegundum gjalda 1987—1988
2. Heildaryfirlit yfir gjöld, tekjur og fjármunahreyfingar fyrirtækja og sjóða í B-hluta
3. Ríkissjóður, A-hluti, greiðsluyfirlit
